



Viðauki 13 Athugasemdir við frummatsskýrslu

Nr.	Aðili sem gerði athugasemdir
1	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Hjalti Jóhannesson
2	Landvernd
3	Verndarfélag Svartár og Suðurár
4	Þóroddur Þóroddsson
5	Þórarinn Blöndal
6	Óli Halldórsson
7	Halldór Valdimarsson
8	Viðar Hreinsson
9	Náttúruminjasafn Íslands
10	Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn, Ramý
11	Ólafur K. Nielsen
12	Fuglavernd
13	Jóhann Óli Hilmarsson
14	Náttúruverndarsamtök Íslands
15	Arctic Angling
16	Ungir umhverfissinnar
17	Fjöregg
18	Ólafur S. Andrésen og Sigrún Helgadóttir
19	Íslenskir fjallaleiðsögumenn
20	Torfi Geir Jónsson
21	Sigurður Rúnar Jónsson
22	Björn Hauksson
23	Ásgeir Steingrímsson
24	Ragnhildur Zoega, Rannís
25	Gunnlaugur Briem
26	Birkir Fanndal
27	Björg Þorleifsdóttir
28	Björgvin Hilmarsson
29	Björn H. Björnsson
30	Dagný Indriðadóttir
31	Einars Ólafs Þorleifsson
32	Friðrik Dagur Arnarson
33	Guðmann Elísson
34	Guðmundur Smári Gunnarsson
35	Guðmundur Árnason
36	Hjörleifur Guttormsson
37	Hrafn Ágústsson
38	Ingibjörg Salóme Egilsdóttir
39	Ingimar Eydal
40	Jón Steingrímsson
41	Lilja Jóhannesdóttir



42	Margrét Jónsdóttir
43	Móheiður Guðmundsdóttir
44	Páll Ísleifur Jónsson
45	Sigurlaug Jónsdóttir
46	Skarphéðinn Halldórsson
47	Sólveig Illugadóttir
48	Gróa María Böðvarsdóttir
49	Sæmundur Ari Halldórsson
50	Sævar Ólafsson
51	Tryggvi Guðmundsson
52	Anna María Bogadóttir
53	Gunnlaugur Friðrik Friðriksson
54	Anna Kjartansdóttir
55	Áslaug Guðmundsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir, Guðmundur Sölvi Ásgeirsson
56	Örn Þorvaldsson
57	Ágúst Arnósson og Helga Jónsdóttir
58	Ásmundur K. Örnólfsson
59	Dögg Matthíasdóttir
60	Guðlaug Margrét Steinsdóttir
61	Hjördís Finnbogadóttir
62	Ólöf Þorvarðsdóttir
63	Þróstur Jónasson
64	Gb B
65	Torfi Ólafur Sverrisson
66	Pálmi Gunnarsson
67	Svanhildur Óskarsdóttir
68	Þórhallur Óskarsson
69	Þuríður Jónasardóttir
70	Haukur Harðarson
71	Hildur Káradóttir, Rannveig Káradóttir, Sigrún Káradóttir

Fylgiskjöl með athugasemdum við frummatsskýrslu

- Fylgiskjal 1** Árni Einarsson, 2017. Svartá og Suðurá í Bárðardal – Greinargerð.
- Fylgiskjal 2** Ólafur Karl Nielsen, 2016. Svartá í Bárðardal. Náttúruperla í uppnámi!
- Fylgiskjal 3** Viðar Hreinsson, 2017. Verndun Svartár/Suðará.
- Fylgiskjal 4** Børre Skodvin, 2017. The Value of Nature.
- Fylgiskjal 5** Oslo School of Architecture and design. 9 hotels by Svartá, Bárðardalur.
- Fylgiskjal 6** Bjarnveig Eiríksdóttir, hdl. Athugasemdir vegna samnings um rannsóknar- og virkjunarleyfi í Svartá milli SSB Orku og Ríkissjóðs Íslands vegna Jarðeigna ríkisins sem leyfisveitanda.
- Fylgiskjal 7** Ómerkt. Umhverfisáhrif á virkjað svæði Svartár.
- Fylgiskjal 8** Ólafur K. Nielsen, 2017. Vaknið Þingeyingar, vaknið!
- Fylgiskjal 9** Ferli Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b,

105 Reykjavík

Reykjanesbær, 22.10. 2017

Efni: Athugasemdir við frummatskýrslu umhverfismats á Svartárvirkjun í Bárðardal.

Til þess sem málið varðar.

Það er mat undirritaðra, Gunnþóru Ólafsdóttur, Guðrúnar Þóru Gunnarsdóttur og Hjalta Jóhannessonar að frummatskýrsla umhverfismats á Svartárvirkjun í Bárðardal geri ekki nægjanlega grein fyrir áhrifum Svartárvirkunar á ferðaþjónustu, ferðamennsku og útivist í Bárðardal og byggi ekki í einu og öllu á rannsóknarniðurstöðum okkar. Við gerum því eftirfarandi athugasemdir:

1. Kafli 5.4.12. Talað er um að þátttakendur í rannsókninni væru ferðaþjónustuaðilar sem ættu það sameiginlegt að bjóða uppá ferðaþjónustu í næsta nágrenni við fyrirhugaða framkvæmd. Láðst hefur að minnast á að hluti þátttakenda starfrækja ferðaþjónustu á fyrirhuguðu virkjunarsvæði.
2. Kalfi 5.4.12.1. Grunnástand. Í ljósi framkvæmdarinnar sem um ræðir ætti þessi kafli að lýsa mun betur grunnástandi sem tengist ferðamennsku/útivist og þjónustu við hana. Hér vantar t.d. að gera grein fyrir Svartá og vistkerfinu sem henni tengist; hinum villta urriðastofni í ánni og sérkennum hans sem gerir ána sérstaka sem veiðia og sérkenni fuglalífsins (með tegundir eins og húsönd og straumönd sem eru á válista og finnast hvergi annars staðar í Evrópu) sem tengist ánni. Ekki er heldur gerð grein fyrir sérkennum umhverfisins sem fámenn og fáfarin sveit þar sem er lítil sem engin uppbygging eða þjónusta. Með hnignandi landbúnaði hefur Bárðardalur fengið sérstakt yfirbragð sem lágstemmt og gamaldags landbúnaðarsamfélag. Sem slík skapar þessi ímynd og yfirbragð mikil tækifæri fyrir ferðaþjónustuna. Bárðardalur er einkum nýttur fyrir markhóp sem sækist eftir því að komast út úr alfaraleið og upplifa ósnortna náttúru í fámenni eða einir með sjálfum sér. Í kafla 5.4.1.2.1. er einnig gerð grein fyrir ferðaleiðum innan Bárðardals og tengingu hans við önnur svæði. Láðst hefur að nefna algengustu ferðaleiðina um dalinn að fossunum fjórum í Skjálfandafljóti: Aldeyjarfossi, Hrafnabjargarfossi, Ingvarafossi og Ullarfossi. Talið er að 18 þúsund manns heimsæki Aldeyjarfoss árlega. Ekkert er minnst á ferðaleiðir/staði í tengslum við veiðiferðamenskuna í Svartá - megináhrifasvæði virkunarinnar – en 4 af 5 veiðiferðaþjónustusvæðum eru innan megináhrifasvæði Svartárvirkjunar.
3. Þar sem fjallað er um fjölda ferðamanna er nefnt í frummatskýrslu að færri ferðamenn heimsæki Þingeyjarsýslur en Rangárvallasýslu og í því sjá heimamenn ákveðin tækifæri – en ekki er útskýrt hvaða tækifæri þetta eru. Hér er vísað í að ferðaþjónustaðilar hafa merkt aukna eftirspurn eftir að komast á náttúruleg svæði þar sem eru færri ferðamenn og svæði sem eru utan alfaraleiðar til að geta upplifað náttúruna í fámenni eða jafnvel einir með sjálfum sér, eins og áður var nefnt. Bárðardalur uppfyllir það skilyrði og eru fossaferðirnar

nýttar af ferðaþjónustuaðilum fyrir aðgengilega „óbyggðastemningu“ á veturna . Þess ber að geta í þessu samhengi að Svartárvirkjun mun sjást frá Aldeyjarfossi ef af framkvæmdum verður.

4. Í kaflanum um fjölda ferðamanna er staðhæft að Aldeyjarfoss sé sá ferðamannastaður sem er næstur virkjanasvæðinu í Svartá. Þetta er ekki rétt. Hægt er að segja að Aldeyjarfoss sé vinsælasti ferðamannastaðurinn næst fyrirhuguðu virkjanasvæði í Bárðardal. Ferðamannastaðurinn sem er næst virkjanasvæðinu er Svartá sjálf og næsta nágrenni hennar. Veiðimenn dvelja staðbundið á fyrirhuguðu virkjanasvæði 1-7 daga í senn. Hestaferðalangar dvelja staðbundið á svæðinu í 2 nætur í senn. Gönguferðamenn og útivistarfólk ganga um svæðið. Svartá og nærumhverfi hennar er í dag nýtt fyrir ferðamenn og útivistarfólk sem vill komast út í náttúruna og vill upplifa þá líðan sem tengist því að dvelja í óspilltri náttúru/ lágstemmdri og ósnortinni íslenski sveit.
5. Þar sem fjallað er um aðdráttarafl svæðisins er einungis nefnt að dalurinn býður uppá góðar aðstæður fyrir stangveiðimenn og fleiri tegundir útivistar og að það sé náttúran sem dregur þá á svæðið. Hér er dregið úr þeirri staðreynd að Svartá veiðiá sem er einstök. Í ánni er villtur urriðastofn með óvenju stóra fiska, fuglalíf með fuglategundir á válista og vistkerfi sem á enga hliðstæðu á Íslandi og þótt víðar væri leitað.Veiðimenn tala um Svartá sem óuppgötvaða perlu. Þeir sem fara að veiða í Svartá sækjast eftir að upplifa glímuna við fiskinn en ekki síður að upplifa og dvelja í hinu ósnortna umhverfi árinna. Með ferðalaginu eru ferðamenn eru að sækjast eftir að komast út úr uppbyggingunni og út í náttúruna.
6. Í kaflanum um aðdráttaraflið er tekið fram að þeir áfangastaðir ferðamanna og þær leiðir sem ferðamenn fara um, séu yfirleitt í nokkurri fjarlægð frá fyrirhuguðum mannvirkjum sem tengjast Svartárvirkjun. Þetta er ekki rétt. Hér er of lítið gert úr áhrifunum. Þeir sem fara að skoða Aldeyjarfoss (eða aðra fossa í Bárðardal) eða eru á Sprengisandsleið ferðast framhjá fyrirhuguðu virkjanasvæði í Svartá og munu hafa mannvirki hennar (sem sum hver munu standa hátt uppúr landslaginu) í landslaginu á meðan á ferðalaginu um dalinn stendur. Sum af mannvirkjunum (stöðvarhúsið og jöfnunarþróin) munu sjást frá Aldeyjarfossi.
7. Talað er um að aðdráttaraflið sé náttúran – en réttara væri að segja að aðdráttaraflið er vellíðan sem ferðamenn tengja við dvöl í ósnortinni náttúrunni. Með ferðalaginu felast fyrirheit um að komast út úr daglegu umhverfi og daglegu amstri í aðstæður sem þeim muni líða vel eða líða betur í. Það kemur sterkt fram í rannsókn okkar að sérstaða Bárðardals sé að þar sé hægt að upplifa náttúruna ósnortna.
8. Í kaflanum um framtíðarsýn og væntingar ferðaþjónustunnar til svæðisins eru hlutir slitnir úr samhengi. Ferðaþjónustuaðilar vilja mjög gjarnan fá fleiri ferðamenn í landshlutann en ekki á þau svæði þar sem er gert út á fámenni (eins og í Bárðardal) og ekki með þeirri iðnvæðingu á landslaginu sem virkjanaframkvæmdin boðar eða uppbyggingu vega. Undantekning á þessu viðhorfi kom fram hjá þeim sem sjá efnahagslegan/samfélagslegan ávinning í að byggja upp virkjunina og vegina fram dalinn, en þá voru menn ekki að hugsa um hagsmuni ferðamanna/ferðaþjónustunnar heldur að reyna að aðlaga ferðaþjónustuna að virkjunarframkvæmdinni. Þessir ferðaþjónustuaðilar virtust vera ónæmir gagnvart mikilvægi þess að halda landbúnaðarlandslaginu ósnortnu þ.e.a.s. óiðnvæddu – og hvaða möguleika það skapar t.d. fyrir aðrar atvinnugreinar eins og til dæmis kvikmyndagerð. Í ágúst 2017, lögðum við til eftirfarandi breytingar á texta frummatsskýrslu þannig að hið rétta kæmi fram: *Þeir ferðaþjónustuaðilar sem rætt var við bæði innan og utan Bárðardals, sjá mikil tækifæri til frekari uppbyggingar ferðaþjónustu á svæðinu og hafa margir hug á að nýta það. Eins og*

áður hefur verið nefnt býður nálægðin við Mývatn uppá marga möguleika á tengingum við einn fjölsóttasta ferðamannastað NA-lands. Þeir ferðaþjónustuaðilar sem gera út á veiði hafa þó ekki í hyggju að auka þjónustuna hjá sér en líta frekar á það sem aukabúgrein með hefðbundnum landbúnaði og eru ánægðir með stöðuna eins og eins og hún er þar sem áin selur sig sjálf. Aðrir líta hins vegar svo á að í Bárðardal séu býsna mörg tækifæri til að bjóða uppá alls kyns ferðir s.s. hestaferðir, jeppaferðir, gönguferðir og gönguskiðaferðir sem gera út á náttúruna á svæðinu og söguna. Þeir sjá mikil verðmæti í hinu gamalgróna landbúnaðarsamfélagi og fámenninu sem er í dalnum. Það hefur einnig sýnt sig að hið gamalgróna lágstemmda landbúnaðarlandslag sem einkennir Bárðardal hefur verðmæti fyrir kvikmyndagerð og ferðamenn í sambandi við það (sbr. kvikmyndina Hrúta). Eins væru tækifæri í ljósmyndaferðum að sumri sem vetri. Enn sem komið er er umferð ferðamanna tiltölulega lítil í landshlutanum utan háannar og því binda sumir ferðaþjónsutaðliar vonir við fjölgun ferðamanna í landshlutann tengda bættum innviðum t.d. beinu flugi milli Keflavíkur og Akureyrar og bættum vegum. Í viðtölum við ferðaþjónustuaðilana kom fram að þeir sem sjá fram á efnahagslegan ávinning í kjölfar fyrirhugaðrar virkjanaframkvæmdar og/eða vegabóta í Bárðardal vilja gjarnan fá (aðeins) fleiri ferðamenn í Bárðardal í framtíðinni en þeim bar ekki saman um hversu mikið ferðamannastraumurinn mætti aukast. Nefnt var að Svartárvirkjun gæti t.d. orðið upphafspunktur gönguleiðar úti Aldey og að Aldeyjarfossi. Í þessu sambandi voru sumir ekki að hugsa til væntinga eða þarfa ferðamanna sérstaklega því ferðaþjónustan er ekki þeirra (aðal) lífibrauð (eða báru því við að þeir vissu lítið um gangverk ferðamenskunnar) heldur frekar til íbúanna í dalnum og/eða þjóðfélagsins í heild. Annar hluti ferðaþjónustuaðila, sem í öllum tilfellum hafa ferðaþjónustu að aðalstarfi, vill hins vegar ekki sjá frekari uppbyggingu á svæðinu og vill halda því óbreyttu – þeir telja verðmæti og sóknarfæri í að halda í sjarma og núverandi ímynd svæðisins sem gamalgróid, lítið uppbyggt og lágstemmt landbúnaðarsvæði. Fram kom hjá þeim að ferðaþjónusta í kringum útivist væri einn mest vaxandi þátturinn í náttúrutengdri ferðamenskun. Þannig sjá þeir einnig tækifæri í að ná til innlendra ferðamanna sem ekki hafa áttað sig á sjarma Bárðadals. Í því sambandi var nefnt sem dæmi að Bárðardalurinn gæti orðið miðpunktur þjónustu t.d. fyrir hjólaferðir. Veiðimennirnir sem rætt var við upplifa sig í kjöraðstæðum og sjá fyrir sér að koma aftur svo lengi sem aðstæður leyfa. Þeir vilja sjá veiðiferðamenskuna þróast óbreytta og engu þurfi að breyta.

9. Varðandi viðhorf ferðaþjónustuaðila til fyrirhugaðrar virkjunar þá vantar að gera grein fyrir að viðhorfið endrspeglaði samhengið sem þeir mátu framkvæmdina út frá. Hér vantar t.d. að gera grein fyrir að jákvætt viðhorf þeirra sem sjá fram á efnahagslegan ávinning af virkjuninni byggðist jafnframt á þeirri trú að virkjunin muni ekki skerða efnahagslega möguleika í (veiði)ferðaþjónustunni – að nægilegt vatn myndi áfram renna í farvegi Svartár til að vernda lífríkið í ánni og tryggja óbreyttar veiðar í ánni.
10. Jákvæð afstaða ferðaþjónustuaðila til Svartárvirkjunar byggðist einnig á þeirri skoðun að hún hafi lítil áhrif á náttúruna miðað við aðra virkjunarkosti sem hafa verið til skoðunar í Skjálfandaflijóti – en gleymst hefur að minnast á að sú afstaða tengdist þeirri trú að menn héldu að það muni koma í veg fyrir að verðmætu landi yrði sökkt. Það er hins vegar ekki rétt. Landi verður sökkt ofan fyrirhugaðrar stíflu.
11. Neikvætt viðhorf ferðaþjónustuaðila til virkjunarinnar tengist því að svæðið missi óafturkræfa eiginleika og detti út sem áfangastaður fyrir ósnortna náttúru. Hér vantar að gera grein fyrir því að þetta viðhorf byggist á áralangri þekkingu þessara aðila á markaðinum

sem þeir þjóna og eigin reynslu af neikvæðum viðbrögðum ferðamanna við virkjanamannvirkjum í náttúru Íslands. Fyrir vikið sjá þeir fram á að þurfa að færa sig á annað svæði ef af virkjuninni verður.

12. Þar sem gert er grein fyrir niðurstöðum sem fram komu í rannsókn í tengslum vð 3.áfanga rammaáætlunar á viðhorfum ferðaþjónustuaðlia sem starfa í Bárðardal eða skipuleggja ferðir þangað, til virkjana í Skjálfandafljóti, er ekki útskýrt *af hverju* mikill meirihluti svarenda er á móti virkjunum í Skjálfandafljóti eða *af hverju* þeir telja að ímyndin muni skaðast. Ástæðan sem menn nefndu var að svæðið hefur þá sérstöðu að vera fámenn og fáfarin „perla“ utan alfararleiðar – að fólk þráir að koma á svæði þar sem er ekkert manngert. Þessar niðurstöður eru samhljóma niðurstöðum okkar, og fram kom að í þessu sambandi var m.a. hugsað til betur borgandi gesta sem sækjast eftir ákveðinni einangrun og fámenni. Í frummatsskýrslu er ekki gerð grein fyrir því að þeir sem voru jákvæðir gagnvart virkjunum í Skjálfanda voru rútuþyriræki og gististaðir sem starfa utan Bárðardals sem skynjuðu aukin efnahagsleg tækifæri fyrir þeirra eigin starfsemi í að bæta aðgengið að Aldeyjarfossi og auka traffíkina um Bárðardal og Sprengisand með vegabótum fyrir rútu.
13. Tekið er fram að jákvæð afstaða ferðamanna/útivistarfólks til fyrirhugaðrar virkjunar byggist á að þeir sjá hana sem jákvæða efnahagslega innspýtingu – en ekki er tekið fram að þessir sömu aðilar töldu það mikilvægara en að vernda landslagið fyrir ferðamenn/útivistarfólk.
14. Tekið er fram að neikvæð áhrif ferðamanna/útivistarfólks til virkjunarinnar tengist þeirri trú að Svartárvirkjun muni valda miklum náttúruspjöllum – en láðst hefur að minnast á að í þessu sambandi höfðu menn áhyggjur af landslaginu, Svartá, hinum villta urriðastofni, vistkerfinu í heild og stemningunni og líðaninni sem þessi ósnortna heild skapar.
15. Þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum rannsóknar meðal ferðamanna við Aldeyjarfoss vegna 3. áfanga rammaáætlunar kemur fram að ferðamenn samþykkja eingöngu smágerð og frumstæð mannvirki í landslaginu og að mannvirki sem tilheyra orkuvinnslu séu meðal þeirra sem þeim þykir óæskilegust í náttúrulegu umhverfi. Við bentum frummatsskýrsluhöfundum á að einungis 2,7% svarenda samþykktu virkjanir á þessu svæði en það skilaði sér ekki í frummatsskýrsluna. Í þessu sambandi kom heldur ekki fram sú ábending að þessar niðurstöður eru í fullu samræmi við niðurstöður rannsókna á aðdráttarafli Íslands sem ferðamannalands og rannsókna á upplifun ferðamanna á Íslandi.
16. Það er ekki rétt að segja að það sé í megin atriðum samhljómur á milli niðurstaðna okkar og fyrri rannsókna á viðhorfum ferðamanna og ferðaþjónustuaðlia á virkjanakostum í Skjálfanda þar sem afstaðan var mjög afgerandi gegn virkjunum – og segja síðan í næstu setningu að afstaðan hafi verið blandin. Réttara er að segja að afstaðan sem kom fram í rannsókn okkar byggir á því hvaða hagsmuni viðmælendur vildu verja. Í stórum dráttum má segja að þeir sem eru hlýnnir virkjuninni telja mikilvægara að verja þá hagsmuni sem af raforkuvinnslunni hljótast en að verja hagsmuni núverandi ferðaþjónustu. Þeir sem eru neikvæðir gagnvart virkjuninni setja hins vegar hagsmuni núverandi ferðaþjónustu og ferðamennsku í Bárðardal í fyrsta sæti.
17. Eftirfarandi staðreyndir vantar í umræðuna um hvernig gildi svæðisins við og neðan inntaksmannvirkis muni rýrna – en fjallað er um að hún muni rýrna verulega fyrir náttúruferðamennsku einkum fyrir veiðimenn en einnig fyrir göngu- og hestaferðamenn. Í þessa umræðu vantar t.d. að minnast á að fjórir af fimm veiðileyfahöfum í Svartá eiga land að ánni næst fyrirhuguðu virkjanasvæði. Þeir hafa yfir að ráða 8 af 12 stöngum eða 66,7% af veiðileyfum í Svartá. Í skýrslunni okkar vísum við jafnframt í niðurstöður rannsóknar á

mögulegum áhrifum virkjunarinnar á urriðastofninn í Svartá þar sem kemur fram að öll veiði neðan við Ullarfoss muni verða fyrir áhrifum af framkvæmdunum en þaðan kemur 59% af veiðinni. Fyrirhuguð virkjun mun iðnvæða/mannvæða landslag sem ferðamenn upplifa sem ósnortna náttúru. Þeir veiðiferðamenn sem lentu í úrtaki rannsóknar upplifðu fyrirhugaða breytingu sem óásættanlega eyðileggingu á dásamlegu veiðisvæði sem sumir hafa heimsótt ár eftir ár, áratugum saman, en telja sig hafa ekkert þangað að gera ef af virkjuninni verður. Það kom mjög sterkt fram að þó að fiskur fengist eftir virkjun þá væri villta elementíð í ánni og umhverfinu öllu farið – og það er það sem menn eru að sækjast eftir – bara að komast í og kjást við náttúrulegar aðstæður. Í þessu felst auðlind veiðiferðþjónustunnar. Þessar upplýsingar eru mjög lýsandi fyrir möguleg áhrif fyrirhugaðrar virkjunar í Svartá á veiðiferðþjónustuna næst fyrirhuguðu virkjanasvæði og hefðu átt að koma fram í frummatsskýrslu.

18. Í frummatsskýrslu er dregin fram eftirfarandi niðurstaða: Ef menn eru neikvæðir gagnvart virkjuninni þá munu umhverfisáhrifin á ferðþjónustuna vera neikvæð/talsvert mikil. Ef menn eru jákvæðir gagnvart virkjuninni (eða hlynntir henni) þá munu umhverfisáhrifin verða jákvæð og/eða óveruleg. Þessi niðurstaða er ekki í samræmi við okkar niðurstöður. Í fyrsta lagi er ekki rétt að meta umhverfisáhrif einungis eftir viðhorfi þeirra sem lenda í úrtaki rannsóknar heldur voru viðtölin og viðhorfin sem þau endurspeglu nýtt til greiningar á því hvers konar ferðamennska er stunduð á áhrifasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar í Bárðardal. Umhverfisáhrif eru því metin út frá þeirri þekkingu sem er til staðar í vísindasamfélaginu um eðli þeirrar ferðamennsku sem framkvæmdin snertir. Okkar niðurstaða var sú að ferðamennskan sem er stunduð í Bárðardal sé náttúrutengd ferðamennska. Sú niðurstaða er í fullu samræmi við niðurstöður fyrri rannsóknar á viðhorfum ferðamanna til virkjanakosta í Skjálfanda. Í rannsókn okkar tókum við tillit til þess og máttum möguleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á núverandi náttúrutengda ferðamennsku í Bárðardal (og á möguleika ferðþjónustuaðila sem sinna henni). Við skoðuðum í samhengi þær breytingar sem virkjunin boðar og hvað dregur ferða- og útivistarfólk á svæðið núna (og út í náttúruna); hvað fólk er að sækja þangað; hvers konar aðstæðum fólk er að sækjast eftir að upplifa, hvað vill fólk fá út úr því, og hvað fær það út úr því. Jafnframt tókum við tillit til staðsetningar ferðafólks í landinu gagnvart framkvæmdinni. Það sem dregur ferðamenn á svæðið er náttúran á svæðinu og mannvistarlandslag sem einkennist af hefðbundnum landbúnaði. Virkjunin fellur ekki að þeirri mynd heldur brýtur ímyndina niður. Okkar niðurstaða var sú að gildi Bárðardals fyrir náttúruferðamennsku almennt muni rýrna ef af virkjanaframkvæmdunum verður þrátt fyrir að ekki sé endilega verið að nýta þann hluta árinna sem verður fyrir mestum áhrifum. Ný mannvirki sem tengjast orkuöflun munu hafa áhrif á náttúrulegt umhverfi sem og mannvistarlandslagið. Okkar niðurstaða var sú að öll ferðamennska og ferðþjónusta sem nú er stunduð í Bárðardal verði fyrir neikvæðum áhrifum af fyrirhugaðri virkjun– Áhrifin á upplifun verða mismikil eftir því hvar menn ferðast í Bárðardal. Við skiptum umhverfisáhrifunum í (1) bein áhrif, (2) sjónræn áhrif og (3) áhrif á framtíð náttúrutengdrar ferðþjónustu. Hægt er að hugsa sér nokkrar mögulegar afleiðingar þess fyrir ferðþjónustu og ferðamennsku að ráðast í virkjun Svartár eins og tillaga að matsáætlun gerir ráð fyrir.

Bein áhrif: Ferðamennska sem er nú stunduð á megináhrifasvæði virkjunarinnar í eða við neðri hluta Svartá, þ.e. einkum veiðiferðamennska, hestaferðamennska og í mjög litlum mæli gönguferðamennska mun verða fyrir beinum áhrifum af Svartárvirkjun. Má ætla að

ferðamenn sem stunda þessa ferðamennsku verði viðkvæmastir fyrir þeim breytingum sem virkjunin hefur í för með sér. Breytingar í lífríki árinna sjálfrar og næsta umhverfi hennar eru mikilvægar fyrir þennan hóp. Áætlanir gera ráð fyrir að rennsli Svartár minnki um 85% á áhrifakafli virkjunarinnar og verði það raunin „hefur það í för með sér mikla skerðingu búsvæða á þeim kafla“ (Benóný Jónsson o.fl. 2015, bls. 38). Erfitt er að meta hvaða áhrif þetta hefur á aðráttarafl svæðisins og landnotkun en þar sem aðstæður á vettvangi munu ekki samræmast þörfum ferðamanna sem dvelja staðbundið við Svartá er hætta á að veiðimenn og hesta- og gönguferðapjónustuaðilar sem gera út á upplifun á ósnortinni náttúru á þessu svæði færi sig annað og þetta svæði detti út.

Sjónræn áhrif: Ljóst er að sjónræn áhrif af virkjun Svartár eru mismunandi eftir því hvar ferðamenn dvelja eða ferðast um. Það getur gengisfellt upplifun ferðamanna sem stunda náttúrutengda ferðamennsku og komið í veg fyrir að þeir geti upplifað svæðið sem ósnortið að vita af virkjuninni eða sjá hana í landslaginu. Þannig gengur virkjunin á auðlind ferðapjónustuaðila sem gera út á þessa ferðamennsku. Um er að ræða alla umferð akandi og riðandi ferðamanna sem og þá sem fara í gönguferðir sem hefjast ofar við ána eða við Svartárvatn. Virkjun Svartár gæti einnig haft áhrif á ferðamenn sem eiga leið um austanverðan Bárðardal og um Engidal eða vestanverðan dalinn til að skoða fossana í Skjálfafljóti eða til að aka um Sprengisand. En minni líkur eru á því að sjá virkjunina eftir því sem sunnar dregur m.a. vegna þess að svæðið sem þeir eiga leið um liggur hærra í landinu og fjær ári. Þess ber að geta að ferðalagið til og frá (vinsælum) áninga- og áfangastöðum er hluti af upplifuninni að vera í frii og á ferðalagi um Ísland.

Áhrif á framtíð náttúrutengdrar ferðapjónustu: Með því að spilla landi sem gert er út á (eða hægt er að gera út á) sem ósnortna náttúru er gengið á takmarkaða auðlind íslenskrar ferðapjónustu. Tækifæri sem heimamenn hafa séð í frekari uppbyggingu náttúrutengdrar ferðapjónustu á svæðinu, s.s. gönguferðamennsku, jeppaferðamennsku og hestaferðapjónustu fyrir kröfuharðan markhóp sem borgar vel fyrir að upplifa ósnortna náttúru í fámenni og sækir í ákveðna einangrun frá fjölmennari ferðamannastöðum, geta orðið takmarkaðri. Það sama á við mögulega vörubrún sem byggir á þeirri auðlind sem felst í hinu gamalgróna landbúnaðarsamfélagi. Þrátt fyrir þessi atriði, sem eru neikvæð í garð virkjunarinnar og tengjast hagsmunum náttúrutengdrar ferðamennsku og stoðþjónustu hennar, má sjá fyrir sér tækifæri sem meðal annars geta falist í því að laða að nýja ferðamenn að svæðinu sem gera ekki kröfur til óspilltrar náttúru. Með vinnu og tilkostnaði er til dæmis hægt að setja upp sýningu og búa til aðráttarafl og mun það höfða til einhverra meðal þess hóps sem hefur áhuga á tækni og nýtingu endurnýjanlegrar orku. Það er hins vegar ekki sá markhópur sem aðallega laðast að Íslandi sem ferðamannalandi eða sá markhópur sem helst sækir megináhrifasvæði framkvæmdarinnar. Samkvæmt tillögu að matsáætlun er ekkert sem bendir til þess að til standi að gera Svartárvirkjun að áfangastað ferðamanna. Gert er ráð fyrir að virkjunin muni vera mannlauð á rekstartíma sem takmarkar möguleika á sýningarhaldi í beinum tengslum við virkjunina.

Að okkar mati er ekki gerð nægilega grein fyrir þessum neikvæðu áhrifum sem Svartárvirkjun getur haft á ferða- og útivistarfólk og ferðapjónustuaðila.

Virðingarfyllt,

Dr. Gunnþóra Ólafsdóttir, landfræðingur

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2017

Umsögn Landverndar um fyrirhugaða Svartárvirkjun

Vísað er til auglýsingar Skipulagsstofnunar, dags. 7. september sl., þar sem óskað er eftir athugasemdum við frummatsskýrslu virkjunar í Svartá í Bárðardal. Umsögn Landverndar fer hér á eftir.

Framkvæmdin í hnotskurn

„SSB Orka áformar að reisa vatnsaflsvirkjun í Svartá í Bárðardal í Þingeyjarsveit. Uppsett rafafli virkjunarinnar verður 9,8 MW og áætluð orkuvinnsla er 78,6 GWh á ári..... Reisa á sambyggða stíflu og inntaksmannvirki um 0,5 km ofan við Grjóta. Við stíflun Svartár verður venjulegt vatnsborð í ánni hækkað um einn og hálfan metra og lítið inntakslón myndað. Vatn til virkjunar verður leitt um niðurgrafna aðrennslispípu um rúmlega 3 km leið að stöðvarhúsi, sem staðsett verður um 1,5 km ofan við ármótin við Skjálfandaflljóti.“ (Verkís 2017. Svartárvirkjun, allt að 9,8 MW. Frummatsskýrsla, samantekt, bls. i). Milli stíflu og stöðvarhúss verður um 3 km vatnslítil, virkjaður farvegur Svartár, en framkvæmdaraðilar hyggjast til mótvægis tryggja 3-4 m³/sek rennsli í þeim farvegi og telja það ásættanlega aðgerð til að viðhalda botndýralífi árinna sem fuglar og fiskar treysta á. Áhrif þessara framkvæmda eru þó “metin nokkuð neikvæð og afturkræf¹ á virkjuðum kafla hennar en óveruleg annars staðar” Verkís 2017, samantekt, bls. i).

Ótvírætt verndargildi á heimsvísu

Á fyrirhuguðu virkjunarsvæði í Bárðardal sameinar Svartá rennsli tveggja lindáa sem koma undan Ódáðahrauni, Svartár og Suðurá. Svartá sameinast Skjálfandaflljóti frammarlega í Bárðardal neðan við bæinn Bjarnastaði.

Svartá tilheyrir því vatnasviði Skjálfandaflljóts. Vatnasviðið fékk þriðja hæsta verðmætamat allra þeirra vatnasviða og svæða sem komu til mats í 3. áfanga rammaáætlunar (Stefán Gíslason (ritstj.) 2016. Lokaskýrsla verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar 2013-2017, bls. 186). Verkefnisstjórn 3. áfanga lagði þess vegna til að allar virkjunarhugmyndir í Skjálfandaflljóti sem til umfjöllunar voru (Fljótshnjúksvirkjun og Hrafnabjargarvirkjanir A, B og C), færu í verndarflokk. Sú tillaga verkefnisstjórnar bíður nú umfjöllunar Alþingis. Umræddir virkjunarkostir í Skjálfandaflljóti voru fyrir (og eru enn) í biðflokki í 2. áfanga rammaáætlunar vegna skorts á gögnum. Svartárvirkjun hefur sem slík aftur á móti ekki komið til skoðunar hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar þar sem hún er undir viðmiðunarmörkum.

Landvernd telur þegar af þessari ástæðu ljóst að ekki er unnt að heimila virkjun á vatnasviði Skjálfandaflljóts.

Meðalrennsli Svartár eftir að Suðurá sameinast henni er skv. frummatsskýrslu (Verkís 2017) 21,8 m³/sek. Samkvæmt því er Svartá í 7. sæti yfir vatnsmestu lindár Íslands (sjá Aagot Óskarsdóttir 2011. Hvítbók um náttúruvernd, Umhverfisráðuneytið, Reykjavík, tafla 3.3., bls 66). Hún er þar með á meðal 10 stærstu lindarvatna heimsins á pari við Silver Springs í USA (24 m³/sek) og sennilega stærri en nokkur lind í Evrópu utan Íslands (Vaucluse í Frakklandi er um 20 m³/sek).

Svartá er jafnframt ein af lífríkustu lindám landsins. Árbotn hennar er gróinn, þar þrífst m.a. mikið magn bitmýslirfa sem fanga lífrænt rek úr Svartárvatni og þar er stór urriðastofn og auðugt fuglalíf. Svartár-

¹ Hugtakið „afturkræf“ er oft notað sem viðhengi við matseinkunnir um mannvirki sem ætlað er að standa í áratugi, en fræðilega er hægt að fjarlægja án mikilla ummerkja. Landvernd veltir fyrir sér hvort þetta sé í reynd blekkjandi orðalag. Hversu oft hefur virkjun verið rífin og afmáð af yfirborði hér á landi?

Suðurársvæðið er raunar skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði með alþjóðlegt verndargildi (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 2016. Fjölriti Náttúrufræðistofnunar Nr. 55, bls. 242), einkum vegna þess það er alþjóðlega mikilvægt búsvæði um 6% íslenska húsandarstofnsins og 0,7% af straumandarstofninum, sem slagar í alþjóðleg viðmið (við val á alþjóðlega mikilvægum svæðum er gjarnan m.a. miðað við að 1% stofns nýti svæðið reglulega). Þá er í ánni sérstakur urriðastofn sem þekktist af bláum bletti á tálknloki.

Lindár og lindasvæði eru óvída í heiminum jafn snar þáttur í vatnafari og hér á landi (Aagot Óskarsdóttir (ritstj.)). Hvítbók um náttúruvernd, Umhverfisráðuneytið, Reykjavík, bls. 64–64). Af þeirri ástæðu einni hafa lindár mikið alþjóðlegt náttúruverndargildi. Þegar svo við bætist að lindár hýsa afar auðugt lífríki (botnhryggleysingja, fiska og fugla) sem byggir á stöðugu rennsli þeirra og næringarríku vatni sem auðgast af steinefnum á ferð sinni um gljúp nútímahraun, verður náttúruverndargildið óvæfengjanlegt. Getur ráðherra skv. 55. gr. náttúruverndarlaga “friðlýs[t] heil vatnakerfi, þar á meðal lindasvæði og lítt snortin og ómiðluð vatnasvið”. Að baki ákvæðinu eru sjónarmið er fram koma í kafla 3.3 í hvítbók þar sem vatnsauðlind Íslands er lýst og m.a. dregin fram sérstaða og mikilvægi íslenskra lindarvatna og bent á að sjö af 11 stærstu lindasvæðum landsins njóti ekki sérstakrar verndar, en einna brýnast sé að standa vörð um lindarvatnskerfi á eldvirka beltum landsins.

Þrjú hraun frá nútíma eru í Bárðardal; Bárðardalshraun, Útbrunahraun og Kinnarhraun. Yngst er Bárðardalshraunið (einnig nefnt Suðurhraun), um 9000 ára og þekur að mestu leyti eldri hraunin norðan við Aldeyjarfoss. Þessi hraun hafa haft mikil áhrif á vatnafar svæðisins. Mikil lindasvæði tengjast Útbrunahrauninu t.d. Suðurárbotnar, lindir við Svartárvatn og Krákárbotnar. Meðalrennsli lindavatns í bæði Svartá og Suðurá er um $20\text{ m}^3/\text{s}$ og er vatnasviðið talið vera um 650 km^2 (Árni Hjartarson, 2004. Hraunin í Bárðardal. Náttúrufræðingurinn 73: 155–163.). Framkvæmdir vegna Svartárvirkjunar eru að mestu leyti á eldri berggrunni en stöðvarhúsið mun þó raska hluta af Bárðardalshrauni sem í dag er óröskuð heild. Hraunið nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga og allt rask á hrauni er óafturkræft. Eldri nútímahraunin, Útbrunahraun og Kinnarhraun liggja undir Bárðardalshrauni innan framkvæmdasvæðis.

Að þessu athuguðu telur Landvernd fráleitt að nokkuð bendi til þess að leyfð yrði virkjun Svartár í Bárðardal. Áin tilheyrir vatnasviði Skjálfandafljóts, sem er í biðflokki rammaáætlunar og líklegt til að enda í verndarflokki samber tillögu verkefnisstjórnar RÁ en óháð því hefur umhverfisráðherra sérstaka lagaheimild til að friðlýsa vatnasviðið.

Telja má líklegt að innan áratugar verði litið á þessi áform sem jafn fráleit og fólki nú þykja hugmyndir manna á síðari hluta 20. aldar um að veita Skjálfandafljóti, Svartá og Suðurá í Mývatn og fylla Laxárdal af vatni.

Mótvægisáðgerðir ekki sannfærandi

Virkjunaraðilar hyggjast viðhalda lífríki Svartár með því að tryggja $3\text{ m}^3/\text{sek}$ lágmarksrennsli lindarvatns í virkjuðum farvegi neðan stíflunnar, að viðbættum $1\text{ m}^3/\text{sek}$ úr Grjótá. Óvíst er að þetta geti gengið einfaldlega vegna þess að fyrirhugað er að nýta $20\text{ m}^3/\text{sek}$ til að knýja virkjunina. Það vatnsmagn samsvarar tæpu meðalrennsli Svartár, sem samkvæmt frummatsskýrslu er $21.8\text{ m}^3/\text{sek}$. Einfaldur frádráttur sýnir að $21.8 - 20 = 1.8\text{ m}^3/\text{sek}$, ekki $3\text{ m}^3/\text{sek}$. Þá kemur fram í frummatsskýrslunni (bls. 38) að meðalrennsli sé yfir $20\text{ m}^3/\text{sek}$ aðeins 80% ársins. Hvað gerist á vetrum þegar rennsli árin er um eða undir $20\text{ m}^3/\text{sek}$? Munu þá verndarsjónarmið örugglega ráða hve miklu vatni verður hleypt fram hjá virkjuninni, að lágmarki $3\text{ m}^3/\text{sek}$, eða munu markaðslögmál um full afköst virkjunarinnar ráða? Eru viðurlög við að svíkja fögur fyrirheit í frummatsskýrslu? Spörin hræða ef marka má grein Ólafs K. Nielsens náttúrufræðings í Skarpa 19. október 2017 þar sem hann rekur harmasögu Köldukvíslar á Tjörnesi, en einn eigenda SSB orku rekur þar virkjun. Í grein Ólafs er rakið að virkjunin hafi fengið virkjanaleyfi frá Orkustofnun árið 2014 þar sem tryggt skuli lágmarksrennsli til að viðhalda lífsskilyrðum straumandar og bleikju. Að sögn Ólafs hefur þessi sáttmáli virkjunaraðila við náttúruna verið ítrekað brotinn, farvegurinn þornað upp og bleikja og straumönd heyri sögunni til.

Gert er ráð fyrir að um $1 \text{ m}^3/\text{sek}$ í virkjuðum farvegi Svartár komi úr Grjótá en engar mæliniðurstöður liggja þó fyrir um rennsli Grjótár. Grjótá er dragá og viðbúið að rennsli hennar skerðist verulega yfir vetrartímann.

Bent hefur verið á að mikil ís- og krapamyndun geti orðið í Svartá í froststillum á veturnum við núverandi aðstæður. Hætta af krapa og ísmyndun eykst verulega í virkjaða farveginum þar sem vatnsrennsli er verulega skert. Þar að auki hyggjast virkjunaraðilar veita öllum ís sem myndast ofan stíflu niður í virkjaða farveginn. Ljóst má vera að botnlífi árinna mun stafa veruleg hætta af krapa og ísreki (skefur botninn) jafnvel þótt virkjunaraðilar standi við fyrirheit um $3\text{-}4 \text{ m}^3/\text{sek}$ rennsli.

Það má því ljóst vera að fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir eru langt frá því að vera sannfærandi. Landvernd tekur undir mat Náttúrufræðistofnunar Íslands, Fuglaverndar o.fl. aðila að mjög miklar líkur séu á að samanlögð áhrif af verulega skertu rennsli, krapastíflum, ísreki, markaðssjónarmiðum og hættu á vatnspurrð muni ganga af botndýralífi Svartár neðan stíflu dauðu. Þetta á ekki síst við um bitmýið sem er lífsgrundvöllur fiska og fugla.

Þá hefur Náttúrufræðistofnun Íslands bent á fjölmörg atriði varðandi líffræði og hegðun lykiltegunda við Svartá, þ.e. húsandar, straumandar og urriða, eru enn illa þekkt og ósvarað í frummatsskýrslu Verkís. Þetta á t.d. við um það hvernig húsundur nýta Svartá og Suðurá að vetrarlagi, hvaða áhrif búsvæðaskerðing, sem nemur uppistöðulóni og hinum virkjaða farvegi, hefur á húsönd og straumönd, hvaða áhrif virkjunin hefur á ferðir hins sérstaka urriðastofns árinna, o.fl.

Allt ber að sama brunni. Fyrirhuguð virkjun í Svartá er hættuspil með einstaka og alþjóðlega mikilvæga náttúru sem mestar líkur eru á að endi illa. Af þessum ástæðum ber að hafna henni.

Samfélagsleg áhrif

Verkís metur áhrif virkjunar á samfélag „nokkuð jákvæð á framkvæmdatíma vegna aukinna umsvifa. [...] Hærra atvinnustig og hærra atvinnutekjur teljast til jákvæðra tímabundinna áhrifa. [...] Á rekstartíma verða áhrif óveruleg til nokkuð jákvæð.“ (Frummatsskýrsla, samantekt, bls. Iii).

Í skýrslu sem Rannsóknamiðstöð ferðamála vann um samfélagsleg áhrif virkjunarinnar, einkum áhrif á ferðaþjónustu og útivist (Viðauki 9), segir aftur á móti í samantekt (bls. 62):

„Ávinningur sem nefndur hefur verið í tengslum við virkjunina er fyrst og fremst samfélagslegur, s.s. bætt afhendingaröryggi raforku á Norðausturlandi og efnahagslegur ávinningur þeirra sem njóta arðs af virkjuninni. Umbætur í vegamálum sem kallað hefur verið eftir af heimamönnum og aukinn ferðamannastraumur sem afleiðing af því er meðal þess sem ferðaþjónustuaðilar á svæðinu vænta sem hliðaráhrifa af virkjuninni. **Ekki er hins vegar að sjá að þetta sé fast í hendi sem áhrif af framkvæmdinni þar sem vegabætur í Bárðardal eru ekki hluti af framkvæmdinni. Ef horft er beinlínis á hagsmuni ferðaþjónustunnar og ferðamanna virðist sem **fyrst og fremst sé um tap að ræða vegna vegna tilkomu virkjunarinnar.****“ (leturbr. Landvernd).

Um þetta þarf í raun ekki fleiri orð. Landvernd telur fórn á náttúruverðmætum sem felast í Svartárvirkjun ekki ásættanlega. Samfélagslegur ávinningur af virkjuninni til langs tíma virðist vera minni en enginn, a.m.k. lítill, meðan ávinningur einstaklinga sem njóta myndu arðs af rekstri virkjunarinnar er nokkuð fastur í hendi.

f.h. stjórnar Landverndar

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
framkvæmdastjóri.

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 09:02
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0593-Framsend athugasemd Verndarfélags Svartár og Suðurár
Attachments: image001.gif; ATHS VSS VIÐ FRUMMATSSKÝRSLU-Lokagerð.pdf; Fskj1
_ÁrniEinars-2017_Svartá_greinargerð_mars.pdf; Fskj2_ÓlafurN_2017_Fuglar11-
Svarta.pdf; Fskj3_ViðarH2017_Verndun Svartár.pdf; Fskj4_BörreSkodvin_Svarta-Value
of Nature.pdf; Fskj6_BE_Athugasemdir vegna samnings.pdf

Sjá fylgiskjöl 1,
2, 3, 4 og 6

From: Baldur Sigurðsson
Sent: 23.10.2017 23:02:04
To: Skipulagsstofnun
CC: balsi@hi.is ; Sigbjörn Kjartansson ; Jón Aðalsteinn
Subject: Athugasemd Verndarfélags Svartár og Suðurár



Hér með eru sendar inn athugasemdir við Svartárvirkjun í Bárðardal frá Verndarfélagi Svartár og Suðurár.

Athugasemdum félagsins fylgja sex fylgiskjöl. Eitt þeirra verður að senda sérstaklega vegna stærðar.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd stjórnar Verndarfélags Svartár og Suðurár,

Baldur Sigurðsson

Baldur Sigurðsson, balsi@hi.is

þeir róast sem fiska (úr Spakmælum Hornfirðings)

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:47
To: Þórhildur Guðmundsdóttir; -Umhverfismál
Subject: 13322002-1-TP-0560-Framsend athugasemd 2 Verndarfélags Suðurár og Svartár
Attachments: image001.gif

Sjá fylgiskjal 5

From: Baldur Sigurðsson
Sent: 23.10.2017 23:06:36
To: Skipulagsstofnun
CC: balsi@hi.is ; Sigbjörn Kjartansson ; Jón Aðalsteinn
Subject: Athugasemd 2 Verndarfélags Suðurár og Svartár



Hér með er send slóð fylgiskjals sem fylgir athugasemdum við Svartárvirkjun í Bárðardal frá Verndarfélagi Svartár og Suðurár.

Vegna stærðar er ekki unnt að senda skjalið í pósti en við vonum að Skipulagsstofnun geti nálgast það á þessari slóð:

https://www.dropbox.com/s/v4v4tfpct61me56/Fskj5_AHO_Svarta_2017_utdrag.pdf?dl=0

Vinsamlegast látið vita ef þið náði ekki skjalinu, þá finnum við aðrar leiðir til að koma því til ykkar.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd stjórnar Verndarfélags Svartár og Suðurár,

Baldur Sigurðsson

Baldur Sigurðsson, balsi@hi.is

Þeir róast sem fiska (úr Spakmælum Hornfirðings)

Verndarfélag Svartár og Suðurár, VSS
Kamsvegi 1, 104 Reykjavík

Reykjavík 23. október 2017

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Athugasemdir við frummatsskýrslu: Svartárvirkjun, allt að 9,8 MW



Athugasemdir þessar við frummatsskýrslu um fyrirhugaða virkjun Svartár eru teknar saman af undirrituðum stjórnarmönnum Verndarfélags Svartár og Suðurár, VSS, með atbeina ýmissa félagsmanna sem hafa sérþekkingu á efninu. Stjórnin hefur gætt þess að fara í einu og öllu að lögum og reglum við ákvörðunarferli um framkvæmdir sem þessar, stuðst var við fyrirbyggjandi heimildir um efnið og þau lög og reglugerðir sem fyrir liggja um verklegar framkvæmdir og náttúruvernd.

Athugasemdirnar eru skipulagðar þannig að í byrjun gerum við grein fyrir heildarsýn okkar á verkefnið, Svartá og umhverfi hennar, og mikilvægi þess fyrir íslenska náttúru. Þá förum við yfir frummatsskýrsluna, kafla fyrir kafla, og gerum athugasemdir við þá kafla sem við teljum ástæðu til.

Athugasemdir okkar eru nákvæmlega sundur liðaðar með millifyrirsögnum, sem vísa til viðkomandi kafla í frummatsskýrslu og sjá má í efnisyfirliti. Í reynd gerum við athugasemdir við langflesta kafla

skýrslunnar, sérstaklega í síðari hluta hennar, og því er efnisyfirlitið um tvær síður. Í lokin er svo stutt samantekt og niðurstaða.

Farið er í einstaka kafla frummatsskýrslu eins og tilefni er til og vísað til texta úr skýrslunni og viðaukum hennar með númerum. Athugasemdum þessum fylgja sex fylgiskjöl í viðbót og er vísað til þeirra sem „meðfylgjandi fylgiskjal“ eða „meðfylgjandi viðauki“.

Af mörgum greinum náttúruverndarlaga nr. 60/2013 hefur 9. greinin verið okkur ofarlega í huga en hún er þessi.

Varúðarregla.

Þegar tekin er ákvörðun, t.d. um skipulag, framkvæmd eða starfsleyfi, án þess að fyrir liggja með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hættu er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.

Við teljum að í þessu máli sé eina skilvirka aðgerðin sú að falla frá öllum áformum um virkjun Svartár. Í athugasemdunum rökstyðjum við það álit okkar.

Virðingarfyllst,

Jón Aðalsteinn Þorgeirsson formaður

Baldur Sigurðsson

Sigbjörn Kjartansson

Efnisyfirlit

Formáli athugasemda	5
Athugasemdir stjórnar VSS við einstaka kafla frummatsskýrslu	7
Almenn athugasemd.....	7
Kafli 1. Inngangur	8
Kafli 1.1 Markmið verkefnis	8
Kafli 1.2 Leyfi sem framkvæmdin er háð	8
Kafli 1.3 Mat á umhverfisáhrifum	9
Kafli 1.3.2 Frávik frá matsáætlun.....	9
Kafli 3. Eignarhald, landnotkun og skipulag.....	10
Kafli 3.1 Eignarhald	10
Kafli 3.2 Landnotkun	10
Kafli 3.2.2 Veiðinýting.....	10
Kafli 3.3 Skipulag	11
Kafli 3.3.1 Landskipulagsstefna	11
Kafli 3.3.3 Aðalskipulag.....	11
Kafli 3.3.4 Deiliskipulag.....	12
Kafli 3.4. Rammaáætlun.....	13
Kafli 3.5 Verndarsvæði og fornleifar	13
Kafli 4 Lýsing framkvæmdar	14
Kafli 4.2 Yfirlit.....	14
Kafli 4.3 Inntaksmannvirki og fiskvegur	14
Kafli 4.4 Aðrennslispípa	15
Kafli 4.5 Jöfnunarþró.....	15
Kafli 4.6 Stöðvarhús og frárennsli	15
Kafli 4.9 Tenging við orkukerfi	15
Kafli 4.10 Landmótun.....	16
Kafli 4.11 Mannaflapörf og vinnubúðir	16
Kafli 4.13 Rekstur virkjunar	16
Kafli 4.15 Núll kostur	16
Kafli 4.16 Tengdar framkvæmdir	17
Kafli 5 Mat á umhverfisáhrifum.....	18
Kafli 5.3. Áhrifaþættir framkvæmda	18
Kafli 5.3.1 Mannvirkjagerð	18
Kafli 5.4 Umhverfisáhrif	20
Kafli 5.4.1 Jarðminjar	20

Kafli 5.4.2 Vatnafar	20
Kafli 5.4.3 Setmyndun og rof	23
Kafli 5.4.4 Gróður	24
Kafli 5.4.5 Fuglar	26
Kafli 5.4.6. Vatnalíf	27
Kafli 5.4.7 Fornleifar	29
Kafli 5.4.8 Hljóðvist	31
Kafli 5.4.9 Landslag	31
Kafli 5.4.10 Ásýnd	32
Kafli 5.4.11.Samfélag	34
Kafli 5.4.12 Ferðamennska og útivist	35
Kafli 5.4.13. Veiði	37
Kafli 5.4.14 Vernd	37
Kafli 5.5 Vöktun og eftirlit	38
<i>Kafli 7 Niðurstaða og heildaráhrif</i>	39

Formáli athugasemda

Undan hraunflæminu mikla, Ódáðahrauni í norðurgosbelti Íslands, spretta fram miklar vatnslindir. Stærst þessara lindarvatnskerfa er Mývatn sjálft með Laxá og Kráká. Næst að vatnsmagni er lindarkerfið Svartá og Suðurá með upptök sín í Svartárvatni og Suðurárbotnum. Önnur minni lindarkerfi af sama meiði og uppruna eru Grafarlönd eystri, Herðubreiðarlindir, Laufrönd og Svartá austan Öskju. Öll þessi lindarvötn eiga það sammerkt að vera steinefnarík og afar auðug af dýra- og þörungategundum. (Sjá Greinargerð Árna Einarssonar; *Svartá og Suðurá í Bárðardal í meðfylgjandi fylgiskjali 1*). Árni Einarsson skrifar:

„Þessi lindarkerfi öll eru sérstök, bæði á landsvísu og heimsvísu. Þau eru sjaldgæf og óvenjuleg sem vötn, einkennast af jöfnu rennsli, eru auðug að steinefnum, hafa fágætt og oft mjög auðugt lífríki, gegna lykilhlutverki í tilveru nokkurra dýrastofna, skapa vinjar í annars gróðurlitlu landi, frjósa ekki á veturna og búa auk þess yfir óvenjulegri náttúrufegurð vegna samspils hrauns og vatns og gróðurs og legu þeirra í hálendisbrúninni.“

Líta verður til þessara lindarkerfa, umhverfis þeirra og landfræðilegrar stöðu sem einnar heildar. Ekki síst í líffræðilegum skilningi. Þessi lindarkerfi gegna sameiginlega hlutverki vinja í hrjóstrugu og þurru umhverfi og eru grundvöllur í tilveru dýrastofna og plöntutegunda sem þrífast á hálendinu og á hálendisbrúninni. Sömu dýra- og þörungategundir einkenna þessi lindarvötn (sjá Árni Einarsson: *Svartá og Suðurá í Bárðardal – meðfylgjandi fylgiskjali 1*). Einnig er vitað um mikilvægt samspil þessara lindarvatna fyrir tilvist fuglategunda er þar eiga búsvæði. Til að mynda leita endur eins og húsönd á Svartá og Suðurá þegar áta hefur brugðist í Mývatni og Laxá.

„Þegar árar illa við Mývatn og Laxá og fuglinn þar er í sveltí leitar hann annað, þetta gerir húsöndin og einn af þeim stöðum sem flóttafuglinn sækir á Svartá. Þannig að Svartá er ein af þeim stöðum sem tilvera húsandarinnar á Íslandi byggir á; áin er varpstöð og vetrardvalastaður og athvarf þegar sverfur að í Mývatnssveit og við Laxá.“
(Sjá grein Ólafs K. Níelsens *vistfræðings; Svartá í Bárðardal, náttúruperla í uppnámi*)

Í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands (viðauka 4; *Endur á vatnasviði Svartár og Suðará í Bárðardal*) kemur fram að líta beri á áhrif fyrirhugaðrar virkjunar Svartár á umhverfi fugla og fuglaíf í heilðrænum skilningi. Í samantekt á bls. 13 segir:

„Á heildina litið er verndargildi vatnasviðs Svartár og Suðarár því mjög mikið hvað fuglalíf varðar. Áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar er órjúfanlegur hluti af þeirri heild“.

Ekki skal einungis líta á skaðleg umhverfisáhrif á takmörkuðu áhrifasvæði virkjunarinnar sjálfrar, heldur meta heildaráhrif skertra búsvæða á fyrirhuguðu virkjunarsvæði á ýmsar fuglategundir svo sem straumendur og húsöndur á landsvísu og á heimsvísu vegna alþjóðlegra skuldbindinga okkar Íslendinga sbr. Bernarsamninginn.

Landfræðilega er svæði það sem hér um ræðir, svæðið norður og norðvestur af Vatnajökli jarðsögulega tengt í hraunflæminu mikla, Ódáðahrauni í norðurgosbelti Íslands. Ódáðahraun og úthraun þess er eitt af fáförnustu og minnst röskuðu svæðum hálendisins. Auðlegð þessa svæðis felst í óraskaðri náttúru, óspilltum víðernum, óbeisluðum jökul- og lindarám sem renna af hálendinu og jaðri þess til byggða með samfelldri gróðurþekju og fjölbreyttu dýralífi. Þessi auðlind er nú þegar nýtt að einhverju leyti af ferðamönnum og ferðaþjónustuaðilum (sjá skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála í viðauka 9, bls. 18 og 19 og greinargerð Viðars Hreinssonar í meðfylgjandi fylgiskjali 3). Svæðið hefur mikla möguleika á jákvæðri þróun til framtíðar (sjá í viðauka 9, kafla 6.5.): „ætla má að slík umhverfi muni einnig hafa mikið gildi fyrir ferðamenn í landinu í framtíðinni, jafnvel enn meira en í dag því slík svæði eru sífellt að verða fágætari“. Sjá einnig greinargerð próf. Börre Skodvin *Value*

of Nature og lokaverkefni stúdenta frá Arkitekta- og hönnunarháskólanum í Osló. Sjá meðfylgjandi fylgiskjöl 4 og 5.

Í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála kemur fram að ekki skuli einungis líta til staðbundinna áhrifa hins virkjaða svæðis á ferðamenn og ferðaþjónustuaðila heldur þau áhrif sem hin fyrirhugaða virkjun hefur á svæðið í kring, Skjálfandafljót og nærumhverfi, sem samkvæmt tillögu verkefnisstjórnar um 3. áfanga rammaáætlunar er skipað í verndarflokk. Í skýrslunni segir á bls. 49 að

„komi fram nánast samhljóma niðurstöður og greint var frá hér að ofan; að óspillt náttúra, kyrrð og ró og víðerni með engum mannvirkjum væri mikilvægur hluti af aðdráttarafli svæðisins“ og „að orðspor svæðis myndi skaðast og það hefði neikvæðar afleiðingar....á svæði þar sem ekkert er manngert“.

Einnig kemur þar fram, eins og reyndar í frummatsskýrslunni sjálfri, í samantekt á bls. iii:

„Þá munu framkvæmdirnar takmarka framtíðarmöguleika svæðisins til að þróa náttúrutengda ferðaþjónustu“

og:

„Áhrif á þessa hópa ferðamanna og ferðaþjónustuaðila eru bein“.

Það er því augljóst að þegar áhrif á umhverfi og náttúru, ekki síður sjónræn áhrif á landslag, eru metin vegna fyrirhugaðra framkvæmda, skal horfa til víðtækra áhrifa þeirra á náttúrugæði svæðisins kringum Svartá, Suðurá og Skjálfandafljót sem heildar.

Fram kemur í fyrirbyggjandi gögnum að baki frummatsskýrslunni að samfélagsleg áhrif Svartárvirkjunar yrðu verulega neikvæð í ljósi þess að miklir og arðbærir möguleikar byggðarlagsins og nærsamfélags til uppbyggingar á náttúrutengdri ferðaþjónustu yrði fórn að fyrir ágóða fárra aðila vegna fyrirhugaðrar virkjunar Svartár. Fyrst og fremst eru það eigendur SSB Orku, aðilar utan héraðs, sem munu hagnast, en ábúendur þriggja jarða skipta á milli sín litlu broti af söluvirði raforkunnar, á móti ríkinu, sem á Stórutungu. Virkjun Svartár gæfi brot af þeim ávinningi til samfélagsins sem náttúru- og menningartengd ferðaþjónusta gerði.

Því þarf í matsskýrslu, ef meta á hin samfélagslegu áhrif virkjunarinnar, að liggja fyrir hagrænt mat á öllum náttúrugæðum svæðisins, þar sem horft er til allra þátta, ekki einungis á þá kosti sem fylgja orkunýtingu Svartár, heldur líka á þá kosti og möguleika sem fylgja því að **nýta ekki** vatnsorku Svartár.

Eins og sést af þessari samantekt hér að framan vill stjórn VSS undirstrika að Svartá og svæðið í kringum hana er hluti af stærri heild hvað varðar náttúru og mannlíf.

Athugasemdir stjórnar VSS við einstaka kafla frummatsskýrslu

Almenn athugasemd

Vísað er til auglýsingar Skipulagsstofnunar, dagsett 7.9.2017, um kynningu á frummatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar þar sem fram kemur að frestur til athugasemda sé til 23. október 2017.

Gerð er athugasemd við það að á forsiðu frummatsskýrslu og í auglýsingu kemur ekki fram hvar umrædd virkjun er fyrirhuguð, það er í Svartá í Bárðardal í Þingeyjarsveit. Þetta gæti valdið ruglingi í framtíðinni ef áformaðar verða virkjanir í fleiri ám með sama nafni.

Í frummatsskýrslunni er mjög oft notað orðalagið „gert er ráð fyrir“ eða „fyrirhugað er“ þegar rætt er um ýmsa framkvæmdaþætti. Til þess að ljóst sé í raun í hverju framkvæmdin felst, hvernig verður staðið að henni og metin umhverfisáhrif af því verður að líta svo á að tilvísað orðalag, „gert er ráð fyrir“ og „fyrirhugað er“, merki að það sem um er rætt verði í öllum tilvikum framkvæmt og á þann hátt sem lýst er. Í kafla um mótvægisáðgerðir er víða notað orðalagið „hægt er að gera“, „hugsanlegt er“. Raunveruleg lýsing á mótvægisáðgerðum verður að lýsa raunverulega áformuðum framkvæmdum og rökstyðja gildi þeirra.

Af þessum ástæðum er óhjákvæmilegt annað en telja að frummatsskýrslan sé ófullnægjandi, hlaðin óvissu og standist ekki þær kröfur sem gerðar voru í matsáætlun og ákvörðun Skipulagsstofnunar um hana.

Kafli 1. Inngangur

Kafli 1.1 Markmið verkefnis

Í kaflanum segir um markmið SSB Orku með virkjuninni; „... að auka eigin orkuvinnslu á hagkvæman og umhverfisvænan máta, hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið og landshlutann með auknum umsvifum, sérstaklega á meðan framkvæmdum stendur. Virkjunin mun auk þess auka tekjur sveitafélagsins með beinum hætti.“

Hér eru sett fram fögur markmið, eða öllu heldur: áform eigenda SSB Orku um að græða á orkusölu eru klædd í sauðargæru jákvæðra markmiða í þágu samfélagsins. Í athugasemdum þessum verður sýnt fram á hvernig frummatsskýrsla VERKÍS, sem hér er til athugunar, er byggð á hálsannleik, rangfærslum, mótsögnum og blekkingum til þess að geta komist að þeirri niðurstöðu að áhrif framkvæmdanna séu ekki með öllu neikvæð fyrir aðra en eigendurna sjálfa.

Í inngangi skýrslunnar vantar rökstuðning SSB Orku fyrir því hvernig fyrirtækið kemst að þeirri niðurstöðu að virkjun Svartár sé umhverfisvæn orkuvinnsla í ljósi allra þeirra neikvæðu umhverfisáhrifa sem virkjunin mun hafa, sbr. töflu 7.1 í skýrslunni. Það er með öllu óskiljanlegt að eftir að eigendur SSB Orku fengu frummatsskýrsluna frá ráðgjöfum sínum hafi þeir ekki þegar í stað lýst því yfir að þeir hafi hætt við framkvæmdina þar sem fram hafi komið í matsferlinu að virkjun Svartár verði ekki gerð á umhverfisvænan máta sem hafi verið upphaflegt markmið SSB Orku.

Engin tilraun er gerð til að sýna tölulega fram á í hverju hin jákvæðu samféagsáhrif kunna að verða eða umfang þeirra eða ræða um hver tekjuaukning sveitarfélagsins kann að verða og þá hverju hún kann að breyta í rekstri þess. Engar upplýsingar eru um þau störf sem heimamenn hyggjast taka að sér á framkvæmdatíma, umfang þeirra og upphæð áætlaðrar tekna sveitarsjóðs og eftir hvaða leiðum þær tekjur eiga að koma.

Umtalaður ávinningur verður því samkvæmt framlögðum gögnum enginn, eða að teljast í besta falli mjög óviss og léttvægur og því ekki hægt að telja hann til jákvæðra áhrifa við mat á áhrifum á nærsamfélagið.

Í þessu sambandi vísast til dóms Hæstaréttar nr. 671/2008 um Vestfjarðaveg um Teigsskóg þar sem fram kemur m.a.:

„Þótt atriði sem þessi hafi vissulega með ýmsu móti áhrif á aðstæður manna, samfélag þeirra, heilbrigði og atvinnu, geta þau af þessum sökum ekki talist til umhverfisáhrifa í skilningi laga nr. 106/2000, enda ljóst af fyrrgreindum tilgangi laganna að þeim er einungis ætlað að taka til mats á afleiðingum framkvæmdar fyrir umhverfið en ekki á kostum hennar sjálftrar og göllum. Verður þannig að líta svo á að þótt framkvæmd hafi í för með sér ávinning breyti það ekki umhverfisáhrifunum. Væri tekið tillit til umferðaröryggis nýja vegarins væri því tekið tillit til þáttar sem í raun er ávinningur af framkvæmdinni en umhverfisáhrifin yrðu áfram óbreytt. Að þessu virtu verður að fallast á með stefndu að umhverfisráðherra hafi að lögum verið óheimilt í úrskurði sínum 5. janúar 2007 um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs vegar áfrýjanda að taka tillit til umferðaröryggis.“

Í dómnum eru öll tvímæli tekin af um að þó framkvæmd hafi í för með sér ávinning, og þá í tilviki Svartárvirkjunar, væntanlega greiðslur til sveitarfélagsins, þá verða umhverfisáhrifin óbreytt.

Óheimilt er því að telja hugsanlegan ávinning samfélagsins vega upp á móti umhverfisáhrifum.

Kafli 1.2 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Hér eru talin þau leyfi sem almennt gilda um verklegar framkvæmdir sem eru undir 10MW að stærð og ekki falla undir rammaáætlun um nýtingu orkuauðlinda. Hér er hins vegar ekki talið að

Svartárvirkjun er, vegna staðsetningar sinnar, háð niðurstöðu um stöðu Skjálfandafljóts í rammaáætlun. Fyrir Alþingi Íslendinga liggur tillaga Verkefnisstjórnar um 3. áfanga rammaáætlunar þar sem lagt er til að Skjálfandafljót (vegna áforma um Hrafnabjargavirkjun) falli í verndarflokk og jafnframt að sú vernd nái til aðliggjandi vatnsfalla á vatnasviði fljótsins, Svartár og Suðurár. Ráðherra umhverfismála haustið 2015, Sigrún Magnúsdóttir, lagði tillöguna óbreytta fyrir Alþingi og hið sama gerði eftirmaður hennar, Björt Ólafsdóttir, ári síðar. Vegna tíðra ríkisstjórnarskipta hefur áætlunin ekki verið afgreidd. Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu í þinginu er Svartá í verndarflokki og þar með er virkjun hennar óheimil.

Meðan rammaáætlun hefur ekki verið afgreidd ber yfirvöldum skylda til að bíða átekta með alla umfjöllun og leyfisveitingar.

Kafli 1.3 Mat á umhverfisáhrifum

Kafli 1.3.2 Frávik frá matsáætlun

Gera þarf nánari grein fyrir þeirri tilhögun að tengja jarðstreng við byggðalínu í Bárðardal og hvað það merkir að „Landsnet hefur opnað á þann möguleika að tengja virkjunina inn á byggðalínuna í Bárðardal þegar Hólasandslína 3 verður komin í rekstur.“

Koma þarf fram að fyrir liggja samþykki Vegagerðarinnar og allra landeigenda sem framkvæmdin varðar. Þá þarf að gera grein fyrir hver kostnaður af tengivirki verður og staðfesta að hann verði greiddur af SSB Orku en ekki almannafé í gegnum Landsnet. Gera þarf nána grein fyrir tímasetningum er varða byggingu og tengingu Hólasandslínu 3 en fram kemur án tilvísunar í heimild að „*áætlað er að framkvæmdir við hana hefjist árið 2019 sem er forsenda hugsanlegrar tengingar virkjunarinnar og byggðalínu.*“ Greina þarf frá hver eru raunveruleg tímaplön Landsnets varðandi byggingu Hólasandslínu 3 og hvort verið er að skoða að fara aðra leið, t.d. um Ljósavatnsskarð, eins og heyrst hefur.

Að öðrum kosti verður að telja þennan framkvæmdakost óraunverulegan og því ber að taka umfjöllun um hann út úr skýrslunni.

Kafli 3. Eignarhald, landnotkun og skipulag

Kafli 3.1 Eignarhald

Vakin athygli er á því að helmingur þeirra vatnsréttinda sem á að virkja er í eigu ríkisins, þ.e. almennings. Allar líkur benda til að ekki hafi verið rétt staðið að afhendingu þeirra réttinda í samningum. Verndarfélag Svartár og Suðurár hefur sent formlega kvörtun til ESA (Eftirlitsstofnunar EFTA) þar sem félagið fer fram á að Samningur um rannsóknar- og virkjunarleyfi í Svartá milli SSB Orku ehf. og Ríkissjóðs Íslands, er undirritaður var 26.04. 2013, vegna afnota framkvæmdaraðila á vatnsréttindum ríkisjarðarinnar Stórutungu, verði endurskoðaður. Jörðin Stóratunga á 50% þeirra vatnsréttinda Svartár sem fyrirhugað er að virkja. Sjá meðfylgjandi álit Bjarnveigar Eiríksdóttur lögfræðings, sjá meðfylgjandi fylgiskjal 6.

Meðan ekki hefur verið skorið úr um lögmæti þess hvernig vatnsréttindi ríkisins voru afhent einkaaðila ber yfirvöldum skylda til að bíða átekta með alla umfjöllun og leyfisveitingar.

Kafli 3.2 Landnotkun

Kafli 3.2.2 Veiðinýting

Bændur hafa tekjur af sölu veiðileyfa í Svartá, auk þess sem veiðimenn kaupa gistingu og fæði í héraðinu. Í matsskýrslu er nauðsynlegt að gera grein fyrir heildartekjum sveitarfélagsins og landeigenda af veiðinýtingu.

Í kaflanum segir :

„Fyrir landi Bjarnastaða og Rauðafells á austurbakka árinna og Stóru-Tungu á vesturbakkanum er veitt neðan Svartárgils samkvæmt búsvæðamati Veiðimálastofnunar, en ekki er veitt á svæðinu frá Svartárgili og upp að fyrirhuguðu stíflustæði. Veiðisvæði fyrir landi Stóru-Tungu eru einnig frá fyrirhuguðu inntakslóni og upp undir ármót Svartár og Suðurár og austan megin tilheyrir það svæði Víðikeri.“

Bent er á að jafnframt segir í skýrslu Veiðimálastofnunar, viðauka 1:

„Engin veiði er stunduð á árkafla X en þar er nokkur fiskframleiðsla. Veiðinytjar á efra veiðisvæði skerðast með tilkomu Svartárvirkjunar. Staðsetning inntaksstíflu hefur áhrif vegna þess að væntanlega verður ófiskgengt framhjá henni og því munu veiðinytjar ofan inntaksstíflu eingöngu byggjast á fiskframleiðslu ofan hennar eftir virkjun.“

Í minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar, viðauka 2, segir á bls. 12: „Ef markmiðið er að viðhalda fiskgengi eftir framkvæmdir gæti þurft að framkvæma lagfæringar í hallanum neðan ármóta Grjótár, allt er þó óljóst um hvernig fiskgengi verður háttað við skert rennsli þar.“

Í frummatsskýrslu er ekki gerð grein með fullnægjandi hætti fyrir hvernig tryggja skuli fiskgengd í miklum botnshalla árinna með skert rennsli, frá stíflu niður að Glæfru neðst í Svartárgili rétt ofan Hólmasvæðis Svartár. Alls er um að ræða rúmlega 3 km langan kafla Svartár og fall árinna sem nemur um 60 m á þeirri leið. Um Hólmasvæðið, neðan Glæfru, ríkir enn meiri óvissa. Það er vinsælt og gjöfult veiðisvæði, en mestu skiptir að þar er mikil frumframleiðsla sem fiskar og fuglar njóta góðs af allt niður í ós við Skjálfandafljót. Þar breiðir áin úr sér þannig að skert rennsli árinna kann að hafa miklu meiri áhrif á ásýnd lands og búsvæði dýra en annars staðar þar sem farvegurinn er þregri.

Allar rannsóknir vantar sem varpa ljósi á vistkerfi Hólmasvæðisins og hugsanlegar raunhæfar aðgerðir til að bjarga því ef til framkvæmda kæmi.

Miðað við reynslu veiðimanna sem nú stunda ána má gera ráð fyrir að öll veiði neðan Ullarfoss dragist saman og verði með öllu óáhugaverð fyrir fluguveiðimenn, sjá aths. við kafla 5.4.13.

Kafli 3.3 Skipulag

Kafli 3.3.1 Landskipulagsstefna

Í kaflanum segir :

„Markalína miðhálandisins, eins og hún er birt í svæðisskipulagi háhitasvæðanna í Þingeyjarsýslum 2007-2025 og í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, fylgir að hluta til farvegi Suðurár og er sunnan við fyrirhugað framkvæmdasvæði við Svartárvirkjun, sjá Mynd 3.1.

Í skipulagslögum kemur fram að sveitarfélögin eigi að taka mið af landsskipulagsstefnunni við skipulagsgerð og samkvæmt þingsályktuninni eiga þau að útfæra stefnuna í skipulagstillögum sínum.“

Bent er á að Stórutungusvæðið er í hálandisbrún og hlýtur að koma til umfjöllunar í þeirri vinnu sem nú fer fram til undirbúnings stofnunar þjóðgarðs á miðhálandinu. Svæðið liggur enn fremur við jaðar Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem mörk hans eru við Suðurárbotna. Minnt er á að í *Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs*, 2. útgáfa, 12. júlí 2013, er ákvæði um grannsvæði þjóðgarðsins (sbr. ákvæði laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 og reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008, með síðari breytingum) :

„9.9 Grannsvæði þjóðgarðsins

Grannsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs eru þau svæði sem liggja að þjóðgarðinum, eru sýnileg frá honum eða eru hluti af landslags- eða vistheild hans. Mikilvægt er að umferð, starfsemi og framkvæmdir á grannsvæðum þjóðgarðsins taki mið af nálægð við þjóðgarðinn og að þar sé gætt ýtrustu varúðar svo að náttúra þjóðgarðsins spillist ekki né heldur upplifun gesta hans. Sé um að ræða starfsemi eða framkvæmdir á grannsvæðum þjóðgarðsins, sem leyfis skyldar eru samkvæmt lögum, er mikilvægt að leita umsagnar stjórnar þjóðgarðsins áður en leyfi er veitt.“

Ekki verður betur séð en að vatnasvæði Suðurár og Svartár hljóti að teljast til grannsvæða Vatnajökulsþjóðgarðs og að ofangreint varúðarákvæði nái til þess. Virkjun Svartár væri í beinni mótsögn við ofangreinda varúðarreglu, **og er því óásættanleg**. Landfræðilega væri ekki óeðlilegt að þjóðgarðurinn teygði sig frá Suðurárbotnum niður með austurbakka Skjálfafljóts og næði yfir Suðurá/Svartá í austri.

Kafli 3.3.3 Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 segir í kafla 4.1 Framtíðarsýn og meginmarkmið:

„Huga skal að nýtingu gufu- og vatnsafls til raforkuframleiðslu í sem mestri sátt við náttúru og samfélag. (leturbr. stjórn VSS)“

Einnig segir þar:

„Það er stefna sveitarfélagsins að nýta vatnsafl í sveitarfélaginu enda sé það til hagsbóta fyrir íbúa þess og í samræmi við sjálfbæra þróun (leturbr. stjórn VSS). Þingeyjarsveit telur eftirsóknarvert að kanna frekar framtíðarmöguleika á og kosti þess að byggja fleiri virkjanir til einkanota sem og orkusölu á frjálsum raforkumarkaði, en sveitarfélagið er á móti hugmyndum um að virkja Skjálfafljót.“

Gera verður athugasemd við það að í frummatsskýrslu er ekki vísað orðrétt í framangreindan texta aðalskipulagsins heldur einungis sagt „... að það sé stefna sveitarfélagsins að nýta vatnsafl enda sé það til hagsbóta fyrir íbúa þess og í samræmi við sjálfbæra þróun.“

Líta verður svo á að orðalag aðalskipulags, „huga skal að“ merki að það komi til greina við nánari skoðun að nýta gufu og vatnsafl til raforkuframleiðslu en það sé skilyrði að það verði gert í „sem mestri sátt við náttúru og samfélag“, sbr. að það á að vera „til hagsbóta fyrir íbúa þess og í samræmi við sjálfbæra þróun.“

Bent er á að afar villandi er að fullyrða að Svartárvirkjun stuðli að sjálfbærri þróun. Hún mun ef af verður spilla fyrir ferðaþjónustu á svæðinu – m.a. veiðinytjum og þjónustu við veiðimenn. Hún mun enn fremur spilla fyrir möguleikum á frekari þróun ferðaþjónustu, sem gæti haft heillavænleg áhrif á nærsamfélagið, m.a. skapað störf í byggðinni sem virkjunin gerir ekki. Enn fremur hefði virkjunin mikil áhrif á viðkvæma fuglastofna, silung og gróður, sem er alls ekki í anda sjálfbærrar þróunar.

Til þess að komast að þeirri niðurstöðu að umrædd virkjun í Svartá sé í sem mestri sátt við náttúru hlýtur að hafa farið fram könnun á virkjunarkostum í sveitarfélaginu og áhrifum þeirra á náttúru og samanburður að hafa leitt í ljós að aðrir kostir voru í minni sátt við náttúruna. Gera þarf grein fyrir slíkri könnun og niðurstöðum hennar í matsskýrslu.

Í frummatsskýrsluna vantar rökstuðning sveitarfélagsins fyrir því að framkvæmdin samræmist stefnu þess í aðalskipulagi.

- Í fyrsta lagi um að framkvæmdinni beri að vera í „sem mestri sátt við náttúru og samfélag“.
- Í öðru lagi að það samræmist sjálfbærri þróun að valda verulegum breytingum á einni af örfáum nánast ósnortnum lindám á hraunasvæðum landsins.

Í þessu sambandi er minnt á það sem kemur fram í athugasemd við kafla 1.1. hér að framan þar sem vísað er til dóms hæstaréttar um jákvæð áhrif á samfélag er ekki hægt að vega upp á móti umhverfisáhrifum sem verða eftir sem áður hin sömu.

Gera verður einnig þá kröfu til framkvæmdaraðila að hann rökstyðji í matsskýrslu á hvern hátt hann telur framkvæmdina uppfylla skilyrði aðalskipulags um sátt við náttúru og vera í samræmi við sjálfbæra þróun.

Hvaða viljrði liggja fyrir af hálfu sveitarstjórna Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps um að greiða fyrir virkjunaráformunum? Liggja fyrir bókanir um eindregna afstöðu sveitarstjórnanna? Verndarfélag Svartár og Suðurár telur einsýnt að niðurstaða umhverfismatsins sé að Svartárvirkjun sé ósættanleg. Hafa sveitarstjórnirnar t.d. fjallað um þá stöðu og aðra möguleika?

Kafli 3.3.4 Deiliskipulag

Í kaflanum segir :

„Fyrirhugað er að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi eftir að mati á umhverfisáhrifum er lokið.“

Í matsskýrslu þarf að koma fram hvaða viljrði liggja fyrir af hálfu sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar um að greiða fyrir virkjunaráformunum.

Verndarfélag Svartár og Suðurár telur einsýnt að niðurstaða umhverfismatsins sé **að Svartárvirkjun sé ósættanleg**. Hefur sveitarstjórnin fjallað um aðra möguleika til atvinnuuppbyggingar í héraði?

Kafli 3.4. Rammaáætlun

Í 9. kafla laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, 54. gr., segir í kafla um friðlýsingu svæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar:

„Svæði sem falla í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar sem Alþingi hefur samþykkt skal friðlýsa gagnvart orkuvinnslu.

Friðlýsingin felur í sér að orkuvinnsla er óheimil á viðkomandi svæði.“

Í 3. lið athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun, dags. 6. sept. 2016, segir:

„Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig áform um Svartárvirkjun falla að flokkun Skjálfandafljóts, Fljótshnúksvirkjunar og Hrafnabjargavirkjunar samkvæmt gildandi rammaáætlun og fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að endurskoðaðri rammaáætlun og hvaða mótvægisáðgerða fyrirhugað er að grípa til við hönnun og útfærslu virkjunarinnar vegna þessa.“

Í frummatsskýrslunni verður ekki séð að þetta ákvæði sé uppfyllt, ekki er gerð grein fyrir hvaða mótvægisáðgerða fyrirhugað er að grípa til við hönnun og útfærslu virkjunarinnar vegna flokkunar Skjálfandafljóts, Fljótshnúksvirkjunar og Hrafnabjargavirkjunar samkvæmt gildandi rammaáætlun og fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að endurskoðaðri rammaáætlun.

Af þessum sökum verður að telja að framkvæmdin sé í andstöðu við gildandi rammaáætlun og fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu og **því óásættanleg**.

Með öðrum orðum: **Verði tillaga um 3. áfanga rammaáætlunar samþykkt óbreytt, skal friðlýsa Svartá og Suðurá gagnvart orkuvinnslu.**

Kafli 3.5 Verndarsvæði og fornleifar

Samkvæmt frummatsskýrslu mundi jarðstrengur skv. tillögu 1 liggja vestan í Hvítafelli og fyrir Þorgerðarfjall að vestanverðu. Á móts við Laxárvirkjun 1 yrði Laxá þveruð. Í **matsskýrslu þarf að sýna nákvæmlega hvernig framkvæmdaraðili hyggst þvera friðlýst svæði Laxár**. Einnig þurfa að liggja fyrir leyfi viðkomandi aðila til að rjúfa þá friðhelgi.

Um fornleifar, sjá umfjöllun um kafla 5.4.7.

Kafli 4 Lýsing framkvæmdar

Kafli 4.2 Yfirlit

Hver er nákvæmni útreikninga á afl og afköstum virkjunar? Hvert er t.d. samhengi milli smávægilegra breytinga á vatnshæð við inntak og afls virkjunarinnar?

Í töflu 4.1 eru áætlaðar kennistærðir Svartárvirkjunar. Í töfluna vantar upplýsingar um hvernig uppsett afl virkjunarinnar (9,8 MW) er reiknað. Í töflunni eru ekki upplýsingar um við hvaða rennsli er miðað en það er eitt lyklatriða við að reikna út afköst virkjunar eins og segir í riti iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, *Litlar vatnsaflsvirkjanir*, útgefið 2010 en þar segir m.a.:

„Ef uppsett afl rennslisvirkjunar miðast við lágmarksrennsli árinna getur orkuframleiðslan verið stöðug, en ef uppsett afl er haft meira en lágmarksstremmið þá verða afköst virkjunarinnar háð rennslinu. Í því tilviki er orkuframleiðsla yfir ákveðnu lágmarki háð rennslinu og því ótrygg. Slík orka er kölluð ótryggð orka og fyrir hana fæst lágt verð og í sumum tilvikum er hún verðlaus.“

Í tilfalli Svartárvirkjunar er stefnt að því að neðan inntaksstíflu verði um 3 m³/s en þá er jafnframt ljóst að í aðrennslispípu fara ekki 20 m³/s nema hluta ársins.

Í riti iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins segir einnig:

„Til að meta hvaða rennsli skal nota sem hönnunarrennsli virkjunar er nauðsynlegt að gera langæislínu. Rennslið er ráðandi um val á stærð og gerð hverfils og vatnsvega, ásamt tengingarmöguleikum við dreifikerfið. Langæislínan er jafnframt notuð til að meta hversu mikla orku hægt er að framleiða yfir árið.“

Gera verður þá kröfu að í matsskýrslu verði útreikningur vatnsaflsins þar sem koma fram allir stuðlar formúlunnar sem notuð er. Sýna verður einnig fram á hvernig orkugeta 78,6 GWh/ári er reiknuð út og framleiðsla innan árs, mánuð fyrir mánuð.

Þess er krafist að reikningslegar forsendur virkjunarinnar, eins og hér hefur verið reifað, verði lagðar fram.

Kafli 4.3 Inntaksmannvirki og fiskvegur

Upplýsingar um rennsli árinna, afl virkjunarinnar og hve miklu vatni á að hleypa niður farveginn eru mjög tortryggilegar. Áformin munu ekki standast, þar sem tölur gera ekki ráð fyrir sveiflum eftir árstíðum og þeirri staðreynd að harðast verður gengið eftir afhendingu umsáminnar raforku að vetri til, þegar rennsli er minnst og mest hætta er á krapa og stíflum í ánni. Í skýrslunni er engin umræða um þennan áhættuþátt nema í lýsingu á stíflumannvirkjum þar sem lýst er þeim veggjum og lokum í inntaksþró sem eiga að stöðva mögulegan rekis eða krap eða fleyta því niður fyrir stífluna, í þann farveg sem á þeim árstíma verður nokkurn veginn þurr.

Gerð er athugasemd við að ekki er gerð grein fyrir hvernig SSB Orka ætlar að semja við orkukaupendur um afhendingu minni raforku þegar rennsli minnkar í ánni yfir vetrartímann – þannig að undir öllum kringumstæðum verði unnt að tryggja lágmarksrennsli þegar krap og grunnstingull myndast í ánni.

Samanburður á lýsingum í köflum 4.3 og 5.4.1.3 gefur ruglingslega mynd af því hvar mannvirki raska nútíma hrauni og þarf að gera betur grein fyrir því hvort slíkt hraun er á báðum bökkum árinna þar sem stíflumannvirkin verða og rask á hrauni í ljósi þess.

Í þessu samhengi er áréttað að: Hvergi er tilgreint í frummatsskýrslu hvert lágmarksrennsli Svartár þarf að vera til að lífríki árinna verði ekki fyrir varanlegum skaða né á hvaða mati það byggist, sbr. skilyrði Skipulagsstofnunar í ákvörðun um matsáætlun, niðurstöðukafla, lið fjögur. **Þessi óvissa er algerlega óásættanleg.**

Kafli 4.4 Aðrennslispípa

Vísað er í kafla 5.3.1.3, þar sem fjallað er um áhrif aðrennslispípu.

Vegna vöntunar á upplýsingum um framkvæmd við lagningu aðrennslispípu og mats umhverfisáhrifa af þeim framkvæmdaþætti verður að telja að lagning aðrennslispípunnar kunni að **hafa í för með sér verulega neikvæð umhverfisáhrif og framkvæmdin því óásættanleg.**

Kafli 4.5 Jöfnunarþró

Í kaflanum er lýst stóru mannvirki á afar áberandi stað. Teikningum í kaflanum ber alls ekki saman við aðrar kynningarmyndir af téðu mannvirki. Til þess að byggja þróna á þessum stað þarf að koma stórum tækjum að, líklega krana ásamt vörubílum, steypubíl og steypudælu. Þess vegna þarf að gera burðarhæfa vegi og tryggja athafnasvæði í mjög viðkvæmu umhverfi, lýsingar á vegagerð í kafla 4.7 eru mjög ótrúverðugar og nánast öruggt að ummerkin verða mun meiri en þar er gefið í skyn.

Í matsskýrslu þarf að gera mun nánari grein fyrir vegagerð og aðflutningum vegna framkvæmda við jöfnunarþró.

Kafli 4.6 Stöðvarhús og frárennsli

Í frummatsskýrslu eru mjög takmarkaðar upplýsingar um frárennslisskurð frá stöðvarhúsi aðrar en lengd (150 m) og að hann verði grafinn og sprengdur í klöpp. Sýna þarf fram á að hann flytji tilætlað vatnsmagn, gera grein fyrir magni efnis sem úr honum muni koma og hvar og hvernig á að haugsetja það.

Hér er einnig lýst ákaflega stórkarlægum framkvæmdum í viðkvæmum aðstæðum sem munu kollvarpa nánasta umhverfi. Allt myndefni af þessum mannvirkjum og umhverfi þeirra er afar tortryggilegt. Svartá neðan stíflu er einnig sýnd með fullu rennsli, þar sem ætti að vera nánast þurr farvegur, sem ekki verður túlkað öðruvísi en sem tilraun til að villa vísitandi um fyrir lesendum. Frárennslisskurður frá stöðvarhúsinu virðist furðulega mjór á myndinni sem fylgir kaflanum og öðrum myndum og ekki að sjá að höfundar þessa efnis geri ráð fyrir miklum straumi þar sem vatnið streymir á ný út í gamla farveginn sinn. Hvernig er sneiðing í skurðinn áformuð? Hve breiður er hann og djúpur? Hver er hraðinn á vatninu þegar það fellur í gamla farveginn?

Svo virðist að Hólmasvæðinu verði gjörspillt með þessum framkvæmdum. Farvegirnir verða nánast þurrir og í besta falli mun lóna vatn með neðstu hólmunum frá útfalli stöðvarhússins. Það er fjarstæða að halda því fram að þetta boði ekki eyðileggingu búsvæða skordýra og annarra smádýra, fugla og fiska. Með tilvísun í niðurstöðukafla ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsáætlun, 4. lið, er þess krafist **að framkvæmdaaðili geri grein fyrir afdrifum Hólmasvæðis og frárennsli virkjunar í vatnsrennslislíkani sínu þar sem straumhraði og dýpi útrásar kann að skipta meginmáli fyrir vistkerfi og veiðistaði á þessu svæði árinna.**

Kafli 4.9 Tenging við orkukerfi

Lýst er tveimur kostum um leið raforkunnar frá virkjuninni inn á landskerfið. Báðar virðast nokkuð spásagnarkenndar ...

Í kaflanum stendur :

„Við kynningu á drögum að tillögu að matsáætlun kom fram að landeigendur á tveimur jörðum vildu rifta samkomulagi um lagningu strengs um þeirra land og því var legan færð á nyrsta hluta leiðar og leitað samkomulags við nýja landeigendur og um færslu strengleiðar innan jarða við aðra.“

Tenging við orkukerfi er í mikilli óvissu og þar með umhverfisáhrif af lagningu jarðstrengs. Skilyrði er að fyrir liggi skýr ákvörðun um legu strengs og samþykki allra aðila, landeigenda og Minjastofnunar vegna fornleifa. Ekkert af þessu liggur fyrir í frummatsskýrslu.

Kafli 4.10 Landmótun

Svo virðist af frummatsskýrslu að létt verk sé að afmá ummerki allra inngripa vegna lagningar aðrennslisþípu, vinnubúða, geymslusvæðis, „mögulegrar“ sandnámu og stöðvarhúss, auk þess sem lítið rask verði vegna lagningar jarðstrengs frá virkjuninni. Hvaða rökum eru fullyrðingar um að auðvelt sé að afmá ummerki og fella þau að umhverfinu studd? Er hægt að vísa í hliðstæður? Þorri þessara svæða sem raska á eru hátt yfir sjó og því er umhverfið allt – og vistkerfi – mjög viðkvæmt. **Þessum spurningum þarf að svara í matsskýrslu.**

Kafli 4.11 Mannafloppur og vinnubúðir

Í matsskýrslu þarf að skýra nánar hvaðan og hvaða leið rafstrengur verður til að flytja „vinnurafmagn“ inn á svæðið?

Vinnubúðir og aðstaða við tilgreind mannvirki verða staðsettar í sérlega viðkvæmu umhverfi. Fjölmenni verður í vinnubúðum og á framkvæmdasvæðinu. Hvernig verður fráveitu háttað? Hvernig verður tryggt að ekki verði ófyrirséð spjöll á umhverfi Svartár á framkvæmdatímanum með óvarlegri umgengni?

Í matsskýrslu þarf að svara þessum spurningum.

Kafli 4.13 Rekstur virkjunar

Hvert er áætlað umfang á vinnu sem ráðgert er að fela heimamönnum? Fram kemur í frummatsskýrslu að „*ekki er gert ráð fyrir að starfsmaður verði að staðaldri á staðnum*“ (bls. 29) við rekstur virkjunarinnar en gefið í skyn að heimamönnum verði falin lítilsháttar verkefni við eftirlit. Í matsskýrslu verður að koma fram hvernig rekstraraðili virkjunarinnar tryggi að nauðsynlegt rennsli fari um fiskveg, án þess að starfsmaður sé á svæðinu, og hvernig stöðugt lágmarksrennsli sé tryggt á virkjuðum hluta Svartár, einkum að vetri til þegar rennslistruflanir verða vegna krpa- og ísmyndunar.

Kafli 4.15 Núll kostur

Samkvæmt 2. lið athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun, dags. 6. sept. 2016, ber að leggja mat á núllkost m.t.t. áhrifa á nærsamfélag auk annarra umhverfisáþátta sem matið tekur til. Í kaflanum fer slíkt mat ekki fram.

Í kafla 5.4.11.3 eru eingöngu fullyrðingar um áhrif á framkvæmdatíma, svo sem

„Þessi tímabundnu störf, einkum í byggingariðnaði og jarðvinnu, munu hafa áhrif á íbúafjöldann til skamms tíma og auka umsvif í þjónustu og verslun í nærsamfélaginu. Þá hækkar atvinnustig vegna þessara starfa og mögulega afleiddra starfa.“...“ Aukin umsvif vegna framkvæmda munu leiða til hærri atvinnutekna, aukinnar atvinnusköpunar og hærri tekna fyrir sveitarfélögin.“

Enginn tölfræðilegur eða annar rökstuðningur er fyrir framangreindum fullyrðingum sem verður að teljast óásættanlegt ef líta á þetta sem jákvæð áhrif framkvæmdarinnar.

Áhrif framkvæmdarinnar á rekstartíma verða óveruleg, eins og segir í kafla 5.4.11.3, raforka fer inn á dreifikerfi og er því ekki beint hægt að tala um að hún geti farið til notenda á nærsvæði. Það sem fram kemur í skýrslunni um hugsanleg jákvæð áhrif „tengdra framkvæmda“ á ekki við, eins og gerð er grein fyrir í athugasemd við kafla 4.16.

Skýrslan er fáorð um hin „jákvæðu samfélagslegu áhrif sem fylgja þessu verkefni“ til lengri tíma. Engin staðbundin störf leiðir af virkjuninni, en störfum spillt sem nú þegar eru unnin í ferðaþjónustu (þjónusta við veiðimenn er einfalt dæmi) og greinilega komið í veg fyrir að til verði störf í ferðaþjónustu.

Í kaflanum stendur :

„Ef ekki kemur til uppbyggingar á svæðinu skapast ekki grundvöllur fyrir jákvæð samfélagsleg áhrif sem fylgja þessu verkefni. Jafnframt verður ekki af neikvæðum áhrifum virkjunar á umhverfisþætti svo sem á landslag og lífríki í ánni og á gróður á landi.“

Hinn svokallaði *Núll kostur*, felur þar með í sér að skilgreina þá kosti sem samfélagið stendur frammi fyrir ef ekki verður af virkjun. Þar munar langmest um þá möguleika sem tengjast ferðaþjónustu og nú þegar eru vaxandi atvinnugrein í héraðinu.

Um áhrif virkunarinnar á ferðaþjónustu er ítarlega fjallað í kafla 5.4.13.

Þess er krafist að í matsskýrslu liggja fyrir hagrænt mat á öllum náttúrugæðum svæðisins, þar sem horft er til allra auðlindþátta, ekki einungis orkunýtingarkost Svartár, ef meta á hin samfélagslegu áhrif framkvæmdanna.

Kafli 4.16 Tengdar framkvæmdir

Í kaflanum eru vangaveltur um atriði sem eru óháð framkvæmdinni og á engan hátt tengdar henni eða sýnt fram á að þeirra sé þörf vegna framkvæmdarinnar. Nefna má órökstudda hugmynd um lagningu þriggja fasa rafmagns að bæjum í nánd við virkjunina. Ekki kemur fram hvaða bæi er átt við og engin rök eru fyrir því að ekki komi þriggja fasa rafmagn í sveitina fyrir en eftir 10 ár!

Einnig kemur fram í skýrslunni að ætlunin hafi verið að landeigendur á strengleið gætu fengið aðgang að ljósleiðara, sem lagður er samhliða rafstrengnum. Sá aðgangur hefur líklega verið notaður sem tálbeita fyrir landeigendur í því skyni að þeir tækju vel umleitunum um lagningu strengsins. Það tilboð er marklaust þar sem verið er að leggja ljósleiðara hvort eð er.

Um er að ræða óljósar hugmyndir um góðverk sem gætu nýst einhverjum, ekki ljóst hverjum og engin trygging er fyrir að af verði. **Slík framsetning óskyldra aðgerða á ekki heima í frummatsskýrslu og ber því að taka út.**

Kafli 5 Mat á umhverfisáhrifum

Kafli 5.3. Áhrifaþættir framkvæmda

Kafli 5.3.1 Mannvirkjagerð

Kafli 5.3.1.2 Stífla og lón

Í kaflanum segir :

„Gert er ráð fyrir fiskvegi sem hermir eftir náttúrulegum aðstæðum í farvegi, sjá Mynd 4.2, og að um hann renni u.þ.b. 0,7 m³/s. Rennsli um fiskveg verður hluti af skilgreindu lágmarksrennsli vatns sem verður hleypt niður í farveginn neðan stíflu til að tryggja að hann verði aldrei þurr. Miðað er við að hleypa að lágmarki um 15% af meðalrennsli árinna, rúmlega 3 m³/s, framhjá virkjun og þá væri um 2,5 m³/s hleypt í gegnum stífluna um opnun á milli flípaloka til viðbótar við það rennsli sem færi um fiskveginn. Við þetta bætist lekavatn og svo vatn úr farvegi Grjótár um 500 m neðar, sem er um eða yfir 1 m³/s. Um 25% tímans er rennsli Svartár meira en sem nemur virkjuðu rennsli að viðbættu skilgreindu lágmarksrennsli, rúmlega 23 m³/s, og þá verður rennsli í farveginum neðan stíflu meira en skilgreint lágmarksrennsli.“

Þar sem stíflað verður fellur áin í „einni kvísl“, allt vatnsmagn hennar í einum tiltölulega þröngum farvegi. Hvernig getur rás með rennsli 0,7m³/s líkt eftir náttúrulegum aðstæðum í farveginum? Hvar er sýnt fram á að þessi rás eigi að vera nægileg? Hvað er „lekavatn“, hve mikið er af því og hvaðan kemur vitneskjan um það? Lokurnar eru stillanlegur búnaður sem verður fjarstýrt – hvernig er lágmarksrennsli gegnum stífluna tryggt? Og hvernig er tryggt að „umframrennsli“ í vatnavöxtum verði ekki notað til að auka afköst virkjunarinnar? Hvað er vitað um vatnsbúskap Grjótár – er rennsli hennar stöðugt? Þrýtur hana í vetrarhörkum?

Hér, eins og í öðru myndefni í frummatsskýrslunni, er sýnt fullt rennsli Svartár í farveginum neðan stíflu. Það verður ekki skilið öðruvísi en vísitandi tilraun til að blekkja lesendur.

Kafli 5.3.1.3 Skurðir og lón

Í kaflanum kemur fram að lagning aðrennsliþípu geti haft áhrif á menningarminjar og votlendi.

Í þessu sambandi verður að vísa til umfjöllunar um framkvæmdina í kafla 4.4, um lagningu aðrennsliþípu. Í þessum kafla gætir **mikillar ónákvæmni og þar með óvissu um umhverfisáhrif** af lagningu aðrennsliþípu. Sem dæmi segir að pípan muni fylgja „landhæð eins og kostur er ... landyfirborð eftir framkvæmdir verði sem næst óhreyfðu yfirborði“ og „Gert er ráð fyrir að raskað svæði á yfirborði í línu aðrennsliþípu verði á bilinu 15-40 m að breidd, háð gerð jarðlaga og dýpi á hverjum stað.“

Sýna þarf á loftmyndakort langsnið af fyrirhugaðri legu þípunnar og dýpt og breidd skurðarins á sambærilegan hátt og gert er við mat á umhverfisáhrifum í vegagerð, þar sem sýnd er lega vegar, fyllingar og skeringar. Mælikvarði loftmyndakorts verði 1:5000. Út frá slíku korti og jarðvegsrannsóknnum verði gerð ítarleg grein fyrir magni og gerð efnis sem úr skurðinum mun koma og í framhaldi af því möguleikum á nýtingu þess.

Fram kemur að aðrennsliþípan verði 3 m í þvermál eða um 7 m² og því ljóst að úr skurðinum verður að fjarlægja að lágmarki 7 m³ á hvern lengdarmeter eða yfir 21.000 m³ vegna rýmisins sem pípan tekur. Það kemur hins vegar fram að gert er ráð fyrir að raskað svæði verði miklu breiðara en ekki ljóst hve mikið magn komi úr skurðinum í það heila. Hvorki liggur fyrir áætlun um dýpi né breidd skurðarins sem verður trúlega að vera að lágmarki 2 m breiðari en pípan, vegna vinnu við samsetningu þípunnar. Gerð jarðlaga, stæðni, mun einnig hafa áhrif á breidd skurðarins og landslag

valda því að hann verði á köflum mun meira en 3 m djúpur. Magn af sprengdu grjóti sem þarf að haugsetja kann að verða töluvert. Ekki kemur heldur fram hve þykkt lag af sandi verður að vera undir trefjaplástrípunni eða til hliðar og yfir til að verja hana hnjaski en það hefur einnig áhrif á magn efnis úr skurðinum sem þarf að haugsetja.

Það verður því í ljósi óvissunnar að gera ráð fyrir að það kunni að þurfa að haugsetja 100.000-200.000 m³ og samkvæmt frummatsskýrslunni á að tryggja að landyfirborð verði sem næst óhreyfðu landslagi að framkvæmd lokinni.

Gera þarf því kröfu um að mun nánari grein verði gerð fyrir haugsetningu efnis, gerð þess, magni og áhrifum á umhverfið, landslag og gróður.

Nauðsynlegt er að gerð verði sérstök grein fyrir dýpi hallamýrarinnar og hvernig á að standa að greftri meira en þriggja m djúps skurðar þar, t.d. með tilliti til förgunar á uppgröfnu efni, en flytja verður hluta þess á brott. Ljóst er að leggja verður veg sem þolir þungaflutninga yfir mýrina og meta þarf áhrif hans á vatnsbúskap í mýrinni meðan á framkvæmdum stendur og að þeim loknum. Meta þarf hættu á að skurðbakkar hlaupi fram í skurðinn vegna vatnsaga. Meta þarf hugsanleg áhrif af vatni sem safnast úr mýrinni á framkvæmdartíma og kann að þurfa að veita eftir skurðinum eða dæla úr honum, en hvoru tveggja kann að hafa í för með sér jarðvegsrof sem kann að valda gruggi út í Svartá með ófyrirséðum afleiðingum.

Gera þarf grein fyrir hugsanlegum áhrifum skurðarins á framkvæmdatíma og að framkvæmd lokinni, á vatnsbúskap í mýrinni.

Birta þarf ljósmyndir af völdum stöðum á skurðleiðinni, t.d. þar sem gera má ráð fyrir mestri breidd raskaðs svæðis og teikna fyrirhugaða röskun inn á myndirnar svo hugsanleg áhrif á gróðurlendi og ásýnd verði skýrari.

Gera verður grein fyrir umhverfisáhrifum haugsetningar efnis í viðeigandi köflum skýrslunnar.

Vegna vöntunar á upplýsingum um framkvæmd við lagningu aðrennslispípu og mats á umhverfisáhrifum af þeim framkvæmdaþætti verður að telja að lagning aðrennslispípunnar kunni að **hafa í för með sér verulega neikvæð umhverfisáhrif. Náttúran ber að njóta vafans og framkvæmdin telst óásættanleg.**

Kafla 5.3.1.4 Aðkomuvegir

Í kafla 4.7 í frummatsskýrslu er mjög lítið gert úr nauðsynlegri vegagerð vegna framkvæmdanna, en umfang vega er slíkt að bygging þeirra mun valda mjög miklu raski.

Gerð er athugasemd við ónákvæma í lýsingu á vinnuvegi meðfram aðrennslispípu. Gera þarf nána grein fyrir umfangi þessa vegar og efni sem í hann þarf að fara svo og áhrifum af því að jafna hann út í lok framkvæmdar, t.d. á aðliggjandi gróðurlendi. Bent er á að yfir mýrlendi þarf að byggja upp vinnuveg fyrir þungaumferð vegna flutninga á efni er þarf undir, meðfram og yfir pípu. Þyngstu farartækin er þurfa að fara um veginn verða trúlega bílarnir sem flytja efni í hann (20-40 tonn). Hann þarf því að vera úr efni með góðan burð. Vegurinn mun síga talsvert niður í votlendið og þarf að gera ítarlega grein fyrir umhverfisáhrifum þess að jafna hann þar út í verklok eða áhrifum þess að hann verði látinn vera og þá áhrifum á vatnsbúskap og vistkerfi votlendisins ofan og neðan vegarins. Vegna óvissu um þessa framkvæmd eins og henni er lýst verður að telja umhverfisáhrif hennar **verulega neikvæð og framkvæmdin því óásættanleg.**

Kafli 5.3.1.5 Efnistaka og haugsetning

Ef svo kann að fara að steypa verði ekki flutt frá Akureyri þarf að gera grein fyrir magni af steypu sem þarf til framkvæmdarinnar, mól og sandi í hana, úr hvaða námum það efni kemur, samræmi námanna við skipulag, og fyrir umhverfisáhrifum efnistökkunnar ef þau hafa ekki þegar verið metin skv. lögum.

Gera þarf ítarlega grein fyrir efnismagni og gerð efnisins sem koma muni úr skurði aðrennslispípu og fráveitu. Gera þarf ítarlega grein fyrir hugsanlegri haugsetningu á afgangsjaðefnum, magni og gerð þeirra. Enn fremur svæðum þar sem fyrirhugað er að haugsetja efnið, samræmi við skipulag og umhverfisáhrifum haugsetningarinnar.

Gera þarf ítarlega grein fyrir rannsóknnum á hugsanlegri sandnámu, efnisgerð, efnismagni og áhrifum efnistökkunnar á jarðveg, gróður og menningarminjar.

Gera þarf grein fyrir öllum efnisnámmum, telja þær upp, lýsa staðsetningum, aðkomu, vegum og samræmi við aðalskipulag. Koma þarf fram hvað segir í aðalskipulagi um efnismagn sem má taka og niðurstöður mats á umhverfisáhrifum efnistökkunnar ef það hefur farið fram, að öðrum kosti verður að meta umhverfisáhrif.

Kafli 5.4 Umhverfisáhrif

Kafli 5.4.1 Jarðminjar

Fram kemur í kafla 5.4.1.1 að gerðar hafi verið Cobra-boranir í tengslum við hönnun mannvirkja. Gera þarf grein fyrir niðurstöðum Cobra-borunar og ályktunum sem dregnar eru af niðurstöðum borana um gerð og þykkt lausra jarðlaga. Sýna þarf staðsetningu borhola á lofmyndakortu og dýpi hvorrar borholu.

Af umræddri lýsingu er ljóst að mjög takmörkuð vitneskja er um jarðlög á fyrirhugaðri pípuleið og þar með um umhverfisáhrif af lagningu 3 km langrar pípu.

Fram kemur að ein könnunarhola hafi verið grafin á svæði vegna hugsanlegs sandnáms við pípustæðið. Miklu ítarlegri athugun þarf að fara fram ef opna á nýja sandnámu eins og gefið er í skyn að kunni að verða gert. Slík athugun þarf að leiða í ljós hvert er líklegt umfang sandmyndunarinnar, í m² og m³, þykkt og gerð jarðvegs ofan á sandinum, hvað á að gera við ofanafýtingarefni á meðan á vinnslu stendur, hvert kann að verða heildarflatarmál raskaðs svæðis og hvernig á að ganga frá því að vinnslu lokinni.

Nákvæmar upplýsingar vantar um jarðmyndanir á stíflustæðinu, svo sem um útbreiðslu Bárðardalshrauns og skerðingu á því.

Kafli 5.4.2 Vatnafar

Meginatriði framkvæmdanna sem fjallað er um í skýrslunni er að svifta Svartá úr farvegi sínum og leiða í röri rúmlega þriggja km leið. Í öllu myndefni í skýrslunni er Svartá sýnd með fullu rennsli í farvegi sínum. Þetta á einnig við í myndbandi og myndum sem eru birtar til frekari skýringar á vefsvæði Verkís (<http://www.verkis.is/thjonusta/umhverfi-og-oryggi/mat-a-umhverfisahrifum/verkefni-i-kyningu/svartarvirkjun-i-bardardal> og <http://www.verkis.is/thjonusta/umhverfi-og-oryggi/mat-a-umhverfisahrifum/verkefni-i-kyningu/svartarvirkjun-i-bardardal/asyndarmyndir>). Þetta eru ósvífin vinnubrögð sem virðist ætlað að villa mönnum sýn – þeim er hér með harðlega mótmælt!

Sú eðlilega krafa er hér með gerð að gert verði líkan til að námunda sennilegt rennsli og vatnsbúskap árinna neðan stíflu. Sérlega er mikilvægt að gera grein fyrir því hvernig virkjunin muni hafa áhrif á

Hólmasvæðið. Þekkt er að svæðið er mikilvægt anda- og silungastofnum árinna, en öll umfjöllun um afdrif þess í skýrslunni er gegnsýrð af óvissu og þekkingarskort.

Í kafla 2.2 er ekki fjallað um lindár á Íslandi og hvað þær eru í raun sérstæð fyrirbrigði á lands- og heimsvísu og þá ekki aðeins með tilliti til lífríkis sem er sérstaklega auðugt í lindám sem eiga upptök, a.m.k. að hluta til, í stöðuvötnum. Þessar ár eru í raun örfáar á hraunasvæðum á Norðausturlandi og Suðurlandi og mikill ábyrgðahluti að spilla þeim með mannvirkjagerð eins og fyrirhugað er í Svartá. Gera verður kröfu um að framkvæmdaraðili listi upp hliðstæðar lindár á landinu, afli upplýsinga um gildi þeirra sem náttúrufrýrbæra og sýni fram á að réttlæt看legt sé að valda verulegum spjöllum á Svartá sem einni þessara örfáu sérstæðu áa.

Lágmarksrennsli

Fram kemur í kafla 5.4.2 m.a. að: „Reiknað meðalgildi úr rennisliröðum með klukkustundarupplausn fyrir tímabilið september 2005 til október 2013 er 21,8 m³/s en þetta eru gögn sem hreinsuð hafa verið af ístruflunum.“ ... „að um 80% gilda raðarinnar eru stærri en 20 m³/s.“

Mjög misvísandi upplýsingar koma fram í frummatsskýrslu um hvert reiknað meðalrennsli Svartár er. Meðalrennsli vatnsmælingarmælis V324 gefur til kynna 19,9m³/s rennsli, en vatnsmælir 116, 21,8 m³/s meðalrennsli (Frummatsskýrsla, kafli 5.4.2.1).

Af mynd 5.3 má ráða að rennsli árinna hafi verið töluvert **undir 20 m³/s í sumum mánuðum** á tímabilinu desember til apríl og eitt sumarið sveiflast það lítillega í kringum 20 m³/s.

Fram kemur að „Í núverandi tilhögun hönnunar virkjunar er gert ráð fyrir að nýta um 20 m³ /s til virkjunar en samkvæmt langæi rennslis á Mynd 5.4 var meðalrennsli klukkustundar meira í 78% tilvika á tímabilinu september 2005 til október 2013 og meira en 0,5 m³ /s umfram það í 70% tilvika.“

Í umfjöllun frummatsskýrslu (kafli 5.4.1.) um lágmarksrennsli neðan stíflu kemur fram að „Gert er ráð fyrir að tryggja um 15% af meðalrennsli, eða um 3 m³ /s, að lágmarki fari framhjá stíflunni til að farvegurinn neðan hennar og niður að ármótum við Grjótá þorni ekki og til að viðhalda ákveðnu rennsli á virkjuðum kafla árinna“. Þessar upplýsingar eru í ósamræmi við upplýsingar í Minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar dags. 10.10.2016 þar sem segir; „Núverandi virkjunartilhögun gerir ráð fyrir að virkjað rennsli verði 20 m³/s og tillaga virkjunaraðila að lágmarksrennsli framhjá inntaksstíflu verði 5 – 10% af meðalrennsli (21,8 m³/s fyrir árin 2005 – 2013)“. Slíkt ósamræmi, það er 15% af rennsli eða 5-10%, er ekki ásættanlegt fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og benda verður á að 5% af 21,8 m³/s er aðeins 1,9 m³/s eða aðeins 1/3 af því sem sagt er að verði lágmarksrennsli í farvegi árinna.

Ganga verður út frá því að orðalagið „Gert er ráð fyrir“ að gera þetta og hitt merki að það sem um er rætt verði framkvæmt á þann hátt sem skrifað er, en þetta orðalag er notað mjög víða í skýrslunni. Í ljósi þessa verður að telja ljóst að virkjunin muni nýta 20 m³/s, sbr. að núverandi hönnun hennar gerir ráð fyrir því. Jafnframt er ljóst af framangreindum tilvitnunum í frummatsskýrsluna að gert er ráð fyrir að framhjá stíflunni muni fara að lágmarki 3 m³/s. Til þess að þetta hvorutveggja gangi upp, nýting á 20 m³/s og framhjárennsli 3 m³/s, þarf alla daga ársins að vera meira en 23 m³/s rennsli í ánni en samkvæmt því sem fram kemur í frummatsskýrslunni var aðeins um 80% rennislisraða á tímabilinu september 2005 til október 2013 yfir 20 m³/s.

Það verður að telja að engar líkur séu á því að dregið verði úr orkuframleiðslunni á veturna til að tryggja 3 m³/s rennsli neðan stíflunnar því þá er eftirspurn eftir raforkunni mest, og dæmi frá Köldukvísarvirkjun á Tjörnesi staðfesta það (Köldukvísarvirkjun er í eigu eins af hluthöfum SSB Orku).

Fram kemur að um það bil 0,5 km neðan fyrirhugaðrar stíflu bætist Grjótá við vatnsrennsli á virkjuðu svæði Svartár. Samkvæmt kafla 4.3 er vatnsmagn Grjótár óljóst eða sagt „um eða yfir 1m³/s“ og í

minnisblaði Hafrannsókarstofnunar, bls. 6, er það áætlað 1-1,3m³/s. Ekki er vísað í neinar rennismælingar óháðs aðila eins og Veðurstofunar sem borið gætu um vatnsmagn Grjótár yfir árið og því er um ágiskanir að ræða.

Gera verður þá kröfu að byggt sé á marktækum mælingum á rennsli í ljósi þeirra mikilvægu hagsmuna vistkerfisins sem eru í húfi. Enn fremur þarf að gera grein fyrir á hverju áætlanir um magn lekavatns neðan stíflunnar eru byggðar.

Nánari umfjöllun vantar um efnainnihald vatns í Grjótá og möguleg áhrif þess á efnabúskap og vistkerfi, í Svartá með takmörkuðu rennsli neðan fyrirhugaðrar stíflu.

Af framansögðu er ljóst að farvegur Svartár neðan virkjunar kann að verða þurr vikum og jafnvel mánuðum saman með algjörrri eyðileggingu vistkerfis árinna á þeim kafla og alvarlegum áhrifum neðan útfalls virkjunarinnar þar sem frumframleiðni í ánni eyðileggst á 3 km kafla vegna vatnspurrðar. Slík framkvæmd, að þurrka upp árfarveginn eða því sem næst á löngum kafla hlýtur einnig að stangast á við ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, lög nr. 60/2013 um náttúruvernd og Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022, ákvæði um að virkjun vatnsfalla skuli vera í samræmi við sjálfbæra þróun. Verður að telja þetta **veruleg neikvæð umhverfisáhrif og framkvæmdin því óásættanleg.**

Skýra verður nákvæmlega í matsskýrslu hvernig framkvæmdaraðili mun tryggja lágmarksrennsli, 3 m³/s, neðan stíflu á öllum tímum og gera grein fyrir hvaða áhrif það mun hafa á raforkuframleiðslu virkjunarinnar.

Áhrif hitastigs

Annar þáttur er varðar vatnafar Svartár er að hitastig vatnsins getur fallið niður í frostmark allt frá því í desember og fram í apríl skv. Mynd 5.5.

Því má búast við að vatn Svartár kólni að frostmarki með grunnstingli og krpa sem getur valdið miklum rennistruflunum eins og ætla má af rennismælingum á Mynd 5.3.

Í kafla 5.4.2.1 segir m.a. „Lofthiti og sólarljós að sumri getur valdið hitnun vatns í opnum farvegi en sömuleiðis kólnar vatnið í frosthörkum og þessi áhrif á virkjuðum kafla í farveginum verða meiri þegar vatnið verður minna.“

Þetta merkir að kólnun vatnsins í ánni verði enn meiri í skertu rennsli, 3 m³/s í stað um 20 m³/s, en í eðlilegu rennsli og búast megi við örari og hlutfallslega meiri rennistruflunum í þeim hluta árinna. Telja verður verulega hættu á að slíkt auki hættu á varanlegum skaða á lífríki árinna frá inntakstíflu að ármótum Svartár og Skjálfafljóts.

Í frummatsskýrsluna vantar alla greiningu á ísmyndun, grunnstingli m.m. í ánni og hvernig hún kann að breytast við minnkun rennslis neðan stíflunnar. Það er ekki nægilegt að segja bara að vatnið kólni meira þegar rennsli verður minna heldur verður einnig að gera grein fyrir afleiðingum þess fyrir vistkerfi og gróður á bökkum og hólum.

Enn fremur kemur fram í kafla 5.4.2.3 og 4.3 að ís og krpa verði fleytt framhjá inntaki í þrýstipípu og hleypt niður í farveginn neðan stíflu. Það þýðir að skert rennsli neðan stíflu tekur við ís og krpa úr fullu vatnsrennsli ofan stíflunnar. Við þær aðstæður er stórhætta á langvarandi rennistruflunum er geta valdið miklum skaða á lífríki árinna.

Óvissa um hugsanlega breytingu á ísmyndun og áhrifa af ísreki og flóðum á vistkerfi Svartár er algjör og verður því að telja hættu á **verulega neikvæðum og óafturkræfum umhverfisáhrifum sem gerir framkvæmdina óásættanlega.**

Af framantöldu er því ljóst að:

1. Meðalrennsli Svartár er óvísst samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og nær ekki 20 m³/s á öllum stundum.
2. Ekki er sýnt fram á að hægt sé að tryggja lágmarksrennsli sem lofað er, 3 m³/s, neðan fyrirhugaðarar inntaksstíflu virkjunar.
3. Miklar rennslistruflanir kunna að verða neðan fyrirhugaðarar inntaksstíflu virkjunar vegna íss og krapa sem veitt verði framhjá stíflu í skert rennsli neðan hennar.
4. Tíðar rennslistruflanir kunna að verða að vetri vegna aukinna áhrifa lofthita á hitastig árvatnsins og þar með ís og krapamyndunar neðan fyrirhugaðrar stíflu.

Þessi óvissa er ekki ásættanleg við mat á umhverfisáhrifum í ljósi varúðarreglu náttúruverndarlaga og framkvæmdin því óásættanleg.

Mótvægisáðgerðir

Í kaflanum um *mótvægisáðgerðir*, 5.4.2.4, er greint frá því að gert sé „ráð fyrir að tryggja að um 15% af meðalrennsli, eða um 3 m³ /s, að lágmarki fari framhjá stíflunni til að farvegurinn neðan hennar og niður að ármótum við Grjótá þorni ekki og til að viðhalda ákveðnu rennsli á virkjuðum kafla árinna. Vatn verður leitt framhjá stíflu annars vegar um fiskveg, sem gerður verður í vestasta hluta stíflunnar, og hins vegar verður stærri hluti rennslisins leiddur um rör eða ræsi sem komið verður fyrir í stíflunni.“

Bent skal á að samkvæmt framangreindu er það að tryggja lágmarksrennsli 3 m³/s **ekki mótvægisáðgerð heldur hluti framkvæmdarinnar**. Sama gildir um lagfæringu á farvegi umhverfis hólma sem ekki er lýst á nokkurn hátt eða hugsanlegum neikvæðum áhrifum af henni, heldur eingöngu sagt að það sé eitthvað sem „hægt sé að gera“ „ef þurfa þykir“. Skýrsluhöfundar eiga að vita hvað getur talist til mótvægisáðgerða.

Kafli 5.4.3 Setmyndun og rof

Í kaflanum stendur:

„Í lónstæðinu eru bakkar Svartár vel grónir ofan stíflu. Árbakkinn sem fer undir vatn vestan árinna næst stíflu er gróinn hvönn, loðvíði og fjalldrapa. Þar fyrir ofan taka við fremur lítt gróin og sandorpin hraun og melar sem verða fyrir litlum áhrifum. Austan árinna er landið hærra og myndar nokkurs konar stall við ána. Bakkar árinna eru þar vel grónir en uppi á stallinum er mólendi og hálf grónir melar.“

Þessi umfjöllun um rof við inntakslón og á svæðinu meðfram árfarveginum sem verður þurrkað upp er innihaldslaus! Hvað þýðir hún í raun? Hvaða áðgerðir hafa menn í huga?

Í kaflanum segir m.a.:

„Mögulegt verður að skola seti niður í farveginn um lokuvirkin...“ ... „Lokur í farveginum verða opnaðar þegar flóð koma í ána og þá mun laust set ofan stíflu að einhverju leyti a.m.k. skolast með vatninu niður í farveginn.“

Ekki er að sjá að nokkur tilraun hafi verið gerð til þess að mæla framburð og botnskrið í Svartá og því er náttúrulegur framburður ekki þekktur. Þar af leiðandi er ekki þekkt hvað kann að safnast fyrir í uppistöðulóninu og þar með hve mikið kann að berast af botnseti úr lóninu þegar flóðvatni verður hleypt í gegn. Þetta verður að teljast algjörlega óásættanleg óvissa og að ætla að láta flóð skola seti úr uppistöðulóninu án þess að meta umhverfisáhrif þess er óásættanlegt og kann slík áðgerð að hafa í för með sér **verulega neikvæð umhverfisáhrif sem gerir framkvæmdina óásættanlega**.

Í kafla 5.4.3.4, Mótvægisáðgerðir, eru engar mótvægisáðgerðir, það „að forðast óþarfa gruggmyndun“ telst í dag til góðra vinnubragða. Ef það ætti að teljast til mótvægisáðgerðar þyrfti að koma fram fyrir hvaða neikvæð umhverfisáhrif ætti að bæta með þeirri áðgerð.

Kafli 5.4.4 Gróður

Samkvæmt 7. lið athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun, dags. 6. sept. 2016, ber „að greina frá niðurstöðu mats á áhrifum á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum, m.a. hversu stórt votlendissvæði kemur til með að raskast og hversu umfangsmikil votlendisskerðingin verður auk þess sem koma þarf fram til hvaða mótvægisáðgerða á að grípa vegna þess rasks.“

Í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands Fuglar, gróðurfar og jarðfræði við Svartá í Bárðardal kemur fram:

„Í Svartá neðan stíflu eru vel grónir hólmar með áberandi hvönn og loðvíði. Votlendi liggur víða að ánni, bæði austan og vestan“. „Lækkuð grunnvatnsstaða vegna skerts rennslis árinna neðan stíflu mun líklega valda gróðurbreytingum í gróskumiklum hólum og bökkum Svartár og hafa áhrif á grunnvatnsstöðu votlendissvæða næst ánni“.

Hvergi í frummatsskýrslu er þess getið með fullnægjandi hætti hvernig tryggja skuli að þessir hólmar verði umflotnir vatni að loknum framkvæmdum svo að gróðurfar hljóti ekki varanlegan skaða af.

Kafli 5.4.4.1 Grunnástand

Við undirbúning virkjunarinnar fór fram vettvangsskoðun á virkjunarsvæðinu. Síðan var virkjunarhugmyndinni breytt. Í kaflanum stendur:

„Skrifað var um niðurstöður úttektarinnar eftir að fyrir lá að fyrirhuguð tilhögun virkunar væri breytt frá því sem miðað var við þegar vettvangsskoðun fór fram.“

Hvaða trygging er fyrir því að úttektin fjalli um þau áform sem nú gilda?

Í kaflanum stendur :

„Af þessum vistgerðum eru víðikjarrvist og língresis- og vingulsvist á lista Bernarsamningsins frá 2014 um þörf á verndun.“

Hversu umfangsmiklar eru þessar vistgerðir og hver verða áhrifin á þær?

Matsskýrslan þarf að gera grein fyrir gróðurfari og áhrifum á gróður á öllu framkvæmdasvæðinu, samkvæmt athugnum á svæðin miðað við nýjustu áætlanir.

Kafli 5.4.4.3 Umhverfisáhrif

Í kaflanum stendur :

*„Þrýstipípan mun liggja um votlendi sem er í heildina allt að 10 ha að flatarmáli en skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta votlendi, 2 hektaras⁵³ að flatarmáli eða stærri sérstakrar verndar. Óheimilt er að raska slíkum vistkerfum nema **brýna nauðsyn** beri til og leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar fyrir veitingu framkvæmdaleyfis. Talsvert rask mun hljóta af lagningu þrýstipunnar um það svæði, en varanleg áhrif á mýrina, grunnvatnsstöðu hennar og vatnsrennslis velta á dýpi pípunnar, efnisvali með henni og frágangi. Reynt verður að þétta í kringum pípana með dúk og leirtöppum þar sem leið hennar liggur um votlendi, en á móti því landi sem þornar verður votlendi endurheimt í samráði við sveitarfélagið, samanber leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Skoðað var að flytja aðrennslispípana ofar í land til að reyna að sneiða hjá hluta votlendisins en slík færsla myndi þýða að grafa þyrfti pípana dýpra niður sem aftur kallar á meira rask á yfirborði.“*

Líklegt er að inntakslónið valdi einhverju rofi á austurbakka Svartár með a.m.k. tímabundinni útskolun jarðefna í ána. Hækkuð vatnsstaða veldur hærrí grunnvatnsstöðu meðfram lóninu, en hækkunin er tiltölulega lítil og nokkuð háir bakkar eru meðfram farveginum þannig að ekki er gert ráð fyrir að þau áhrif verði mjög neikvæð á gróðurfar í kring. Lækkuð grunnvatnsstaða vegna skerts rennslis árinna neðan stíflu mun líklega valda gróðurbreytingum í gróskumiklum hólum og bökkum Svartár og gæti haft áhrif á grunnvatnsstöðu votlendissvæða allra næst ánni, síður þó þar sem landi hallar nokkuð. Framkvæmdin er ekki talin hafa áhrif á sjaldgæfar plöntutegundir.

Heildaráhrif framkvæmdanna á gróðurfar á virkjunarsvæði eru metin nokkuð til talsvert neikvæð, staðbundin og óafturkræf þar sem landi er raskað en óveruleg þegar horft er til stærra svæðis.“

Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir hver hin brýna nauðsyn er sem vísað er til og réttlætir að raska vistkerfum, í þessu tilviki votlendi? Til hvaða „stærra svæðis“ er vísað um heildaráhrif framkvæmdanna? Eru til sambærileg svæði í nágrenni? Eða fjær? Hver eru þau og hvar?

Það er skautað ansi létt í umfjöllun um meginmál þessarar framkvæmdar, það að farvegur Svartár verður nánast þurrkaður á ríflega þriggja km kafla. Einungis er tæpt á að það muni líklega valda áhrifum á nærsvæði farvegsins og hólmana í ánni. Það er örugglega hægt að fullyrða að áhrifin verða mikil, það getur hver leikmaður séð.

Í frummatsskýrslu stendur um áhrif jarðstrengs:

„Í heildina eru áhrif strengs á gróður á strengleið metin óveruleg.“

Þótt þessi fullyrðing standist um um sumt gróðurlendi er ólíklegt að hún eigi við alls staðar. Stór tæki þurfa að fara um strengleiðina með mikið og þungt efni í eftirdragi. Óhjákvæmilegt er að gróður verði fyrir einhverjum skemmdum sem sjást í landinu lengi á eftir.

Séu ályktanir dregnar beint af þeim upplýsingum sem fram koma í frummatsskýrslunni sjálfri og gögnum hennar er miklu líklegra er að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar geti orðið **verulega neikvæð, sums staðar óafturkræf, og því óásættanleg.**

Kafli 5.4.4.4 Mótvægisáðgerðir

Í kaflanum stendur að „reynt verði að þetta skurð aðrennslispípu“ og „mögulega verði sáð í svæði“, með öðrum orðum er ekki lýst mótvægisáðgerðum og beinlínis viðurkennt að ekki sé á vísan að róa um áhrif og árangur. Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig verður reynt og hverju verður mögulega sáð.

Kafli 5.4.4.5 Niðurstaða

Engin tilraun er gerð til þess að meta hversu umfangsmikil votlendisskerðingin verður eða gerð grein fyrir til hvaða mótvægisáðgerða á að grípa vegna þess rasks. Eingöngu sagt að reyna eigi að þetta í kringum pípuna og að votlendi verði endurheimt í samráði við sveitarfélagið, en ekkert kemur fram um hvar endurheimt gæti farið fram eða umfang hennar, hvað þá að viljrði sé fyrir slíkri áðgerð.

Umfjöllun frummatsskýrslunnar verður að teljast algjörlega ófullnægjandi og skilja eftir mikla óvissu um áhrif á votlendi **sem gerir framkvæmdina óásættanlega.**

Í kaflanum er viðurkennt að fyrsjáanleg eru neikvæð og óafturkræf áhrif á gróður á virkjunarsvæðinu – það eitt og sér er **óásættanlegt í þessu umhverfi.** Gripið er til hins alkunna bragðs að vísa í hið óskilgreinda „stærra svæði“ til að komast að því að áhrifin á strengleiðinni verði óveruleg. Hvað erum við þar að tala um stórt svæði? Þetta bragð er víða notað í skýrslunni til að smætta umhverfisáhrif af einstökum áðgerðum.

Kafli 5.4.5 Fuglar

Virkjaða svæði Svartár neðan stíflu er mikilvægt búsvæði margra fuglategunda. Í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands *Fuglar, gróðurfar og jarðfræði við Svartá í Bárðardal* (viðauki 3) kemur fram; „*Við athugun sumarið 2012 sáust 25 tegundir fugla og af þeim voru 22 taldar líklegar varptegundir*“ á því svæði. Þar kemur einnig fram að „*Framkvæmdir munu hafa áhrif á fugla*“ meðal annars vegna breytinga á búsvæðum sem verður við það að megnið af vatni Svartár er tekið úr farveginum á 3-3,5 km kafla. Þetta veldur langtímabreytingum á fuglalífi þar sem tegundir sem háðar eru ánni missa hluta búsvæðis síns“. Sjá enn fremur grein Ólafs Nielsen í meðfylgjandi fylgiskjali 2.

Í skýrslu sömu stofnunar *Endur á vatnasviði Svartár og Suðurár í Bárðardal* (viðauki 4) kemur fram í Samantekt skýrslunnar bls. 13; „*Vatnasvið Svartár og Suðurár er afar lífríkt og eru straum- og húsundur einkennandi fyrir fuglalíf þess. Utan Mývatns og Laxásvæðisins er vatnasviðið mikilvægasta búsvæði húsanda hérlendis*“. „*Hvorug tegundin verpir í Evrópu utan Íslands og báðar tegundir eru í viðauka II við Bernarsamningin. Ísland ber því ríka ábyrgð á þessum tegundum skv. alþjóðlegum samningum*.“ „*Á heildina litið er verndargildi vatnasviðs Svartár og Suðurár því mjög mikið hvað fuglalíf varðar. Áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar er órjúfanlegur hluti af þeirri heild*“.

Það er því ljóst af framantöldu að framkvæmdin hefur alþjóðlega skírskotun og mun hafa í för með sér **verulega neikvæð áhrif á fuglalíf og framkvæmdin því óásættanleg**.

Kafli 5.4.5.2 Viðmið umhverfisáhrifa

Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna hlekk á fjölrit stofnunarinnar „Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi“ – http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf – „dagsett“ desember 2016. Svartá-Suðurá er tilgreint svæði „VOT-N 10 SVARTÁ–SUÐURÁ“, og ástæða þess er að:

„Fjöldi húsanda á varptíma (125 fuglar) og e.t.v. á vetrum nær alþjóðlegum verndarviðmiðum. Einnig er þar mikið af straumönd.“

Af hverju er þetta rit Náttúrufræðistofnunar frá 2016 ekki meðal viðmiða umhverfisáhrifa? Í matsskýrslu ber að taka tillit til nýjustu rannsókna.

Kafli 5.4.5.3 Umhverfisáhrif

Straumönd

Í matsskýrslu þarf að gera rein fyrir hvernig búsetumunstri straumanda á landsvísu er háttað þar þarf að koma fram samanburður á þéttleika og fjölda straumanda á Svartá og öðrum ám. Víða er verið að undirbúa svo kallaðar smávirkjanir (og aðrar stærri) þar sem búsvæðum straumanda er spillt (þó færri séu en á Svartá og gera þarf grein fyrir samlegðaráhrifum þessara inngripa.

Þeim sem þekkja Melapoll, steinsnar ofan við fyrirhugaða stíflu í Svartá, er kunnugt um að þar sjást jafnan mun fleiri straumendur á miðju sumri en tíundað er í frummatsskýrslunni og fylgiriti um endur á vatnasviði Svartár og Suðurár.

Í töflu 5.5 kemur fram að áhrif framkvæmda verði mikil á straumendur, en í kafla 5.4.5.3 eru áhrifin talin „**nokkuð neikvæð fyrir straumendur á áhrifasvæðinu en óveruleg utan þess**“. Þetta þýðir augljóslega ekki það sama, og er ósamræmi sem þarfnast skýringar í matsskýrslu.

Húsönd

Um húsönd á Hólmasvæði neðan við mynni Svartárgils er sagt „*hugsanlegt að húsöndin hverfi þegar stangveiðar hefjast*“. Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvað er átt við. Eru það áhrif af völdum veiðimanna og ef svo er hvaða rökum er það stutt? Á grundvelli hvaða rannsókna er þetta sagt? Þetta eru í besta falli furðulegar vangaveltur. Tilgangurinn virðist að skapa tortryggni í garð þeirra sem andæfa Svartárvirkjun vegna ástríðu fyrir stangveiði. Á og við Svartá og önnur veiðivötn upplifa

veiðimenn árstíðasveiflur í „viðveru“ og hegðun fiska, skordýra og fugla (annarra dýra og gróðurs jafnvel). Ekkert skal fullyrt um að veiðimenn hafi ekki áhrif á fuglalíf, en bent á að á helsta búsvæði húsanda á Íslandi eru einnig vinsælar veiðilendur og fjölsótt af ferðamönnum, um efri hluta Svartár fara veiðimenn einnig öll sumur.

„Vatnasviðið er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði fyrir húsendur samkvæmt viðmiðum Ramsarsamningsins“ segir í kaflanum og í fjölríti Náttúrufræðistofnunar nr. 55 er þetta staðfest.

Um fjöllum um húsendur er klykkt út með:

*„Mögulegt er að framleiðni árinna neðan frárennslis, á kafla 1, aukist eins og sagt var hér að framan, en það svæði er nokkuð notað af húsönd. Fjöldi fugla gæti því aukist þar og bætt upp tap á neðsta hluta áhrifasvæðisins. Framkvæmdir gætu því haft nokkuð staðbundin áhrif og breytt dreifingu húsandanna. Áhrifin verða varanleg, en afturkræf og í ljósi þess að um alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði er að ræða fyrir tegundina verða þau **talsvert neikvæð** fyrir húsendur á áhrifasvæðinu en **nokkuð neikvæð** utan þess.“*

Þetta er enn næsta furðulegur spuni. Gerð er krafa um að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir hvaða rannsóknir liggja að baki. Spyrja má hvort til eru hliðstæð dæmi? Hvað þýðir „**talsvert neikvæð**“ og „**nokkuð neikvæð**“ nákvæmlega? Í ljósi vitneskju um samvirkni vistkerfa Svartár og Laxár og mikilvægis þeirrar samvirkni fyrir húsandastofninn hlýtur „gjörbreyting“ sem felst í áformum um Svartárvirkjun að vera óásættanlegt. Það er augljóst að svæðið neðan Svartárgils mun gerbreystast verði af virkjun. Farvegur árinna niður gilið að hólmunum verður nánast þurr og í stað þess að vatn streymi í kvíslum um Hólmasvæðið mun í besta falli lóna upp undir það. Þetta hlýtur að hafa kollsteypu lífríkisins þar í för með sér – með tilheyrandi áhrifum á húsendur og önnur dýr og gróður sem „nýta“ svæðið.

Fálkar

Í matsskýrslu þarf að koma fram að tryggt verði að farið verði að lögum nr. 64/1995 bann við umferð í grennd við fálkaóðal. Koma þarf fram á hvaða grundvelli og þekkingu er hægt að fullyrða að áhrif af framkvæmdum á afkomu fálka verði engin. **Verður sótt um tilskilin leyfi?**

Gulönd

Í matsskýrslu þarf að koma fram hvernig búsetumynstur gulandar er á landsvísu og hver eru samlegðaráhrif af smávirksjunum (og annarra stærri) þar sem búsvæðum gulanda kann að vera spillt.

Kafli 5.4.5.4 Niðurstaða

Niðurstaðan frummatsskýrslu er þessi:

*„Áhrif á vatnafugla á framkvæmdasvæðinu eru að mestu **varanleg** en **afturkræf** og allt frá óveruleg til **talsvert neikvæð** fyrir húsendur á áhrifasvæðinu. Fyrir vatnasviðið í heild þá eru áhrif á fuglalíf talin **óveruleg** fyrir flestar tegundir en **nokkuð neikvæð** fyrir húsendur. Áhrif á aðra fugla á áhrifasvæði framkvæmdar og á strengleið eru talin **óveruleg**.“*

Rökstutt hefur verið hér að ofan að þessi niðurstaða frummatsskýrslu er í meira lagi vafasöm!

Kafli 5.4.6. Vatnalíf

Hér kemur m.a. fram að „Heildarþéttleiki botndýra í Svartá reyndist vera í hærra lagi í samanburði við aðrar lindár á landinu, en þar eru aðeins Sogið og Laxá í S. Þingeyjarsýslu með áberandi meiri þéttleika.“

Í Minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar kemur fram á bls. 11 að „áætluð skerðing botnflatar á áhrifasvæði Svartárvirkjunar er á milli 48 og 58% sem takmarkar lífræna framleiðslu á botni

farvegarins” og „að rennisskerðing í kjölfar virkjunar árinna mun valda minnkandi framburðargetu árinna á lífrænum ögnum og þar með fæðuframboði fyrir hryggleysingja og fiska. Minnkunin verður ekki einungis vegna skerðingar á botnfleti farvegarins heldur einnig vegna minnkandi burðargetu árinna“. Þetta þýðir verulega neikvæð áhrif á skordýralíf árinna og þar með á fæðuframboð fugla og fiska og stofnstæðir þeirra á áhrifasvæði virkjunar frá stíflu að ármótum við Skjálfafljóti.

Hólmasvæðið, sem er neðsti hluti hins virkjaða svæðis Svartár, er talið vegna botngerðar, dýpis og rennisskjórnar til hrygningar og eitt mikilvægasta hrygningarsvæði urriðastofns Svartár neðan Ullarfoss. Það hrygningarsvæði mun kunna að hverfa vegna skerts renniss með ófyrirsjáanlegum afleiðingum á urriðastofn Svartár neðan Ullarfoss. Slík afleiðing virkjunar telst vera **verulega neikvæð og framkvæmdin því óásættanleg**.

Kafla 5.4.6.1 Grunnástand

Af niðurlagsorðum kaflans verður ekki annað skilið en að virkjunarframkvæmdirnar myndu spilla tveimur af þremur köflum árinna sem hafa hæst framleiðslugildi botnsvæða, X og XII. X verður nánast þurrkað upp og XII – Hólmasvæðinu – verður turnað, breytt í einkonar lón í stað árstraums.

Kafla 5.4.6.3 Umhverfisáhrif

Í kaflanum segir:

„Á rekstrartíma eru áhrif virkjunar á þann hluta farvegarins er liggur frá útfalli Svartárvatns að inntakslóni talin lítil til óveruleg fyrir vatnalíf. Stífla í farvegi getur þó heft för eða göngu fiska niður farveg Svartár. Til að vega upp á móti þeim áhrifum er gert ráð fyrir byggingu fiskvegur við vestari bakka árinna, sjá frekari umfjöllun í kafla 5.4.6.4 um mótvægisáðgerðir. Á þeim kafla árinna þar sem inntakslón verður myndað mun dýpi aukast lítillega og straumur hægjast. Líkur eru á að þar geti skapast betri aðstæður fyrir stærri fiska, en síðri fyrir urriðaseiði. Gera má ráð fyrir að í inntakslóni þróist samfélag lífvera sem aðlagð verði að lífi í lygna vatni.“

Það má draga einfalda ályktun af þessu. Það er engin víska um hver áhrif virkjunin mundi hafa á vatnalíf milli stíflu og Ullarfoss. Gönguhegðun fiska í árinna er ekki þekkt, fullkomin óvíska ríkir um hvort fiskvegur framhjá stíflu muni virka eða ekki (sbr. kafla 5.4.6.4), hvort farvegurinn verði fiskgengur milli stíflu og Hólmasvæðis (sbr. niðurlag kafla 5.4.6.4), og hver raunveruleg áhrif verða á búsvæðum á virkjunarsvæðinu.

Annars staðar í þessum athugasemdum er rökstutt að reifanir á ástandi í hinum „þurrkaða“ farvegi eru ákaflega ósannfærandi. Misvísandi upplýsingar koma fram í gögnum málsins um rennsli Svartár og rennsli framhjá virkjun. Litlar upplýsingar eru til um rennsli Grjótár.

Kafla 5.4.6.4 Mótvægisáðgerðir

Í kaflanum um mótvægisáðgerðir er óvissan og þekkingarskorturinn ítrekaður. Fiskveginn vita menn ekki hvernig eigi að gera. Kunna menn þetta? Hvaða reynslu er hægt að vísa í úr hliðstæðum aðstæðum?

Óöryggi og þekkingarskortur skín í gegnum umfjöllun um lágmarksrennsli. Þeirri spurningu verður að svara hvernig lágmarksrennslið verður tryggt? Hvernig fer það saman við rekstraráætlanir að hleypa vatni framhjá virkjuninni þegar rennslið er undir viðmiðunarmörkum hennar? Hvernig verður vatnshúskapurinn og lífsbjörgin í raskaða farveginum í vetrarhörkum? Sjá athugasemdir við kafla 5.4.2.

Það er talað um að „lagfæra farveg á virkjuðum kafla árinna, þar sem hann er brattastur“ Hvernig verður þörf á slíkum áðgerðum metin? Hvenær mun það mat fara fram? Hvernig verður staðið að framkvæmdum? Hvernig tæki þyrfti að nota við framkvæmdirnar? Er hægt að koma þeim tækjum að farveginum til að þetta verði gerlegt? Það eru ekki akfærir slóðar meðfram árinna á „virkjaða kaflanum“

– lagning slíkra slóða gæti auðvitað kórónað spjöllin á ánni. Lýsing á „mótvægisáðgerðum“ er lýsing á fullkominni óvissuferð sem felst í því að krukka í farveg árinna án þess að hafa hugmynd um afleiðingar þess.

Kafli 5.4.6.5 Niðurstaða

Niðurstaða höfunda frummatsskýrslu er:

*„Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða eru áhrif á vatnalíf í Svartá vegna fyrirhugaðra framkvæmda í heild metin **nokkuð neikvæð, staðbundin en afturkræf.**“*

Í ljósi athugasemda um kafla 5.4.6 hér að framan er þetta mat véfengt.

Í kafla 5.4.6 kemur greinilega fram að ekki hefur farið fram nægilega heildstætt mat á verndargildi Svartár. Í ljósi þess að áin er ein af stærstu og frjósömustu lindám landsins ætti öll óvissan og skortur á þekkingu sem hér er lýst að útiloka allt fikt og inngrip í ána. Miklu ríkari ástæða væri til að undirbúa friðlýsingu árinna og umhverfis hennar.

Ekki er að finna í skýrslunni rök fyrir því hvert lágmarksrennslið þarf að vera vegna áhrifa á lífríkið enn fremur vantar skýra umfjöllun um hvernig það verði tryggt. Þetta er algjörlega óviðunandi, veldur mikilli óvissu um einn mikilvægasta þátt neikvæðra áhrifa af virkjuninni. Því verður að álykta að virkjun á Svartá, eins og henni er lýst, muni hafa **verulega neikvæð og óafturkræf áhrif á lífríki árinna og framkvæmdin því óásættanleg**

Kafli 5.4.7 Fornleifar

Suður Þingeyjarsýsla er mjög rík að fornminjum af öllu tagi, rústir af fornum býlum standa víða um hinar grónu heiðar sýslunnar og sýslan er þekkt fyrir sína vel hlöðnu vörslugarða sem liggja víða um óbyggð lönd.

Fornleifaskráning vegna jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárvirkjun og mannvirkja í Bárðardal, gerð af Fornleifastofnun Íslands, tekur ekki yfir hina nýju jarðstrengsleið 1. Ný úttekt þarf að liggja fyrir frá Mátvatni að Laxárvirkjun.

Í fornleifaskráningunni kemur fram á bls. 61 að á úttektarsvæði jarðstrengs eru 73 minjastaðir þar á meðal býli og kumlategur. Liggja þarf fyrir leyfi Minjastofnunar fyrir þverun slíkra minja og eins mat stofnunarinnar á þörf á að rannsaka slíkar minjar áður en fyrirhugaðar framkvæmdir hefjast. Það gildir um allar skráðar fornminjar jafnt á jarðstrengsleið og leið þrýstípípu (viðauki 7. Deiliskráning fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar) en þar eru skráðar sjö fornminjar þar af eitt **fornbýli** sem metið er í stórhættu vegna framkvæmda.

Fornleifastofnun Íslands hefur gert tvær deiliskráningar fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar. Í þeirri fyrri, 2014, eru skráðar fornleifar á virkjunarsvæðinu, við inntakslón og inntaksmannvirki, meðfram aðrennslisskurði/þrýstípípu, við jöfnunarþró, stöðvarhús og í vegarstæði. Hin síðari, 2015, nær til fornminja á sömu slóðum og í fyrri skráningu, miðað við breytta legu þrýstípípu, og meðfram áætlaðri legu jarðstrengs frá virkjuninni að tengivirki við Laxárvirkjun, eins og hún var þá. Minjar eru metnar í stórhættu ef þær lenda innan 15 m frá miðlínu pípu eða strengs.

Þetta mat er ef til vill réttmætt við lagningu jarðstrengs, en við lagningu þrýstípípu er áhrifasvæði framkvæmdanna stærra. Annars staðar í þessum athugasemdum er fjallað um lagningu pípunna, uppgröft og umferð vinnuvéla sem mun sannanlega geta haft eyðileggjandi áhrif á viðkvæmar fornminjar utan 15 metra frá miðlínu.

Í upphaflegri áætlun hefði lagning þrýstípípu ekki komist hjá að raska rústum fornbylis (SP-177:022), vörðu (SP-177:029) og garðlags (SP-176:033), sem metin eru í stórhættu. Legu pípunna var breytt,

hún færð nær ánni og lendir í túngarði umhverfis fornbylið SP-177:022 en sneiðir hjá tveim síðarnefndu. Á móti kemur að í stað þeirra lenda aðrar minjar í stórhættu.

Á fyrirhugaðri leið jarðstrengs eru mun fleiri fornminjar. Á þeirri leið eru 11 minjar í stórhættu, þar á meðal þrjú býli, Vaglagerði, Birningsstaðir og hin gagnmerka Víðatóft (SP-285:017) „og fyrir séð að þetta mun valda miklu raski“ svo vitnað sé í skýrslu Fornleifastofnunar (2015, bls. 66). Auk þess er kumlateigur (SP-216:062) í strengleiðinni „sem mun valda miklu tjóni“ segir á sömu blaðsíðu um áhrif lagningarinnar.

Síðan skýrslur Fornleifastofnunar voru gerðar hafa eigendur Halldórsstaða II í Laxárdal afturkallað heimild til að leggja jarðstreng um land sitt og þar með er allur nyrðri hluti strengleiðarinnar í uppnámi. Í frummatsskýrslunni er bollalagt um tvær aðrar leiðir, en hvorug þeirra er föst í hendi:

1. Strengleið að tengivirki í Laxárdal verði færð til vesturs og tekin utan í Hvítafelli og vestan í Þorgerðarfjalli Þegjandadalsmegin. Vísað er í skráningu á fornminjum í Þegjandadal, frá 2005 og 2006. Fornminjaskráning sú sem vísað er til, sýnir ákveðið mynstur í meginbyggð dalsins (sjá mynd 5.21) en ekki liggur fyrir nein skráning fornminja á strengleiðinni sjálfri. Miðað við þann aragrúa fornminja sem skráðar hafa verið á leið þrýstípípu og jarðstrengs má búast við fornminjum hvar sem er á þessu svæði, ekki bara þar sem byggð er þéttust.
2. Bollalagt er um að leggja línu að fyrirhuguðu tengivirki við Kálfborgará, og fylgja vegi, en fyrir þeirri umræðu er enginn fótur.

Um báðar þær nýju strengleiðir, sem bollalagt er um, gildir:

1. Ekki liggur fyrir nein skráning fornminja.
2. Ekki liggur fyrir leyfi landeigenda til að leggja strenginn.

Fara þarf sérstaklega yfir áform virkjunaraðila um lagningu aðrennslispípu af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi getur áhrifasvæði lagningarinnar verið meira en 15 metrar frá miðlínu. Í öðru lagi er annars staðar í frummatsskýrslu bollalagt um að færa pípu ofar í landið vegna aðkomu eða aðstæðna í jarðvegi, svo ekki er unnt að treysta því að sú leið standist sem könnuð hefur verið af Fornleifastofnun Íslands.

Samkvæmt 1. lið athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun, dags. 6. sept. 2016, á að meta umhverfisáhrif framkvæmdar á nýrri lagnaleið.

Umfjöllun um áhrif framkvæmda við lagningu jarðstrengs uppfyllir ekki athugasemdir Skipulagsstofnunar. Samkvæmt kafla 5.4.7.3 hafa áhrif á fornleifar á lagnaleiðum alls ekki verið metin, þar sem segir að „einhverjar færslur séu líklegar“. Ekki liggur fyrir leyfi Minjastofnunar fyrir röskun minja og eftir er að fá fornleifafræðing til að ganga og skrá hugsanlegar minjar á Laxárdalsheiði. Enn fremur liggur ekki fyrir álit Minjastofnunar á legu strengs á veghelgunarsvæði að Kálfborgará, þó ekki sé líklegt að þar séu minjar á röskuðu svæði.

Í kafla 5.4.7.3 kemur fram að ekki liggur fyrir úrskurður Minjastofnunar um það hvort áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar séu ásættanlegar. Enn fremur er ekki sýnt fram á að hægt sé að uppfylla kröfur Minjastofnunar um mótvægisáðgerðir sem vísað er til að stofnunin hafi sett fram við ákvörðun um matskyldu framkvæmdarinnar. **Í ljósi þessa verður að telja að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á þennan þátt liggja ekki fyrir nema að hluta.**

Vegna þeirrar óvissu sem ríkir um legu og lagningu aðrennslispípu og jarðstrengs um viðkvæm svæði sem auðug eru af fornminjum og þar með óvissu um hugsanleg áhrif á minjar verður að telja að **áhrifin kunni að verða talsverð og óafturkræf, og framkvæmdin óásættanleg.**

Kafli 5.4.8 Hljóðvist

Ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af hávaða, nema meðan á framkvæmdum stendur. Í kafla 5.4.8.3 stendur: „Hugsanlega þarf að taka tillit til varps fálka á framkvæmdatíma ef fálkahreiður á svæðinu verður í ábúð á þessum tíma.“ Áætlað er að framkvæmdir standi í eitt og hálf ár og alveg dagljóst að umrætt hreiður verður ekki ábúðarhæft á þeim tíma og jafnvel önnur hreiðurstæði innan óðalsins. Ef hreiðrið verður í ábúð þegar framkvæmdir hefjast yrði að fresta framkvæmdum þar til fálkinn léti sig hverfa, eða legði á flóttu. Ívitnuð setning í frummatsskýrslu hefur ekki annan tilgang en að láta líta svo út sem höfundar skýrslunnar láti sér annt um dýralífið á svæðinu. Raunin mun verða sú að framkvæmdaaðilar munu kæra sig kollótta um þetta fálkahreiður.

Í matsskýrslu þarf að koma fram að hvort fengist hafi leyfi umhverfisráðuneytis, skv. lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á fuglum og villtum spendýrum, til að hefja framkvæmdir í grennd við fálkaóðal.

Kafli 5.4.9 Landslag

Þessi kafli um landslag í frummatsskýrslunni er eitt skýrasta dæmið um hvernig huglægu mati er beitt til að gera lítið úr áhrifum virkjunarinnar með því beinlínis að gera eins lítið úr svæðinu sjálfu og nokkur kostur er, landslagi þess og náttúru. Í fyrsta undirkafla, 5.4..9.1 Grunnástand, er sérstaklega fjallað um sérstöðu landslags og verndargildi og þá horft til þriggja þátta, *fjölbreytileika, upplifunar og verndargildis*. Svæðið fær „miðlungsgildi“ fyrir alla þessa þrjá þætti, sem er nánast hið sama og að segja að landslag við Svartá og umhverfi hennar sé einskis virði. Í lýsingu á *upplifun* er þessi ályktun dregin: „*þar er ekki að finna landslag með sérstaka eða mikilfenglega eiginleika, eða einstök kennileiti sem skera sig úr landslagsheildinni vegna sérstöðu sinnar.*“

Þetta gera skýrsluhöfundar með því að nota hið alkunna smættunarbragð, sem víða er notað í frummatsskýrslunni: Meta einungis litla skika kringum fyrirhuguð mannvirki, mel, móa og tún, án tillits til heildarmyndarinnar. Þannig er auðvelt að komast að því að ekkert sé í raun einstakt né merkilegt. Sé lítið á Stórutungusvæðið í samhengi, frá Svartárbotnum í suðri, um Svartárvatn og niður til ósa Svartár í Skjálfandafljóti, má fyrst nefna Suðurárbotna, eina sérstæðustu uppsprettu lindarvatns á Íslandi, fjölbreyttan farveg beggja ána, Suðurár og Svartár í einstöku gróðurlendi á mörkum byggðar og óbyggðar í meira en 400 m hæð, sem jafnast í fjölbreytileika á við farveg Laxár í Mývatnssveit, og auk þess eru á þessu svæði í Skjálfandafljóti tveir alþekktir og mikilfenglegir fossar, Hrafnabjargafoss og Aldeyjarfoss, með hrikalegum gljúfrum og klettum sem setja einstakan svip á umhverfið.

Mat á landslagi er vandasamt, og óhjákvæmilega að einhverju leyti huglægt, þótt vitnað sé í skýrslur um hvernig meta má landslag, t.d. skýrslu Þóru Ellenar Þórhallsdóttur o.fl. (2010). Af öllum köflum skýrslunnar er þessi kafli líklega ósvífnaasta dæmið um hvernig skýrsluhöfundum tekst að túlka öll gögn í þágu fyrirhugaðrar framkvæmdar. Áhrif handarinnar sem fæðir skýrsluhöfunda eru hvergi skýrari.

Í undirkafla 5.4.9.3 er viðurkennt að jöfnunarþróin muni verða áberandi í landslaginu þar sem hana ber við himin og sést langt að. Samkvæmt teikningum í kafla 4.5 er þróin 17 m há, og er sögð rísa 16 m yfir núverandi yfirborði en það er tæplega fjórðungur af hæð Hallgrímskirkjuturns (74,5 m). Tölvugerðar myndir af útsýni til mannvirkjana, sérstaklega til jöfnunarþróarinnar, sýna hins vegar bara litla grjóthrúgu eða þúst. Full ástæða er til að efast um áreiðanleika þessara mynda, sbr. aðrar tölvugerðar myndir í þessari skýrslu af rennsli Svartár eftir virkjun, sem sýna fullt rennsli í farvegi sem mun verða nánast þurr.

Kafli 5.4.10 Ásýnd

Í 5. lið athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun, dags. 6. sept. 2016, segir: „Auk þess að sýna og meta áhrif helstu mannvirkja og lóns á ásýnd lands þarf með sama hætti að sýna og meta ásýndarbreytingar frá völdum stöðum vegna minnkaðs rennslis neðan stíflu.“

Þessi kafli er nokkuð langur (bls. 84 til 106) og flókinn með mörgum myndum, misgóðum. Hann er að sumu leyti endurtekning á kafla 5.4.9, um landslag, og athugasemdir þar eiga líka við um þennan kafla. En kafllinn hefur líka að geyma sjálfstætt efni sem erfitt er að henda reiður á.

Undirkaflinn umhverfisáhrif skiptist í þrennt:

1. Útlit og yfirborð mannvirkja
2. *Ásýnd fyrir og eftir framkvæmdir* (hér er aðallega fjallað um mannvirkin, með allmörgum myndum, en allt í einu farið að tala um rennslis árinna, bls. 98, algerlega úr samhengi við annað)
3. *Sýnileikagreiningar* (Tölvugerð greining skv. líkani, sem hefur á sér yfirbragð hlutlausra útreikninga, er gott dæmi um hvernig skýrsluhöfundar reyna að skapa trúverðugleika sem engin innstæða er fyrir. Hér eru verkfræðingarnir að leika sér með tölvulíkan á mjög ótrúverðugan hátt. Þetta sést best á því að líkanið sýnir allt annað en það sem fram kemur í texta skýrslunnar og sést á ljósmyndum: Radíus sjónrænna áhrifa er sá sami fyrir lágreist stöðvarhús, sem stendur undir hlíð, og fyrir mun hærri jöfnunarþró sem stendur uppi á hæð og ber við himin.)

Mannvirki

Samkvæmt framangreindri athugasemd Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun, kemur fram að birta á myndir er sýna hvernig mannvirkin sjást frá Sprengisandsleið og fjarlægð mannvirkja frá henni. Samkvæmt myndum með sýnileikagreiningum munu mannvirkin ekki sjást frá Sprengisandsleið (F26) sunnan við Mýri en hins vegar frá Bárðardalsvegi (842) er liggur að Mýri og einnig frá veginum fram að Svartárkoti (843). Fjarlægð stöðvarhúss frá Bárðardalsvegi (842) er innan við 2 km á um 3 km kafla og er sýnd ein mynd (Mynd 5:30) frá því svæði og verður að telja það algjört lágmark þar sem mannvirki virkjunar kunna óhjákvæmilega að hafa önnur áhrif á ásýnd lands en mannvirki er varða hefðbundinn búskap, sem einkennir ásýnd dalsins.

Jöfnunarþró er það mannvirki sem stendur hæst og mun sjást víðast að. Þróin mun rísa 16 m upp, mun sjást víða að og skera sig úr landslaginu. Svokallaðar „mótvægisáðgerðir“ felast í að hlaðið verður grjóti að þróinni og „þak þróar verður látið halla í samræmi við halla á toppum hóla í kring“ (bls. 87). Á myndum 5.25 til 5.27, sem í texta skýrslunnar eru sagða sýna þróna í landslaginu sést ekki neitt vegna þess hvernig myndirnar eru teknar, og þær segja því ekki neitt um hin sjónrænu áhrif. Þetta á við mynd 5.24, þar sem þess er gætt að þróna beri í Tunguhamar, en á myndum 5.25 og 5.26 sést þróin ekki. Tölvugerð mynd, 5.27, sem á líka að sýna mannvirkin í landslaginu, er eins og hver annar skáldskapur. Í næstu myndaröð, 5.29 til 5.33, sést þróin nokkuð greinilega. Hún er einkum áberandi á myndum 5.30 og 5.31, sem báðar eru teknar úr töluverðri fjarlægð, sem gera lítið úr stærð þróarinnar og áhrifum á ásýnd landsins. Engu að síður dylst ekki á mynd 5.30 að þróin breytir ásýnd landsins að því marki að ekki er unnt að tala um „ósnortið“ land.

Stíflumannvirki og pípuögn standa lægra og sjást ekki eins víða að, en þau hafa engu að síður áhrif í nærumhverfi sínu á þá sem leggja leið sína að ánni. Myndir 5.33 til 5.37, sem eiga að sýna stíflumannvirki og ræsi við Grjótá, eru sama marki brenndar og flestar fyrri myndir, að þær eru teknar þannig að mannvirkin sjást ekki.

Eina undantekningin er mynd 5.34, sem sýnir ármótin við Grjóta, fyrir og eftir gerð ræsis á Grjóta. Ræsið sést þrýðilega en þessi mynd er eitt besta og skýrasta dæmið um hvernig allt myndefni skýrslunnar er vitandi eða óvitandi beitt til að falska þau áhrif sem framkvæmdir munu hafa á þann veg að þær breyti litlu sem engu. Á þessari mynd er ekki sýnt það sem mestu skiptir um áhrif framkvæmdanna, það er áin sjálf, sem hverfur úr landslaginu á þessum stað. Þessi vangá, vitandi eða óvitandi, kemur fram í öllu myndefni frá verkfræðistofunni VERKÍS um þessar framkvæmdir, áin er sýnd jafn sprellfjörug, með strengjum, flúðum og fossum, á virkjunarsvæðinu, bæði fyrir og eftir framkvæmdir. Þetta er til dæmis mjög áberandi í tölvugerðu myndskreiði frá VERKÍS sem birt hefur verið á netinu og sýnir leið þrýstípu frá inntakslóni að stöðvarhúsi.

Í matsskýrslu þarf að bæta úr öllu myndefni í samræmi við ofangreindar athugasemdir.

Rennsli árinna

Sá þáttur sem hvað mest áhrif hefur á ásýnd landsins vegna virkjunarframkvæmda er vatnið í ánni sjálfri, sem verður tekið úr farveginum (85-95%) og leitt í pípu um 3,2 km leið frá inntaki að stöðvarhúsi. Í þessum kafla skýrslunnar er ekkert til sparað að gera sem minnst úr þessum áhrifum, sjá bls. 98100).

Þetta er orðað svo í skýrslunni: „... mun rennsli í farvegi minnka umtalsvert en með lágmarksrennsli samkvæmt tillögu mun rennsli neðan við ármót við Grjóta verða svipað og metið venjulegt rennsli ofan við ármót Svartár við Suðurá, eða 4-5 m³/s.“

Þessi fullyrðing er í besta falli óskhyggja sem gæti staðist á góðum sumardeg. En í rauninni er hún gott dæmi um hvernig þessi skýrsla notar hálf sannleik til að ljúga að lesendum.

1. Einungis er talað um kaflann neðan Grjótár, en vatnsmagnið milli stíflu og Grjótár er það sem viðkvæmast er vegna fiskgengdar. Hætta er á að sá hluti árinna kunni að verða þurr nokkra mánuði á ári.
2. Öll umræða um vatnsrennsli miðast við góðan sumardag. Mynd 5.39 af ármótum Svartár og Suðurá á að gefa lesanda hugmynd um rennsli ána. Þann dag er rennslið sagt vera 29 m³/s. Slíkt hefur skv. rennismælingum (sjá mynd 5.3) gerst fimm sinnum á átta árum, og þá yfirleitt fáeina daga í maí. Umrædd mynd sýnir að Svartá er skoluð, en slíkt getur gerst í mikilli úrkomu og leysingum.
3. Ekki liggja fyrir neinar mælingar á rennsli Grjótár sem styðja fullyrðingar um rennsli hennar yfir árið. Grjóta er dragá sem á upptök sín í mýrum og giljadrögum, rennsli hennar er mjög breytilegt og getur farið niður í ekki neitt.
4. Miðað er við að virkja 20 m³/s af vatni Svartár. Í fyrstu skýrslum um virkjunina var gefið upp að rennsli hennar væri 23 m³/s, svo 3 m³/s yrðu eftir farvegi hennar. Nú er komið í ljós að svo er ekki. Yfir vetrarmánuðina, frá desember og fram í maí, er rennslið undir 20 m³/s, sjá mynd 5.3. Allt tal um að rennsli í Svartá neðan Grjótár geti verið 4-5 m³/s er því villandi.
5. Skýrsluhöfundar leggja mikið á sig til að fegra hugmyndir reykvískra lesanda um rennsli árinna neðan virkjunar með því að líkja henni við rennsli Elliðaána á góðum sumardeg og sýna fallegar myndir því til sönnunar. Þessi leikur er móðgun við lesendur, jafn auvirðileg blekking og annað myndefni frá Verkís sem sýnir fullt rennsli Svartár á virkjuðu svæði.
6. Sá hluti virkjaðs hluta árinna, sem sýnilegastur er frá vegum og fjærumhverfi, er hið viðkvæma *Hólmasvæði* neðan við Svartárgil, við hlið stöðvarhússins. Þetta svæði mun bera langmestan skaða af minnkuðu rennsli árinna, bæði líffræðilega og sjónrænt. Um þetta er ekkert fjallað í kaflanum.

Allt ber því að sama brunni: Skýrsluhöfundar leggja langa lykkju á leið sína til að draga upp fegraða mynd af besta mögulega ástandi árinna á góðum sumardeg en koma sér hjá því að ræða

raunveruleg áhrif framkvæmda á ástand árinna með tilliti til þeirra sveiflna sem óhjákvæmilegar eru í íslenskri náttúru.

Engin tilraun er gerð til að sýna hugsanlegar ásýndarbreytingar vegna minnkaðs rennslis neðan stíflu og **verður það að teljast í ósamræmi við kröfu Skipulagsstofnunar**. Á mynd 5.27 er vatn á Hólmasvæði óskert og sama er að segja um myndir 5.30 og 5.34.

Í ljósi þess hvað allur málalíbúnaður þessa kafla er götóttur og augljós hálf sannleikur kemur ekki á óvart að niðurstaðan um sjónræn umhverfisáhrif séu „í heildina metin **nokkuð neikvæð, staðbundin og afturkræf**.“ Þótt ekki sé annað gert en lesa þennan kafla skýrslunnar með gagnrýnum huga, og skilja það sem þar stendur, er óhætt að fullyrða að sjónræn áhrif eru **mjög neikvæð og óafturkræf**, en deila má um hversu *staðbundin* þau eru. **Framkvæmdin er ósættanleg.**

Kafli 5.4.11. Samfélag

Kaflinn um samfélag fjallar fyrst og fremst um mannfjölda og atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Hann er því nátengdur næsta kafla, um ferðamennsku og útivist þar sem flest ný störf, önnur en hefðbundinn landbúnaðarstörf tengjast þeirri atvinnugrein.

Af eðlilegum hagsmunaástæðum eru áhrif fyrirhugaðrar virkjunar í frummatsskýrslunni stórlega ofmetin til hagsbóta fyrir samfélagið. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir taki eitt og hálf ár og augljóslega má gera ráð fyrir einhverjum ávinningi fyrir heimamenn á þeim tíma við að flytja mól og selja kaffi. Það getur varla talist stór ávinningur miðað við allt það fé sem mun renna í vasa aðila utan sveitar og það rask sem fylgir framkvæmdum og álagi á innviði. Í skýrslunni er athyglinni beint að smáatriðum í þessu sambandi eins og rykmyndun og hávaða, en ekki er minnst á það álag á frumstætt og úr sér gengið vegakerfi Bárðardals sem efnisflutningar munu valda. Ekkert er minnst á endurbætur á vegakerfi eða lagningu bundins slitlags sem réttilega mætti telja jákvæð áhrif fyrir samfélagið.

Í matsskýrslu verður að gera grein fyrir áhrifum þungaflutninga á vegakerfið og fá álit Vegagerðarinnar á þeim.

Þegar til lengri tíma er litið má ef til vill halda því fram að áhrifin séu jákvæð fyrir þær þrjár jarðir sem skipta á milli sín greiðslu fyrir helming vatnsréttinda á móti ríkinu, þ.e. helmingi af 2,5% af söluverði raforku fyrstu árin, sem verður helmingur af 10% í lok samningstímans, eftir 40 eða 60 ár(?). Ekkert kemur fram um hvaða fjárhæðir eru hér til umræðu, hvorki í skýrslunni, né í þeim samningi um afhendingu vatnsréttinda Stórutungu sem gerður var við ríkið. Útreikningar stjórnar VSS benda til að hér sé um svo lágar fjárhæðir að ræða að þær muni ekki skipta neinum sköpum um afkomu bænda eða búsetu á svæðinu, þegar horft er til þess taps af minnkaðri sölu veiðileyfa í ánni hjá þessum sömu bændum sem óhjákvæmilega hlýst af framkvæmdinni. Auk þess verða vatnsréttindin skattlögð, sem enn dregur úr ávinningi bænda.

Ekki er unnt að fullyrða að áhrifin séu jákvæð fyrir samfélagið, eða sveitarfélagið í heild, heldur þvert á móti. Ljóst er að engin störf – engin – munu skapast í nágrenni við virkjunina, nema hugsanlega við lítilsháttar eftirlit, en ekki eru neinar upplýsingar um umfang þess starfs. Nú þegar er rekin blómleg ferðaþjónusta í félagsheimilinu Kiðagili. Stór hluti þess rekstrar byggist á því aðráttarafli sem Svartá er fyrir erlenda veiðimenn, einkum frá Svíþjóð og Noregi, sem dvelja margar vikur við ána á hverju ári og nýta sér þjónustuna á Kiðagili. Ferðaþjónustan á Kiðagili skapar nokkur störf í héraðinu yfir sumarið og vaxtarmöguleikar eru miklir í greininni. Stjórn VSS er með í höndum hugmyndir að slíkri uppbyggingu á svæðinu í sátt við náttúruna sem gætu skapað enn fleiri störf í nánustu framtíð kringum fjölbreytta ferðaþjónustu, sumar og vetur. Stjórnin hefur hug á að kynna þær hugmyndir sveitarstjórn og heimamönnum.

Öll starfsemi kringum ferðaþjónustu er í uppnámi verði áin virkjuð, sjá næsta kafla. Það er alvarleg vanræksla skýrsluhöfunda að reikna ekki inn þau neikvæðu fjárhagslegu áhrif sem fyrirhuguð virkjun mun hafa á samfélagið til lengri tíma þar sem möguleikar til uppbyggingar ferðaþjónustu munu skerðast og fyrirsjáanlegt er að núverandi störfum í greinininni mun fækka.

Skýrsluhöfundum eru vel ljós hin neikvæðu áhrif á samfélagið til lengri tíma og reyna að berja í brestina. Á bls. 108 segir (leturbreytingar stjórnar VSS):

*Með því að nýta orkuna á nærsvæði framkvæmdanna væri mögulegt að auka jákvæð áhrif á samfélagið með aukinni atvinnuuppbyggingu og þeim margfeldisáhrifum sem því fylgir, s.s. fjölgun íbúa, starfa og auknar tekjur fyrir sveitarfélögin. **Að svo stöddu liggja ekki slík áform fyrir.***

Hér er gefið í skyn að unnt sé að nýta orkuna til hagsbóta fyrir nærsvæði framkvæmdanna, en það er reykur einn. Ekkert slíkt er á dagskrá. Í skýrslunni er nefnt að bændum á strengleið gefist kostur á að tengjast ljósleiðara virkjunarinnar. Þetta atriði var eitt af því sem notað var til að fá bændur til að líta framkvæmdina jákvæðum augum. Sannleikurinn er hins vegar sá að verið er að ljúka ljósleiðaravæðingu sveitarinnar, algerlega óháð virkjunarframkvæmdum og frummatsskýrslan bendir réttilega á að aðgangur að ljósleiðara muni hafa óveruleg áhrif.

Niðurstaða þessa kafla skýrslunnar er að áhrif virkjunar á rekstarartíma verði *óveruleg* til nokkuð jákvæð. Hér hefur verið sýnt fram á að áhrifin á samfélagið verði einungis jákvæð fyrir eigendur þriggja jarða en *stórlega neikvæð* fyrir alla aðra og samfélagið í heild.

Kafli 5.4.12 Ferðamennska og útivist

Þegar reynt er að meta gildi efstu byggða Bárðardals verður að taka mið af því að þetta er jaðarsvæði norðausturhálendis Íslands, skammt norðan Vatnajökulsþjóðgarðs. Svæðið norður og norðvestur af Vatnajökli er jarðsögulega tengt í hraunflæminu mikla, Ódáðahrauni í norðurgosbelti Íslands. Ódáðahraun og úthraun þess eru eitt af fáförnustu og minnst röskuðu svæðum hálendisins. Þarna eru virk jarðeldasvæði, óspillt víðerni, óbeislaðar jökul- og lindár sem renna af hálendinu og jaðri þess til byggða með samfelldri gróðurþekju og fjölbreyttu dýralífi. Þessi auðlind er nú þegar nýtt að einhverju leyti af ferðamönnum og ferðaþjónustuaðilum og hefur mikla möguleika á jákvæðri þróun til framtíðar (sjá skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála, viðauka 9). Þar segir í kafla 6.5: „*ætla má að slík umhverfi muni einnig hafa mikið gildi fyrir ferðamenn í landinu í framtíðinni, jafnvel enn meira en í dag því slík svæði eru sífellt að verða fágætari.*“

Í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála (viðauki 9) kemur fram að ekki skuli einungis líta til staðbundinna áhrifa hins virkjaða svæðis á ferðamenn og ferðaþjónustuaðila, heldur skuli meta þau áhrif sem hin fyrirhugaða virkjun hefur á svæðið í stærra samhengi með Skjálfandafljóti, sem samkvæmt tillögu verkefnisstjórnar um 3. áfanga rammaáætlunar er skipað í verndarflokk. Meginatriði skýrslunnar eru dregin fram í ágripi á bls. i. Þar segir m.a.:

„[N]áttúrutengd ferðaþjónusta er sú ferðaþjónusta sem fer fram á megináhrifasvæðinu. Aðdráttaraflíð er það sama og dregur ferðamenn að Íslandi hin hreina og ósnortna náttúra landsins.“

Enn fremur segir í ágripinu:

Þeir sem settu kjöraðstæður fyrir náttúrutengda ferðamennsku í forgang litu svo á að virði svæðisins í framtíðinni fyrir ferðaþjónustu og útivist færi mest eftir því hvort unnt verði að halda svæðinu áfram í náttúrulegu ástandi svo að hægt sé að stunda þar áfram náttúrutengda ferðamennsku/ferðaþjónustu. Ljóst er að virkjunin og framkvæmdir við hana hafa bein áhrif á þá sem stunda veiðar í Svartá, ganga eða ferðast á hestum meðfram ánni á virkjunarsvæðinu

að ógleymdum þeim mögulegu sjónrænu áhrifum sem þeir sem ferðast framhjá virkjanasvæðinu verða fyrir (t.d. við Aldeyjarfoss).

Lokaorð ágríps eru þessi:

Framkvæmdirnar ganga á ósnortna náttúru og að því marki takmarka þær framtíðarmöguleika svæðisins til að þróa náttúrutengda ferðaþjónustu áfram.

Í frummatsskýrslunni segir á bls. 49 að

„komi fram nánast samhljóma niðurstöður og greint var frá hér að ofan; að óspillt náttúra, kyrrð og ró og víðerni með engum mannvirkjum væri mikilvægur hluti af aðdráttarafli svæðisins“ og „að orðspor svæðis myndi skaðast og það hefði neikvæðar afleiðingar ... á svæði þar sem ekkert er mangert“.

Það er því ljóst að fyrirhuguð virkjun Svartár hefur mjög víðtæk og neikvæð áhrif á viðhorf ferðamanna sem ná langt út fyrir hin staðbundnu áhrif hins virkjaða svæðis árinna.

Samfélagsleg áhrif Svartárvirkjunar yrðu því verulega neikvæð í ljósi þess að miklir og arðbærir möguleikar byggðarlagsins á nýtingu svæðisins kringum Svartá, Suðurá og Skjálfafljót til uppbyggingar á náttúrutengdri ferðaþjónustu til framtíðar yrði fórn að fyrir ágóða einkarekins orkufyrirtækis og ábúenda þriggja jarða. Það skilar broti af þeim ágóða í formi tekna og atvinnutækifæra til samfélagsins sem náttúru- og menningartengd ferðaþjónusta myndi gera.

Stjórn VSS vísar í *Value of nature*, greinagerð prófessors Börre Skodvin við Arkitekta- og hönnunarháskólann í Ósló, með lokaverkefni stúdenta, sem unnin voru eftir vettvangsferð í Bárðardal síðla vetrar 2017, sjá meðfylgjandi fylgiskjal 4 og 5. Þar eru níu rökstuddar hugmyndir að náttúru- og menningartengdum möguleikum til ferðaþjónustu í Bárðardal, og um möguleika þeirra segir:

„it is possible to establish facilities spread throughout the area that easily give 100 new guest beds or more, without compromising the natural qualities. At the current rates of lodging in Iceland, this potential represents an annual economy of several million Euros, without the irreversible damage to the nature which exploitation of the river for power inevitably causes“

Rétt er að geta þess að próf. Skodvin hefur tekið þátt í hönnun og uppbyggingu nokkurra þekktra ferðamannastaða í Noregi og er virtur fyrir störf sín á þessu sviði. Mat hans er að unnt sé að byggja upp náttúrutengda ferðaþjónustu á svæðinu kringum Svartá sem gæti skilað nokkrum milljónum Evra á ári. Fyrirhuguð virkjun stefnir öllum slíkum möguleikum í uppnám.

Enn fremur er vísað hér í greinagerð Viðars Hreinssonar um uppbyggingu menningartengdrar starfsemi í Svartáarkoti, sem verður í uppnámi ef af virkjun verður, Sjá meðfylgjandi fylgiskjal 3 frá Viðari.

Frummatsskýrslan gerir grein fyrir fjölmörgum atriðum sem gera Suður-Þingeyjarsýslu áhugavert svæði fyrir ferðamenn og þar er bent á nokkra möguleika í ferðaþjónustu. Skýrslan dregur heldur ekki fjöður yfir þau neikvæðu áhrif sem virkjunin mun hafa á ferðamenn (sjá bls. 116 og 117). En svo telur skýrslan mótvægisáðgerðir í kafla 5.4.12.4 sem eiga að slá á þessi neikvæðu áhrif á ferðaþjónustuna, og gera virkjunina ásættanlega fyrir ferðamenn. Þar er talað um fiskveginn framhjá inntaksstíflunni og tryggingu fyrir lágmarksrennsli. Með þeim er „reynt að“ draga úr áhrifum rennslisskerðingar. Hér að framan hefur verið sýnt fram á að hvort tveggja er draumsýn sem engar líkur eru á að standist. Sömuleiðis er talað um „mótvægisáðgerðir“ sem lúta að hönnun mannvirkja þannig að þau skeri sig ekki of mikið úr í landinu. Gildi þessara „mótvægisáðgerða“ vegna ferðamennsku er stórlega ofmetið.

Heildarniðurstöðu um áhrif á útivist og ferðamennsku orðar frummatsskýrslan svo í niðurlagi þessa kafla: „Áhrif Svartárvirkjunar á þessa ólíka hópa ferðamanna geta verði frá því að vera **óveruleg** og allt að **talsvert neikvæð**.“ Í þessum niðurlagsorðum er algerlega sneitt hjá því að meta heildaráhrif á

uppbyggingu greinarinnar í samfélaginu. **Hér hefur verið bent á (og vísað í rökstuðning) að með virkjunarframkvæmdum sé verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni, hagsmunum heildarinnar fyrir hagsmuni örfárra einstaklinga. Framkvæmdin er því óásættanleg.**

Kafli 5.4.13. Veiði

Kaflar 5.4.13.1-4

Fullyrðingar eins og „mun skerðing rennslis neðan stíflunnar ekki hafa bein áhrif á veiðistaði á efra svæðinu“ og „Veiðistaðir og veiðimöguleikar á efra veiðisvæðinu eru taldir skerðast lítið með tilkomu virkjunarinnar“ eru órökstuddar fullyrðingar. Ekki hafa farið fram neinar rannsóknir á fiskgengd á milli svæða frá Ullarfossi að ármótum við Skjálfandafljót né yfirhöfuð í Svartá og á meðan svo er, ríkir óvissa um þennan þátt í hegðun fiska í Svartá allri, sbr. Minnisblað Hafrannsóknarstofnunarinnar dags 10.10.2016 „**Engar upplýsingar liggja fyrir um að fiskar ofan eða neðan væntanlegrar inntaksstíflu séu staðbundnir á þeim svæðum**“.

Ljóst er af minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar dags: 10.10.2016 að veiðistaðir frá stíflu að útfalli stöðvarhúss munu hverfa eða færast til. Þar með hverfur einnig allt Hólmasvæðið sem veiðisvæði. Fæðuframboð árinna neðan inntaksstíflu minnkar sem hefur bein áhrif á fiskframleiðslu árinna allt til ósa við Skjálfandafljót. Veiðistaðir neðan útfalls stöðvarhúss að ármótum við Skjálfandafljót munu því einnig verða fyrir skaða. **Í matsskýrslu þarf með ábyggilegum hætti að meta það tjón sem veiðistaðir 10, 11, 12, 13 og 14 verða fyrir** (sjá 2. mynd í fyrrnefndu minnisblaði).

Boðin eru veiðileyfi alls fyrir 9 til 11 veiðimenn á dag í ánni í þrjú mánuði á ári. Svo virðist sem tekjur af þessum veiðimönnum séu vanmetnar, þótt vitað sé að þjónusta við erlenda veiðimenn á Kiðagili hefur staðið undir rekstri Kiðagils fyrri hluta sumars þegar fátt er um aðra ferðamenn.

Stjórn VSS telur allar líkur benda til þess sala stangveiðileyfa á svæðinu neðan stíflu muni leggjast af. Um er að ræða báðar stangir Bjarnastaða og líklega tvær af fjórum stöngum sem tilheyra Víðikeri. Þeir fáu veiðistaðir sem eru neðan stöðvarhúss munu ekki verða jafn gjöfulir og áður og nálægð við stöðvarhúsið mun ekki freista þeirra veiðimanna sem nú leggja leið sína á þessar slóðir.

Kafli 5.4.13.5 Niðurstaða

Allir veiðistaðir Svartár neðan stíflu að ármótum við Skjálfandafljót verða fyrir verulega miklum óafturkræfum áhrifum vegna skerts rennslis og samdráttar í fæðuframboði. Sjá nánar kafla **4.3**.

Með virkjuninni raskast náttúrulegt umhverfi fiska í Svartá neðan Ullarfoss. Líklegt er að röskun komi einnig fram í stangveiðinni og þá í formi samdráttar á fjölda veiddra fiska og samdrætti í sölu veiðileyfa. Röskunin mun ná til allra veiðisvæða og allra veiðistaða á því svæði, mismikið þó eins og komið hefur fram í umfjöllun um veiðistaði. Ekki eru þekktar neinar aðferðir til að spá fyrir um magn slíks samdráttar og verður ekki gerð tilraun til þess hér. Auk þess er líklegt að ímynd árinna til iðkunar stangveiði breytist eftir virkjun sem gæti haft neikvæð áhrif á sölu veiðileyfa, **ósnortið verður snortið**.

Kafli 5.4.14 Vernd

Framkvæmdir við fyrirhugaða virkjun fara yfir tvö svæði sem njóta verndar.

Í fyrsta lagi: Ef leið 1 fyrir jarðstreng er valin þarf í matsskýrslu að gera nákvæma grein fyrir því hvernig framkvæmdaraðili hyggst koma jarðstreng inn á friðlýst svæði Laxá í Laxárdal til þverunar árinna. Laxá og 200m frá bakka njóta sérstakrar friðunar tryggða með lögum. Gera þarf grein fyrir því leyfi.

Í öðru lagi: Á leið þrýstipípu á austurbakka Svartár verður raskað votlendi sem nýtur sérstakrar verndar í náttúruverndarlögum. Gera þarf í matsskýrslu grein fyrir leyfi viðkomandi aðila fyrir röskun votlendisins.

Í þriðja lagi er minnt á að skráningu fornminja er ábótavant, bæði við Svartá og á strengleið og leyfi Minjarverndar þarf til að raska fornminjum.

Kafli 5.5 Vöktun og eftirlit

Fram kemur í frummatsskýrslu að „*ekki er gert ráð fyrir að starfsmaður verði að staðaldri á staðnum*“ við rekstur virkjunarinnar. Í Matsskýrslu verður að gera grein fyrir hvernig farið verður með niðurstöður vöktunar. Hver verða til dæmis viðbrögðin ef kemur í ljós að fiskar ganga ekki um fiskveginn? Eða ef þeir ganga bara aðra „áttina“? Gera þarf grein fyrir til hvaða ráðstafana verður gripið ef til dæmis kemur í ljós að áföll verða í fuglastofnum á ánni. Einnig hvort vöktunin feli í sér einhverjar tryggingu fyrir aðgerðum. Verður t.d. dregið úr orkuframleiðslu ef rennsli minnkar eða ef í ljós kemur að áhrif virkjunar eru önnur og meiri en gert er ráð fyrir. **Í matsskýrslu þarf að skilgreina öryggismörk í slíkum tilvikum, bæði varðandi fugl og fisk.**

Kafli 7 Niðurstaða og heildaráhrif

Að gefnum forsendum í frummatsskýrslu, óvissuþáttum hennar og rannsóknum sérfræðinga í viðaukum 1-9 á umhverfisþáttum framkvæmdanna telur stjórn VSS að bein og óbein áhrif á umhverfi og náttúru, sjónræn og samfélagsleg áhrif séu **verulega neikvæð og óafturkræf, og því framkvæmdin algerlega óásættanleg.**

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Akureyri 23 október 2017

Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu: Svartárvirkjun, allt að 9.8 MW

Vísað er til auglýsingar Skipulagsstofnunar, dagsett 7.9.2017, um kynningu á frummatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar þar sem fram kemur að athugasemdafrestur sé til 23. október 2017.

Almennt

Gerð er athugasemd við það að á forsiðu frummatsskýrslu og í auglýsingu kemur ekki fram hvar umrædd virkjun er fyrirhuguð, það er í Svartá í Bárðardal í Þingeyjarsveit. Þetta gæti valdið ruglingi í framtíðinni ef áformaðar verða virkjanir í fleiri ám með sama nafni.

Í frummatsskýrslunni er mjög oft notað orðalagið „gert er ráð fyrir“ eða „fyrirhugað er“ þegar rætt er um ýmsa framkvæmdaþætti. Til þess að ljóst sé í raun í hverju framkvæmdin felst, hvernig verður staðið að henni og metin umhverfisáhrif af því verður að líta svo á að tilvísað orðalag, gert er ráð fyrir og fyrirhugað er, merki að það sem um er rætt verði í öllum tilvikum framkvæmt og á þann hátt sem lýst er. Að öðrum kosti er óhjákvæmilegt annað en telja að frummatsskýrslan sé ófullnægjandi, hlaðin óvissu og standist ekki þær kröfur sem gerðar voru í matsáætlun og ákvörðun Skipulagsstofnunar um hana.

Í inngangi skýrslunnar vantar yfirlit yfir aðrar virkjanir fyrirtækisins og staðfestingu á því hvernig fyrirtækið hefur staðið við skilyrði í framkvæmda/rekstrarleyfum svo sem um að tryggja lágmarksrennsli neðan inntaksmannvirkja.

Kafli 1.1 Markmið verkefnis

Í kaflanum segir um markmið SSB Orku með virkjuninni; „... að auka eigin orkuvinnslu á hagkvæman og umhverfisbænan máta, hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið og landshlutann með auknum umsvifum, sérstaklega á meðan framkvæmdum stendur. Virkjunin mun auk þess auka tekjur sveitafélagsins með beinum hætti.“

Í inngangi skýrsluna vantar rökstuðning SSB Orku fyrir því hvernig fyrirtækið kemst að þeirri niðurstöðu að virkjun Svartár sé umhverfisvæn orkuvinnsla í ljósi allra þeirra neikvæðu umhverfisáhrifa sem virkjunin mun hafa, sbr. töflu 7.1 í skýrslunni. Það er með öllu óskiljanlegt að eftir að eigendur SSB Orku fengu frummatsskýrsluna frá ráðgjöfum sínum hafi þeir ekki þegar í stað lýst því yfir að þeir hafi hætt við framkvæmdina þar sem fram hafi komið í matsferlinu að virkjun Svartár verði ekki gerð á umhverfisvænan máta sem hafi verið markmið SSB orku.

Engin tilraun er gerð til að sýna tölulega fram á í hverju hin jákvæðu samfélagsáhrif kunna að verða eða umfang þeirra eða ræða um hver tekjuaukning sveitarfélagsins kann að verða og þá hverju hún kann að breita í rekstri þess. Engar upplýsingar eru um þau störf sem heimamenn hyggjast taka að sér á framkvæmdatíma, umfang þeirra og upphæð áætlaðrar tekna sveitarsjóð og eftir hvaða leiðum þær tekjur eiga að koma.

Umtalaður ávinningur verður því samkvæmt framlögðum gögnum enginn eða að teljast í besta falli mjög óviss og léttvægur og því ekki hægt að telja til jákvæðra áhrifa við mat á áhrifum á nærsamfélagið.

Ennfremur vísast til dóms Hæstaréttar nr. 671/2008 þar sem fram kemur m.a.:

„Þótt atriði sem þessi hafi vissulega með ýmsu móti áhrif á aðstæður manna, samfélag þeirra, heilbrigði og atvinnu, geta þau af þessum sökum ekki talist til umhverfisáhrifa í skilningi laga nr. 106/2000, enda ljóst af fyrrgreindum tilgangi laganna að þeim er einungis ætlað að taka til mats á afleiðingum framkvæmdar fyrir umhverfið en ekki á kostum hennar sjálfrar og göllum. Verður þannig að líta svo á að þótt framkvæmd hafi í för með sér ávinning breyti það ekki umhverfisáhrifunum. Væri tekið tillit til umferðaröryggis nýja vegarins væri því tekið tillit til þáttar sem í raun er ávinningur af framkvæmdinni en umhverfisáhrifin yrðu áfram óbreytt. Að þessu virtu verður að fallast á með stefndu að umhverfisráðherra hafi að lögum verið óheimilt í úrskurði sínum 5. janúar 2007 um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs vegar áfrýjanda að taka tillit til umferðaröryggis.“

Í dómnum kemur ótvírætt fram að þó framkvæmd hafi í för með sér ávinning og þá í tilviki Svartárvirkjunar greiðslur til sveitarfélagsins, þá verða umhverfisáhrifin óbreytt. Óheimilt er því að telja hugsanlegan ávinning samfélagsins vega upp á móti umhverfisáhrifum.

Kafli 1.3.2 Frávik frá matsáætlun

Kafllinn fjallar í raun minnst um frávik frá matsáætlun heldur um tillögu að nýrri lagnaleið samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun sem er hluti endanlegrar matsáætlunar. Umfjöllunin er því í samræmi við matsáætlun.

Gera þarf nánari grein fyrir þeirri tilhögun að tengja jarðstreng við byggðalínu í Bárðardal og hvað það merkir að „*Landsnet hefur opnað á þann möguleika að tengja virkjunina inn á byggðalínuna í Bárðardal þegar Hólasandslína 3 verður komin í rekstur.*„

Koma þarf fram að fyrir liggja samþykki allra landeigenda sem framkvæmdin varðar og Vegagerðarinnar. Þá þarf að gera grein fyrir hver kostnaður af tengivirki verður og staðfesta að hann verði greiddur af SSB Orku en ekki almannafé í gegnum Landsnet. Gera þarf nána grein fyrir tímasetningum er varða byggingu og tengingu Hólasandslínu 3 en fram kemur án tilvísunar í heimild að „*áætlað er að framkvæmdir við hana hefjist árið 2019 sem er forsenda hugsanlegrar tengingar virkjunarinnar og byggðalínu.*“ Greina þarf frá hver raunveruleg tímaplön Landsnets varðandi byggingu Hólasandslínu 3 og hvort verið er að skoða að fara aðra leið t.d. um Ljosavatnsskarð sé til skoðunar.

Að örðum kosti verður að telja þennan framkvæmdakost óraunverulegan og því ber að taka umfjöllun um hann út úr skýrslunni.

Kafli 3.2.2 Veiðinýting

Í minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar segir á bls 12 „*Ef markmiðið er að viðhalda fiskgengi eftir framkvæmdir gæti þurft að framkvæma lagfæringar í hallanum neðan ármóta Grjótár, allt er þó óljóst um hvernig fiskgengi verður háttað við skert rennsli þar.*“

Í frummatsskýrslu er ekki gerð grein með fullnægjandi hætti fyrir hvernig tryggja skuli fiskgengd í miklum botnshalla árinna með skert rennsli, frá stíflu niður að svokallaðri Glæfru neðst í Svartárgili rétt ofan Hólmasvæðis Svartár. Alls er um að ræða rúmlega 3 km langan kafla Svartár og fall árinna sem nemur um 60 m á þeirri leið.

Gera þarf grein fyrir veiðihlunnindum landeigenda Svartár og hvað mun tapast við það að virkjun í ánni mun skerða veiðimöguleika í ánni.

Kafli 3.3.1 Landsskipulagsstefna

Umræða er um að stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs og þjóðgarð á miðháldendi landsins. Suðurá og Svartá eru á norðurjaðri þessa svæði og ekki er ólíklegt að þjóðgarðsmörk verði færð að ánum og því vanhugsað að reisa virkjun í Svartá.

Kafli 3.3.3 Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 segir í kafla 4.1 Framtíðarsýn og meginmarkmið: „*Huga skal að nýtingu gufu- og vatnsafls til raforkuframleiðslu í sem mestri sátt við náttúru og samfélag.* (leturbr. ÞFP)“ Einnig segir þar: „*Það er stefna sveitarfélagsins að nýta vatnsafl í sveitarfélaginu enda sé það til hagsbóta fyrir íbúa þess og í samræmi við sjálfbæra þróun* (leturbr. ÞFP). Þingeyjarsveit telur eftirsóknarvert að kanna frekar framtíðarmöguleika á og kosti þess að byggja fleiri virkjanir til einkanota sem og orkusölu á frjálsum raforkumarkaði, en sveitarfélagið er á móti hugmyndum um að **virka Skjálfandafliót.** (leturbr. ÞFP)“.

Gera verður athugasemd við það að í frummatsskýrslu er ekki vísað orðrétt í framangreindan texta aðalskipulagsins heldur einungis sagt „*að það sé stefna sveitarfélagsins að nýta vatnsafl enda sé það til hagsbóta fyrir íbúa þess og í samræmi við sjálfbæra þróun.*“

Líta verður svo á að orðalag aðalskipulags, „*huga skal að*“ merki að það komi til greina við nánari skoðun að nýta gufu og vatnsafl til raforkuframleiðslu en það sé skilyrði að það verði gert í „*sem mestri sátt við náttúru og samfélag*“, sbr. að það á að vera „*til hagsbóta fyrir íbúa þess og í samræmi við sjálfbæra þróun*“.

Til þess að komast að þeirri niðurstöðu að umrædd virkjun í Svartá sé í sem mestri sátt við náttúru hlýtur að hafa farið fram könnun á virkjunarkostum í sveitarfélaginu og áhrifum þeirra á náttúru og samanburður að hafa leitt í ljós að aðrir kostir voru í minni sátt við náttúruna. Gera þarf grein fyrir slíkri könnun og niðurstöðum hennar.

Gera verður þá kröfu til framkvæmdaraðila að hann rökstyðji á hvern hátt hann telur framkvæmdina uppfylla skilyrði aðalskipulags um sátt við náttúru og vera í samræmi við sjálfbæra þróun.

Bent er á að um er að ræða lindá sem samkvæmt frummatsskýrslunni hefur þriðju hæstu framleiðni lindáa landsins á hverja flatareiningu og framkvæmdin mun a.m.k. skerða framleiðsluna um 11 % en hugsanlega mun meir vegna ýmissa óvissupátta í matinu eða sem ekki hefur verið tekið tillit til í mati á áhrifum framkvæmdarinnar.

Í frummatsskýrsluna vantar rökstuðning sveitarfélagsins fyrir því að framkvæmdin samræmist stefnu þess í aðalskipulagi.

Í fyrsta lagi um að framkvæmdinni beri að vera í „*sem mestri sátt við náttúru og samfélag*“.

Í öðru lagi að það samræmist sjálfbærri þróun að valda verulegum breytingum á einni af örfáum nánast ósnortnum lindám á hraunasvæðum landsins.

Í þessu sambandi er minnt á það sem kemur fram í athugasemd við kafla 1.1. hér að framan þar sem vísað er til dóms hæstaréttar um jákvæð áhrif á samfélag er ekki hægt að vega upp á móti umhverfisáhrifum sem verða eftir sem áður hin sömu.

Kafli 3.4 Rammaáætlun

Í kaflanum kemur fram að ef lokaskýrsla verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar, frá því í ágúst 2016, verði samþykkt á Alþingi falli farvegur Suðurár og Svartár, eftir að þær sameinast, undir verndarflokk og þar af leiðandi yrði ekkert af fyrirhugaðri virkjun í Svartá.

Í ljósi framangreinds verður að gera þá kröfu að framkvæmdaraðili rökstyðji á hvaða forsendum hann kemst að niðurstöðu sem réttlæti virkjun Svartár þvert á niðurstöðu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar.

Í 3. lið athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun, dags. 6. sept 2016, segir:

„Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig áform um Svartárvirkjun falla að flokkun Skjálfandafljóts, Fljótshnúskvirkjunar og Hrafnabjargavirkjunar samkvæmt gildandi rammaáætlun og fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að endurskoðaðri rammaáætlun og hvaða mótvægisáðgerða fyrirhugað er að grípa til við hönnun og útfærslu virkjunarinnar vegna þessa.“

Í frummatsskýrslunni verður ekki séð að þetta ákvæði sé uppfyllt það er gerð grein fyrir „hvaða mótvægisáðgerða fyrirhugað er að grípa til við hönnun og útfærslu virkjunarinnar vegna“ flokkunar „Skjálfandafljóts, Fljótshnúskvirkjunar og Hrafnabjargavirkjunar samkvæmt gildandi rammaáætlun og fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að endurskoðaðri rammaáætlun.“

Af þessum sökum verður að telja að framkvæmdin sé í andstöðu við gildandi rammaáætlun og fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu og **því óásættanleg.**

Kafli 4.15 Núll kostur

Samkvæmt 2. lið athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun, dags. 6. sept 2016, ber að leggja mat á núllkost m.t.t. árhifa á nærsamfélag auk annarra umhverfisáþátta sem matið tekur til. Í **kaflanum fer slíkt mat ekki fram.**

Í kafla 5.4.11.3 eru eingöngu fullyrðingar svo sem „Þessi tímabundnu störf, einkum í byggingariðnaði og jarðvinnu, munu hafa áhrif á íbúafjöldann til skamms tíma og auka umsvif í þjónustu og verslun í nærsamfélaginu. Þá hækkar atvinnustig vegna þessara starfa og mögulega afleiddra starfa.“...“ Aukin umsvif vegna framkvæmda munu leiða til hærri atvinnutekna, aukinnar atvinnusköpunar og hærri tekna fyrir sveitarfélögin.“

Enginn tölfræðilegur eða annar rökstuðningur er fyrir framangreindum fullyrðingum sem verður að teljast óásættanlegt ef líta á þetta sem jákvæð áhrif framkvæmdarinnar.

Áhrif framkvæmdarinnar á rekstrartíma verða óveruleg, eins og segir í kafla 5.4.11.3, raforka fer inn á dreifikerfi og er því ekki beint hægt að tala um að hún geti farið til notenda á nærsvæði. Það sem fram kemur í skýrslunni um hugsanleg jákvæð áhrif „tengdra framkvæmda“ á ekki við eins og gerð er grein fyrir í athugasemd við kafla 4.16.

Kafli 4.16 Tengdar framkvæmdir

Það sem hér er um rætt eru atriði sem eru óháð framkvæmdinni og á engan hátt tengd henni eða sýnt fram á að þeirra sé þörf vegna framkvæmdarinnar. Um er að ræða óljósar hugmyndir um góðverk sem

gætu nýst einhverjum, ekki ljóst hverjum og engin trygging er fyrir að af verði. Slík framsetning óskildra aðgerða á ekki heima í frummatsskýrslu og ber því að taka út.

Kafli 4.2 Yfirlit

Í töflu 4.1 vantar upplýsingar um hvernig uppsett afl virkjunarinnar (9,8 MW) er reiknað. Í töflunni eru ekki upplýsingar um við hvaða rennsli er miðað en það er eitt lyklatríða við að reikna út afköst virkjunar eins og segir í riti iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, Litlar vatnsaflsvirkjanir, útgefið 2010 en þar segir m.a.:

„Ef uppsett afl rennslisvirkjunar miðast við lágmarksrennsli árinna getur orkuframleiðslan verið stöðug, en ef uppsett afl er haft meira en lágmarksstreymið þá verða afköst virkjunarinnar háð rennslinu. Í því tilviki er orkuframleiðsla yfir ákveðnu lágmarki háð rennslinu og því ótrygg. Slík orka er kölluð ótryggð orka og fyrir hana fæst lágt verð og í sumum tilvikum er hún verðlaus.“

Í tilfalli Svartárvirkjunar er stefnt að því að neðan inntaksstílfu verði um 3 m³/s en þá er jafnframt ljóst að í aðrennslispípu fara ekki 20 m³/s nema hlut ársins.

Í riti iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins segir einnig: *„Til að meta hvaða rennsli skal nota sem hönnunarrennsli virkjunar er nauðsynlegt að gera langæislinu. Rennslið er ráðandi um val á stærð og gerð hverfils og vatnsvega, ásamt tengingarmöguleikum við dreifikerfið. Langæislinan er jafnframt notuð til að meta hversu mikla orku hægt er að framleiða yfir árið.“*

Gera verður þá kröfu að í matsskýrslu verði birtir útreikningur vatnsaflsins þar sem koma fram allir stuðlar formúlunnar sem notuð er. Sýna verður einnig fram á hvernig orkugeta 78,6 GWh/ári er reiknuð út og framleiðsla innan árs, mánuð fyrir mánuð.

Kafli 4.6 Stöðvarhús og frárennsli

Í frummatsskýrslu eru mjög takmarkaðar upplýsingar um frárennsliskurð frá stöðvarhúsi aðrar en lengd (150 m) og að hann verði grafinn og sprengdur í klöpp. Sýna þarf fram á að hann flytji tilætlað vatnsmagn, gera grein fyrir magni efnis sem úr honum muni koma og hvar og hvernig á að haugsetja það.

Kafli 5.3.1.3 Skurðir og lón

Í kaflanum kemur fram að lagning aðrennslispípu geti haft áhrif á mennignarminjar og votlendi.

Í þessu sambandi verður að vísa til umfjöllunar um framkvæmdina í kafla 4.4, um lagningu aðrennslispípu. Í þessum kafla gætir **mikillar ónákvæmni og þar með óvissu um umhverfisáhrif** af lagningu aðrennslispípu. Sem dæmi segir að pípan muni fylgja „landhæð eins og kostur er“, „landyfirborð eftir framkvæmdir verði sem næst óhreyfðu yfirborði“ og „Gert er ráð fyrir að raskað svæði á yfirborði í línu aðrennslispípu verði á bilinu 15-40 m að breidd, háð gerð jarðlaga og dýpi á hverjum stað.“

Sýna þarf á loftmyndakort langsnið af fyrrihugaðri legu pípunnar og dýpt og breidd skurðarins á sambærilegan hátt og gert er við mat á umhverfisáhrifum í vegagerð, þar sem sýnd er lega vegar, fyllingar og skeringar. Mælikvarði loftmyndakorts verði 1:5000. Út frá slíku korti og jarðvegsrannsóknnum verði gerð ítarleg grein fyrir magni og gerð efnis sem úr skurðinum mun koma og í framhaldi af því möguleikum á nýtingu þess.

Fram kemur að aðrennslispípan verði 3 m í þvermál eða um 7 m² og því ljóst að úr skurðinum verður að fjarlægja að lágmarki 7 m³ á hvern lengdarmeter eða yfir 21.000 m³ vegna rýmisins sem pípan tekur. Það kemur hins vegar fram að gert er rá fyrir að raskað svæði verði miklu breiðara en ekki ljóst hve mikið magn komi úr skurðinu í það heila. Hvorki liggur fyrir áætlun um dýpi né breidd skurðarins sem verður trúlega að

vera að lágmarki 2 m breiðari en pípan, vegna vinnu við samsetningu pípunnar. Gerð jarðlaga, stæðni, mun einnig hafa áhrif á breidd skurðarins og lanslag valda því að hann verði á köflum mun meira en 3 m djúpur. Magn af sprengdu grjóti sem þarf að haugsetja kann að verða töluvert. Ekki kemur heldur fram hve þykkt lag af sandi verður að vera undir trefjaplástrípunni eða til hliðar og yfir til að verja hana hnjaski en það hefur einnig áhrif á magn efnis úr skurðinum sem þarf að haugsetja.

Það verður því í ljósi óvissunnar að gera ráð fyrir að það kunni að þurfa að haugsetja 100.000-200.000 m³ og samkvæmt frummatsskýrslunni á að tryggja að landyfirborð verði sem næst óhreyfðu landslagi að framkvæmd lokinni.

Gera þarf því kröfu um að mun nánari grein verði gerð fyrir haugsetningu efnis, gerð þess, magni og áhrifum á umhverfið, landslag sem og gróður.

Nauðsynlegt er að gerð verði sérstök grein fyrir dýpi hallamýrarinnar og hvernig á að standa að greftri meira en þriggja m djúps skurðar þar t.d. með tilliti til förgunar á uppröfnu efni, en flytja verður hluta þess á brott. Ljóst er að leggja verður veg sem þolir þungaflutninga yfir mýrina og þarf að meta áhrif hans á vatnbúskap í mýrinni á meðan á framkvæmdum stendur og að þeim loknum. Meta þarf hættu á að skurðbakkar hlaupi fram í skurðinn vegna vatnsaga. Meta þarf hugsanleg áhrif af vatni sem safnast úr mýrinni á framkvæmdartíma og kann að þurfa að veita eftir skurðinum eða dæla úr honum en hvoru tveggja kann að hafa í för með sér jarðvegsrof sem kann að valda gruggi út í Svartá með ófyrirséðum afleiðingum.

Gera þarf grein fyrir hugsanlegum áhrifum skurðarins á framkvæmdatíma og að framkvæmd lokinni, á vatnsbúskap í mýrinni.

Birta þarf ljósmyndir af völdum stöðum á skurðleiðinni, t.d. þar sem gera má ráð fyrir mestri breidd raskaðs svæðis og teikna fyrirhugaða röskun inn á myndirnar svo hugsanleg áhrif á gróðurlendi og ásýnd verði skýrari.

Gera verður grein fyrir umhverfisáhrifum haugsetningar efnis í viðeigandi köflum skýrslunnar.

Vegna vöntunar á upplýsingum um framkvæmd við lagningu aðrennslispípu og mats á umhverfisáhrifum af þeim framkvæmdaþætti verður að telja að lagning aðrennslispípunnar kunni að **hafa í för með sér verulega neikvæð umhverfisáhrif. Náttúran ber að njóta vafans og framkvæmdin telst óásættanleg.**

Kafli 5.3.1.4 Aðkomuvegir

Gerð er athugasemd við ónákvæma í lýsingu á vinnuvegi meðfram aðrennslispípu. Gera þarf nána grein fyrir umfangi þessa vegar og efni sem í hann þarf að fara svo og áhrifum af því að jafna hann út í lok framkvæmdar, t.d. á aðliggjandi gróðurlendi. Bent er á að yfir mýrlendi þarf að byggja upp vinnuveg fyrir þungaumferð vegna flutninga á efni er þarf undir, meðfram og yfir pípunna. Þyngstu farartækin er þurfa að fara um veginn verða trúlega bílarnir sem flytja efni í hann (20-40 tonn), þarf hann því að vera úr efni með góðan burð. Vegurinn mun síga talsvert niður í votlendið og þarf að gera ítarlega grein fyrir umhverfisáhrifum þess að jafna hann þar út í verklok eða áhrifum þess að hann verði látinn vera og þá áhrifum á vatnsbúskap og vistkerfi votlendisins ofan og neðan vegarins. Vegna óvissu um þessa framkvæmd eins og henni er lýst verður að telja umhverfisáhrif hennar **verulega neikvæð og framkvæmdin því óásættanleg.**

Kafli 5.3.1.5 Efnistaka og haugsetning

Í kaflanum segir: *“Gert er ráð fyrir að steypa verði flutt frá Akureyri.”*

Ef svo kann að fara að steypa verði ekki flutt frá Akureyi þarf að gera grein fyrir magni af steypu sem þarf til framkvæmdarinnar, mól og sandi í hana, úr hvaða námum það efni kæmi, samræmi námanna við skipulag og umhverfisáhrifum efnistökkunnar ef þau hafa ekki þegar verið metin skv. lögum.

Gera þarf ítarlega grein fyrir efnismagni og gerð efnisins sem koma muni úr skurði aðrennslispípu og fráveitu. Gera þarf ítarlega grein fyrir hugsanlegri haugsetningu á afgangsjaðefnum, magni og gerð þeirra. Ennfremur svæðum þar sem fyrirhugað er að haugsetja efnið, samræmi við skipulag og umhverfisáhrifum haugsetningarinnar.

Gera þarf ítarlega grein fyrir rannsóknum á hugsanlegri sandnámu, efnisgerð, efnismagni og áhrifum efnistökkunnar á jarðveg, gróður og menningarmínjar.

Gera þarf grein fyrir öllum efnisnámu, telja þær upp, lýsa staðsetningum, aðkomuvegum, samræmi við aðalskipulag. Koma þarf fram hvað segir í aðalskipulagi um efnismagn sem má taka og niðurstöður mats á umhverfisáhrifum efnistökkunnar ef það hefur farið fram, að örðum kosti verður að meta umhverfisáhrif.

Varðandi haugsetningu er vísað til athugasemdar við kafla 5.3.1.3.

Kafli 5.4.1 Jarðmínjar.

Fram kemur í kafla 5.4.1.1 að gerðar hafi verið Cobra-boranir í tengslum við hönnun mannvirkja.

Gera þarf grein fyrir niðurstöðum Cobra borunar og ályktunum sem dregnar eru af niðurstöðum boran um gerð og þykkt lausra jarðlag. Sýna þarf staðsetningu borhola á lofmyndakort og dýpi hverrar borholu.

Af umræddri lýsingu er ljóst að mjög takmörkuð vitneskja er um jarðlög á fyrirhugaðri pípuleið og þar með um umhverfisáhrif af lagningu 3 km langrar pípu.

Fram kemur að ein könnunarhola hafi verið grafin á svæði vegna hugsanlegs sandnáms við pípustæðið.

Miklu ítarlegri athugun þarf að fara fram ef opna á nýja sandnámu eins og gefið er í skyn að kunni að verða gert. Slík athugun þarf að leiða í ljós hvert er líklegt umfang sandmyndunarinnar, m² og m³, þykkt og gerð jarðvegs ofan á sandinum, hvað á að gera við ofanafýtingarefni á meðan á vinnslu stendur, hvert kann að verða heildarflatarmál raskaðs svæðis og hvernig á að ganga frá því að vinnslu lokinni.

Kafli 5.4.2 Vatnafar (og 2.2)

Í kafla 2.2 er ekki fjallað um lindár á Íslandi og hvað þær eru í raun sérstæð fyrirbrigði á lands og heimsvísu og þá ekki aðeins með tilliti til lífríkis sem er sérstaklega auðugt í lindám sem eiga upptök, a.m.k. að hlúa til, í stöðuvötnum. Þessar ár eru í raun örfáar á hraunasvæðum á norðausturlandi og suðurlandi og mikill ábyrgðahluti að spilla þeim með mannvirkjagerð eins og fyrirhugað er í Svartá. Gera verður kröfu um að framkvæmdaraðili listi upp hliðstæðar lindár á landinu, afli upplýsinga um gildi þeirra sem náttúruyfyrirbæra og sýni fram á að réttlæt看legt sé að valda verulegum spjöllum á Svartá sem einni þessara örfáu sérstæðu áa.

Fram kemur í kafla 5.4.2 m.a. að: „*Reiknað meðalgildi úr rennslisröðum með klukkustundarupplausn fyrir tímabilið september 2005 til október 2013 er 21,8 m³ /s en þetta eru gögn sem hreinsuð hafa verið af istrufunum.*“ ... „*að um 80% gilda raðarinnar eru stærri en 20 m³ /s.*“

Mjög misvísandi upplýsingar koma fram í frummatsskýrslu umhvert reiknað meðalrennslis Svartár er. Meðalrennslis vatnsmælingarmælis V324 gefur til kynna 19,9m³/s rennslis, en vatnsmælir 116, 21,8 m³/s meðalrennslis (Frummatsskýrsla kafla; 5.4.2.1).

Af mynd 5.3 má ráða að rennsli árinna hafi verið töluvert **undir 20 m³/s í sumum mánuðum** á tímabilinu desember til apríl og eitt sumarið sveiflast það lítillega í kringum 20 m³/s.

Fram kemur að „Í núverandi tilhögun hönnunar virkjunar er gert ráð fyrir að nýta um 20 m³/s til virkjunar en samkvæmt langæi á Mynd 5.4 var meðalrennsli klukkustundar meira í 78% tilvika á tímabilinu september 2005 til október 2013 og meira en 0,5 m³/s umfram það í 70% tilvika.“

Í umfjöllun frummatsskýrslu (kafla 5.4.1.) um lágmarksrennsli neðan stíflu kemur fram að „Gert er ráð fyrir að tryggja um 15% af meðalrennsli, eða um 3 m³/s, að lágmarki fari framhjá stíflunni til að farvegurinn neðan hennar og niður að ármótum við Grjótá þorni ekki og til að viðhalda ákveðnu rennsli á virkjuðum kafla árinna“. Þessar upplýsingar eru í ósamræmi við upplýsingar í Minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar dags. 10.10.2016 þar sem segir; „Núverandi virkjunartilhögun gerir ráð fyrir að virkjað rennsli verði 20 m³/s og tillaga virkjunaraðila að lágmarksrennsli framhjá inntaksstíflu verði 5 – 10% af meðalrennsli (21,8 m³/s fyrir árin 2005 – 2013)“. Slíkt ósamræmi það er 15% af rennsli eða 5-10% er ekki ásættanlegt fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og benda verður á að 5% af 21,8 m³/s er aðeins 1,9 m³/s eða aðeins 1/3 af því sem sagt er að verði lágmarksrennsli.

Ganga verður út frá því að orðalagið „Gert er ráð fyrir“ að gera þetta og hitt merki að það sem um er rætt verði framkvæmt á þann hátt sem skrifað er, en þetta orðalag er notað mjög víða í skýrslunni. Í ljósi þessa verður að telja ljóst að virkjunin muni nýta 20 m³/s, sbr. að núverandi hönnun hennar gerir ráð fyrir því. Jafnframt er ljóst af framangreindum tilvitnunum í frummatsskýrsluna að framhjá stíflunni muni fara að lágmarki 3 m³/s. Til þess að þetta hvorutveggja gangi upp, nýting á 20 m³/s og framhjárennsli 3 m³/s, þarf alla daga ársins að vera meira en 23 m³/s rennsli í ánni en samkvæmt því sem fram kemur í frummatsskýrslunni var aðeins um 80% rennsli á tímavilinu september 2005 til október 2013 yfir 20 m³/s.

Það verður að telja að engar líkur séu á því að dregið verði úr orkuframleiðslunni á veturna til að tryggja 3 m³/s rennsli neðan stíflunnar því þá er eftirspurn eftir raforkunni mest.

Fram kemur að um það bil 0,5 km neðan fyrirhugaðara stíflu bætist Grjótá við vatnsrennsli á virkjuðu svæði Svartár. Samkvæmt kafla 4.3 er vatnsmagn Grjótár óljóst eða sagt „um eða yfir 1m³/s“ og í minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar, bls. 6, er það áætlað 1-1,3m³/s. Ekki er vísað í neinar rennismælingar óháðs aðila eins og Veðurstofnunar um vatnsmagn Grjótár og því er um ágiskanir að ræða.

Gera verður þá kröfu að byggt sé á marktækum mælingum á rennsli í ljósi þeirra mikilvægu hagsmuna vistkerfisins sem eru í húfi. Ennfremur þarf að gera grein fyrir á hverju áætlanir um magn lekavatns neðan stíflunnar eru byggðar.

Nánari umfjöllun vantar um efnainnihald vatns í Grjótá og möguleg áhrif þess á efnabúskap og vistkerfi, í Svartá með takmörkuðu rennsli neðan fyrirhugaðrar stíflu.

Af framansögðu er ljóst að farvegur Svartár neðan virkjunar kann að verða þurr vikum og jafnvel mánuðum saman með algjörri eyðileggingu vistkerfis árinna á þeim kafla og alvarlegum áhrifum neðan útfalls virkjunarinnar þar sem frumframleiðni í ánni eyðileggst á 3 km kafla vegna vatnspurrðar. Slík framkvæmd, að þurrka upp árfarveginn eða því sem næst á löngum kafla hlýtur einnig að stangast á við ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, lög nr. 60/2013 um náttúruvernd og Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022, ákvæði um að virkjun vatnsfalla skuli vera í samræmi við sjálfbæra þróun. Verður að telja þetta **veruleg neikvæð umhverfisáhrif og framkvæmdin því óásættanleg.**

Skýra verður nákvæmlega í Matsskýrslu hvernig framkvæmdaraðili mun tryggja lágmarksrennsli, 3 m³/s, neðan stíflu á öllum tímum og gera grein fyrir hvaða áhrif það mun hafa á raforkuframleiðslu virkjunarinnar.

Annar þáttur er varðar vatnafar Svartár er að hitastig vatnsins getur fallið niður í frostmark allt frá því í desember og fram í apríl skv. Mynd 5.5.

Því má búast við að vatn Svartár kólni að frostmarki með grunnstingli og krapa sem getur valdið miklum rennslistruflunum eins og ætla má af rennislismælingum á Mynd 5.3.

Í kafla 5.4.2.1 segir m.a. „*Lofthiti og sólarljós að sumri getur valdið hitnun vatns í opnum farvegi en sömuleiðis kólnar vatnið í frosthörkum og þessi áhrif á virkjuðum kafla í farveginum verða meiri þegar vatnið verður minna.*“

Þetta merkir að kólnun vatnsins í ánni verði enn meiri í skertu rennsli, 3 m³/s í stað um 20 m³/s, en í eðlilegu rennsli og búast megi við örari og hlutfallslega meiri rennslistruflunum í þeim hluta árinna. Telja verður verulega hættu á að slíkt auki hættu á varanlegum skaða á lífríki árinna frá inntakstíflu að ármótum Svartár og Skjálfafljóts.

Í frummatsskýrsluna vantar alla greiningu á ísmyndun, botnstingull m.m., í ánni og hvernig hún kann að breytast við minnkun rennslis neðan stíflunnar. Það er ekki nægilegt að segja bara að vatnið kólni meira þegar rennsli verður minna heldur verður einnig að gera grein fyrir afleiðingum þess fyrir vistkerfi og gróður á bökkum og hólum.

Ennfremur kemur fram í kafla 5.4.2.3 og 4.3 að ís og krapa verði fleytt framhjá inntaki í þrýstipýpu og hleypt niður í farvegin neðan stíflu. Það þýðir að skert rennsli neðan stíflu tekur við ís og krapa úr fullu vatnsrennsli ofan stíflunnar. Við þær aðstæður er stórhætta á langvarandi rennslistruflunum er geta valdið miklum skaða á lífríki árinna og hindrað fiskgegn.

Óvissa um hugsanlega breytingu á ísmyndun og áhrifa af ísreki og flóðum á vistkerfi Svartár er algjör og verður því að telja hættu á **verulega neikvæðum umhverfisáhrifum sem gerir framkvæmdina óásættanlega.**

Af framantöldu er því ljóst að:

- Meðalrennsli Svartár er óvissu samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og nær ekki 20 m³/s á öllum stundum
- Ekki er sýnt fram á að hægt sé að tryggja lágmarksrennsli sem lofað er, 3 m³/s, neðan fyrirhugaðarar inntaksstíflu virkjunar
- Miklar rennslistruflanir kunna að verða neðan fyrirhugaðarar inntaksstíflu virkjunar vegna ís og krapa sem veitt verði framhjá stíflu í skert rennsli neðan hennar
- Tíðar rennslistruflanir kunna að verða að vetri vegna aukinna áhrifa lofthita á hitastig árvatnsins og þar með ís og krapamyndunar neðan fyrirhugaðarar stíflu

Þessi óvissa er ekki ásættanleg við mat á umhverfisáhrifum í ljósi varúðarreglu náttúruverndarlaga og framkvæmdin því óásættanleg.

Í kaflanum um mótvægisáðgerðir, 5.4.2.4, er greint frá því að gert sé „*ráð fyrir að tryggja að um 15% af meðalrennsli, eða um 3 m³ /s, að lágmarki fari framhjá stíflunni til að farvegurinn neðan hennar og niður að ármótum við Grjótá þorni ekki og til að viðhalda ákveðnu rennsli á virkjuðum kafla árinna. Vatn verður leitt framhjá stíflu annars vegar um fiskveg, sem gerður verður í vestasta hluta stíflunnar, og hins vegar verður stærri hluti rennslisins leiddur um rör eða ræsi sem komið verður fyrir í stíflunni.*“

Bent skal á að samkvæmt framangreindu er það að tryggja lágmarkshraða 3 m³/s **ekki mótvægisáðgerð heldur hluti framkvæmdarinnar**. Sama gildir um lagfæringu á farvegi umhverfis hólma sem ekki er líst á nokkurn hátt eða hugsanlegum neikvæðum áhrifum af henni, heldur eingöngu sagt að það sé eitthvað sem hægt sé að gera ef þurfa þykir. Skýrsluhöfundar eiga að vita hvað getur talist til mótvægisáðgerða.

Kafli 5.4.3 Setmyndun og rof

Í kaflanum segir m.a. „Mögulegt verður að skola seti niður í farveginn um lokuvirkin...“ ... „Lokur í farveginum verða opnaðar þegar flóð koma í ána og þá mun laust set ofan stíflu að einhverju leyti a.m.k. skolast með vatninu niður í farveginn.“

Ekki er að sjá að nokkur tilraun hafi verið gerð til þess að mæla framburð og botnskrið í Svartá og því er náttúrulegur framburður ekki þekktur. Þar af leiðandi er ekki þekkt hvað kann að safnast fyrir í uppistöðulóninu og þar með hve mikið kann að berast af botnseti úr lóninu þegar flóðvatni verður hleypt í gegn. Þetta verður að teljast algjörlega óásættanleg óvissa og að ætla að láta flóð skola seti úr uppistöðulóninu án þess að meta umhverfisáhrif þess er óásættanlegt og kann slík áðgerð að hafa í för með sér **verulega neikvæð umhverfisáhrif sem gerir framkvæmdina óásættanlega**.

Í kaflanum 5.4.3.4 Mótvægisáðgerðir, eru engar mótvægisáðgerðir, það „að forðast óþarfa gruggmyndun“ telst í dag til góðra vinnubragða. Ef það ætti að teljast til mótvægisáðgerða þyrfti að koma fram fyrir hvaða neikvæð umhverfisáhrif ætti að bæta með þeirri áðgerð.

Kafli 5.4.4 Gróður og 5.4.4.3 Umhverfisáhrif

Í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands Fuglar, gróðurfar og jarðfræði við Svartá í Bárðardal kemur fram; „Í Svartá neðan stíflu eru vel grónir hólmar með áberandi hvönn og loðvíði. Votlendi liggur víða að ánni, bæði austan og vestan“. „Lækkuð grunnvatnsstaða vegna skerts rennslis árinna neðan stíflu mun líklega valda gróðurbreytingum í gróskumiklum hólum og bökkum Svartár og hafa áhrif á grunnvatnsstöðu votlendissvæða næst ánni“. Hvergi í frummatsskýrslu er þess getið með fullnægjandi hætti hvernig tryggja skuli að þessir hólmar verði umflotnir vatni að loknum framkvæmdum svo að gróðurfar hljóti ekki varanlegan skaða af.

Samkvæmt 7. lið athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun, dags. 6. sept 2016, ber „að greina frá niðurstöðu mats á áhrifum á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum, m.a. hversu stórt votlendissvæði kemur til með að raskast og hversu umfangsmikil votlendisskerðingin verður auk þess sem koma þarf fram til hvaða mótvægisáðgerða á að grípa vegna þess rasks.“

Engin tilraun er gerð til þess að meta hversu umfangsmikil votlendisskerðingin verður eða gerð grein fyrir til hvaða mótvægisáðgerða á að grípa vegna þess rasks. Eingöngu sagt að reyna eigi að þétta í kringum pípuna og að votlendi verði endurheimt í samráði við sveitarfélagið, en ekkert kemur fram um hvar endurheimt gæti farið fram eða umfang hennar, hvað þá að vilyrði sé fyrir slíkri áðgerð. Ég vísa einnig til umfjöllunar í kafla 5.3.1.3 þar sem dregin er fram óvissa um umfang skurðarinnss fyrir aðrennslislögnina þar sem hún er um votlendið.

Umfjöllun frummatsskýrslunnar verður að teljast algjörlega ófullnægjandi og skilja eftir mikla óvissu um áhrif á votlendi sem **gerir framkvæmdina óásættanlega**.

Kafli 5.4.5 fuglar og 5.4.6 vatnalíf

Hólmasvæðið sem er neðsti hluti hins virkjaða svæðis Svartár, er talið vegna botngerðar, dýpis og rennslis kjörið til hrygningar og eitt mikilvægasta hrygningarsvæði urriðastofns Svartár neðan Ullarfossar. Það hrygningarsvæði mun kunna að hverfa vegna skerts rennslis með ófyrirsjáanlegum afleiðingum á

urriðastofn Svartár neðan Ullarfossar. Slík afleiðing virkjunar telst vera **verulega neikvæð og framkvæmdin því óásættanleg.**

Í Minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar kemur fram á bls. 11 að *“áætluð skerðing botnflatar á áhrifasvæði Svartárvirkjunar er á milli 48 og 58% sem takmarkar lífræna framleiðslu á botni farvegarins”* og *“að rennisliskerðing í kjölfar virkjunar árið mun valda minnkandi framburðargetu árið á lífrænum ögnum og þar með fæðuframboði fyrir hryggleysingja og fiska. Minnkunin verður ekki einungis vegna skerðingar á botnfleti farvegarins heldur einnig vegna minnkandi burðargetu árið”*. Þetta þýðir verulega neikvæð áhrif á skordýralíf árið og þar með á fæðuframboð fugla og fiska og stofnstæðir þeirra á áhrifasvæði virkjunar frá stíflu að ármótum við Skjálfandafliót.

Virkjaða svæði Svartár neðan stíflu er mikilægt búsvæði margra fuglateguna. Í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands Fuglar, gróðurfar og jarðfræði við Svartá í Bárðardal (viðauki 3) kemur fram; *„Við athugun sumarið 2012 sáust 25 tegundir fugla og af þeim voru 22 taldar líklegar varptegundir“* á því svæði. Þar kemur einnig fram að *„Framkvæmdir munu hafa áhrif á fugla“ meðal annars vegna„* breytinga á búsvæðum sem verður við það að megnið af vatni Svartár er tekið úr farveginum á 3-3,5km kafla. Þetta veldur langtímabreytingum á fuglalífi þar sem tegundir sem háðar eru ánni missa hluta búsvæðis síns“.

Í skýrslu sömu stofnunar Endur á vatnasviði Svartár og Suðurár í Bárðardal (viðauki 4) kemur fram í Samantekt skýrslunar bls 13; *„Vatnasvið Svartár og Suðurár er afar lífríkt og eru straum-og húsundur einkennandi fyrir fuglalíf þess. Utan Mývatns og Laxársvæðisins er vatnasviðið mikilvægasta búsvæði húsanda hérlendis“*. *„Hvorug tegundin verpir í Evrópu utan Íslands og báðar tegundir í viðauka II við Bernarsamningin. Ísland ber því ríkulega ábyrgð á þessum tegundum skv. alþjóðlegum samningum“*. *„Á heildina litið er verndargildi vatnasviðs Svartár og Suðurár því mjög mikið hvað fuglalíf varðar. Áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar er órjúfanlegur hluti af þeirri heild“*.

Það er því ljóst af framantöldu að framkvæmdin hefur alþjóðlega skírskotun og mun hafa í för með sér **verulega neikvæð áhrif á fuglalíf og framkvæmdin því óásættanleg.**

Samkvæmt 4. lið athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun, dags. 6. sept 2016, á að gera *„grein fyrir hvert lágmarksrennsli Svartár á virkjuðum kafla þarf að vera til að lífríki árið verði ekki fyrir varnalegum skaða.“* Á hverju það mat byggist og hvernig tryggt verði að lágmarksrennsli verði alltaf til staðar.

Ekki er að finna í skýrslunni rök fyrir því hvert lágmarksrennslið þarf að vera vegna áhrifa á lífríkið ennfremur vantar skíra umfjöllun um hvernig það verði tryggt. Þetta er algjörlega óviðunandi, veldur mikilli óvissu um einn mikilvægasta þátt neikvæðra áhrifa af virkjuninni og **framkvæmdin því óásættanleg.**

Kafli 5.4.7 Fornleifar

Samkvæmt 1. lið athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun, dags. 6. sept 2016, á að meta umhverfisáhrif framkvæmdar á nýrri lagnaleið.

Umfjöllun um áhrif framkvæmdar við lagningu jarðstrengs uppfyllir ekki athugasemdir Skipulagsstofnunar. Samkvæmt kafla 5.4.7.3 hafa áhrif á fornleifar á lagnaleiðum alls ekki verið metin, þar sem segir að *„einhverjar færslur séu líklegar“*, ekki liggja fyrir leyfi Minjastofnunar fyrir röskun minja og að eftir sé að fá fornleifafræðing til að ganga og skrá hugsanlegar minjar á Laxárdalsheiði. Ennfremur liggur ekki fyrir álit Minjastofnunar á legu strengs á veghelgunarsvæði að Kálfborgará, þó ekki sé líklegt að þar séu minjar á röskuðu svæði.

Í kafla 5.4.7.3 kemur ennfremur fram að ekki liggja fyrir úrskurður Minjastofnunar um það hvort áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar séu ásættanlegar ennfremur er ekki sýnt fram á að hægt sé að uppfylla

kröfur Minjastofnunar um mótvægisáðgerðir sem vísað er til að hún hafi sett fram við ákvörðun um mattskyldu framkvæðarinnar. Í ljósi þessa verður að telja að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á þennan þátt liggi ekki fyrir.

Með tilliti til óvissu um hugsanleg áhrifa á minjar verður að telja að **áhrifin kunni að verða talsverð og framkvæmdin óásættanleg.**

Kafli 5.4.10 Ásýnd

Samkvæmt 5. lið athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun, dags. 6. sept 2016, kemur fram að birta á myndir er sýna hvernig mannvirkin sjást frá Sprengisandsleið og fjarlægð mannvirkja frá henni. Samkvæmt myndum með sýnileikagreiningum munu mannvirkin ekki sjást frá Sprengisandsleið (F26) sunnan við Mýri en hins vegar frá Bárðardalsvegi (842) er liggur að Mýri og einnig frá veginum fram að Svartáarkoti (843). Fjarlægð stöðvarhúss frá Bárðardalsvegi (842) er innan við 2 km á um 3 km kafla og er sýnd ein mynd (Mynd 5:30) frá því svæði og verður að telja það algjört lágmark þar sem mannvirki virkjunar kunna óhjákvæmilega að hafa önnur áhrif á ásýnd lands en mannvirki er varða hefðbundinn búskap, sem einkennir ásýnd dalsins.

Í athugasemdum Skipulagsstofnunar segir: „*Auk þess að sýna og meta áhrif helstu mannvirkja og lóns á ásýnd lands þarf með sama hætti að sýna og meta ásýndarbreytingar frá völdum stöðum vegna minnkaðs rennslis neðan stíflu.*“


Engin tilraun er gerð til að sýna hugsanlegar ásýndarbreytingar vegna minnkaðs rennslis neðan stíflu og verður það að teljast í ósamræmi við kröfu Skipulagsstofnunar. Á mynd 5.27 er vatn á Hólmasvæði óskert og sama er að segja um myndir 5.30 og 5.34.

Lokaorð

Af öllu framansögðu er ljóst að á engan hátt er verjandi út frá framkominni frummatsskýrslu að komast að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin sé ásættanleg og einnig ber að hafa í huga 9. gr. laga nr. 60/12013 þar sem segir: „Varúðarregla.

Þegar tekin er ákvörðun, t.d. um skipulag, framkvæmd eða starfsleyfi, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.“

Þóroddur F. Þóroddsson, áhugamaður um náttúruvernd
Fjólugötu 18
600 Akureyri

A wide river flows through a valley, surrounded by green hills. The sky is overcast with grey clouds. The foreground is filled with tall, dry grass.

**Athugasemdir við frummatsskýrslu
vegna fyrirhugaðrar virkjunar**

Svartár í Bárðardal

Athugasemdir við frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar virkjunar **Svartár í Bárðardal**

1 Inngangur

Áður en kemur að athugasemdum um Svartárvirkjun finnst mér nauðsynlegt að fara yfir sögu Bárðardals og framdali hans. Ýmsum þykir sjálfsagt að það komi þessari afmörkuðu virkjun í Svartá lítið við og hvað þá atburðir og aðstæður fyrrá öldum. En saga Bárðardals og þá Svartár er samofin gróðursögu Íslands á merkilegan hátt og óvíða er hnignun landsins frá landnámi eins sýnileg. Og áður en við tökum eitt skrefið enn til virkjunar og þeim óafturkræfu röskunum sem því fylga, er hollt að skoða sögu nágrennis Svartár í Bárðardal.

Á landnámsöld er talið að um 65% landsins hafi verið gróið og hafi skógur þakið 25 -40% af yfirborði þess, auk þess hafa víðir og aðrir smárunnar vaxið víða.

Sýna rannsóknir að búsetan hafi fljótlega raskað viðkvæmu vistkerfi Íslands. Skógar tóku að eyðast og víðátta gróðurrikisins að dragast saman. Í kjölfarið fylgdi jarðvegseyðing sem á sér fáar eða engar hliðstæður á norðurhveli jarðar. Nú þekur gróður aðeins um 25% landsins og leifar af hinum fornu skógum þekja aðeins um 2-3%. Á ellefu öldum er ríflega helmingur af öllu gróðurlendi Íslands horfið og nánast allt skóglendi.



1 yfirlitsskort af efsta hluta Bárðardals og framdölum

1.2 Gróðursaga Bárðardals og framdala

Þessi saga speglast átakanlega í ásýnd Bárðardals og framdölum hans. Tóftir á örfoka melum, örnefni, gamlar gróðurortur í sandblásnum hliðum og leifar af fornu skóglendi segja sorglega sögu.

Margar minjar eru um forna byggð í framdölum Bárðardals en mig langar að staldra við tóftir sem eru við suðurbakka Íshólsvatns rétt um 15 km suður af fyrirhuguðu virkjanasvæði. Þarna eru tóftir frá landnáms tíma og þar skammt frá var bærinn Íshóll sem var í byggð fram á 19. öld.

(Krókdalur-Fornleifaskráning 2004, Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2004)

Lýsing er til af svæðinu í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, "Horngarður eða Hofgarður heitir fornt eyðibýli hér skammt fyrir framan. Þar eru mikil garðlög og margar rústir, og ætla menn, að þetta hafi stór jörð verið. Ekki má hér eftur byggja, því túnið er að kalla allt við vaxið."

(Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712)



2 frá Íshólsvatni, horft í suður í átt að bæjarstæði Hofgarða

Má ætla að það hafi verið fagurt og blómlegt í Íshólsdal á landnámsstíma þegar bærinn Hofgarður var reistur. Fleiri sagnir benda til að um 1700 þegar jarðabókin var skrifuð hafi allt enn verið skógi vaxið sunnan og vestan við Íshólsvatn. En hnignunin var þá þegar hafin og skógarnir að hverfa, gjömyting raskaði jafnvægi milli óbliðra vaxtarskilyrða, viðkvæms gróðurfars og veikrar jarðvegsgerðar. Þó má ætla að skógur hafi verið um tíu sinnum útbreiddari á Íslandi í byrjun 18. aldar en hann er nú, á grunni þeirra upplýsinga sem jarðabókin og aðrar heimildir frá þessum tíma veita. Rannsóknir sýna að uppblástur lands og skógareyðing hafi náð hámarki á 19. öld.

Græðum Ísland. Landgræðslan 1907-1987. Reykjavík 1988. Landgæði á Íslandi fyrr og nú, bls 21'

Samkvæmt ferðalýsingum Sæmundar Eyjólfssonar frá lok 19. aldar, má sjá að skógarnir í framdölum Bárðardals voru að hverfa með öllu og ástandið á dalnum sjálfum ekki gott....*“Bárðardalur er löng sveit, en mjög strjálbyggð. Þar er víða fagurt og landkostir góðir. Þar hafa verið skógar allmiklir til forna, en lítið er nú eptir af þeim. Innan til í dalnum eru þó nokkrir skógar enn, en mjög eru þeir smávaxnir”*

Og Sæmundur heldur áfram lýsingum sínum og segir svo...*“Á Íshóli hafði verið allmikill skógur fyrir 50 árum. Það lítur því svo út sem skógurinn hafi blómgastr þar og þroskast frá því á öndverðri 18. öld og þangað til snemma á þessari öld. Þó er hitt eigi síður líklegt, að miklu minna sje gert úr skóginum í jarðabókinni, en sannindi hafi verið til. Nú er þessi skógur gersamlega horfinn; eru þar nú melar og sandar eptir, sem skógurinn var.”*

(Sæmundur Eyjólfsson 1894. Ferð um Þingeyjarsýslu og Fljótsdalshérad. Búnaðarritið 8:1—73.)

Fleiri lýsingar eru frá þessu sama landssvæði en Daniel Bruun(1856-1931) fornleifafræðingur sem gerði merkar skráningar á fornminjum á Íslandi um aldamótin 1900, fór meðal annars upp að Íshólsvatni og teiknaði upp tættur fyrrnefndan Hofgarð. Lýsti hann aðstæðum svo í Bárðardal og Íshólsdal 1897.

“Ég kannaði eyðibýlin í Bárðardal og umhverfi þeirra í seinni hluta ágústmánaðar 1897. Sandfok og vaxandi landeyðing var einkum mikið austan Fljóts í grennd við Svartá. Hjá Bjarnastöðum var landeyðingin allra óhugnanlegust. Foksandurinn hafði borist heim undir bæjarhúsin...Hjá Íshóli sem er nokkru sunnar, var ennþá skógur fyrir mannsaldri, en jörðin lagðist í eyði 20 árum áður en ég var á ferð 1897. Ekki fjarri þessum bæ sem svo nýlega hefur lagst í eyði eru leifar af stórbýli, Hofgarði. Þar er fjöldi tóttu og girðinga.”

(Daniel Bruun, Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár, bls 241-242)

3 Frá Íshólsvatni





Fleiri átakanlegar lýsingar eru til um fyrrum ásýnd framdali Bárðardals.

“Smiðjuskógur nefnist enn allmikið svæði fyrir ofan byggð alla í Bárðardal. Þar er sagt að verið hafi stórvaxinn og víðáttumikill skógur til forna, og allstórvaxinn skógur var þar á nokkru svæði fram á daga þeirra manna, er enn lifa.....Þar eru nú sandar einir og auðn neina á nokkru svæði um Helgastaði, þar sem Helgi krókur bjó. Það er forn eyðijörð skamt fyrir neðan Kiðagil. Þar er gróður nokkur, en allur skógur er þar horfinn. Sandfok er eitt með öðru, sem eyðilaggt hefur skógana í Bárðardal; hefur sá sandur komið sunnan úr óbyggðum, alla leið sunnan af Sprengisandi, og færzt lengra og lengra niður eptir, og eyðilaggt nálega allan jurtagróður, er fyrir hefur orðið.”

Sæmundur Eyjólfsson 1894. Ferð um Þingeyjarsýslu og Fljótsdalshérað. Búnaðarritið 8:1—73.)

Hér segir nafnið mikilsverðan sannleik. Örnefni eins og Smiðjuskógur, syðst í Króksdal, um 40 km. suður frá fremstu byggð í Bárðardal, segir okkur merkilega sögu um gróðurfar og mannavist lengst inni á öræfum, þar sem nú er auðn og gróðurleysa. Minjar um forna byggð ásamt rannsóknum benda til þess að skógur hafi náð jafnvel suður undir Vonarskarð á landnámsöld.

Það er ekki björgulegt að fara um framdali Bárðardals í dag. Þarna eru margar minjar um hið gróskumikla land sem þarna var og samt er erfitt að gera sér í hugarlund hvernig landið gæti hafa litið út áður en fyrstu menn stigu þarna fæti. Margt bendir til að uppblástur hafi hafist strax við búsetu á viðkvæmum svæðum og eyðingarmáttur rofsins fljótlega eytt byggðum.

(Sigurður Þórarinnsson, 1977, bls. 5—38).

Erfitt er að dæma þá sem í vankunnáttu sinni, spilltu landinu fyrr á öldum í stöðugri lífsbaráttu sinni við óblíðar aðstæður. Kólnandi veðurfar, eldsumbrot, gjörnýting skóganna og áköf sauðfjárbreit, sérstaklega á 19. öld má segja að hafi skilað okkur landi án klæða.

En nú þegar öll vitneskja er fyrir hendi er oft óskiljanlegt hvernig við göngum um okkar góða land.





2 Athugasemdir

Enn og aftur á að ganga á gæði Bárðardals. Nú liggur fyrir virkjanaáætlun um Svartá í Bárðardal, eina fegurstu lindará landsins. Áætlanir eru um að nánast tæma ríflega þriggja kílómetra langan farveg árinna með fyrirsjáanlegum afleiðingum. Svartá er í nábýli við ein mestu uppblásturssvæði landsins og sjást ummerki rofs og eyðingar víða við árbakka hennar. Þótt margt hafi áunnist með þrotlausu ræktunarstarfi bænda er stöðug hætt á að rofið nái sé á strik, eyðingarmáttur sandfoks er gríðarlegt og eirir engu.

Þegar vatnsborð er stöðugt kemst vindurinn ekki að og rof nær sér ekki á strik. Hólmasvæðið sem er rétt fyrir ofan frárennisskurðinn er gott dæmi um slíkt. Rofsvæði eru aðallega sunnan og vestan ár og má sjá blásna mela allt í kring. Eyjar og hólmar eru grónir og má segja að gróskumesti gróðurinn sé þar. Þétt gróðurþekja og stöðugt vatnsborð halda rofinu í skefjum. Svartá hefur í árhundruði verndað gróðurlendi hólmannna fyrir ágangi foksandsins og eru þeir þögulir minnisvarðar um glæsta ásynd sem var.





7 ásjnd hólmasvæðins eftir lækkun vatnyfirborðs

2.1 Rof vegna lækkunar vatnsyfirborðs


Samkvæmt fyrirliggjandi frummatsskýrslu mun vatnsborð Svartár á þessum kafla aðeins verða um 10% -15% af núverandi rennsli. Myndin sýnir með raunsonnum hætti hvernig umhverfi hólmasvæðis gæti lítið út.

Gerri ég alvarlegar athugasemdir við eftirfaranda kafla um umhverfispætti í frummatsskýrslunni.
(Umhverfispættir og helstu áhrif, bls 5)

*“Neikvæðra áhrifa mun gæta á vatnafar á um 3 km löngum kafla frá stíflu að frárennisskurði þar sem stór hluti vatns verður tekinn úr farvegi árinna. Dregið verður úr vægi áhrifanna á þessum kafla með því að tryggja lágmarksrennsli þegar náttúrulegt rennsli árinna er minna en eða nálægt virkjuðu rennsli. Vatn úr Grjóta rennur út í farveginn um 0,5 km neðan stíflu og rennslið þar fyrir neðan verður svipað og rennsli Svartár ofan ármóta við Suðurá. Með tilliti til mótvægisáðgerða eru áhrif á vatnafar, Svartárvirkjun rennsli Svartár og stöðu grunnvatns í næsta nágrenni hennar, metin nokkuð neikvæð og **afturkræf** á virkjuðum kafla hennar en óveruleg annars staðar.”*

Er það grafalvarlegt mál að ætla að lækka vatnsborð á einu mesta uppblástursvæði Íslands og þá jafnvel að eyðileggja þessa fögru hólma Svartár, með óafturkræfum áhrifum.

Virðist ekkert mat vera lagt á hættu á uppblæstri eða rof við þessar framkvæmdir. Það kemur mér verulega á óvart að ekki hversu lítið er fjallað um þennan möguleika í allri skýrslunni og mætti ætla að gleymst hefði að skoða áhættuþætti vegna rofs og þá staðreynd að virkjunarsvæðið er nálægt einu af verstu uppblástursvæðum landsins.



2.2 Gróðureyðing vegna lækkunar vatnsyfirborðs

Í kafla um umhverfisáhrif í skýrslunni er skautað gáleysislega yfir þann möguleika að rof hefjist þegar vatnsmagn minnkar og viðkvæmur gróður í hólum árinna sem sannarlega eru ósnortnir hreinlega hverfi.

Gerri ég alvarlegar athugasemdir við eftirfarandi kafla. (5.4.4.3 Umhverfisáhrif, Virkjunarsvæði, bls 65)

“Líklegt er að inntakslónið valdi einhverju rofi á austurbakka Svartár með a.m.k. tímabundinni útskolun jarðefna í ána. Hækkun vatnsstaða veldur hærri grunnvatnsstöðu meðfram lóninu, en hækkunin er tiltölulega lítið og nokkuð háir bakkar eru meðfram farveginum þannig að ekki er gert ráð fyrir að þau áhrif verði mjög neikvæð á gróðurfar í kring. Lækkun grunnvatnsstaða vegna skerts rennslis árinna neðan stíflu mun líklega valda gróðurbreytingum í gróskumiklum hólum og bökkum Svartár og gæti haft áhrif á grunnvatnsstöðu votlendissvæða allra næst ánni, síður þó þar sem landi hallar nokkuð.”

Gerri ég alvarlegar athugasemdir við orðalagið “...gróðurbreytingar í gróskumiklum hólum og bökkum Svartár...”

Mér finnst vægast sagt mildilega orðað að kalla rof og uppblástur gróðurbreytingar.

Ef gert er ráð fyrir að svokallaðar *gróðurbreytingar* yrðu á gróskumiklum hólum og bökkum Svartár yrði myndin sem blasir við okkur ekki falleg. Í ljósi gróðursögu Bárðardals, er næsta víst að afleiðingar lækkunar vatnsborðs hefði í för með sér gróðureyðingu.

7 Ásýnd hólmasvæðisins þegar rof er hafð eftir lækkun vatnsyfirborðs





Svartá

2.2.1 Heildaráhrif vegna gróðureyðinga

Gerri ég alvarlegar athugasemdir vegna skeytingarleysis um rofhættu í frummatsskýrslunni.

“...Heildaráhrif framkvæmdanna á gróðurfur á virkjunarsvæði eru metin nokkuð til talsvert neikvæð, staðbundin og óafturkræf þar sem landi er raskað en óveruleg þegar horft er til stærra svæðis.” (5.4.4.3 Umhverfisáhrif bls 65)

Eins geri ég athugasemd við eftirfarandi texta í frummatsskýrslunni (5.4.4.3 Niðurstaða bls 66)

*“Rask verður á gróðurlendum á framkvæmdatíma þar sem gróðurþekja verður rofin til að koma mannvirkjum fyrir en með vönduðum frágangi á það rask að jafna sig á nokkrum árum. Þetta á sérstaklega við þar sem rafstrengur verður plægður niður en þar er talið að lítil sem engin merki verði hægt að greina eftir framkvæmdir að fáum árum liðnum. Helstu áhrif á gróður verða vegna áhrifa á grunnvatnsstöðu þar sem aðrennslispípa verður grafin niður í votlendi, sem njóta sérstakrar verndar, og möguleg áhrif á gróður í hólum árinna vegna minnkaðs rennslis. **Heildaráhrif framkvæmdanna á gróður eru metin nokkuð til talsvert neikvæð, staðbundin og óafturkræf á virkjunarsvæðinu, en óveruleg þegar horft er til stærra svæðis s.s. á strengleidinni.**”*

Bæði þessi dæmi sýna að skýrsluhöfundar gera ráð fyrir að heildaráhrif virkjunarinnar sé óveruleg þrátt fyrir óafturkræf áhrif á takmörkuðu svæði.

Það er einkennileg niðurstaða að heildaráhrif framkvæmdanna allrar dragi úr afleiðingum óafturkræfra röskunar á sjálfu virkjunarsvæðinu, þ.e. spjöll gróskumikilla hólma og annara gróðurvinja.



Mynd 5.34 úr skýrslu



9 Endurunnin mynd úr skýrslu



3 Framsetning

Gerir ég alvarlegar athugasemdir við eftirfarandi kafla og framsetningu myndefnis. (Mynd 5.34. bls 95)

“Mynd er tekin frá austurbakka Svartár neðan við ármót við Grjótá og horft er upp eftir Svartá. Fyllingin í Grjótá sést vinstra megin á neðri myndinni og lokuhúsið við stífluna ber við himin nálægt miðri mynd. Rennsli í farvegi Svartár, sem var rúmlega 26 m³/s á tókudegi myndar, verður minna eftir tilkomu virkjunar en kemur fram á neðri myndinni. Vatnsborðið verður því lægra og stakir stærri steinar í farveginum munu standa upp úr vatninu. Beint ofan við ármótin þar sem farvegurinn er sem þrengstur er hann tæpir 20 m á breidd.”

Það vekur furðu að ekki hafi verið reynt að myndgera breytingar á vatnsborðinu því nokkuð auðvelt er að reikna út rennsli í ám (Rennslið [m³/s] = flatarmál [m²] sinnum hraði vatnsins [m/s].)

Á mynd 9 er gerð tilraun myndgera ásýnd Svartár þegar vatnsborðið verður lægra og stakir stærri steinar í farveginum munu standa upp úr vatninu. Ef vatnsborð verður að auki ekki stöðugt er umtalsverð hættu á auknu rofi við bakka Svartár og að erfitt verði að hamlu óafturkræfum áhrifum. Það má sjá á þessum myndum að töluvert rof er þegar er á bökkum Svartár gegnt ármótunum.

Síðan geri ég athugasemdir við eftirfarandi texta. (5.4.10.5 Niðurstaða, bls 122)

“Fylling í Grjótá mun aðallega sjást úr allra næsta nágrenni hennar. Aðrennslispípan verður niðurgrafin og skurðstæðið mun gróa upp á nokkrum árum þannig að ummerki þess á yfirborði munu mást út..... Með tilliti til mótvægisáðgerða sem eru ætlaðar til að fella mannvirkin betur að umhverfi sínu eru sjónræn áhrif í heildina metin nokkuð neikvæð, staðbundin og afturkræf.”

Því miður hef ég nokkrar efasemdir um bjartsýni greinarhöfundar....**niðurgrafin og skurðstæðið mun gróa uppummerki þess á yfirborði munu mást út....**leyfi ég mér að efast um að mótvægisáðgerðir nái að gera framkvæmdina afturkræfa.





4 Efnistaka

Eins geri ég alvarlegar athugasemdir við væntanlegar efnistökur. (4.8 Efnispörf og efnisflutningar, bls 42)

“Einnig er skilgreint efnistökusvæði við Víðiker. Vitað er til þess að mögulega sandnámu er að finna í pípustæðinu rétt austan við fyrirhugað stæði jöfnunarbróar, á fláka sem teygir sig norður fyrir pípustæðið. Á Mynd 4 er búið að teikna inn afmörkun á um 18 þús. m² svæði þar sem talið er að megi finna sand niður á að jafnaði um 1,5-2m dýpi undir örþunnu jarðvegslagi á yfirborði, eða um 30 þús.m³. Landeigendur á Bjarnastöðum og Rauðafelli hafa áhuga á að nýta þetta efni, en ekki er um samþykktu námu að ræða.”

Ástæða er til að staldra við orðalagið “örþunnt jarðvegslag” segir allt sem segja þarf, helstu orsakir að að rof og uppblástur hefur farið illa með Bárðardal, er vegna þess að stór hluti þessa landsvæðið hefur “örþunnt jarðvegslag” Er forsvaranlegt að hefja sandám 250 metra frá bakka Svartár með þeirri eyðileggingu sem því fylgir?

Meðfylgjandi myndir sýna nærumhverfi væntanlegar sandnámu, horfum við niður Svartárgil. Einhvernveginn finnst manni vanvirðing að hreyfa við sandinum við túnfótinn á Bjarnastöðum þegar maður minnst orða Daniels Bruun...

“Hjá Bjarnastöðum var landeyðingin allra óhugnanlegust. Foksandurinn hafði borist heim undir bæjarhúsin...”

(Daniel Bruun, Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár, bls 241-242)



10 hluti myndar 4 úr skýrslu



Hér 250 metrum norður frá Árbakkanum eru uppi hugmyndir að hefja sandnám með því riski sem er óhjákvæmilegt.



4.1 Efnistaka og haugsetning

Fleiri athugasemdir geri ég vegna efnistöku. (5.3.1.5 Efnistaka og haugsetning, bls 50)

“...Rask verður á yfirborði sandnámu sem teygir sig norður úr stæði aðrennslispípu austan jöfnunarþróar en gert er ráð fyrir að fylla megi aftur í námuna með efni sem ekki nýtist úr skurði fyrir aðrennslispípu og gengið frá yfirborði. Annað efni til mannvirkjagerðar gæti verið sótt í malareyrar Skjálfandafljóts þar sem fyrir eru samþykktar efnisnámur. Gera má ráð fyrir að haugsetning á afgangsefni geti haft sjónræn áhrif og áhrif á landslag.”

Fyrir utan það, að haugsetning á umtalsverðu afgangsefni geti haft neikvæð áhrif á landslag og nærumhverfi staðsetts haugs, er mjög líklegt að uppsafnað afgangsefni blasi víða við með tilheyrandi sjónáhrifum. Síðan má geta þess að Skjálfandafljót er afar góð laxveiðiá og er nú í gangi ræktunaráttak á efri hluta Skjálfandafljóts (fyrir ofan Goðafoss). Gera má ráð fyrir að aukið malarnám og efnistaka fari illa í alla þá sem tengjast uppbyggingu Skjálfandafljóts sem laxveiðiá.

Er forvitnilegt að vita hvernig þessi áform standa og hverskonar mat þurfi til að fullt leyfi fái til malartöku og haugsetningar.

Einnig hef ég athugasemdir við eftirfarandi texta um efnistöku. (5.4.1.3 Umhverfisáhrif, bls 52)

“...Fyllingarefni til framkvæmda verða að stórum hluta unnin úr uppgröfnum efni. Ef sandur verður tekinn úr nýrri námuna við pípuþæðið verður hægt að fylla aftur upp í lægðina sem myndast með umframefni úr uppgreftri og ganga frá yfirborði. Annað efni sem mögulega þarf til verður tekið úr samþykktum námum....”

Er komið á hreint hvaða samþykktar námur verða notaðar til efnistöku?





5 Landslag Bárðardals og gróðursaga

Ég leitaði grannt eftir því í skýrslunni hvort einhverskonar mat væri lagt á rofhættu og uppblástur vegna framkvæmdarinnar. Á stundum var eins og ég hefði villst inn í annan dal svo lítið er minnst á jarðvegseyðingu eða þá baráttu sem bændur í Bárðardal hafa háð í aldir við eyðingaröflin. Hugtakið uppblástur kemur t.a.m. hvergi fram í skýrslunni.

Eftirfarandi lýsing á Bárðardal er að finna í skýrslunni skýrslunni. (5.4.9. Landslag, bls 96)

“Bárðardalur er efsti hluti dals sem gengur inn í miðhálandið allt frá Skjálfandaflóa. Um dalinn fellur Skjálfandafljót, fjórða lengsta á landsins sem á upptök sín í Vonarskarði, norðaustan Tungnafellsjökuls. Svartá er ein af þverám Skjálfandafljóts. Í Skjálfandafljóti er fjöldi þekkra fossa, s.s. Aldeyjarfoss og Goðafoss. Dalurinn er mjór og langur, oftast milli 1-2 km breiður, með tiltölulega flötum botni, velgróinn og víða er að finna skóg og kjarlendi. Dalurinn er víðast með bröttum, grónum, klettalausum hliðum, en tiltölulega flötu undirlendi hliða í milli. Þar hefur verið stundaður hefðbundinn landbúnaður öldum saman. Töluverður hæðarmunur er á efstu og neðstu bæjum, en rúmlega helmingur bæja í Bárðardal er staðsettur ofan við 200 m hæðarlínu. Eftir ísöld hafa hraunstraumar frá Ódáðahrauni runnið niður dalinn og alla leið út á norðurenda Þingeyjar og er hraunið víðast vel gróið. Dalurinn er á mörkum blágrýtisfjallanna að vestan og móbergsheiðanna að austan”

Þessi texti er tekinn úr Árbók ferðafélags Íslands og höfundur hans er Jóhann Skaptason. Þetta er greinargóð lýsing og segir vel frá fögrum dal. Mig langar þó að bæta við setningum frá Jóhanni úr sömu bók til að undirstrika hversu lítið vægi gróðureyðing fær í frummatsskýrslunni.

“Nú á tímum(1963) er öll byggðin í aðaldalnum að þrem bæjum undanskildum, Engidal, Víðker og Svartáarkoti, sem eru á vesturbrún hálandisins austan dalsins. Áður fyrr var nokkur byggð í hálandisdölunum, suður frá aðaldalnum, en síðustu bæir fóru í eyði í lok síðustu aldar, sökum uppblástur landsins.”





6.1 Landslag, upplifun

Gerí ég athugasemdir um orðalag í eftirfarandi texta. (5.4.9.3 Umhverfisáhrif, bls 99)

*“Við ármót Skjálfafljóts og Svartár, næst fyrirhuguðu stöðvarhúsi og jöfnunarþró, er dalurinn fremur þröngur og útsýni einungis út eða inn dalinn. Tún og skurðir mynda mynstur í flatlendi og hlíðar og heildarsvipur ber merki landbúnaðarlandslags. Þegar ofar dregur meðfram ánni fær landslagið meira náttúrulegt yfirbragð og minna ber á ummerkjum landbúnaðarlandslags, þótt sjá megi röskun af manna völdum líkt og vegi og slóða og einstaka tún. Hér er líka komið ofar í landið og víðsýni meira. Líkt og kemur fram í kafla 5.4.12 um áhrif á ferðamennsku og útivist er svæðið nýtt til veiði, í hestaferðir og göngur. Fram kemur í úttekt Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála á áhrifum framkvæmdar áferðamennsku og útivist að þeir ferðamenn sem stunda veiði í Svartá eða fara í hestaferðir meðfram ánni eru að upplifa svæðið sem náttúrulegt og mannvirki hefðbundins landbúnaðar trufla þá ekki í að upplifa kyrrð og ró og ósnortna náttúru. **Fær svæðið miðlungs gildi fyrir upplifun. Þar er ekki að finna landslag með sérstaka eða mikilfenglega eiginleika, eða einstök kennileiti sem skera sig úr landslagsheildinni vegna sérstöðu sinnar.**”*

Hér er heldur snautlega farið með merkilega sögu *svæðisins*. Óviða á Íslandi er gróðureyðing frá landnámi eins sýnileg og í Bárðardal og framdölum hans. Merk saga sveitarinnar í samhengi við gróðursögu landsins og baráttu Bárðdælinga við náttúruöflin gerir þetta svæði stórmerkilegt. Minjar um baráttuna eru hvarvetna; undurfagar gróðurvinjar sem Svartá hefur varið gegn ægilegum foksandinum, uppblásnar hlíðar heiðanna þar sem bændur af harðfylgni í aldir háðu varnarbaráttu gegn eyðingarmættinum og leifarnar af birkiskóginum sem fyllti alla dalina.

Í ljósi heimilda um eyðingu gróðurlenda Bárðardals verður hugtakið “ósnortin náttúra” afkáralegt. Þegar ég geng um þetta svæði og horfi yfir framangreindar menjar auk alls sem sem augað fær ekki greint en getur ráðið í samhenginu öllu vegna frásagna um horfin heim - upplifi ég fallvalt jafnvægi milli eyðingarafla og grósku. Uppgræddir melar og birkinýgræðingar kveikja von um að Bárðardalur fái aftur klæði sín. Mér er fyrirumnað að skilja hvernig svæðið fái *miðlungs gildi* fyrir upplifun.

Á þessum ellefu öldum sem við mannskepnan höfum verið á Íslandi, hafa landgæði hrakað með þeim hætti að landið er nánast óþekkjanlegt. Okkur ber siðferðisleg skylda að reyna skila landinu betur af okkur en forfeður okkar sem unnu spjöll í vankunnáttu sinni og baráttu að halda lífi við oft hrikalegar aðstæður - við lifum ekki þannig tíma.





16 Birkiskógur í mynni Mjóadals, sjáum við norður í Bárðardal

7 Lokaorð

Það er við hæfi að enda þessar athugasemdir við frummatsskýrsluna með orðum séra Jóhannesar L.L. Jóhannssonar og geri þær að mínum lokaorðum. Þessi skrif birtust í Þjóðólfi árið 1901.

“Það eru niðjar vorir í þessu landi, sem vér með umbótunum einkum búum í haginn fyrir, það ætti að vera oss ósegjanlega kært. Hefðu forfeður vorir jafnan hugsað um slíkt, væri margt betra nú en það er, því auðvitað er, að eigi hefur landið spillzt eða gengið úr sér, í heildinni skoðað, af völdum náttúrunnar.....Sem dæmi þess, hvernig farið hefur verið með skógana, er háttalag það, sem maður einn sagði mér frá um hrísriði á bænum, þar sem hann átti heima fyrir nokkrum árum. Ávallt var gengið í það, sem næst lá, og þar tekinn hver angir, því það hét að vinna illa að skóginum, væri það ekki gert, en svo blésu holtin auðvitað upp. Eg spurði nú að, hvernig fólk þetta hefði hugsað um eptirkomendurna, hverju þeir ætti að brenna, þegar allur skógurinn væri eyddur. En mér var svarað, að það væri undarlegt, hefði maður verið nokkuð að hugsa um seinni menn, þegar hann vantaði sjálfan undir pottinn.”

Landsmálaskraf. Eftir séra Jóhannes L. L. Jóhannsson. 1901 bls 154

Gerir ég þá kröfu að Skipulagsstofnun hafni öllum áætlunum um Svartárvirkjun í Bárðardal!

Virðingarfyllt,
Þórarinn Blöndal

Efni: Athugasemd vegna mats á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar

1. Markmið/forsendur framkvæmdar – tengdar framkvæmdir

Við afgreiðslu tillögu að matsáætlun sendi undirritaður inn athugasemdir sem m.a. snúa að markmiði, tilgangi og réttlætingu Svartárvirkjunar. Þetta er grundvallarforsenda alls verkefnisins, þ.e. ástæða þess að farið er af stað og bein orsök allra umhverfisáhrifa sem hljóttast af verkefninu. Undirritaður gerði kröfu um úttekt unna af þar til bærum sérfræðiaðilum með sama hætti og kröfum sem gerðar eru til faglegrar þekkingar á öðrum sviðum. Eins að birt yrðu öll gögn um efnahagsleg og samfélagsleg áhrif, þ.m.t. efni viðskiptasamninga um verkefnið. Eftirfarandi atriði voru sérstaklega tekin fram og farið fram á að slík úttekt/greinargerð næði yfir:

- Hverjir eru almannahagsmunir við Svartárvirkjun út frá landsvísu? (þjóðhagfræðilegir)
- Hverjir eru almannahagsmunir við Svartárvirkjun út frá NAlandi í heild?
- Hverjir eru almannahagsmunir við Svartárvirkjun út frá Bárðardal/nærsveitinni?
- Eru atvinnu- og/eða byggðatengd markmið meðal forsendna framkvæmdarinnar?
- Hverjar eru arðsemisforsendur virkjunarinnar? Hver er vænt arðsemiskrafa? Hvert mun arður renna? Hver er hlutdeild nærsvæðis, byggðarinnar og sveitarfélags í arði af rekstri virkjunarinnar til frambúðar?
- Í þessu samhengi er nauðsynlegt að gera ítarlega grein fyrir því hverjir eru eigendur (og eigendur þess/þeirra félag(a) sem kunna að vera skráð fyrir rekstrinum). Þannig verði rakið hver raunveruleg hagræn áhrif verða af starfseminni til frambúðar?
- Hverjar eru væntar tekjur m.v. forsendur raforkusölu, og hversu mikið af væntum tekjum verður eftir í heimahéraði og hversu mikið annað (og þá hvert)?

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 713/2015, t.l. 1 (f) og (d) er skýrt tilgreint að framkvæmdaraðila ber að greina frá framkvæmdum „... á vegum annarra aðila sem eru forsenda hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar“.

Undirritaður lagði fram fyrirspurn til fjármálaráðherra á Alþingi á 146. löggjafarþingi (þingskjal 1160-603. mál.: <http://www.althingi.is/altext/146/s/0948.html>). Í svari ráðherra (<http://www.althingi.is/altext/146/s/1160.html>) kemur eftirfarandi fram:

„Í nýtingarsamningi vegna vatnsréttinda Svartár í Bárðardal, sem undirritaður var af hálfu ríkisins hinn 24. apríl 2013, var gjaldið [innsk.: endurgjald fyrir afnot réttinda] reiknað sem hlutfall af tekjum

virksunarinnar og undir sölu á raforku falla hvers kyns afleiddar tekjur af sölu/framleiðslu raforkunnar. Leigugjaldið er eftirfarandi:

Fyrir fyrstu 5 ár leigutímans að telja frá gangsetningu virksunar greiðast 2,5% af brúttósöluverði raforku.

Fyrir næstu 5 ár leigutímans greiðast 5,0% af brúttósöluverði raforku.

Fyrir næstu 5 ár leigutímans greiðast 6,0% af brúttósöluverði raforku.

Fyrir næstu 5 ár leigutímans greiðast 7,0% af brúttósöluverði raforku.

Fyrir næstu 5 ár leigutímans greiðast 8,0% af brúttósöluverði raforku.

Fyrir næstu 5 ár leigutímans greiðast 9,0% af brúttósöluverði raforku.

Fyrir síðustu 10 ár leigutímans greiðast 10% af brúttósöluverði raforku.“

Svartárvirksjun er framkvæmd sem að miklu leyti er fyrirhuguð á ríkisjörð. Jörðin Stóra-Tunga er í almannaeygu og fer fjármálaráðherra með eignarhaldið fyrir hönd ríkisins. Ofangreint svar sem vísað er til sýnir með skýrum hætti eftirfarandi þætti:

- Um er að ræða arðsemisdrifin áform einkafyrirtækis á ríkisjörð.
- Sótt var um og aflað rannsóknaleyfs (hjá Orkustofnun) fyrir Svartárvirksjun án auglýsingar eða opinberrar umfjöllunar af neinu tagi – fyrir luktum dyrum.
- Veitt var virksunarleyfi (af fjármálaráðherra) á ríkisjörðinni Stóru-Tungu, einnig án auglýsingar eða opinberrar umfjöllunar – fyrir luktum dyrum.
- 90-97.5% af umsömdum tekjum vegna Svartárvirksjunar renna til einkafyrirtækisins SSB-Orku ehf. Landeigandinn, almenningur/ríkið, fengi 2,5-10%.

Ljóst má vera af ofangreindu að ríkir almannahagsmunir hljóta að knýja á um sérstaka umfjöllun um forsendur framkvæmdarinnar við þessar aðstæður. Óásættanlegt er að einkaaðilar geti sótt og fengið leyfi til umdeilda virksunarframkvæmda á jörð í eigu almennings fyrir luktum dyrum án auglýsingar eða kynningar og komist upp með að þurfa ekki að fjalla ítarlega um forsendur og réttlætingu framkvæmdarinnar. Sé það tilfellið, sem á takmörkuðum gögnum má ætla, að raunverulegur tilgangur og réttlæting Svartárvirksjunar sé eingöngu arðsöm fjárfesting fyrir fáa einstaklinga að baki SSB-orku ehf., þá þarf að tilgreina það skýrt. Mat á umhverfisáhrifum hlýtur að þurfa að ná yfir það í umfjöllun um markmið, samfélagsáhrif og hagræn áhrif, þegar auðlind í almannaeygu er hagnýtt til einkanota af fáum einstaklingum.

Með frummatsskýrslu fylgir ekki úttekt eða rannsókn af því tagi sem rakin er að ofan og gerð var krafa um með athugasemd við tillögu að matsáætlun. Ekkert af þessu sem greint er frá að ofan er fjallað um eða birt í frummatsskýrslu. Engir samningar eru birtir milli SSB orku ehf. og fjármálaráðherra. Þetta eru óviðunandi vinnubrögð.

Með þeim gögnum sem undirritaður hefur aflað (svar fjármálaráðherra og fyrrgreindur samningur um tekjuskiptingu) er hins vegar sýnt að ávinningur eða hagur almennings er hverfandi af ofangreindri framkvæmd. Þegar umhverfisáhrif og rask af virksjuninni er vegið á móti ávinningi framkvæmdarinnar blasir það við að framkvæmdin er ekki réttlætanleg með almannahagsmunum. Neikvæðar afleiðingarnar falla á almenning og ósnortna náttúruna (á jörð sem er meira að segja í eigu ríkisins) en ávinningurinn er í þágu örfárra einstaklinga í leit að ávöxtun eigin fjármuna. Þetta er óviðunandi með öllu.

2. Veiði/fiskur

Svartá er einkar verðmæt veiðiá. Um er að ræða fágætar náttúrufarsaðstæður sem skapa einstæðar aðstæður til urriðaveiði. Sérstaklega er áin hentug til svokallaðra þurrfluguveiða og hefur verið stunduð veiði af því tagi um árabil. Umgjörð árinna er stórkostleg fyrir veiðina og einkennist gróðurfar og fuglalíf við bakka Svartár af tegundum sem líkar eru Laxá í Laxárdal og Mývatnssveit. Vatnið er mjög auðugt og myndar aðstæður sem eru einstakar fyrir veiði. Grundvallaratriði í verðmæti Svartár sem veiðiár og möguleikum til markaðssetningar og atvinnusköpunar í kjölfarið, er að hún er ósnortin og í öröskuðum farvegi.

Í framlögðum gögnum kemur glögglega fram að veiðinytjar skerðast með tilkomu Svartárvirkjunar. Inntaksstífla hefur augljós neikvæð áhrif þar sem ófiskgengt verður framhjá henni.

Sérstaklega er rétt að vara við öllum spám um viðhald lífríkis í Svartá með fyrirhuguðum rennslisstýringum eftir skerðingu árinna. Enda kemur skýrt fram í umfjöllun í viðauka með frummatsskýrslu að „... Ekki eru þekktar neinar aðferðir til að spá fyrir um magn slíks samdráttar og verður ekki gerð tilraun til þess ...“. Bent skal á að fordæmi eru til um afleitan árangur slíkra tilrauna. Eigendur SSB orku ehf. eiga/reka virkjun við Kvíslarhól á Tjörnesi þar sem tekist hefur afleitlega til. Farvegur þurrkast upp og skaði vistkerfis þeirrar ár orðið mikill. Þá er rétt að nefna sérstaklega að eigendur virkjunarinnar við Kvíslarhól (og SSB orku ehf.) tóku þá ákvörðun að hækka stífluna þar um marga metra eftirá, með miklum áhrifum og afleiðingum á staðnum. Ekki var fjallað um þessa hækkun og þær breytingar sem hlutust af við afgreiðslu og leyfisveitingar, þ.m.t. matsskylduathugun. Þetta er nefnt af gefnu tilefni þar sem sömu aðilar standa að verkefnum á NA.

Þá blasir það við að ímynd Svartár til iðkunar stangveiði gerbreytist eftir virkjun sem mun hafa bein neikvæð áhrif á sölu og markaðssetningu veiðileyfa. Vatnasviðið og áin verður ekki ósnortið lengur.

3. Jarðfræði, gróður og fornleifar

Hraunið umhverfis Svartárvirkjun, Bárðardalshraun, telst til nútíma eldhrauna sem njóta „sérstakrar verndar“ skv. náttúruverndarlögum. Þar skal forðast röskun eins og kostur er samkvæmt sömu lögum. Stíflan og lónstæðið valda mestum skaða á þessu hrauni. Talsvert gróðurrask mun verða af Svartárvirkjun, bæði af stíflumannvirkjum, löni og þrýstípi.

Sérstaklega skal bent á það að mat á umhverfisáhrifum línu-/strenglagnar vegna Svartárvirkjunar er ófullnægjandi. Þannig er nefnd ný leið fyrir línu/streng vestan í Hvítafelli sem ekki hafa verið metin nein áhrif af. Ennfremur alveg óljóst hvort fáist heimildir landeigenda og/eða skipulagsyfirvalda fyrir slíkum framkvæmdum. Á þessari leið er mikið magn menningarminja/fornleifa, einkum á Þegjandadal og víða í heiðinni þar um kring.

Óviðunandi með öllu er að framkvæmdaraðili komist upp með að kynna ný áform, almennt orðuð, um framkvæmdaþátt (línulögn) sem er órjúfanlegur hluti framkvæmdarinnar, án þess að leggja fram nein gögn eða meta áhrif. Fullbúið mat á umhverfisáhrifum allra þátta á öllum valkostum sem til greina koma hlýtur að vera skýlaus krafa.

4. Fuglar

Sérfræðiskýrslur um fuglalíf sýna glögglega mikil og verulega neikvæð áhrif Svartárvirkjunar á fuglalíf. Verndargildi svæðisins er afar mikið hvað varðar fuglalíf og áhrifasvæði virkjunarinnar „örjúfanlegur hluti af þeirri heild“ (úr skýrslu NNA). Fram kemur í fyrirbyggjandi gögnum að vatnakerfi Suðurár og Svartár á sér bein tengsl og hliðstæður í Laxá í Laxárdal og Mývatnssveit. Þannig byggir stofn húsandarinnar að nokkru leyti á því að hafa bæði þessi vatnakerfi til afkomu. Í fyrirbyggjandi gögnum kemur fram að áhrif á húsandarstofn eru ekki eingöngu á svæðisvísu heldur landsvísu.

Á heildina litið virðist það blasa við að áhrif Svartárvirkjunar á fuglalíf yrðu eingöngu neikvæð og það mikið neikvæð á tiltekna stofna.

5. Samfélag og atvinna

Vísað er til efnisatriðis/kafla nr. 1 að framan. Grundvallaratriði þessa verkefnis alls, Svartárvirkjunar, er ástæður þessara áforma. Hvers vegna þarf að sækja 10 MW af raforku í Svartá í Bárðardal? Vantar rafmagn í nærliggjandi sveitir? eða raforku á Íslandi almennt? Mun virkjunin leysa einhvern samfélagslegan vanda sem uppi er? Þessum þáttum hefur ekki verið svarað í umhverfismatinu. Ekki gerð úttekt á þessu og ekki fjallað af neinni dýpt um forsendurnar og samfélagsleg áhrif. Það þarf ekki að taka fram að örfá orð um áhrif tímabundins vinnuafls á stuttum framkvæmdatíma er ekki það sem um er rætt hér. Matsgögnin sýna enn fremur glögglega að af Svartárvirkjun hljótast eingöngu neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og möguleika framtíðar til útivistar og ferðamennsku á svæðinu.

Undirritaður hefur aflað upplýsinga um viðskiptasamninga og fleiri gögn um Svartárvirkjun, sbr. hluta af því sem birt er og fjallað um í kafla 1 að framan. Ljóst er að þessi gögn, að viðbættu því sem fram kemur í matsgögnunum, sýna glögglega að engar forsendur eru til að réttlæta hin miklu neikvæðu áhrif Svartárvirkjunar á forsendum almannahagsmuna og mögulegra samfélagsáhrifa. Áhrifin eru mikil og neikvæð fyrir almenning og náttúruna. Ávinningurinn er takmarkaður og eingöngu fyrir örfáa einstaklinga í eigin fjárfestingum.

Niðurstaða

Að öllu skoðuðu er ljóst að Svartárvirkjun myndi valda verulegum og umtalsverðum, óafturkræfum umhverfisáhrifum. Ávinningur er fjárhagslegur arður fyrir fáa einstaklinga. Neikvæðar afleiðingar miklar og varanlegar fyrir almenning og ósnortna náttúru í heild og stökum hlutum.

Ekkert réttlætir veitingu leyfa til framkvæmda við Svartárvirkjun.



Óli Halldórsson, kt. 100575-5079

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

22. október 2017

Efni: Athugasemd vegna mats á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar

Undirritaður óskar eftir því að neðangreind atriði verði tekin til efnislegrar umfjöllunar við mat á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar. Vísað er til auglýsingar Skipulagsstofnunar þar sem fram kemur að kynningartími sé til 23. október 2017.

Sérstaða lífríkisins við Svartá

Fyrir liggur að lífríkið við Svartá í Bárðardal er að mörgu leyti keimlíkt vistkerfi Mývatni og Laxár. Um er að ræða auðug vatnakerfi sem eru búsvæði sömu og áþekkra tegunda, bæði í straumvatninu sjálfu og því fugla- og gróðurlífi sem umhverfis er. Þetta er einstakt lífríki á heimsvísu. Afar brýnt er að beita sér fyrir sambærilegri friðun við Svartá og þeirri sem Laxá og Mývatn njóta. Það væri ósvinna að skemma þetta vatnasvið og landslagsheild áður en til þess kemur að sett verða sérstök lög um friðun Svartár.

Fuglar

Í sérfræðiskýrslum um áhrif á fuglalíf (Náttúrustofa Norðausturlands) sem fylgja mati á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar kemur eftirfarandi fram m.a. fram:

„Á heildina litið er verndargildi vatnasviðs Svartár og Suðurár því mjög mikið hvað fuglalíf varðar. Áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar er órjúfanlegur hluti af þeirri heild.“

„Áhrif virkjunar munu verða neikvæð fyrir straumendur á vatnasviði Svartár og Suðurár.“

„Við athuganir sumarið 2012 sáust 25 tegundir fugla og af þeim voru 22 taldar líklegar varptegundir. Af þessum tegundum eru þrjár (húsönd, straumönd og fálki) sem teljast viðkvæmar fyrir því raski sem fyrirhuguð framkvæmd mun valda (2. tafla).“

„Framkvæmdirnar munu hafa áhrif á fugla með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða truflun sem fuglar getað orðið fyrir þegar unnið er að uppsetningu mannvirkja. Þau áhrif munu standa yfir í skamman tíma og ættu ekki að hafa langtíma áhrif á fuglalíf svæðisins. Hins vegar er það breyting á búsvæðum sem verður við það að megnið af vatninu í Svartá er tekið úr farveginum á 3 – 3,5 km kafla. NNA-1502 Fuglalíf, gróðurfar og jarðfræði við Svartá í Bárðardal 17 Þetta veldur langtímabreytingu á fuglalífi þar sem tegundir sem háðar eru ánni missa hluta búsvæðis síns. Ekki er talið að framkvæmdin verði til bóta fyrir nokkra tegund en um það er þó erfitt að fullyrða þar sem ekki er ljóst hver framvindan verður á þeim svæðum árinna sem þarna. Hér að neðan eru

taldar upp þær tegundir sem sást á rannsóknasvæðinu við athuganir og gert grein fyrir þeim áhrifum sem framkvæmdir eru taldar hafa á þær.“

„Fyrirhuguð virkjun er því talin geta haft neikvæð áhrif stofnstærð húsanda á vatnasviði Svartár og Suðurár og um leið á landsvísi“

Augljóst er á fyrirliggjandi gögnum að verndargildi Svartár og Suðurár er mjög mikið. Svartárvirkjun mun hafa afgerandi neikvæð áhrif á fuglalífið og valda langtíma breytingum til hins verra þar sem tegundir sem háðar eru ánni missa búsvæði sín, t.d. húsöndin sem á griðarstaði við Laxá og Svartá og ber Ísland alþjóðlega ábyrgð á verndun húsandarstofsins.

Það er því fráleitt að taka þá áhættu að raska þessu svæði og væri brot á samningum sem Ísland hefur samþykkt.

Áhrif á veiði

Í áliti Veiðimálastofnunar kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Veiðinytjar á efra veiðisvæði skerðast með tilkomu Svartárvirkjunar. Staðsetning inntaksstíflu hefur áhrif vegna þess að væntanlega verður ófiskgengt framhjá henni og því munu veiðinytjar ofan inntaksstíflu eingöngu byggjast á fiskframleiðslu ofan hennar eftir virkjun.“

Í áliti Hafrannsóknarstofnunar kemur líka eftirfarandi fram sem hnígur að yfirvofandi vá á lífríki árinna ef af virkjunarframkvæmdum verður:

„Áhrif rennisskerðingar á veiði Með virkjuninni raskast náttúrulegt umhverfi fiska í Svartá neðan Ullarfoss. Líklegt er að röskun komi einnig fram í stangveiðinni og þá í formi samdráttar á fjölda veiddra fiska. Röskunin mun ná til allra veiðisvæða og allra veiðistaða á því svæði, mismikið þó eins og komið hefur fram í umfjöllun um veiðistaði. Ekki eru þekktar neinar aðferðir til að spá fyrir um magn slíks samdráttar og verður ekki gerð tilraun til þess hér. Auk þess er líklegt að ímynd árinna til iðkunar stangveiði breytist eftir virkjun sem gæti haft neikvæð áhrif á sölu veiðileyfa, ósnortið verður snortið“.

„Áhrif rennisskerðingar á efnabúskap og vistkerfi Styrkur uppleystra efna í straumvatni sveiflast árstíðabundið. Ekki er ljóst hvaða áhrif rennisskerðing á ákveðnum kafla farvegar Svartár mun hafa á efnabúskap árinna og vistkerfis árinna. Þar verður að hafa í huga magn og hlutfall vatns sem kemur úr hliðarlækjum/ám, eða af ræktuðu landi. Við rennisskerðingu í hluta farvegar Svartár gæti styrkur uppleystra efna breyst, þar sem hlutfall vatns úr hliðarlækjum/ám eða af ræktuðu landi eykst. Í því ljósi er vandkvæðum bundið að spá fyrir um áhrifin upp fæðukeðjuna nema að gera sérstaka úttekt á hliðarrennsli í Svartá á þeim hluta árinna sem verður fyrir rennisskerðingu. Eins og áður sagði nýttist framburður lífrænna agna í straumvatninu sem fæða fyrir hryggleysingja og er þannig hluti af undirstöðum fæðukeðjunna. Rennisskerðing í tengslum við virkjun Svartár er líkleg til að valda skerðingu á framburði lífrænna svifagna þar sem framburðurinn er háður (er margfeldi af) rennislismagni og styrk lífrænna agna í ánni. Líkt og hryggleysingjar nýta fiskar sér rek lífrænna agna til fæðuöflunar. Mikilvægast er rek dýra, eins og hryggleysingja. Fiskarnir grípa fæðugagnirnar sem reka fram hjá þeim stað þar sem þeir halda sig. Leiði rennisskerðing til minnkandi reks dýra, minnkar fæðuframboð fyrir fiska óhjákvæmilega. Dýr sem finna má í reki geta verið ættuð úr nærliggjandi vötnum ofar á vatnasviðinu og á það ekki síst við um krabbadýr. Í mörgum tilfellum losna dýr af árbotni vegna strauma þannig að þau lenda í reki fyrir slysi. Mikill hluti þeirra skordýra sem er að finna í reki nýta strauminn til að færa sig um set, s.s. lirlur bitmýsins. Í þessu ljósi má ætla að mikill fjöldi dýra, einkum krabbadýra, gætu verið upprunninn í Svartárvatni. Eins og fjallað er um hér að framan er áætluð skerðing botnflatar á

áhrifasvæði Svartárvirkjunar á milli 48 og 58% sem takmarkar lífræna framleiðslu á botni farvegarins. Samfara rennisskerðingu, og þar með skerðingu búsvæða á botni, má gera ráð fyrir að magn dýra í reki minnki. Að sama skapi mun framburður Svartár á lífrænum ögnum minnka vegna fyrirhugaðrar rennisskerðingar, sökum minnkandi burðargetu árinna sem er veldisvaxandi fall af rennsli. Það mun valda mikilli skerðingu á framburði lífræna agna í Svartá (t.d. Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl.; 2008; Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2015; Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2016) og þar með fæðuframboði fiska. 12 Af framangreindu má sjá að rennisskerðing í kjölfar virkjunar árinna mun valda minnkandi framburðargetu árinna á lífrænum ögnum, og þar með fæðuframboð fyrir hryggleysingja og fiska. Minnkunin verður ekki einungis vegna skerðingar á botnfleti farvegarins heldur einnig vegna minnkandi burðargetu árinna.“

Samkvæmt þessum fyrirbyggjandi sérfræðiskýrslum verður stórfelld röskun á fiskgengd í Svartá þar sem svæðin sitt hvoru megin við virkjuna verða aðskilin með mannvirkjum. Geta árinna til að bera framburð og viðhalda lífvænlegu umhverfi fyrir fisk verður stórskert.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að ekki virðist fjallað neitt um möguleg óhöpp eða vanefndir á fyrirætlunum um stöðugt vatnsrennsli í Svartá eftir virkjun. Rennisstýring í hálfuppbornuðum árfarvegum er ákaflega vandmeðfarin, eigi að nást árangur í viðhaldi vistkerfa. Eitt óhapp eða vanefndir á einu sumri sem þurrka upp vatnsfarveg í eitt skipti geta breytt öllu til frambúðar. Horfa þarf til annarra sambærilegra virkjana og ekki síst þeirra sem sömu framkvæmdaraðilar hafa staðið að. Nærtækt er að horfa til virkjunar við Kvíslarhól á Tjörnesi, sem sömu eigendur standa að baki að hluta. Þar hafa vanefndir orðið og stórfelldar breytingar á framkvæmd með neikvæðum áhrifum á lífríki árinna sem ekki var fjallað um við leyfisveitingarferlið.

Gróðurfar

Í sérfræðiskýrslum meðfylgjandi matskýrslu kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Vegur 1 liggur að mestu yfir ræktað land en einnig á stuttum kafla yfir mólendi þar sem ríkjandi tegundir voru fjalldrapi, bláberjalýng, beitilyng, loðvíðir, gulvíðir og fjallavíðir. Þar verður rask vegna vegagerðar“

„Talsvert rask mun hljóttast af lagningu þrýstípunnar um það svæði en erfitt er að segja til um hversu mikil áhrifin verða á mýrina, grunnvatnsstöðu og vatnsrennsli. Það veltur á dýpi pípunnar, efnisvali með pípunni og frágangi.“

„Lagning þrýstípu mun hafa í för með sér rask í þeim gróðurlendum sem farið er yfir.“

Augljóst er að neikvæð áhrif Svartárvirkjunar á gróðurfar eru tölverð. Rask á gróðurlendum af ýmstu tagi mun hljóttast af framkvæmdinni.

Bent skal á að fram kemur í umfjöllun Náttúrufræðistofnunar að áhrif á gróðurfar af lögn línu- eða strengs hafa ekki verið metin. Auk þess að meta minjar, landslag og gróðurfar þarf að meta áhrif jarðstrengs á gróðurfar á lagnaleiðinni. Í sérfræðiskýrslu kemur það fram að Náttúrufræðistofnun hefur ekki verið beðin um það og því er engin úttekt gerð. Slík úttekt hlýtur að vera ein af forsendum matsins á línuleiðinni.

Fornleifar

Í umfjöllun um áhrif á fornleifar kemur eftirfarandi m.a. fram:

Virkjun:

„Alls voru skráðar sjö fornleifar innan athugunarsvæðisins á jörðunum Bjarnastöðum og Víðikeri. Engar fornleifar fundust í landi Stóru-Tungu. Þess ber að geta að ein þeirra fornleifa sem voru skráðar er fornþýli og því tilheyra tvö garðlög og 10 tóftir sem sáust á yfirborði. Fyrirhuguð þrýstipípa liggur í gegnum tún býlisins. Línan liggur fast við annað garðlagið og yfir hitt garðlagið en er um 28 m frá þeirri tóft sem næst er pípunni. Auk býlisins voru skráð tvö garðlög, ein varða, ein tóft, ein þúst og eitt vað. Hér fyrir neðan er listi yfir fyrirhuguð mannvirki í tengslum við Svartárvirkjun og aftan við hvert þeirra kemur fram hvort og þá hvaða fornleifar fundust á helgunarsvæði þeirra. A) Stöðvarhús - engar fornleifar. B) Þrýstipípa - 3 fornleifar (garðlag SP-177:026, býli SP-177:022 og varða SP-177:029) C) Inntaksmannvirki - engar fornleifar D) Aðrennslisskurður - 2 fornleifar (þúst SP-176:032 og tóft SP-176:031. Tóftin er fast utan við jaðar helgunarsvæðis og telst í hættu) E) Stífla - 1 fornleif (garðlag SP-176:033) F) Inntakslón - 1 fornleif (vað SP-176:015) G) Vegur - engar fornleifar Ef engar breytingar verða gerðar á staðsetningu mannvirkja verður erfitt að komast hjá raski á hluta bæjarstæðis fornþýlis SP-177:022, vörðu SP-177:029 og garðlags SP-176:033 en ef farið er með gát ætti að vera hægt að komast hjá raski á öðrum minjum á svæðinu. Allar fornleifar eru friðaðar skv. lögum (sjá lög um menningarminjar nr. 80/2012). Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar“

Línuleið:

„Til að taka niðurstöðurnar saman í stuttu máli þá eru 45 minjastaðir í stórhættu á úttektarsvæðunum báðum. Af þeim eru línulegar fornleifar sem ekki verður komið frá raski stór hluti, alls 27 leiðir og sjö garðlög. Það sem þessir minjastaðir, leiðir og garðlög, eiga sameiginlegt er að þær eru hluti af mun stærri heild sem hefur ekki verið skoðuð í flestum tilvikum. Úttektarsvæði framkvæmdanna er 100 m breitt og veitir aðeins litla sýn á umfang línulegra minja. Aðrar minjar í stórhættu eru 11 talsins. Þar eru m.a. þrjú býli, Vaglagerði SP-177:010, Birningsstaðir SP-215:015 og Víðatóft SP-285:017. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur nærri túngörðum og beint yfir bæjarhólinn í einu tilviki og fyrir séð er að þetta mun valda miklu raski. Fullrar varúðar er jafntframt þörf þegar jarðrask er svo nærri býlum. Víðaróft er jafnframt einstakur minjastaður sem farin var í eyði undir lok 11. aldar. Kumlateigur SP-216:062 lendir jafnframt undir miðlínu jarðstrengsins sem mun valda miklu tjóni. Í öllum tilvikum er mögulega hægt að bregðast við þessu með tilfærslu á línustæði. Allt úrslitavald um framkvæmdir, fornleifar og mögulegar mótvægisáðgerðir liggur hjá Minjastofnun Íslands. Jafnframt er nauðsynlegt er að hafa í huga þann möguleika að fleiri minjar leynist á úttektarsvæðinu sem ekki eru þekktar og sjást ekki á yfirborði“

Úr frummatsskýrslu SSBORKA og Verkís kemur eftirfarandi fram:

„Við kynningu á drögum að tillögu að matsáætlun kom fram að landeigendur á tveimur jörðum vildu rifta samkomulagi um lagningu strengs um þeirra land og því var legan færð á nyrsta hluta leiðar og leitað samkomulags við nýja landeigendur og um færslu strengleiðar innan jarða við aðra. Rafstrengurinn verður að mestu plægður niður um 1 m undir yfirborð. Þar sem ekki er hægt að plægja streng niður verður grafið fyrir honum en gert er ráð fyrir að það verði aðeins á um 5-10 % af heildarleiðarlengd strengs ef farið verður að Laxá. Skurður yrði þá um 0,7 m breiður í botninn og um 1 m djúpur en samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009 þarf strengur að vera að lágmarki 0,7 m undir yfirborði. Fyllt yrði með sandi undir strengi, um 5 cm þykkt lag undir og um 15 cm lag ofan á. Þar ofan á kæmi uppgrafinn jarðvegur“

„Strengleiðin að Laxá er um 47 km og fer yfir Mývatnsheiði að Þjóðvegi 1 við Mátvatn, þaðan yfir Laxárdalsheiði, vestan í Hvítafelli og norður fyrir Þorgerðarfjall að vestanverðu. Á móts við Laxárvirkjun 1

yrði Laxá þveruð með því að grafa strenginn niður í botninn á skurði þar sem núverandi 66 kV strengur liggur.“

„Tveir kostir eru til skoðunar varðandi tengingu virkjunar við orkukerfið. Virkjunin verður tengd við flutningskerfið með lagningu á 33 kV jarðstreng frá virkjun að annað hvort núverandi tengivirki Landsnets við Laxá eða að nýju tengivirki við Kröflulínu 1 við Kálfborgará í Bárðardal, sjá Mynd 1.1. Landsnet hefur samþykkt að virkjunaraðili sjái um að leggja streng frá virkjun að tengivirki. Landsnet mun sjá um breytingar í núverandi tengivirki við Laxá ef sá kostur verður fyrir valinu en virkjunaraðili kostar þær. Strengleiðin að Laxá er um 47 km og fer yfir Mývatnsheiði að Þjóðvegi 1 við Mátvatn, þaðan yfir Laxárdalsheiði, vestan í Hvítafelli og norður fyrir Þorgerðarfjall að vestanverðu. Á móts við Laxá virkjun 1 yrði Laxá þveruð með því að grafa strenginn niður í botninn á skurði þar sem núverandi 66 kV strengur liggur. Ef seinni kosturinn verður valinn verður strengurinn lagður um 22 km leið í veghelgunarsvæði Bárðardalsvegur eystri og Lundarbrekkuvegar norður Bárðardalinn að Kálfborgará. Þar myndi Landsnet reisa nýtt tengivirki við Kröflulínu 1 en virkjunaraðili greiða Landsneti tengigjald fyrir kostnað við tenginguna. Strengleið yfir heiðarnar að Laxá var upphaflega valin með því að skoða loftmyndir, gróðurkort og með athugunum á vettvangi. Búið var að semja við alla landeigendur en eftir var að staðsetja strengleið nákvæmlega eftir nánari könnun á landi.“

Í frummatsskýrslunni er ný leið strengs eða línu að Laxá virkjun nefnd til sögunnar eins og fram kemur að ofan, þ.e. vestan í Hvítafelli og norður fyrir Þorgerðarfjall að Laxá virkjun. Hér er mjög mikilvægt að vekja athygli á að ekkert formlegt mat fylgir á þessari leið né frágengnir samningar við landeigendur. Svo virðist sem ekki hafi verið metin umhverfisáhrif af þessari leið, þó hún liggji hér til grundvallar í matsskýrslu. Í athugasemd undirritaðs við tillögu að matsáætlun var sérstaklega bent á nauðsyn þess að meta umhverfisáhrif af línu- eða strenglögnum, þar sem ljóst væri að ekki yrði farið í gegnum land Halldórsstaða 2 eins og gert hafði verið ráð fyrir í tillögu að matsáætlun. Í því samhengi skal rifjað upp að við eigendur Halldórsstaða 2 í Laxárdal riftum samkomulagi línulagnar yfir land jarðarinnar sem á land að vatnaskilum á Hvítafelli. Við settum fyrirvara fyrir samþykki okkar á sínum tíma og tilkynntum framkvæmdaraðila og Skipulagsstofnun riftunarákvörðun eftir að hafa kynnt okkur gögn um það hvernig staðið yrði að framkvæmdinni. Í umsögn Fornleifastofnunar á þessari lagnaleið kemur fram að minjar eru flestar í hættu eða stórhættu á lagnaleiðinni. Laxárdalsheiði er að mestu ósnortin landslagsheild sem ber að varðveita eins og kostur er fyrir röskun.

Lagnaleiðinni vestan í Hvítafelli að Laxá virkjun er ekki lýst, né hvort samþykki landeigenda liggur fyrir á þeirri leið. Á hana hefur ekkert mat verið lagt. Á Múlaheiði og framanverðum Þegjandadal, þar sem lagnaleiðin að öllum líkindum liggur er að mati undirritaðs eitt merkilegasta óraskaða minjasvæði landsins. Fornleifastofnun Íslands og Hið Þingeyska fornleifafélag hafa unnið að rannsóknum á undanförunum árum á Ingiríðarstöðum á Þegjandadal og víðar í dalnum og hafa þær rannsóknir vakið athygli og gerðar aðgengilegar skýrslur um þær. Í framtíðinni má búast við mikilli rannsóknarvinnu á dalnum. Þeirri hugmynd hefur verið hreift að vinna að því að Þegjandadalur verði settur á heimsmínjaskrá í framtíðinni. Á Þegjandadal er að finna heilleg bæjar-, kirkju-, skálatóftir, garðlög, kumlateg og fornar leiðir allt frá tíunduöld. Undirritaður hefur unnið að því að merkja örnefni úr örnefnaskrá jarða inn á gagnagrunn Landmælinga Íslands á mest allri þessari fyrirhuguðu línuleið og þekkir því nokkuð til lagnaleiðarinnar.

Að mati undirritaðs kemur þessi leið alls ekki til greina enda ekki rannsókuð í þessu umhverfismati.

Ferðaþjónusta

Í sérfræðiskýrslu kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Ef horft er beinlínis á hagsmuni ferðaþjónustunnar og ferðamanna virðist sem fyrst og fremst sé um tap að ræða vegna vegna tilkomu virkjunarinnar. Það sem dregur ferðamenn á svæðið er samkvæmt viðtölum náttúran á svæðinu og mannvistarlandslag sem einkennist af hefðbundnum landbúnaði. Virkjunin fellur ekki að þeirri mynd. 63 Áframhaldandi iðnvæðing landbúnaðarlandslagsins getur leitt til þess að lokum verði ekki hægt að upplifa mikil skil á milli borgarumhverfis og náttúrulegs umhverfis á Íslandi en það er eitt af grundvallarskilyrðum náttúrutengdrar ferðamennsku (Olafsdóttir, 2013a). Þetta getur haft áhrif á aðdráttarafl og ímynd svæðisins og landsins alls og hvernig það er upplifað. Fólk dæmir aðstæður - hvað má og hvað má ekki vera í landslaginu og hvaða þjónusta er - jákvæðar eða neikvæðar eftir ímyndinni sem fylgir ferðalaginu“

Eins og hér kemur fram verða neikvæð áhrif með tilkomu Svartárvirkjunar á ferðaþjónustu. Virkjunin mun skerða þessa einstöku hálendisvin sem ætti frekar að tengja að hluta hálendisþjóðgarði og gera ferðafólki kleift að njóta betur einstakrar náttúru á svæðinu.

Ferðamennska er nú ein helsta tekjulind Íslendinga og líklegt að svo verði áfram. Það væri því glapræði að fórna þessu svæði fyrir vatnsaflsvirkjun. Ekki er sýnt fram á að sérstök þörf sé á rafmagninu fyrir nærsamfélagið eða raforkukerfið. Framkvæmdin lítur eingöngu að því að skapa eigendum Svartárvirkjunar gróða. Fórarkostnaðurinn á náttúru landsins er ekki metinn.

Virðingarfyllt

Halldór Valdimarsson

Garðarsbraut 37

640 Húsavík

halldorva@simnet.is

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 09:16
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0603-Framsend athugasemdir Viðars Hreinssonar
Attachments: Viðar Hreinsson -aths vegna Svartárvirkjunar.pdf; Viðar aths Fylgiskjal 2.pdf; Viðar aths Fylgiskjal 3.pdf; Viðar aths Fylgiskjal 4.pdf; Viðar aths Fylgiskjal 5.pdf; Viðar aths Fylgiskjal 6.pdf; Viðar aths Fylgiskjal 7.pdf

From: Viðar Hreinsson
Sent: 23.10.2017 16:00:49
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemdir Viðars Hreinssonar

Ágæta Skipulagsstofnun. Í viðhengi eru athugasemdir mínar við frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar virkjunar Svartár í Bárðardal. Henni fylgja 7 umsagnir erlendra fræðimanna/háskólakennara. Fylgiskjal nr. 1, frá Steven Hartman verður þó sent ykkur sérstaklega því þeim seinkaði vegna veikinda í fjölskyldu Stevens.

Virðingarfyllst,

Viðar Hreinsson

Fylgiskjöl: Umsagnir 7 háskólakennara og tveggja stúdenta um verkefnið Svartárvirkjun, menning - náttúra.

1. Steven Hartman, prófessor við Málaren háskóla í Vesterås í Svíþjóð og formaður NIES, norræns tengslanets um umhverfshugvísindi. **Vegna veikinda barna gat hann ekki gengið frá umsögn sinni í dag en sendir hana í kvöld í sérstökum pósti.**
2. Thomas McGovern prófessor í fornleifafræði við CUNY háskóla í New York en hann hefur lengi stundað rannsóknir á Ísland og leiðir NABO, North Atlantic Biocultural Organization sem er samstarfsvettvangur fornleifafræðinga, vistfræðinga og menningarfræðinga.
3. Lawrence Buell, prófessor við Harvard (á eftirlaunum) einn allra virtasti umhverfisbókmenntafræðingur í heimi.
4. Michael Twomey, prófessor (á eftirlaunum) í miðaldafræðum við Cornell háskóla og frumkvöðull í að beita umhverfisfræðilegum aðferðum á miðaldabókmenntir.
5. John Bodinger de Uriarte, prófessor í mannfræði og safnafræði við Susquehanna háskóla.
6. Robert M. Nickel, prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði við Bucknell háskóla.
7. Chad Staddon, prófessor í auðlindahagfræði við University of West England í Bristol, og aðstoðarmenn hans og doktorsnemar, Owen King og Nick Jones.

--

Viðar Hreinsson
bókmenntafræðingur / literary historian
Náttúruminjasafni Íslands / Icelandic Museum of Natural History
Brynjólfsgata 5
107 Reykjavík Iceland

ReykjavíkurAkademían / The Reykjavik Academy
Þórunnartún 2
105 Reykjavík - Iceland
(+354) 552 3956 (home) / (+354) 844 8645 (cell)
vidar@akademia.is

Reykjavík, 23. október 2017

Efni: Athugasemdir Viðars Hreinssonar bókmenntafræðings við frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar virkjunar Svartár í Bárðardal.

1. INNGANGUR

Í upphafi er rétt að benda á tvo annmarka varðandi áreiðanleika skýrslunnar:

1) Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er það hlutverk framkvæmdaraðila að sjá um umhverfismat. Þetta ákvæði rektst óneitanlega hastarlega á heilbrigða skynsemi og reglur sem víða gilda í samfélagi og stjórnslu um áhrif hagsmunaárekstra á áreiðanleika og ákvarðanir. Frummatsskýrslan er unnin af verkfræðistofu sem fyrirhugað er að hanni virkjunarmannvirkin og hún mótast óhjákvæmilega af þeim hagsmunum verkfræðistofunnar að fá að halda áfram með verkefnið. Jafnvel þótt skýrslan vísi í lög og reglur um náttúruvernd og styðjist að nafninu til við úttektir og gögn óvilhallra fræðimanna mótast úrvinnsla skýrsluhöfunda og mat þeirra á umhverfisáhrifum af hagsmunum virkjunaraðila og þeirra sjálfra. Val á ívitnuðum greinum, í lögum, stefnu stjórnvalda, alþjóðlegum samningum, og túlkanir á þeim hafa það markmið eitt að réttlæta framkvæmdina. Þegar heildarniðurstöður og samantekt í 7. kafla er skoðuð verður að reikna með að niðurstöður skýrsluhöfunda um mat á umhverfisáhrifum í einstökum þáttum skýrslunnar séu óhjákvæmilega einu til tveimur stigum jákvæðari en gögnin segja til um, miðað við þann kvarða sem skýrsluhöfundar sjálfir nota (sjá yfirlit í töflu í 7. kafla). Mikið ójafnræði felst þar að auki í því að framkvæmdaraðilinn getur lagt ómælt fé og tíma í að vinna skýrsluna en aftur á móti hafa þeir sem gera vilja athugasemdir naumt skammtaðan tíma, jafnvel ekkert annað en eigin frítíma og enga fjármuni til að kosta sérfræðivinnu.

2) Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum getur ekki takmarkast einungis við hagrænt mat eða hlutlægar lýsingar á áhrifaþáttum, heldur verðu einnig að taka til greina margvíslegt gildismat og heildarsýn á umhverfismál og náttúruvernd sem ekki er á fagsviði verkfræðinga. Allt sem að slíku lýtur í skýrslunni er enda mjög í skötulíki. Heimspekingar, siðfræðingar og ýmsir hugvísindamenn væru mun færari um að vinna með slíkt. Hér er við hæfi að vitna í Pál Skúlason, einn virtasta heimspeking Íslendinga fyrr og síðar. Hann sagði:

Hvernig stendur á því að við mennirnir höfum villst svo langt frá náttúrulegum stað okkar í náttúrunni sjálfri? Hvað gerði það að verkum að athygli okkar beindist öll að sköpunargáfunni, fræðilegri og tæknilegri byggingarstarfsemi, í stað þess að við þróuðum með okkur samúðargáfuna sem áreiðanlegan grundvöll andlegs skilnings á náttúrunni?

Hér tel ég að hugmyndirnar um skapaða náttúru og skapandi náttúru, sem Spinoza taldi nauðsynlegar til að við lærðum að virða náttúruna, komi að gagni. Spinoza þekkti að sjálfsögðu kenningar Galileos og Descartes, en hann

taldi þörf á fleiru en aðeins þeim kenningum til þess að öðlast skilning á náttúrunni og stöðu okkar innan hennar. Við þörfnumst tveggja sjónarhorn á sjálf okkur, annars vegar sem skapaðar verur og hins vegar sem virka þátttakendur í sköpunarferlum náttúrunnar. Og í því skyni þörfnumst við tvöfaldrar sýnar á náttúruna, annars vegar innan frá og hins vegar utan frá. Vísindi nýaldar tóku sér afdráttarlausu stöðu utan við náttúruna sem fastmótað og fullskapað kerfi. Þar með tóku þau ekki nægilegt tillit til þess að fræðileg þekking einkennist ekki aðeins af því að skoða náttúruna utan frá og einblína á hina mælanlegu eiginleika, heldur byggist líka á því að nema náttúruna innan frá eins og hún umlykur okkur og veitir okkur innsýn í sköpunarferli sín. Vísindin töldu sig hafa afhjúpað leyndardóma náttúrunnar í eitt skipti fyrir öll í ljósi mælanlegra eiginleika sem almættið hefur innprentað í sköpunarverk sitt. Það sem átti sér stað var að þegar við manndýrin gerðum okkur grein fyrir mætti þeirra hugtaka sem við framleiddum til þess að stjórna náttúruöflunum þá fórum við að haga okkur, með tæknilega siðmenningu okkar að vopni, sem *sjálfstætt* náttúruafl í baráttu við önnur náttúruöfl.

Þetta er harmleikur samtíma okkar og við erum enn á valdi þeirrar ástríðu að drottna yfir náttúrunni og nota auðlindir hennar til tæknilegrar framleiðslu. Réttlættingin er ætíð hin sama: *Við þurfum að virkja náttúruauðlindir, annars tekst okkur ekki að lifa af.* Þannig færirst stöðugt meiri hiti í deilurnar um það hvernig við getum nýtt fræðilega og tæknilega krafta okkar með viðeigandi hætti í viðureign okkar við náttúruna og umhverfi okkar. (Páll Skúlason, *Náttúrupælingar*, bls. 52-53)

Á öðrum stað bendir Páll á að óspillt náttúra sé snar þáttur í því að móta hugsun okkar og gildismat og af þeim sökum er ekki hægt að umgangast hana eftir eigin geðþótta.

„Í reynd eru öræfin eða óbyggðirnar uppspretta gilda með stórkostlegri hætti en okkur er iðulega ljóst. ... Kjarni málsins er sá að þetta frelsi í náttúrunni er forsenda fyrir tilveru okkar. ... Eiginleikar hlutanna eru þannig óendanleg uppspretta gilda eftir því hvernig okkur tekst að nýta þá og tileinka okkur þá.“ (Páll Skúlason, *Merking og Tilgangur*, bls. 88-89)

Í ljósi orða Páls Skúlasonar er það augljóst að einbert verkfræðilegt og ætlað hlutlægt mat hrekkur ekki til, því það þjónar einmitt þeirri náttúrudrottnun sem Páll gagnrýnir. Láta þarf af þeirri náttúrudrottnun sem ríkt hefur undanfarnar aldir og hafa þess í stað sjálfbærni að leiðarljósi. Menn eru að átta sig æ betur á því að jafnþröngt mat á stórframkvæmdum og hér er á ferðinni mun brátt heyra sögunni til. Viðhorf til náttúru og náttúruverndar hafa breyst mjög á undanförunum áratugum vegna ógna sem stafa af loftslagsbreytingum og umhverfisáníðslu. Rangsnúin skynsemishyggja, auðmagn, tæknidýrkun og náttúrudrottnun hafa spillt umgengni við náttúruna svo gróflega að lífið á jörðinni er í hættu. Blind drottnunarhyggja olli því að níðst var á náttúrunni og því var löngum neitað að athafnir manna gætu haft slæmar afleiðingar. Tímabilið þar sem áhrif mannsins eru slík að öll vistkerfi raskast er kallað mannöld (anthropocene) og er upphaf hennar oftast miðað við iðnbyltinguna. Líta má á framkvæmd á borð við Svartárvirkjun sem heimsástand í hnotskurn, þar sem fjármagnið valtar yfir örsamfélag, raskar náttúruferli í gróðaskyni og kemur í veg fyrir að samfélagið þróist á eigin forsendum.

Það er lífsnauðsyn að læra af reynslu og hugmyndapróun fyrri alda, endurmeta lífshættina í sátt við náttúruna. Maðurinn er hluti af náttúrunni og þarf að haga sér eftir því. Umhverfið er óendanlega fjölbreytt net vistkerfa sem ekki má hrófla mikið við. Náttúran á sitt eigið líf og spyrja mætti hvort í raun sé hægt að eiga hana, hvort ekki ætti frekar að líta svo á að menn séu vörslumenn lands og landsvæða og verði að skila landinu í hendur afkomenda í ekki lakara ástandi en það var áður.

Brátt verða framfarir ekki metnar á grundvelli þeirrar tækni sem menn ná tökum á til náttúrudrottnunar og nýtingar heldur hvernig tekst til að ná sáttum við náttúruna og fjölpætt vistkerfi

jarðar. Sá tími ætti að vera liðinn að menn geti keypt ítök og réttindi hvar sem grillir í hagnaðarvon og ráðist gegn náttúrunni og ráðskast með hana eins og hún væri dautt viðfang. Verðmætamatið er að breytast og önnur gildi en beinharðir peningar njóta æ meiri viðurkenningar. Vöxtur eða hagvöxtur er alvarleg blekking sem þarf að víkja fyrir öðru gildismati.

Af framansögðu er ljóst að það er óhjákvæmilegt þegar meta á framkvæmd sem þessa að taka mið af gildismati sem getur verið af ýmsum öðrum toga en hagrænt mat eða mælanlegt og þá í víðu vistfræðilegu, samfélagslegu, sögulegu og heimspekilegu samhengi. Í þessari frummatsskýrslu leggur þröngt, verkfræðilegt sjónarhorn allt að jöfnu út frá handahófskenndum mælanleika.

2. ALMENNAR ATHUGASEMDIR

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar stendur, bls. 29:

Mikilvægt er að frummatsskýrsla sé hnitmiðuð og nákvæm. Í sumum tilfellum kunna að vera uppi ólík sjónarmið um áhrif framkvæmdar á einhverja umhverfispætti og er þá mikilvægt að þau komi fram í frummatsskýrslu og að framkvæmdaraðili rökstyðji sín sjónarmið.

Í þessa frummatsskýrslu verkfræðistofunnar Verkís skortir mikið á hnitmiðun og nákvæmni. Undir yfirskyni faglegra vinnubragða birtast óhóflegar endurtekningar sem drepa inntakinu á dreif ásamt valkvæðri notkun handahófskenndra einkunna á borð við „nokkuð“ og „talsvert“, jafnvel þótt verkfræðistofan telji sig skilgreina notkun þessara hugtaka í kafla 5.1, sjá töflu 5.1 á bls. 32. Skýrslan hefur hlutlægt yfirbragð, enda byggir hún á miklu safni rannsóknarniðurstaðna, en allar ályktanir eru loðnar og lopakenndar, og reyndar sérstaklega huglægar í raun. Ekki er gerður greinarmunur á aðalatriðum og aukaatriðum, heldur er allt lagt að jöfnu. Ekki verður annað séð en að kerfisbundið sé gert lítið úr öllum áhrifum í niðurstöðuköflum matskaflanna, eins og síðar verður vikið að. Þá getur varla heitið að „ólík sjónarmið“ sjáist nokkursstaðar nema í kaflanum um ferðamál.

Nálgunin ætti að vera heildræn en er þess í stað sundrandi, með því að fjalla um einangraða þætti í ótal köflum og komast svo að eins konar meðaltalslegum niðurstöðum. Þannig er gefin í skyn heildarsýn sem er þó í raun engin. Umhverfispættir eru taldir upp og skráðir án frekara samhengis, meðan verðmæti svæðisins felast ekki síst í heildinni sem slíkri.

Eins og gefur að skilja er þekking misjöfn, en í þessari skýrslu virðist stundum byggt á stökum skammtíma- eða bráðabirgðaathugunum. Þekkingarskortur er víða, til að mynda er vitað um fornleifar en lítið hefur verið gert til að kanna þær frekar. Almenn regla er sú að náttúran njóti ætíð vafans en hér virðist þekkingarskortur frekar nýttur á hinn veginn, til að gera lítið úr hugsanlegum áhrifum.

Skýrslan hefst á því að farið er lauslega yfir staðhætti og umhverfi á bls 7-13, síðan eignarhald, landnotkun og skipulag á bls. 13-19 og loks er framkvæmdinni lýst á bls. 20-30. Þetta er fjarri þeirri

hnitmiðun sem ætlast er til í leiðbeiningunum. Með þessu er lopinn teygður og dregið á dreif, því yfirferðin í 2. og 3. kafla hefði hæglega rúmast í sjálfum umhverfismatskaflanum.

Hið eiginlega mat hefst í 5. kafla á bls. 31 með því að vísað er í lög og leiðbeiningar þar að lútandi. Aðferðir eru skýrðar í kafla 5.1. Þar er tíundað hvaða umhverfisþættir eru taldir verða fyrir áhrifum og um þá er svo fjallað nánar í kafla 5.4. Þá eru viðmið rakin með sérkennilega óljósum hætti í kafla 5.1.2 og tilgreind „lagalegur grunnur, stefna stjórnvalda og alþjóðlegir samningar“ auk almennra atriða. Augljóst er að þessi viðmið eru allt of þröng og tæknileg og hamla allri heildarsýn.

Rætt er um „[e]inkenni og vægi áhrifa“ í kafla 5.1.3. Þar er talað um að farið sé eftir fyrrgreindum lögum og leiðbeiningum en síðan segir: „Til viðbótar hefur skilgreiningunum *nokkuð jákvæð* og *nokkuð neikvæð* verið bætt við í eftirfarandi mati á umhverfisáhrifum.” (31) Þessi viðbót er lykillinn að því hvernig matið er í raun flatt út nánast í merkingarleysu. Á þessu byggja skalar yfir einkenni og vægi áhrifa. Sú aðferð býður einfaldlega upp á fullkomlega huglægar ályktanir byggðar á forsendum sem oft eru óljósar enda eru tengsl forsenda og ályktana iðulega hverfandi.

Kafla 5.2, „Áhrifasvæði framkvæmda“ afmarkar það svæði sem verður fyrir áhrifum af framkvæmdum og það er allt of þröngt. Nú orðið er rætt um vistkerfi og landslagsheildir í miklu heildstæðari skilningi en áður tíðkaðist og af þeim sökum er það óásættanleg smættun að skilgreina svæðið eins þröngt og gert er. Svæðið er í miklu víðtækara vistfræðilegu samhengi en skýrslan gefur til kynna og er til að mynda hluti af vatnasvæði Skjálfandafljóts og nátengt Mývatnsvæðinu.

Þegar mannvirkjagerðinni er lýst í kafla 5.3 á bls. 34-35 þar sem tilgreind eru 8 framkvæmdaratriði, er dregið úr öllum áhrifum (framkvæmdin „getur“ haft þetta eða hitt í för með sér) en lögð áhersla á vandaðan frágang mannvirkja. Það er vitaskuld sjálfsagt að menn gangi vel frá eftir sig en þó hlýtur að vera ljóst að framkvæmdin mun óhjákvæmilega hafa gífurlegt mikið rask í för með sér á framkvæmdartímanum. Að grafa skurð fyrir pípur sem eru 3 metrar í þvermál er engin smáframkvæmd, bæði gröfturinn sjálfur og ekki síður flutningur efnis. Að byggja stíflu og stór hús, þar af annað uppi á hæð, eru líka miklar framkvæmdir og óafturkræfar. Það er útilokað að landið, sérstaklega votlendissvæðin verði bara eins og áður að framkvæmd lokinni. Röskunin sem af framkvæmdunum stafar er jafnmikil og óafturkræf hvað sem tíndir eru til margir þættir sem segja að röskunin sé „nokkur“ og jafnvel afturkræf.

Afturkræfni og óafturkræfni eru mikið notuð hugtök í skýrslunni en þau eru óútskýrð og þar með verður notkun þeirra marklaus. Vel má vera að á bak við þau liggi sá einfeldningslegi skilningur að hægt sé að færa hvað sem er aftur í sama horf, rétt eins og kvikmynd sé sýnd afturábak. Það er hins vegar misskilningur því eftir að rask hefur orðið á náttúrulegu aðstæðum er aldrei hægt að færa það fullkomlega í fyrra horf og oft fer því mjög fjarri. Lífríki eru víðfeðmir vefir og lítil aðgerð getur valdið fjölþættri og keðjuverkandi röskun.

Þá er orðið „staðbundið“ allmikið notað um áhrif, og með því er í raun verið að afneita hvers konar heild eða heildarsamhengi. Hins vegar vekur það nokkra furðu að hugtakið sjálfbærni sést hvergi í sjálfum matstextanum þó að það komi fyrir á nokkrum stöðum þar sem viðmið eru tíunduð. Áberandi orðalag í skýrslunni er „óverulegt“, „nokkuð“, „að mestu“, „oftast“, „geta verið“, - Slíkt orðfæri er hentugt þegar á að draga úr vægi og leggja allt að jöfnu.

3. ATHUGASEMDIR VIÐ MATSKAFLA

Hér á eftir fara athugasemdir beinast að miklu leyti að vinnubrögðum, aðferðum og framsetningu. Ég veit að margt orkar tvímælis um túlkun og úrvinnslu vísindalegra gagna og treysti því að náttúruvísindamenn og aðrir sérfróðir geri þar verulegar athugasemdir. Vísað er í blaðsíðutal í svigum eftir beinar tilvitnanir.

Jarðminjar, kafli 5.4.1: Eftir að jarðfræði svæðisins er lýst nokkuð ítarlega er lítið gert úr áhrifum jarðefnisflutninga sem þó verða augljóslega miklir. Einnig er lítið gert úr því að raskað verður töluverðri spildu af hrauni sem þó nýtur sérstakrar lagaverndar og er það óásættanlegt. Niðurstaðan, að áhrifin séu „**óveruleg**“ (37), fær því alls ekki staðist.

Kafli 5.4.2 um vatnafar hefst með langri lýsingu á rennsli árinna og síðan tekið fram í undirkafla um mótvægisáðgerðir að tryggja eigi að 15% árinna eða 3-4 m³ renni áfram í farveginum neðan stíflu svo hún þorni ekki, líklega til að halda við vistkerfi hennar. Þá er áformað að byggja fiskveg í sama skyni. Það orkar óneitanlega tvímælis að miða við hlutfallstölur og magn þar sem staðalfrávik í rennsli árinna og aðrar nauðsynlegar forsendur fyrir dreifingu rennslisins eru ekki tiltekna. Því hlýtur að vera veruleg hættu á að áin geti öðru hvoru þornað upp, sem hafi þá veruleg áhrif á vistkerfið. Slíkt mun til að mynda hafa gerst eftir virkjun Köldukvíslar á Tjörnesi. Meðal mótvægisáðgerða er sérkennileg skurðgröfuvinna í hólmunum sem ætlað er „að tryggja að vatn muni eftir virkjun renna umhverfis hólma í ánni“ (41). Ekkert er þó fjallað um það hvaða áhrif slíkur mokstur hefur á lífríki árinna. Niðurstaðan er síðan sú að áhrifin séu, þegar tillit er tekið til mótvægisáðgerða, „metin **nokkuð neikvæð** á virkjuðum kafla hennar en **óveruleg** á öðrum árköflum. Áhrifin eru **afturkræf**.“ (41) Óskiljanlegt er hvernig hægt er að komast að þessari niðurstöðu því lýst er verulegum áhrifum á rennsli árinna á hinum virkjaða kafla, fjallað er um óljósar mótvægisáðgerðir og engin tilraun er gerð til að útskýra hvernig þessar framkvæmdir geta talist afturkræfar! Útilokað er annað en að snarminnkað rennsli hafi mikil og óafturkræf áhrif.

Fjallað er um setmyndun og rof í kafla 5.4.3. Vegna þess að Svartá er lindá og dragá er þetta lítilvægur þáttur en þó er þess vel gætt að gera lítið úr áhrifunum á meðan á framkvæmdum stendur: „Á framkvæmdatíma má gera ráð fyrir gruggmyndun í farvegi Svartár neðan framkvæmdasvæða.“ (41) Þrátt fyrir fögur fyrirheit um að vanda „til framkvæmda“ er erfitt að trúa

Því að áhrif verði „óveruleg“ (42) á meðan er verið að byggja stíflu og þó að gert sé ráð fyrir því að áin muni „leita að nýju jafnvægi“ (41) eftir framkvæmdina þá er ómögulegt að vita hvers eðlis það verður.

Kafla 5.4.4 er um gróður, með langri og nokkuð ítarlegri lýsingu á gróðurfari. Drepið er á votlendi og verndargildi:

Samkvæmt vistgerðakortagrunninum er lítill hluti landsins undir og næst mannvirkjum flokkaður sem votlendi (0,5%) en stærsti hlutinn er mólendi (mest víðikjarrvist og fjalldrapamóavist), svo graslendi (língresis- og vingulsvist) og þá aðrar landgerðir (tún). Af hraunlendi flokkast stærstur hluti sem lynghraunavist. Af þessum vistgerðum eru víðikjarrvist og língresis- og vingulsvist á lista Bernarsamningsins frá 2014 um þörf á verndun. (44)

Ýmis viðmið eru tíunduð, þar á meðal mjög eindregin náttúruverndaratriði. Á bls 49 er lýst verulegu raski á gróðursvæðum á framkvæmdasvæðinu, meðal annars á 10 hekturum votlendis sem nýtur sérstakrar verndar. Því hlýtur þessi niðurstaða að teljast mótsagnakennd: „Heildaráhrif framkvæmdanna á gróðurfari á virkjunarsvæði eru metin nokkuð til talsvert neikvæð, staðbundin og óafturkræf þar sem landi er raskað en óveruleg þegar horft er til stærra svæðis.“ (50) Hvernig áhrifin breytast við að horfa „til stærra svæðis“ er illskiljanlegt. Mótvægisáðgerðir felast í vöndun verka, mjög óljósri hugmynd um endurheimt votlendis og einhvers konar plástrun svæðisins. Svo er áður tilvitnuð niðurstaða vandlega endurtekin en þó með feitu letri og er ekki orðin meira sannfærandi: „Heildaráhrif framkvæmdanna á gróður eru metin **nokkuð til talsvert neikvæð, staðbundin og óafturkræf** á virkjunarsvæðinu, en **óveruleg** þegar horft er til stærra svæðis s.s. á strengleiðinni.“ (50) Hér er komin skýring á þessu stærra svæði sem horft er á, að hlutfall rasksins minnki ef svæðið stækkar. Það er svipað og að segja að ef Ísland yrði sprengt upp væri það að sönnu mikið rask þar, en hlutfallslega minna ef litið væri til Evrópu og enn minna ef litið væri til jarðarinnar allrar.

Fuglar eru í kafla 5.4.5 og að lokinni ítarlegri lýsingu eru tíundaðar þrjár viðkvæmar tegundir sem eru á valista og Íslendingar bera verulega ábyrgð á. Straumöndin er fyrst talin og uppi hafðar nokkrar ágiskanir um lífrænt rek og framleiðni. Sagt er að framkvæmdirnar geti

haft nokkuð staðbundin áhrif og breytt dreifingu straumanda en fremur lítil ef horft er á heildarstofninn. Áhrifin verða varanleg með tilliti til áætlaðs líftíma mannvirkja, en afturkræf og **nokkuð neikvæð** fyrir straumendur á áhrifasvæðinu en óveruleg utan þess.“ (58)

Þetta er frekar loðið og áætlaður líftími mannvirkja er sérkennileg viðmiðun. Húsöndin er nær eingöngu við Mývatn og Laxá segir í skýrslunni en þó er tekið fram að töluvert sé af henni á Svartárvatni og í Svartá og vísbendingar um að henni fjölgi. Tengsl eru á milli Mývatns og Svartársvæðisins. Nokkrar réttlætandi getgátur eru um að framkvæmdin geti bætt aðstæður fyrir húsöndina en niðurstaðan er þessi:

Framkvæmdir gætu því haft nokkuð staðbundin áhrif og breytt dreifingu húsandanna. Áhrifin verða varanleg, en afturkræf og í ljósi þess að um alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði er að ræða fyrir tegundina verða þau **talsvert neikvæð** fyrir húsendum á áhrifasvæðinu en **nokkuð neikvæð** utan þess. (59)

Það er rökvilla að alþjóðlegt mikilvægi breyti einhverju um áhrif en það leggur hins vega meiri ábyrgð á herðar landsmönnum gagnvart húsöndinni. Þriðja tegundin er fálki og er eitt fálkahreiður nærri framkvæmdasvæðinu sem samkvæmt lögum má ekki trufla:

Gæta þarf að framkvæmdir verði ekki nærri hreiðri á varptíma. Eftir að framkvæmdatíma er lokið ættu áhrif ekki að vera til staðar. Verði framkvæmdum nærri fálkahreiðrinu hagað þannig að ekki verði um truflun að ræða ef og meðan fálkinn er á hreiðri verða áhrif á fálka **óveruleg**.“ (60)

Vitaskuld er ekki hægt að tryggja að fálkinn afræki ekki hreiðrið. Svipað á við um aðrar fuglategundir, að áhrifin verði óveruleg eða nokkuð neikvæða á framkvæmdatímanum. Ekki er í fuglakaflanum minnst á mótvægisáðgerðir en heildarniðurstöður eru þessar:

Áhrif á vatnafugla á framkvæmdasvæðinu eru að mestu **varanleg** en **afturkræf** og allt frá **óveruleg** til **talsvert neikvæð** fyrir húsendum á áhrifasvæðinu. Fyrir vatnasviðið í heild þá eru áhrif á fuglalíf talin **óveruleg** fyrir flestar tegundir en **nokkuð neikvæð** fyrir húsendum. Áhrif á aðra fugla á áhrifasvæði framkvæmdar og á strengleið eru talin **óveruleg**. (60)

Þessi niðurstaða sýnir enn hvernig reynt er að draga úr vægi áhrifanna. Þegar þau eru í raun þynnt út með stærri heildarsýn, þá verður vægi áhrifanna á húsöndina hlutfallslega minna. Ekki þarf að ítreka að áhrifin á hana breytast ekki, þau verða jafnmikil þrátt fyrir að beitt sé sérkennilegum hlutfallsreikningi. Áhrifin á fuglalíf hljóta því að teljast verulega neikvæð.

Um vatnalíf er fjallað í kafla 5.4.6. Að lokinni mjög ítarlegri lýsingu á efnasamsetningu og dýralífi af ýmsu tagi er fjallað um umhverfisáhrifin á bls. 68-71, með tilheyrandi endurtekningum á lýsingu framkvæmdarinnar. Áhrifin á framkvæmdatímanum eru þessi:

Á framkvæmdatíma má gera ráð fyrir raski á vatnalífi Svartár vegna byggingar stíflumannvirkis og frárennslisskurðar er leitt getur til tímabundinnar gruggmyndunar í ánni. Það getur haft óbein, tímabundin og nokkuð neikvæð áhrif á vatnalíf í farvegi árinna neðan stíflunnar.“ (68)

Hvernig þessi gruggmyndandi röskun getur verið óbein er óskiljanlegt, en orðinu „óbein“ er greinilega ætlað að draga úr vægi áhrifanna. Síðan er lýst margvíslegum áhrifum, tekið fram að íslenskar ár séu fátæklegar og Svartá sé ekki á friðlýsingarsvæði (þó að það skipti engu máli fyrir áhrif af framkvæmdinni) en bent á að áin hefði líklega nokkuð hátt verndargildi. Síðan er lýst mótvægisáðgerð í formi fiskvegar og tryggingu lágmarksrennslis (sem hér að framan var bent á að séu vafasamar áðgerðir). Þá er rætt um að „laga“ farvegi, en það væri vitaskuld röskun út af fyrir sig. Í niðurstöðum eru ýmis atriði enn endurtekin, sem og hlutfallsreiknikúnstir (sem eru rökleysa í tengslum við vistkerfi) sem og mótvægisáðgerðir og umræða um verndargildi en lokaorðin eru: „Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða eru áhrif á vatnalíf í Svartá vegna fyrirhugaðra framkvæmda í heild metin **nokkuð neikvæð, staðbundin** en **afturkræf**.“ (71) Enn og aftur er hér niðurstaða í litlu samræmi við lýsingarnar sem á undan fara. Ómögulegt er að komast að annarri niðurstöðu en að

áhrifin séu verulega neikvæð og óafturkræf. Þau eru vissulega staðbundin við framkvæmdasvæðið en það er hins vegar hluti af stærra vistkerfi.

Í kafla 5.4.7 er fjallað um fornleifar. Þeim er ítarlega lýst og réttilega tekið fram að það sé „Minjastofnunar Íslands að leggja mat á gildi þeirra og úrskurða hvort áhrif framkvæmda á fornleifar séu ásættanleg og þá til hvaða mótvægisáðgerða þurfi að grípa.“ (77) Það er því líkast að það sé talið formsatriði að fá leyfi Minjastofnunar fyrir þessu raski. Í niðurstöðu segir: „Áhrif á fornminjar eru metin **nokkuð neikvæð**, **óafturkræf** og **varanleg**, en með færslu mannvirkja tengdum virkjun og mótvægisáðgerðum sem Minjastofnun mælir fyrir verður þeim haldið í lágmarki.“ (78) Þessi niðurstaða staðfestir þá skoðun að samþykki sé talið formsatriði. Dregið er úr vægi áhrifa með orðinu „nokkuð“ en í raun er það alfarið á valdi Minjastofnunar að meta spjöllin og gefa leyfi. Fornbýli og ýmsar aðrar minjar virðast reyndar svo miklar og stórmerkar að það væri afar sérkennilegt að fórna þeim fyrir einkaframkvæmd sem alfarið er ráðist í vegna hagnaðarvonar einstaklinga en hefur ekkert þjóðhagslegt vægi sem gæti réttlætt slíka fórn.

Hljóðvist er í kafla 5.4.8 metin

tímabundin og **afturkræf** en í næsta nágrenni við byggingarsvæðið gætu þau verið **nokkuð neikvæð** á meðan framkvæmdum stendur. Á rekstartíma virkjunar er umferð sem tengist rekstri hennar talin hafa **óveruleg áhrif** á hljóðvist og einungis mun verða vart við hækkað hljóðstig vegna vatnsvéla innan lóðar stöðvarhúss. (78)

Hér eru enn á ferðinni „nokkuð neikvæð“ áhrif, en þessi einkunn á við það ástand þegar vinnuvélar, vörubílar og sprengingar eru um allt svæðið, þó að eitthvað eigi að hægja á ferðinni meðan fálkinn verpir. Hins vegar er drepið á þetta atriði síðar, í kafla um samfélagsáhrif, með sterkara orðalagi, að gera megí „ráð fyrir ónæði vegna umferðar, hávaða og rykmyndunar, og jafnframt einhverri truflun á umferð um þjóðveginn.“ Þess er þó gætt að tala enn um „nokkuð neikvæð“ áhrif (108)

Kafla 5.4.9 um landslag er einkennilegur. Svo virðist sem byggt sé á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um afmörkun landslagsheilda (án þess að vísað sé í þær) en hins vegar er vísað í „Íslenska landslagsverkefnið“ og lög og stefnumótunarplögg. Síðan eru tíundaðar lýsingar úr ritgerð Jóhanns Skaftasonar í *Árbók Ferðafélagsins* 1969 á þrem ætluðum „landslagsheildum“, Bárðardal, Fljótsheiði, hálendinu vestan Bárðardals og Sprengisandi. Að því loknu koma nokkrar klausur um gildi svæðisins út frá afmörkuðum þáttum, fjölbreytileika, upplifun og verndargildi. Allt er það úrskurðað sem miðlungs gildi en ómögulegt er að sjá að í raun og veru hafi verið farið eftir fyrrgreindum gögnum. Frekar virðist það vera geðþóttamat. Þótt rakin sé töluverð fjölbreytni í landslagsgerðum (furðu mikil á ekki stærra svæði) er lögð áhersla á að landformin séu ekki fjölbreytt, lítið er gert úr upplifunargildi þó að annað komi fram í úttekt Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála og verndargildið er aðeins miðlungs þrátt fyrir merkar fornleifar og hraun sem nýtur sérstakrar verndar. Þá er tekið fram að svæðið teljist ekki til „óbyggðra víðerna“. Því er enginn gaumur gefinn að líta má á Svartá og Suðurá sem eitt vistkerfi og eina afmarkaða landslagsheild sem skoða þarf sem slíka.

Niðurstaðan virðist gefin fyrirfram í miðlungseinkunn merkingarlíttilla hugtaka: „Með tilliti til mótvægisáðgerða sem eru ætlaðar til að fella mannvirkin betur að umhverfis sínu og draga úr raski eru áhrif á landslag metin **nokkuð neikvæð, staðbundin og afturkræf.**“

Kafla 5.4.10 um ásýnd er jafnvel enn sérkennilegri. Þar er ekki, eins og gert var í kaflanum á undan, vísað í neinar heimildir eða aðferðafræði (nema lög og almenn atriði um útsýni og sjaldgæft eða ósnortið landslag, sem reyndar var fjallað um í kaflanum á undan, bls. 86). Með nokkuð ítarlegri lýsingu, fjölda ljósmynda og því sem kallað er „sýnileikagreining“ (könnun á því hvaðan mannvirkin sjást og hve mikið) er komist að hinni venjulegu niðurstöðu (klippt og límt nærri óbreytt úr kaflanum á undan): „Með tilliti til mótvægisáðgerða sem eru ætlaðar til að fella mannvirkin betur að umhverfi sínu eru sjónræn áhrif í heildina metin **nokkuð neikvæð, staðbundin og afturkræf.**“ (106) Þær ljósmyndir sem fylgja segja í raun fátt um breytingar ásýnd svæðisins. Hver mynd sýnir aðeins eitt sjónarhorn þegar hægt væri að skoða ána frá ótal öðrum sjónarhornum. Það er hins vegar athyglisvert að á öllum myndunum er fullt rennsli í Svartá en það mun vissulega skerðast verulega neðan stíflunnar. Þetta er beinlínis hlálegt á mynd 5.34 á bls. 95, og ekki síður þegar birt er mynd af Elliðaánum til að sýna sambærilegt rennsli. Í raun er það svo að hér er borið á borð mikið magn upplýsinga sem hægt er að nota hvernig sem er til þess að koma tilteknu sjónarmiði á framfæri.

Í kafla 5.4.11 um samfélag er það þensluástand sem verður á framkvæmdatímanum, tímabundin mannfjöldgun, umrót og álag á innviði samfélagsins, aukin atvinnusköpun og hærri tekjur sveitarfélagsins, talið nokkuð jákvætt, og einnig áhrifin á rekstrartíma þó að þau séu óveruleg hvað atvinnulíf varðar. Þá eru nefnd jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu þó að engin áform um slíkt liggi fyrir. Þannig er reynt að fegra framkvæmdina eftir föngum á sama hátt og kerfisbundið er reynt að draga úr vægi neikvæðra áhrifa.

Niðurstöðurnar eru því þær að áhrifin á samfélagið séu „talin verða **nokkuð jákvæð** á framkvæmdatíma vegna aukinna umsvifa“ því reiknað er með að allt að 50-60 manns verði að störfum í einu. „Hærra atvinnustig og hærri atvinnutekjur teljast til jákvæðra **tímabundinna** áhrifa“ meðan aðeins er hugsanlegt að áhrif „vegna aukins álags á innviði“ (109) verði neikvæð. Þau verði þó óveruleg vegna þess að svigrúm sé til að bregðast við því.

Þá verður einnig **tímabundið** ónæði vegna umferðar, hávaða og rykmyndunar og geta áhrifin af því orðið **nokkuð neikvæð**. Á rekstrartíma verða áhrif **óveruleg** til **nokkuð jákvæð**. Talið er að til verði 1-2 ársverk vegna reksturs og viðhalds en orkan verður nýtt utan svæðisins. Verðmæti jarða sem eiga vatnsréttindi aukast og sveitarfélagið Þingeyjarsveit fær auknar tekjur vegna fasteignagjalda. (109)

Ekki er einu orði vikið að þeim alvarlegu ruðningsáhrifum sem framkvæmdin getur haft á uppbyggingu náttúru- og menntatengdrar ferðaþjónustu og vikið verður að hér á eftir. Þá er ótalin sá klofningur sem verður í sveitinni vegna framkvæmdanna, en alþekkt er að áform um virkjanir valda sundrunu í nærsamfélögum þó að orkufyrirtækin haldi því jafnan fram að meirihluti íbúa sé fylgjandi

framkvæmdum. Í þessu tilviki er varla mikið meira fast í hendi en að ábúendur 2-3 bæja græða á framkvæmdinni.

Kafla 5.4.12 um ferðamennsku og útivist er alllangur og einstaklega handahófskenndur í framsetningu. Þar er byggt á tveim heimildum, plaggi um ferðamennsku við Skjálfandafljót og afar vandaðri skýrslu Rannsóknamiðstöðvar ferðamála (RMF) sem unnin var fyrir frummatsskýrsluna og er í fylgiskjali 9. Lítið er um tilvísanir en þó er töluvert tekið nær orðrétt uppúr þessum heimildum. Textinn verður því tilviljanakenndur langlopi þar sem aldrei er greint á milli aðal- og aukaatriða, enginn greinarmunur gerður á meginlegum og eigindlegum aðferðum og niðurstöðurnar verða því sami úrdrátturinn og í öðrum köflum, dregið er úr neikvæðum áhrifum virkjunarinnar eftir föngum. Mótvægisáðgerðir í þessu samhengi eru beinlínis hlægilegar. Niðurstöðukaflinn er hálfgerð modsuða þar sem einungis er rætt um áhrif á ferðamenn en ekki á ferðaþjónustu sem slíka og vaxtarmöguleika hennar. Síðasta málsgreinin er svona: „Áhrif Svartárvirkjunar á þessa ólíka [svø] hópa ferðamanna geta verði frá því að vera **óveruleg** og allt að **talsvert neikvæð** eins og áður kom fram.“ (118) Hér er enn verið að draga úr. Á bls. 38-40 í skýrslu RMF er rætt um framtíðarmöguleika í ferðaþjónustu sem greinilega eru miklir og sérstæðir en þess sér varla stað í frummatsskýrslunni en hins vegar tekin upp ein setning sem reyndar stingur mjög í stúf við allan kaflann: „Var nefnt sem dæmi að Bárðardalurinn gæti verið miðpunktur þjónustu fyrir hjólaferðir og einnig að Svartárvirkjun gæti orðið upphafspunktur gönguleiðar frá virkjun út í Aldey og að Aldeyjarfossi“ (114, bls. 39 í skýrslu RMF) Þá er ekkert byggt á markverðasta hluta skýrslu RMF, samantektinni í lokin. Skýrslan tíundar vel að skiptar skoðanir eru meðal heimamanna um virkjunina, en í lokasamantektinni er vönduð greining þar sem eru skýrðar alvarlegar afleiðingar hennar:

Ef horft er beinlínis á hagsmuni ferðaþjónustunnar og ferðamanna virðist sem fyrst og fremst sé um tap að ræða vegna vegna tilkomu virkjunarinnar. Það sem dregur ferðamenn á svæðið er samkvæmt viðtölum náttúran á svæðinu og mannvistarlandslag sem einkennist af hefðbundnum landbúnaði. Virkjunin fellur ekki að þeirri mynd. Áframhaldandi iðnvæðing landbúnaðarlandslagsins getur leitt til þess að lokum verði ekki hægt að upplifa mikil skil á milli borgarumhverfis og náttúrulegs umhverfis á Íslandi en það er eitt af grundvallarskilyrðum náttúrutengdrar ferðamennsku (Ólafsdóttir, 2013a). Þetta getur haft áhrif á aðráttarafl og ímynd svæðisins og landsins alls og hvernig það er upplifað. Fólk dæmir aðstæður - hvað má og hvað má ekki vera í landslaginu og hvaða þjónusta er - jákvæðar eða neikvæðar eftir ímyndinni sem fylgir ferðalaginu (Ólafsdóttir, 2007, 2013b; Gunnþóra Ólafsdóttir 2008). (Fylgiskjal 9, 62-63)

Í lokakaflanum (6.5 Framtíðargildismat) er bent á að svæðið þar sem virkjunin er áformuð búi yfir þeim eiginleikum sem séu æ eftirsóttari á heimsvísu:

Með virkjun Svartár er verið að breyta náttúrulegu umhverfi í manngert á því svæði sem framkvæmdir taka til. Þannig er verið að taka burt á því svæði það sem hefur mest aðráttarafl fyrir ferðamenn á Íslandi í dag, þ.e. náttúrulegt umhverfi og ætla má að slíkt umhverfi muni einnig hafa mikið gildi fyrir ferðamenn á landinu í framtíðinni, jafnvel enn meira en í dag því slíkt svæði eru sífellt að verða fágætari. /.../ Sérstaða svæðisins til framtíðar felist þannig í því að það sé fámenn og fáfarin „óuppgötvuð perla“ utan alfararleiðar. Með vaxandi ferðamannafjölda á Íslandi hefur þróunin verið sú að sífellt meiri eftirspurn er eftir náttúrulegum svæðum svo hægt sé að sneiða framhjá fjölförnum ferðamannastöðum. Slíkt svæði eru að verða vandfundin á Íslandi og á heimsvísu. Bárðardalur fellur ennþá undir þann hatt. (Fylgiskjal 9, 64)

Í þessu felast einmitt verulega skaðleg áhrif virkjunarinnar sem nánast ekkert er dregið á í frummatsskýrslunni: Að spilla eða jafnvel eyðileggja möguleika á arðbærri uppbyggingu þar sem unnið er með sérstöðu svæðisins. Það er heimaþingin auðlind sem leitast við að virkja framtak og skapandi hugsun heimamanna og gæti jafnvel skapað nokkur störf í framtíðinni. Að því verður vikið í sérstökum kafla hér á eftir.

Í kafla 5.4.13 um landnotkun er veiði meginviðfangsefnið og bent á mótvægisáðgerðir í formi fiskvegar. Hins vegar er ekki minnst á það hvort veiðimenn hafi yfirleitt nokkurn áhuga á að veia við breyttar aðstæður, sem er óvíst ef marka má umsagnir þeirra í skýrslu RMF. Auk þess virðist veruleg óvissa ríkja um lágmarksrennslið sem eftir verður á virkjunarsvæðinu og kann að vera veruleg hættu á að áin geti þornað upp á köflum. Niðurstaðan er þó sú sama og jafnan, með marklitlum hugtökum:

Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða sem fela í sér að tryggja lágmarksrennsli í farveginum neðan stíflu að frárennsli virkjunar og gerð fiskvegar framhjá stíflunni eru áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á veiðinýtingu metin **nokkuð neikvæð, staðbundin en afturkræf**. (123)

Hvað sem þessari niðurstöðu líður, er einfaldlega ekki annað hægt en að skoða áhrifin sem verulega neikvæð.

Kafla 5.4.14 fjallar um vernd, tekið er fram að framkvæmdirnar hafi ekki áhrif á friðlýst svæði en hafi hins vegar áhrif á votlendi og jarðminjar sem lög kveða á um að njóti sérstakrar verndar. Engu að síður er niðurstaðan sú sama og jafnan:

Metin áhrif framkvæmda við Svartárvirkjun og lagningu rafstrengs á vernd eru metin **óveruleg** með tilliti til heildarsvæðisins en áhrifin verða **staðbundið nokkuð neikvæð** og **óafturkræf** þar sem aðrennslistípan verður lögð í votlendi sem nýtur verndar. (125)

Þessar röksemdir eru einfaldlega ekki boðlegar þegar um er að ræða annars vegar einkaframkvæmd í gróðaskyni og hins vegar rask á sérstaklega vernduðum náttúruyfyrirbærum, votlendi og hrauni.

Í lok hins eiginlega matskafla er samantekt þar sem meðal annars getur að líta töflu (bls 127) þar sem sést hvernig áhrifin eru örlítið jákvæð (á samfélag), oft óveruleg, í flestum þáttum nokkuð neikvæð og jafnvel talsvert neikvæð. Hér að framan hefur verið bent á að augljós tilhneiging er í nánast öllum þáttum matsins til að draga úr vægi neikvæðra áhrifa. Lokaniðurstaðan kemur því ekki á óvart, að þrátt fyrir viðurkennt sé að áhrifin séu yfirleitt metin óveruleg eða nokkuð neikvæð (sem er mun oftar):

Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, sem einkum felast annars vegar í tryggingu á lágmarksrennsli og gerð fiskvegar og hins vegar í aðlögun framkvæmda og mannvirkja að umhverfinu og góðum frágangi að framkvæmdum loknum, er það niðurstaða framkvæmdaraðila að ekki sé talið líklegt að Svartárvirkjun hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. (131)

Það er því líkast að tekið sé einhvers konar meðaltal af þessum þáttum, sem flestir hafa verið úrskurðaðir nokkuð neikvæðir, og síðan sé það lækkað með handafla um eitt þrep til að fá út þá niðurstöðu að umhverfisáhrifin séu ekki umtalsverð. En hins vegar er það augljóst að þau eru einmitt

veruleg að fjölmörgu leyti eins og reyndar kemur fram víða í matsskýrslunni. Að fjarlægja á úr farvegi sínum með allri þeirri röskun á vistkerfinu sem því fylgir er ekki smávægilegt inngríp í náttúruna og algjörlega ótækt. Því er augljóst að umhverfisáhrif Svartárvirkjunnar yrðu **verulega neikvæð og óafturkræf** og af þeim sökum teljast þau **fullkomlega óásættanleg**.

4 UM AKADEMÍSKA FERÐAÞJÓNUSTU

Meðal hinna alvarlegu afleiðinga af virkjun Svartár yrðu áhrifin á náttúrutengda ferðamennsku og þar virðist vísitandi vera forðast að sjá hlutina í heildarsamhengi. Náttúrutengd ferðamennska byggist á lítt raskaðri náttúru, oft í tengslum við menningarminjar. Einmitt þar eru mestu vaxtar- og þróunarmöguleikar svæðisins og augljóst að framkvæmdir af þessu tagi munu eyðileggja slíka starfsemi. Einmitt þar liggja veruleg samfélagsáhrif, en hins vegar er í frummatsskýrslunni talað um samfélagsáhrif einungis út frá skammtímaþenslu, mjög afmörkuðum hagnaði fáeinna heimamanna og einhverri aukningu á áhrifum sveitarfélagsins.

Hér á eftir fer greinargerð um aðkomu undirritaðs að akademískri ferðaþjónustu í Bárðardal, að töluverðu leyti samhljóða plaggi sem samið var til stuðnings þeirri hugmynd að friða Svartá og Suðurá:

Vatnasvæði Svartár og Suðurrár er einstakt því þar mætast náttúruöfl og mannheimar. Svæðið er á mörkum byggðar og óbyggða, menningar og lítt snortinnar náttúru, innst í Bárðardal og þó öllu heldur syðst á Fljótshéiði. Svartáarkot er því í raun heiðarbýli, meðal afskekktustu bújarða landsins. Næsti bær, Víðiker sem einnig er í suðursporði Fljótshéiðar, er í níu kílómetra fjarlægð. Í suður og austur eru hrikalegar óbyggðir en niðri í dalnum fjölskrúðug menningarsaga.

Svartáarkot er á vesturbakka Svartárvatns, syðst á Fljótshéiði, við jaðar Ódáðahrauns í um 400 metra hæð yfir sjávarmáli og er því ein þeirra jarða sem hæst liggur á Íslandi. Í suðri teygja öræfin sig allt að Vatnajökli. Þekkt eru forn býli nærri Suðurrábotnum og langt suður með Skjálfandafljóti en norður eftir Fljótshéiði eru tóftir allmargra heiðarbýla. Úr Svartárvatni liðast Svartá í ótal bugðum og beygjum norður á bóginn þar til hún sameinast Skjálfandafljóti. Suðurá rennur í hana og verður hún þrefalt vatnsmeiri eftir það. Sökum staðsetningarinnar lifa ábúendur Svartáarkots í mikilli nánd við náttúruna og eru háðari náttúruöflunum en margir aðrir.

Frá Svartáarkoti blasir við mikil víðátta umkringd fjallahring. Nefna má Herðubreið, Dyngjufljótt og Trölladyngju að ógleymdri fannhvíttri Bárðarbungu í Vatnajökli. Grösug tún og víðivaxnir úthagar mæta svörtu Ódáðahrauni, söndum, melum og tærbláu lindarvatni. Allt þetta endurspeglar andstæður náttúrunnar og þar ríkir heillandi öræfakýrrið.

Í Svartáarkoti er löng hefð fyrir öræfaferðum á öllum árstíðum. Þaðan liggja jeppa- og gönguleiðir suður með Skjálfandafljóti, á Fljótsheiði og yfir í Mývatnssveit, í Suðurárbotna, Herðubreiðarlindir og Öskju þar sem bandarískir geimfarar æfðu sig áður en þeir fóru til tungslins. Nær er Skjálfandafljót með fögrum fossum, Aldeyjarfossi og Hrafnabjargafossom.

Í Svartáarkoti er rekinn myndarlegur fjárbúskapur og góð silungsveiði er í vatninu. Þar eru enn í notkun nokkur útihús úr torfi og grjóti og eitt þeirra er notað sem reykhús þar sem reyktur er hinn landsfrægi Svartárvatnssilungur. Slíkt gerir staðinn enn forvitnilegri.

Niðri í dalnum er blómleg byggð og löng og mikil menningarsaga sem allt frá fyrstu frásögnum endurspeglar glímu manna við náttúruöflin. Dalurinn kemur við sögu í fornbókmenntunum, fyrst í sérstæðri sögu af Gnúpa-Bárði í *Landnámabók* en hann dró þá ályktun af hlýjum sunnanvindum að betra væri undir bú sunnanlands og flutti því búferlum suður yfir hálendið og lét skepnur bera það fóður sem þær þurftu á leiðinni. Allmiklar heimildir er að finna frá síðari öldum. Með hjálp margvíslegra gagna er hægt að draga upp afar heildstæða og skýra mynd af mannlífi og menningu í dalnum í gegnum aldirnar. Miklar sögur og heimildir tengjast heiðarbýlunum á Fljótsheiði sem áttu sitt blómaskeið á 19. öld og fram á þá tuttugustu. Stephan G. Stephansson átti heima í Mjóadal inn af Bárðardal í þrjú ár áður en hann fór vestur um haf. Bárðdælingar eiga drjúgan hlut í upphafi vesturferða því þaðan fóru 40 manns með fyrsta stóra vesturfarahópnum sumarið 1873. Helmingur hópsins fór til Brasilíu, hinir til Norður Ameríku.

Allt svæðið, Bárðardalur og þó einkum fremsti hlutinn, Svartáarkot og mörk mannabyggðar og öræfa er einstakt og heillandi vegna samspils hinnar ríkulegu menningarsögu og óbyggðanna. Á svæðinu kristallast líka könnunarsaga öræfanna, Ódáðahrauns, Dyngjufjalla og Öskju. Sagan af sambúð manns og náttúru er lífræn samfella, sem mundi raskast verulega með ónauðsynlegum virkjanaframkvæmdum.

Töfrar svæðisins sem hér hafa verið tíundaðir standa að baki verkefninu *Svartáarkot, menning – náttúra* sem staðið hefur yfir undanfarin ár í samstarfi fræðimanna, ábúenda í Svartáarkoti og ferðapjónustunnar á Kiðagili: *Að byggja upp í Svartáarkoti alþjóðlegt og þverfaglegt rannsókn- og kennslusetur um sambúð manns og náttúru*. Til bráðabirgða hefur verkefnið nýtt aðstöðuna á Kiðagili en í fyllingu tímans verður byggð upp aðstaða í Svartáarkoti. Það hófst árið 2007 en síðan hefur verið tekið á móti hátt í tvö hundruð stúdentum, ýmist á eigin námskeiðum verkefnisins eða í hópum frá einstökum háskólum en þá taka aðilar verkefnisins að sér skipulagningu og fyrirlestra fyrir hópana allt eftir þörfum. Samtals eru komnar á vegum verkefnisins hátt í 3000 gistaætur.

Nú hefur safnast mikil reynsla af námskeiðahaldinu. Ýmsar hindranir hafa verið í veginum, hrunið setti mikið strík í reikninginn og mistök hafa verið gerð, enda er þetta frumkvöðlaverkefni sem á sér enga fyrirmynd. Nú eru hins vegar allar forsendur til nýta fengna reynslu og fjölga námskeiðum og auka umfang þeirra enda er orðspor þeirra að berast út. Myndast hefur öflugt tengslanet tuga

háskólakennara og vísindamanna í kringum verkefnið og samhliða námskeiðum hafa verið haldin málþing og vinnufundir vegna rannsóknarverkefna sem í vaxandi mæli tengjast Svartáarkotsverkefninu beint og beinast auk þess að Þingeyjarsveit og Mývatnssveit. Í tengslanetinu eru vistfræðingar, líffræðingar, umhverfissagnfræðingar, mannfræðingar, þjóðfræðingar, bókmenntafræðingar og fornleifafræðingar af ýmsum þjóðernum.

Undantekningarlaust hefur stúdentunum þótt reynslan einstök, námskeiðin og dvölin með því besta sem þau hafa reynt á lífsleiðinni og þau hafa haldið heim með dýrmætar minningar um Bárðardal, Svartáarkot og nýja innsýn og ferska þekkingu á sambúð manns og náttúru. Námskeiðin hafa haft varanleg áhrif til góðs, beinlínis breytt hugsunarhætti og hugmyndum sumra þeirra og breytt námsferli annarra, til að mynda örvað þau til að hefja doktorsnám.

Verkefnið *Svartáarkot, menning - náttúra* er merkileg nýsköpun sem kalla má akademíska ferðapjónustu, ekki ósvipað menningartengdri ferðapjónustu. Vegna vaxandi tengslanets og hinna alþjóðlegu rannsóknaverkefna sem tengjast svæðinu hafa nú skapast forsendur til að halda 2-3 alþjóðleg námskeið á ári frá árinu 2018 auk þess að taka áfram á móti hópum frá einstökum háskólum.

Í bígerð eru einnig léttari gerðir námskeiða fyrir fróðleiksfúsan almenning þar sem fléttað verður saman gönguferðum og fyrirlestrum um sama efni og akademísku námskeiðin. Fyrirlestrar verða einfaldari en háskólanámskeiðin en mun ítarlegri og meira krefjandi en hefðbundin ferðaleiðsögn.

Lögð hefur verið áhersla á samstarf fræðimanna og heimamanna á jafnræðisgrunni. Ábúendur í Svartáarkoti hafa nú fjölþætta reynslu af að skipuleggja ferðir og uppihald háskólahópa og hafa uppskorið þakklæti og aðdáun samstarfsaðila. Þetta er krefjandi gæðaferðamennska sem þarf að byggja upp hægt og sígandi en verður traustari en hefðbundin ferðapjónusta þegar fram í sækir. Þá verður í æ meira mæli hægt að byggja á þekkingargrunni námskeiðanna til að veita kröfuhörðum ferðamönnum þjónustu. Verkefnið byggir á auðlegð í héraði, náttúru og menningarsögu og hefur verið og mun áfram verða gagnlegt framlag til uppbyggingar og þróunar byggðarlags sem átt hefur undir högg að sækja. Það eflir gagnrýna vitund manna um það hvernig nærsamfélag menn vilja byggja upp. Þar að auki er verkefnið dæmi um vænlega leið til að þróa íslenska ferðapjónustu, einmitt þegar þörfin vex fyrir vistvæna gæðapjónustu í stað þess fjöldatúrisma sem hefur verið mest áberandi og skapað mikið álag á fjölsóttustu staðina.

Hvers konar röskun á umhverfi og náttúru í Bárðardal getur hæglega riðið þessu verkefni að fullu. Með virkjun í Svartá geta forsendur fyrir námskeiðshaldinu brostið endanlega. Það gefur auga leið að það á enga samleið með fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum sem munu einungis veita byggðarlaginu svipulan uppgangshagnað um skamma hríð, fáeinum bæjum einhverjar tekjur en meginhagnaðurinn mun hverfa í vasa utanaðkomandi auðmanna. Framkvæmdirnar mundu því leggja verkefnið í stórhættu, eða jafnvel eyðileggja það.

5 RAMMAÁÆTLUN

Í Lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar 2013-2017 sem í daglegu tali er nefnd Rammaáætlun kemur fram að með friðun Skjálfandafljóts er átt við allt vatnasvæði þess. Á bls. 186 er rætt um Fljótshnjúksvirkjun og í framhaldi þar af Hrafnabjargarvirkjanir. Þar kemur fram grundvallarhugmynd um „heildstæðar landslagsheildir“:

Virkjunarmannvirki yrðu á svæði sem er óbyggt víðerni samkvæmt lagalegri skilgreiningu. Virkjunin er einn þriggja virkjunarkosta sem hafa myndu mest neikvæð áhrif á ferðamennsku og útivist skv. niðurstöðum faghóps 2 og myndi skerða víðfeðmar heildstæðar landslagsheildir sem einkennast af óbyggðum víðernum. (186)

Þá er „Vatnasvið Skjálfandafljóts er með þriðja hæsta verðmætamat allra landsvæða sem fjallað var um í faghópi 1 í 3. áfanga.“ (186) Óbyggjandi er að Svartá og Suðurá eru hluti þeirrar heildar sem Skjálfandafljót myndar. Það er staðfest í gátlista í Viðauka við skýrslu verkefnisstjórnar:

Náttúruminjar: Laufrönd og Neðribotnar, Ingvararfoss, Aldeyjafoss, Hrafnabjargafoss, Goðafoss, Þingey, votlendi á Sandi og Sílalæk í Aðaldal, Gæsavötn við Gæsaahnjúk, Tungnafellsjökull og Nýidalur.

Tegund á valista: Margar fuglategundir á valista, m.a. snæugla CR, mikið fálkavarp, fálki VU

Friðlýstar minjar: Þingey, Skuldapíngey, Hrauntunga, Hofgarður og nafnlaust býli við Fiskiá

Annað: Suðurá/Svartá, Bárðardalshraun, nútímahraun frá Tungnaárjökulseldstöð o.fl., gljúfur við Fljótshnjúk, aurburður, flóð, Krókdalur (minjar, fuglar). (295)

Einnig er Svartá tekin með Skjálfandafljóti í töflu: „Grunneinkunnir yfir verðmætamat og áhrifamat mismunandi virkjunarkosta og helstu rök” á bls. 264-269. Þá sést það á korti yfir staðsetningu og mörk þeirra svæða sem falla undir verndaflokk í tillögu verkefnisstjórnar Rammaáætlunar á bls 193. Í lögum um rammaáætlun stendur í 6. grein um Verndarflokk:

6. gr. Verndarflokkur.

Í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu að teknu tilliti til sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr.

Stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum eða orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í verndarflokki eða eru á svæðum sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Þá eru aðrar orkurannsóknir sem ekki eru leyfis skyldar einnig óheimilar.

Þrátt fyrir 2. mgr. er unnt að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar að heimila yfirborðsrannsóknir á svæðum í verndarflokki.

Stjórnvöld skulu þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlun hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu samkvæmt verndarflokki áætlunarinnar. Um friðlýsingu vegna náttúruverndar fer samkvæmt lögum um náttúruvernd en um friðlýsingu vegna menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum. (2011 nr. 48 16. maí. Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun. Feitletrun VH)

Því hljóta Svartá og Suðurá að verða friðlýstar um leið og lög um 3. áfanga rammaáætlunar taka gildi. 2. málsgreinin sem hér er feitletruð tekur af allan vafa um að útilokað er að samþykkja Svartárvirkjun á þessu stigi málsins.

Það er í samræmi við nútímavíðhorf þar sem náttúran er skoðuð æ meira heildstætt, að friðun Skjálfandafljóts hlýtur að ná yfir allt vatnasvið þess, þar með Svartá og Suðurá. Þessi skilningur verður að fá staðfestingu í meðförum Alþingis og ótækt annað en að fresta ákvörðun um framkvæmdina þangað til það liggur ljóst fyrir. Það er athyglisvert að víða í frummatsskýrslunni um Svartárvirkjun er notað hugtakið „staðbundin áhrif“ sem er vel fallið til að gera lítið úr áhrifum. En það gengur einnig í berhöggi við þá heildarhugsun sem er að baki 3. áfanga rammaáætlunar. Orðið staðbundinn kemur 37 sinnum fyrir, þar af 7 sinnum í aðferðafræðikafla frummatsskýrslunnar en aðeins tvisvar í einni af þeim skýrslum um náttúrufar sem liggja til grundvallar matinu.

6 HEILDARHUGSUN OG SAMBÚÐ MANNS OG NÁTTÚRU

Nálgun frummatssins er er lituð af þröngri tæknihyggju þar sem lítið er svo á að öll vandamál sem upp geta komið séu tæknileg og þar með leysanleg. Smættun flókinna vistkerfa og landslagsheilda í „mælanlegar“ stærðir, sem meðaltöl og hlutföll eru svo reiknuð út frá sýnir ákaflega takmarkaða náttúrusýn.

Það fer varla framhjá neinum að víðhorf til náttúru og náttúruverndar hafa breyst mjög á undanförunum áratugum. Maðurinn er að átta sig æ betur á því að hann er hluti af náttúrunni og þarf að haga sér eftir því. Sá tími ætti að vera liðinn að hann geti keypt sér ítök og réttindi hvar sem hann sér hagnaðarvon og ráðist síðan gegn henni og ráðskast að vild eins og hún væri dautt viðfang. Verðmætamatið er breytt og önnur verðmæti en beinharðir peningar njóta æ meiri viðurkenningar enda eru það einmitt hlutgerving náttúrunnar, hugsunarlaus tæknihyggja og blind nýtingarhyggja sem komið hafa mannkyni í þær umhverfislegu ógöngur sem nú blasa við.

Menn skoða nú náttúruna heildstætt vegna þess að vistkerfin eru stærri, flóknari og viðkvæmari en hingað til hefur verið álitid. Þá hafa minjar um sambúð manns og náttúru fyrr á tímum einnig gildi í víðara, vistrænu og menningarsögulegu samhengi. Því verður að meta allar athafnir manna og framkvæmdir sem geta raskað vistkerfum og menningarminjum af ítrustu varúð og í mun víðtækara samhengi sambúðar manns og náttúru en áður hefur tíðkast.

Stjórnvöld bera ábyrgð gagnvart umgengni manna við náttúru, umhverfi og samfélag. Heimamenn tiltekinna byggðarlaga mega ekki lengur ráðstafa náttúruverðmætum að vild sem hverri annari eign heldur bera þeir ábyrgð á þeim sem vörslumenn gagnvart landsmönnum öllum og í raun gagnvart heiminum öllum. Framsýn stjórnvöld taka mið af þessum sjónarmiðum með því að veita langtímasambúð manns og náttúru og þróun samfélagsins meira vægi en tímabundnum hagnaði og hagsmunum verktaka eða einstakra fyrirtækja.

Stórbrotnir draumar virkjanaverkfræðinga á síðari hluta 20. aldar eru ekki lengur í samræmi við hugmyndir okkar tíma um atvinnuuppbyggingu og sjálfbæra þróun í sátt við náttúruna. Þá töldu menn sjálfsgagt að ráðast í hverjar þær framkvæmdir sem voru tæknilega mögulegar, án þess

að huga að víðtækum afleiðingum fyrir náttúru og vistkerfi. Nú dettur engum í hug að flytja Skjálfandafljót yfir í Mývatn, taka Suðurá og Svartá með og veita öllu þessu vatni í Mývatn og fylla síðan Laxárdal. Laxárdeilan forðum snerist einmitt um fyrsta skrefið í þeirri áætlun. Áform um virkjun Svartár eru af sama toga og þær áætlanir þó smærri séu í sniðum.

7 ÓTÆPILEG ÁSÓKN

Svo virðist sem hafin sé ótæpileg ásókn fjársterkra aðila í náttúruperlur landsins með áformum um virkjanir, í Svartá, Hvalá, Hverfisfljóti og víðar. Hagsmunir og eignarhald að baki þeim áætlunum virðast vafasöm en augljóst er að ekkert annað en einkagróði er að baki þessum virkjanaáformum þó að oft sé gefið til kynna að þau séu heimamönnum til hagsbóta. Lögin sem ættu að varna þessari ásókn eru veikburða og raunar löngu úrelt og því sæta menn lagi. Sé hagnaðarvon í náttúrunni getur hver sem er fengið rannsóknarleyfi og farið af stað með til að mynda virkjunarhugmyndir (Sjá t.d. „Nú er það Svart(á)” eftir Óla Halldórsson, vísir.is, 28. september sl.).

Því verða stjórnvöld að stinga við fótum til að koma í veg fyrir að mönnum takist með slíkri stórsókn að vinna mikil náttúruspjöll víða um land, undir yfirsýni hagnaðar og orkuskiots. Undanfarið hefur verið vönduð umfjöllun í fjölmiðlum um ýmis þessi mál og þar hefur verið bent á að orkulindir ættu að vera í almannaeigu, engin sérstök þörf sé á nýjum virkjunum og engin ástæða til að æða áfram glórulaust með virkjanir einungis í gróðaskyni. Þá liggja stærsti vandi íslenskra orkumála í dreifikerfinu (Sjá t.d. viðtöl við Bjarna Bjarnason forstjóra Orkuveitunnar í *Morgunblaðinu* 16. október sl. og Karl Ingólfsson leiðsögumann í RÚV 16. október sl.).

Það er brýnt að kortleggja þessa miklu sókn áður en lengra er haldið í náttúruspjöllum og taka grundvallarákvarðanir út frá vel ígrunduðum samfélagslegum heildarhagsmunum, í stað þess að gefa mönnum lausan tauminn í skjóli veikburða löggjafar. **Því verður að staldra við og ígrunda áhrifin af virkjun Svartár miklu betur og ítarlegar en gert er í þeirri frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðar virkjunar Svartár í Bárðardal sem hér liggur fyrir. Hún reynir eftir föngum að breiða yfir það að umhverfisáhrif framkvæmdanna eru veruleg, óafturkræf náttúruspjöll og þar með algjörlega óásættanleg.**

Í lokin eru hér samandregin meginatriði athugasemda minna:

1. Augljós hagsmunaárekstur höfunda og framkvæmdaraðila sem dregur úr trúverðugleika
2. Takmörkuð og smættandi náttúrusýn úr takti við umhverfisfræði samtímans og umhverfissjónarmið sem nú eru í örri þróun
3. Stuðst er við meðaltöl og hlutföll þátta í náttúrunni sem ekki er hægt að mæla

4. Óljós viðmið: „óverulegt“, „nokkuð“, „að mestu“, „oftast“ „geta verið“, sem síðan er tekið meðaltal af til að fletja út niðurstöður
5. Óaðgengileg uppsetning og framsetning skýrslunnar, langloka sem enginn les
6. Of þröng afmörkun áhrifasvæðisins
7. Eyðilegging áralangs frumkvöðlastarfs í héraði sem að engu er metið í áhrifamati
8. Ósamræmi við sýn rammaáætlunar

Í ljósi alls þess sem hér er rakið fer ég þess á leit að Skipulagsstofnun hafni öllum áætlunum um Svartárvirkjun í Bárðardal.

Virðingarfyllst,
 Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur,
 (kt. 031156 2119)
 Hagamel 40
 107 Reykjavík

Fylgiskjöl: Umsagnir 7 háskólakennara og tveggja stúdenta um verkefnið Svartárvirkjun, menning – náttúra.

1. Steven Hartman, prófessor við Målarren háskóla í Vesterås í Svíþjóð og formaður NIES, norræns tengslanets um umhverfshugvísindi. **Vegna veikinda barna gat hann ekki gengið frá umsögn sinni í dag en sendir hana í kvöld í sérstökum pósti.**
2. Thomas McGovern prófessor í fornleifafræði við CUNY háskóla í New York en hann hefur lengi stundað rannsóknir á Ísland og leiðir NABO, North Atlantic Biocultural Organization sem er samstarfsvettvangur fornleifafræðinga, vistfræðinga og menningarfræðinga.
3. Lawrence Buell, prófessor við Harvard (á eftirlaunum) einn allra virtasti umhverfisbókmenntafræðingur í heimi.
4. Michael Twomey, prófessor (á eftirlaunum) í miðaldafræðum við Cornell háskóla og frumkvöðull í að beita umhverfisfræðilegum aðferðum á miðaldabókmenntir.
5. John Bodinger de Uriarte, prófessor í mannfræði og safnafræði við Susquehanna háskóla.
6. Robert M. Nickel, prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði við Bucknell háskóla.
7. Chad Staddon, prófessor í auðlindahagfræði við University of West England í Bristol, og aðstoðarmenn hans og doktorsnemar, Owen King og Nick Jones.

23 October 2017
Stockholm, Sweden

Steven Hartman
Guest Professor in English
School of Education, Culture and Communication
Mälardalen University Box 883
721 23 Västerås, Sweden
+46 73 662 1574

I am writing in support of the objections put forward by Vidar Hreinsson to plans for constructing a 9.8 MW hydro power plant in the Svartá River approximately 3 km upstream from the estuary where Svartár river joins the glacial Skjálfandafljót river.

I am well familiar with this area because twice in the past four years I have co-lead an international summer course for PhD and postdoctoral researchers and masters' students in Bárðardalur, based at Kidagil and Svartáarkot. The first of these courses was called *Understanding the Human Dimensions of Long-term Environmental Change*. The second course was called *Environmental Memory and Change in Medieval Iceland*. The courses, run over multiple weeks, brought together postgraduate students and lecturers from all over the world (Iceland, Norway, Sweden, Ireland, Austria, Germany, the UK, the Netherlands, the USA, Canada and even from as far away as Japan). Both courses have been organized as a cooperation of the Svartáarkot Culture-Nature (SCN) Project, the North Atlantic Biocultural Organization (NABO) and the Nordic Network for Interdisciplinary Environmental Studies (NIES). This last organization I have led for the past 9 years.

What drew the international organizing teams of our academic organizations to this particular region was both the remarkable *integrity, stability, and beauty* of the region (in the words of Aldo Leopold's highly influential *land ethic*), and the equally exemplary long-term history of successful human and nature relations typified in the cultural landscape of Bárðardalur. The backbone of this history is a rich tradition of ecological and cultural heritage that is alive now, perhaps more than ever in the SCN Project, as led by Guðrún Tryggvadóttir, Sigurlína Tryggvadóttir and Vidar Hreinsson. The SCN project has worked diligently for many years now to preserve, extend and enrich local communities and their ecological and historical anchoring in the Bárðardalur landscape through a range of entrepreneurial activities seeking to help foster a sustainable future for the region.

This commitment to place, and to the lessons that can be learned from a rich, long-term cultural-environmental heritage, is what originally brought our research networks and projects to the largely unspoiled nature of Bárðardalur to pursue collaborations with the

local communities in and around Kidagil and Svartárkot. It is worth pointing out that other community and landscape-based research projects have grown from these collaborations and brought in significant funding from Sweden (Riksbankens Jubileumsfond and Vetenskapsrådet), the USA (the National Science Foundation), the Nordic Council of Ministers (NordForsk) for projects that employ many Icelanders with roots in this region, while also stimulating academic, natural and cultural tourism based on educational and research activities promoting and studying sustainable development clearly anchored in the region in the immediate vicinity of the proposed power plant. Over a number of years now these activities have brought revenues and incomes into this region, both directly and indirectly, that can be conservatively estimated at scores of millions of Icelandic crowns (*isk*). A Swedish-funded three-year project beginning now in November will employ three Icelandic citizens and one Icelandic resident with close ties to the region, as well as myself. With a focus on Icelandic environmental history, this project (ICECHANGE) has been awarded approximately 85 million *isk*.

As a foreigner I do not want to step out of line and push for a particular position with regard to the proposed hydro plant. But I will say this, Those qualities and environmental conditions in the vicinity of the proposed hydro plant that have made the communities, the history and the landscape of the Bárðardalur region so attractive to our research groups and networks as sites for past and continued collaborations with local residents might not have held the same attraction to us had these local environments been degraded, as so many other have been in many other places around the world, for the sake of non-essential exploitation for profits that to do remain to enrich such region or their peoples.

I thank you for considering these comments.

Sincerely,

Steven Hartman, M.F.A, Ph.D.

Professor of English Literature, Mälardalen University

Chair, Nordic Network for Interdisciplinary Environmental Studies

Convenor, Humanities for the Environment Circumpolar Observatory

Board Member, The Seedbox Environmental Humanities Collaboratory, Linköping University

Board Member, Human Ecodynamics Research Center, The Graduate Center, City University of New York



Human Ecodynamics Research Center

CUNY Graduate Center
Room 3303
365 Fifth Avenue
New York, NY 10016-4309
212.817.1859 <http://herc.ws.gc.cuny.edu/>
Email: Thomas.h.mcgovern@gmail.com

**THE
GRADUATE
CENTER**
CITY UNIVERSITY
OF NEW YORK

Sunday, October 22, 2017

Dear Vidar

I am writing to express my support for the Svartarkot Nature / Culture program and to signal my strong appreciation of your efforts in making this a regular offering. I think our two seasons of international and interdisciplinary collaboration were exceptionally productive and the combination of natural science, social science, environmental humanities, history, and saga scholarship was one of the most productive and exciting academic projects I have ever participated in. I would be very willing to do this again, and would be happy to volunteer my time and help recruit students and international partners for the project. A key element in the success of the Svartarkot program was the active participation of the local community and all the good people of Bardardalur. I understand that the community is now feeling external pressure for development and of course I am concerned. Please accept my heartfelt support for your efforts and my very best wishes for all our friends in this lovely part of Iceland.

Sincerely,

Thomas H McGovern

Dr. Thomas McGovern
Professor
Director,
Zooarchaeology Laboratory
Anthropology Dept.
Hunter College CUNY
695 Park Ave NYC 10065

Dept. phone (001) 212 772 5410
dept. fax (001) 212 772 5423

HARVARD UNIVERSITY
DEPARTMENT OF ENGLISH
Barker Center • 12 Quincy Street • Cambridge, Massachusetts 02138

Tel. 617.495.2533
Fax. 617.496.8737

23 October 2017


To: National Planning Agency

From: Professor Lawrence Buell

Subject: IEIS for Hydropower Plant in the Svartá River

It has come to my attention that the draft IEIS for this project has seriously understated the damage to the region that it would create.

If approved, the project could not fail to disrupt the ecological integrity of the environment of Svartárvatn, one of Iceland's very few sizeable inland lakes named on the earliest European maps that has remained in relatively stable condition. It would more seriously damage the historical and cultural integrity of the historic Bárðardalur Valley, which not only is a site of remarkable natural beauty but also has served, and continues to serve, hundreds of scholars from Iceland, Europe, and North America—myself among them—as a living laboratory for understanding Iceland's agricultural, topographical, biogeological, political-historical, and even literary history since the Age of Settlement.



Author of *The Environmental Imagination* and *Writing for an Endangered World*
Lead Instructor, 2014 Reykjavík Academy Seminar, Kiðagil
Harvard University Center for Environment
Powell M. Cabot Professor of American Literature Emeritus

October 20, 2017

Mr. Viðar Hreinsson
Reykjavík Academy
101 Reykjavík
Iceland

Dear Viðar,

With this letter I wish to convey my thoughts on the immense value of the Svartárvot Culture-Nature Program (SCN), in which I was a faculty member in August 2014 and June 2015.

Both iterations of the program brought together first-rate researchers and students in environmental sciences and in the humanities. They came from Iceland and other northern countries, as well as from the U.S., Greenland, and even as far away as Japan. In SCN, we shared our research and educated one another; and most importantly, we synthesized our findings about the environment of Iceland. By studying the effect on and response of Iceland to climate change in the 14th through 20th centuries, we have begun to develop ideas that could be applied to the current climate-change situation. Some of this work has appeared in scientific journals, and more is still in progress. Students in this program have used their education in it as a basis for their Ph.D. research.

Speaking for myself as a teacher of medieval literature, SCN brought me to Bárðardalur, one of the settings of *Grettissaga Ásmundarsonar*, which is one of several Sagas of Icelanders that I have taught (in English translation) to undergraduate students at Ithaca College. Indeed, it was one of those students, Steven Hartman, now a professor in Sweden, who helped organize and fund the two SCN's in which I participated. Hartman's interest in Iceland began in my classroom in the 1980's.

As a literary critic, I specialize in environmental criticism. Working with the other faculty in SCN has directly benefited my scholarship by introducing me to scholars of Icelandic literature such as Emily Lethbridge and yourself, and to their writings. On the basis of my work in SCN, I have written a paper about environmental conventions in *Landnám* narratives that I presented at Cornell University's 12th annual Fiske Collection Conference on Medieval Icelandic Studies in 2017. (Cornell's Fiske Collection is one of the largest collections on Icelandic studies outside of Iceland.) My work at SCN is also part of the basis of my book in progress about medieval perceptions of the environment.

The fame of Bárðardalur's beauty, history, legends, wildlife, handcrafts, and sheep and salmon farming has now spread far beyond Iceland. I hope to return to it for another SCN before long.

Sincerely,



Michael Twomey
Charles A. Dana Professor of Humanities and Arts (retired)
Department of English
Ithaca College
Ithaca, NY 14850-7281
USA
<http://faculty.ithaca.edu/twomey/>

16 October 2017

To Whom it May Concern:


I read with alarm about the projects currently on the drawing board for the Svartá river area. While I do not speak to the issues of hydroelectric power development, I do wish to state that the Svartárkot project (Svartárkot, Culture–Nature (SCN) in Kidagil) is a remarkable resource and natural wealth of the Valley.

I am an anthropology professor, and I run a three-week summer academic program in Iceland with my colleague, Ahmed Lachhab, a hydrology professor. We are both on the faculty at Susquehanna University and our program involves about twenty students. The campus at Kidagil is a central component of the program—our group stays on the campus there for over a week and we take full advantage of both the faculty and the facilities at SCN. The campus allows us to carry out programs in the nearby areas, connecting histories and legends to local sites, weighing the influence of oral histories and traditions on contemporary cultural practices, hiking into the more remote areas to further establish these connections, and interacting with local farmers and many others.

It is a rare and deeply appreciated experience, for both our students and faculty—I spent two years researching and establishing a connection with Svartárkot, Culture–Nature, and look forward to conducting programs there for the foreseeable future. As SCN exists now, it offers a serious and contemplative opportunity to interact with Icelandic Culture and Nature. In the face of galloping development and tourism in Iceland, SCN also offers a rare opportunity for our students: a chance to observe and think carefully about Iceland as a site for ongoing and transforming traditional practices, as well as a place for deep beauty.

Any changes to the area would be deeply regretted by our program—Svartárkot, Culture–Nature is the kind of national resource that should be supported and continued, as is.

Respectfully yours,



John Bodinger de Uriarte
Chair, Department of Sociology & Anthropology
Associate Professor of Anthropology
Director of Diversity Studies
Director of Museum Studies
Susquehanna University
Selinsgrove, PA 17870



Department of Electrical Engineering
Bucknell University
Lewisburg, Pennsylvania 17837
Phone: 570-577-1234

October 20, 2017

To whom it may concern,

I was introduced to the Svartárkot Project (SCN) in May 2017 during a study abroad trip in Iceland. Two colleagues of mine and I took 36 engineering students from Bucknell University (Lewisburg, Pennsylvania) on a tour around the island to study, amongst other things, the electric energy system of Iceland and its impact on society and nature. It was important to us to instill in our students an understanding of the importance of the relationship between (pristine) nature, culture, technology and the thriving of local communities and societies. The Svartárkot Project (SCN) provided a fantastic model for our students to learn about the delicate interplay between nature, communities, and culture. I am hoping very much that the project will continue to move forward successfully in the foreseeable future!

Sincerely,

Robert M. Nickel

Associate Professor
Electrical and Computer Engineering
Bucknell University, Lewisburg, PA 17837
Phone: (570) 577-3854
Fax: (570) 577-1449
robert.nickel@bucknell.edu

c/o. Prof. Chad Staddon
University of the West of England
Frenchay Campus
Coldharbour Lane
Bristol
BS16 1QY

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

23 October 2017

Dear Mr. Ásbjörnsson,

RE. Svartárvirkjun, Bárðardalur - Comments on Initial Environmental Impact Statement (IEIS)

In relation to the above proposal, as academics with a long association with the area in question, we are minded to submit the following comments, which we hope will be taken into consideration as part of your decision-making process.

In a time of environmental challenge and crisis, Iceland, and especially the “highlands”, are a special place, worthy of the highest levels of scientific study and conservation. The Skjálfandafhljót River is one of the few unmodified rivers left in Europe and on that basis alone could merit the highest levels of protection available in Icelandic law. Scientific research over a generation has shown that damming rivers permanently alters both water flow and – perhaps more importantly – sediment transport. The interruption of sediment transfer downstream is associated with negatively impacted riverine ecology including impacts on flora and fauna. For us, as UK-based university professors and students, pristineness is one of the key attractions of the region. We are therefore concerned about plans to develop hydropower in the Skjálfandafhljót River basin, thus compromising one of the last unmodified rivers in Europe. We urge the Icelandic government to reject the Svartárvirkjun plan and to work with Icelandic and international authorities towards the highest levels of conservation.

Our field expeditions to Bárðardalur with the Svartárvirkjun (SCN) project have been transformative for the personal and academic development of many geography students from the University of the West of England. With an emphasis on nature-society relations, and the cultural history of the unique Icelandic landscape, the depth of knowledge imparted by the SCN team helped students to develop many of the nascent ideas which had drawn them to the discipline in the first place. Indeed, it inspired them to reach further, leading to successful research project grant applications with RANNIS and the Royal Geographical Society (on hydropower development in Iceland, including on the Skjálfandafhljót River). From this has emerged a number of undergraduate dissertations and peer-reviewed publications (e.g. Jones and Parker, 2015; Staddon, 2010). Three students have since

progressed to PhD studentships, going on to make further contributions to the fields of human geographical research and environmental management. As one student reflected:

It is difficult to adequately explain the significance of the Svartárkot project for me personally and the work that I now do. The experience of my first visit to Bárðardalur was the inspiration for my academic career. I now teach examples from the region to my own undergraduate students: on the social, cultural and economic values of 'nature'; and the problems and inequities of rural livelihoods and globalised resource exploitation.

The Svartárkot project, like many other examples of the ingenuity, determination and capability of the local people, has demonstrated the scope for alternatives which do not undermine the long-term basis for sustainable rural livelihoods. Through such diverse and innovative means, it is possible for communities assert greater control over their lives, whilst protecting the internationally significant cultural and natural landscape upon which they depend. We hope to bring more students back to visit the Svartárkot project and Bárðardalur soon, and for its communities to be Icelandic exemplars for such a progressive, democratic vision. We consider the development of hydropower in this area an incursion upon the common socio-ecological and cultural resources of the local area, and a direct threat to these efforts.

The Icelandic government has the chance now to preserve intact a critical example of Icelandic and European natural environmental heritage. We urge them to reject hydropower development on the Svartá River and in the Skjálfafljót River basin.

Sincerely

p.p. 

Prof. Chad Staddon, Dr. Nick Jones and Mr. Owen King,

University of the West of England, Bristol, UK.

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Icelandic Museum
of Natural History

Brynjólfsgata 5
IS-107 Reykjavík

S./Tel. 577 1800

nmsi@nmsi.is
www.nmsi.is

Reykjavík, 23. október 2017.

Varðar: Athugasemdir við frummatsskýrslu, *Svartárvirkjun, allt að 9,8 MW*, á vegum SSB orku og Verkís. Ágúst 2017. 134 bls., auk viðauka.

Samkvæmt lýsingu í frummatsskýrslu þessari er ljóst að virkjun Svartár mun hafa mjög mikil áhrif, í mörgum tilfellum óafturkræf, á landslag, vistkerfi og einstakar tegundir lífvera sem njóta sérstakrar verndar skv. íslenskum lögum og alþjóðlegum sáttmálum sem Íslendingar hafa undirgengist og miða að því að náttúran fái að þróast sem mest eftir eigin lögmálum. Enda þótt þessi niðurstaða um umhverfisáhrif sé ljós er margt aðfinnsluvert í frummatsskýrslunni og sett fram með ófullnægjandi hætti.

Áður en lengra er haldið er rétt að gera athugasemdir við tvennt sem varðar hugtakanotkun skýrsluhöfunda og kemur víða fram í skýrslunni. Annars vegar hugtök sem snúa að „jákvæðum“ og „neikvæðum“ áhrifum og hins vegar að „afturkræfum“ og „óafturkræfum“ áhrifum.

„Jákvæð“ og „neikvæð“ áhrif

Skýrsluhöfundar styðjast mikið við hugtökin „jákvæð“ og „neikvæð“ áhrif án þess að skilgreina þau eða rökstyðja merkingu þeirra. Notkunin er gildishlaðin sem ber að forðast í mati af þessu tagi. Af samhenginu sem hugtökin eru sett fram er ljóst að jákvæð áhrif virðast merkja áhrif þar sem tiltekinn þáttur í náttúrunni, t.d. fuglastofn, eykst eða vex sem afleiðing af tiltekinni framkvæmd. Neikvæð áhrif merkja hið gagnstæða. Við slíka notkun á hugtökunum ber að gjalda varhug í mati á umhverfisáhrifum. Ástæðan er sú að megintilgangur mats á umhverfisáhrifum er ekki að tiltaka hvað mönnum **finnst jákvætt** eða **neikvætt** um tiltekin áhrif, heldur að draga fram **hver áhrifin eru** með vísindalegri aðferðafræði, **hversu umfangsmikil** þau eru og **hvort** og þá **hvernig þau víkja frá eða stangast á við þar að lútandi lög, reglur og samþykktir, innlendir sem fjölþjóðlegar, sem hafa það að markmiði að vernda náttúruna og náttúrulega ferla**. Tilgangurinn er að náttúran fái að þróast eftir eigin lögmálum eins og frekast er kostur, en ekki að maðurinn breyti henni, hvorki með því að bæta við náttúruna („jákvæð“ áhrif) né draga úr henni og eyða („neikvæð“ áhrif).

„Afturkræff“ og „óafturkræf“ áhrif

Hugtökin „afturkræf“ áhrif og „óafturkræf“ áhrif eru hvergi skilgreind í skýrslunni, en gera verður kröfu um að slíkt sé gert, enda um að ræða afar þýðingarmikil atriði.

Í þessu sambandi má draga í efa réttmæti staðhæfinga skýrsluhöfunda um afturkræfni áhrifa sem varða dýrategundir, þ. á m. um að áhrif á straumönd, húsönd og fleiri vatnafugla séu afturkræf (sbr. bls. 60). Hér er átt við það t.d. að þótt stofn eða stofnhluti fuglategundar kunni að flytja sig um set vegna röskunar á búsvæði á áhrifasvæði Svartárvirkjunar og finna annan stað á landinu þar sem hann þrífst, þá er engan veginn hægt að ganga að því vísu að tegundin snúi til baka á fyrri heimaslóðir, skyldi vatni aftur verða hleypt á í farveginn. Hending kann m.a. að ráða því hvort tiltekinn stofn fuglategundar snýr til baka eða ekki. Þá verður einnig að taka tillit til þess að flutningur dýrastofns inn á svæði þar sem tegundin er fyrir kanna að hafa áhrif á stofninn sem er þar fyrir.

Hér verður einnig að hafa í huga að náttúruleg búsvæði verða í fæstum tilvikum, ef nokkrum, endurheimt í sitt fyrra horf eftir að þeim hefur verið raskað af mannavöldum. Jafnan eru ferlar í náttúrunni það flóknir og margir hverjir óræðir að ómögulegt er fyrir manninn að endurskapa náttúruna í sinni upprunalegu mynd. Hvað Svartá varðar er nær fullvíst að það dugar ekki að hleypa vatni aftur á í farveginn. Líklegt er að botngerð farvegsins hafi breyst til frambúðar, m.a. vegna aukins hruns úr bökkum og niðursetningu efnis í kjölfar rennislisminnkunar. Þá er ekki útilokað að vatnalífverur, bæði algengar sem fágætar, hafa þurrkast út á staðnum og eiga ekki möguleika eða mjög takmarkaða að nema land á ný vegna breyttra lífskilyrða. Hið síðastnefnda á jafnt við um hryggleysingja sem hryggdýr, þ.m.t. fugla og fiska. Varðandi fiskana þá er ekki gefið, þvert á það sem skýrsluhöfundar staðhæfa (bls. 123), að áhrifin á urriða og bleikju, hina náttúrulegu laxfiskategundir í Svartá, séu afturkræf.

Athugasemdir við einstaka umhverfisþætti

Á meðal atriða í frummatsskýrslunni sem eru ófullnægjandi eða hvergi er getið, en gera verður kröfu um að sé fullnægt í ferli sem þessu er eftirfarandi.

1. Ófullnægjandi grein er gerð fyrir mati á áhrifum á fiska, vistgerðir og vatnalífríki almennt í Svartá

Rannsóknir á fiskum eru því marki brenndar að vera mjög takmarkaðar í tíma og rúmi. Það skortir tilfinnanlega upplýsingar um breytileika í líffræði fiskistofnanna milli og innan ára. Hið sama á við um vatnadýr og -gróður. Engar eða mjög takmarkaðar upplýsingar eru veittar um stofngerð, arfgerð og svipgerð fisktegundanna og gögn um vistfræði og lífsöguþætti, m.a. fæðu- og búsvæðaval og farhætti, eru mjög takmörkuð.

Aðeins tvær rannsóknir hafa verið gerðar á fiskum í Svartá – önnur árið 1976, þegar þéttleiki og tegundasamsetning laxfiskaseiða voru könnuð 28.–29. júlí, og hin árið 2014 þegar farið var í eitt skipti síðumars og vatnalíf almennt kannað sem og efna- og eðlisþættir. Síðari rannsóknin er góðra gjalda verð þar sem hugað var að ýmsum lykilmeytum í vatnavistfræði. Rannsóknin líður hins vegar fyrir það annars vegar að hún gefur ekki mynd af breytileika m.t.t. árstíða og hins vegar tekur hún ekki til breytileika innan árinna þar sem sýnatökustaðir voru aðeins tveir á þeim hluta Svartár sem verður fyrir skakkaföllum. **Hætt er við að vegna skorts á þessum upplýsingum fáist ekki raunsönn mynd af gerð og eðli lífríkisins.**

Gerð er alvarleg athugasemd við umfjöllun um verndargildi Svartár og áhrifasvæða m.t.t. vistgerða (bls. 68–71). Í umfjölluninni er vísað í nýlega vistgerðaflokkun sem Náttúrufræðistofnun Íslands hafði yfirumsjón með. Höfundar frummatsskýrslunnar komast að því, í samræmi við vistgerðaflokkunina, að Svartá tilheyri vistgerð af taginu „ár á yngri berggrunni“ og hafi miðlungs verndargildi. Enda þótt skýrsluhöfundar vitni til þess að flokkunin sé ýmsum annmörkum háð, einkanlega þó er varðar straumvötn og að um frummat sé að ræða (sbr. bls. 14–15 í vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar), þá er engin tilraun, í besta falli lítilfjörleg, gerð til þess að bæta úr annmörkunum. Skýrsluhöfundar vísa þó í heimildir um að settar hafi verið fram tillögur að mati á verndargildi vatnavistkerfa sem taki til fleiri verðmætapaþtta og endurspegli betur verndargildi straum- og stöðuvatna, en samt er engin tilraun gerð til að meta verndargildi Svartár samkvæmt þessum tillögum. **Úr þessu verður að bæta.**

Varðandi flokkun Svartár m.t.t. vistgerðar skal einnig bent á að Svartá og vatnasviðið í heild virðist einnig mega fella undir vistgerðina „kaldar lindir“, sem hefur mjög hátt verndargildi og er á skrá Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Ekki er fjallað um þetta í frummatsskýrslunni. Við þetta má bæta að enda þótt vistgerðin *ár á yngri berggrunni* sé ekki á skrá

Bernarsamningsins og verndargildi vistgerðarinnar sé skilgreint í meðallagi mikið, þá er vistgerðin engu að síður tillaga um nýjan flokk í svokölluðu EUNIS flokkunarkerfi (viðurkennt samevrópskt kerfi). Það segir sitthvað um fágæti vistgerðarinnar á hnattræna vísu.

Veikleiki umfjöllunar í frummatsskýrslunni um verndargildi vatnalífríkisins felst einkum í því að viðeigandi aðferðum er ekki beitt við matið. Til að mynda styðst áður nefnd vistgerðaflokkun gagnvart straumvötnum hvorki við þætti sem snerta magn né tegundafjölbreytni vatnahryggleysingja og fiska. Frummatsskýrslan varpar heldur ekki ljósi á hnattræna stöðu lindavatnskerfa sem Svartá tilheyrir, en lindavatnskerfin flokkast þó sem helstu einkenni í náttúru landsins og hafa mikla sérstöðu í hnattrænu samhengi vegna magns og útbreiðslu (sbr. Hvítbók um náttúruvernd, 55.gr. náttúruverndarlaga o.fl.). Þá er hvergi í skýrslunni vera varpað ljósi á eða bent á stöðu urriða eða bleikju í Svartá á landsvísu eða í hnattrænu samhengi. Náttúrulegir stofnar beggja tegunda á norðurhveli, einkum þó bleikju, eru á fallanda fæti vegna ýmissa áhrifa af mannavöldum – líka hér á landi. **Úr þessum atriðum í frummatsskýrslunni þarf að bæta þannig að mönnum séu ljós bæði verðmætin og áhrifin á þau sem framkvæmdin kann að hafa í för með sér.**

Á meðal þess sem lítt eða ekki er fjallað um í frummatsskýrslunni og varðar vatnalífríkið en nauðsynlegt er að rannsaka betur og gera grein fyrir, eru eftirfarandi atriði:

- Í umfjöllun um áhrif á vatnalífríkið í Svartá, sem almennt mun rýrna, er réttilega bent á að botnflötur minnki við skert rennsli og að framburður á lífrænu reki muni einnig minnka vegna minna rennslis. En það er fleira sem gerist í kjölfar rennslisrýrnunar sem leiðir til breytinga á lífríkinu, en er ekki tíundað í skýrslunni. Þar á meðal mun vatnshita líklega hækka að sumri til en lækka á veturna. Þetta getur breytt tegundasamsetningu jurta og dýra, bæði hryggleysingja og hryggdýra.
- Huga þarf að áhrifum á lífríki Svartár í kjölfar aukinnar ísmyndunar í farveginum sem búast má við að verði að vetri til í kjölfar rennslisrýrnunar.
- Gera verður betur grein fyrir efnisburði í Svartá m.t.t. mismunandi kornastærðar fyrir og eftir virkjun og fjalla ítarlegar um hrun úr bökkum og niðursetningu efnis í kjölfar rennslisrýrnunar.
- Á bls. 64 í frummatsskýrslunni er vikið að því að í Svartá kunni að vera staðbundinn stofn bleikju. Þetta er afar merkilegt í líf- og þróunarfræðilegu ljósi en ekkert er vikið nánar að þessu í matinu.
- Hvernig er fari fiska háttað **núna** milli þess hluta Svartár sem verður fyrir neðan fyrirhugaða stílfu og efri hluta sem nær bæði til Svartár og Suðurár?
- Hvorki er gerð grein fyrir magni útskolunarefna í lónstæðinu né með hvaða hætti á að standa að úskoloninni.
- Í umfjöllun um lónstæðið virðist ekki vera gert ráð fyrir að framburðsefni af mismunandi kornastærð sem Svartá ber með sér muni setjast fyrir í lónstæðinu. Úr þessu þarf að bæta.

2. Ófullnægjandi grein er gerð fyrir mikilvægi búsvæða á vatnasviðinu fyrir fugla

Mat Verkís á áhrifum á fugla á og við Svartá hvílir aðeins á tveimur rannsóknum sem Náttúrustofa Norðausturlands framkvæmdi. Reyndar bætist þriðja rannsóknin við, rannsókn sem Verkís framkvæmdi sjálf á fuglalífi á strengleið þann 22. og 23. júní 2016, sem er miður þar sem Verkís er beinn hagsmunaaðili sem stendur að skýrsluskrifunum og kemur að hönnun mannvirkja og búnaðar vegna virkjunarinnar.

Burtséð frá hagsmunaárekstrum Verkís þá dugar engan veginn hvað varðar votlendisfuglana sem hafast á og við Svartá að byggja mat á áhrifum á þeim á jafn takmörkuðum rannsóknum og raun ber vitni. Rannsóknirnar taka hvorki tillit til breytileika milli ára í fuglalífinu né eru tiltækar upplýsingar um

fuglalífið m.t.t. allra árstíða. Önnur fuglaathugunin var gerð á þremur dögum í júní og júlí 2012 en hin náði til athugunar í lok maí og byrjun júní 2016. Hið sama gildir um athugun Verkís á fuglalífi á strengleið – hvorki er tekið tillit til breytileika innan né milli ára.

Þessar þrjár athuganir virðast vera allt og sumt sem rannsakað hefur verið gagnert varðandi fugla á áhrifasvæði virkjunnarinnar og verður að teljast ófullnægjandi. Af niðurstöðum þessara takmörkuðu rannsókna er t.d. mjög hæpið að draga þá ályktun að vatnasvið Svartár og Suðurár uppfylli ekki viðmið Ramsarsamningsins um alþjóðlega mikilvægt búsvæði fyrir straumendur, eins og gert er á bls. 58 í frummatsskýrslunni.

Á bls. 60 í frummatsskýrslunni er rætt um að áhrif á fuglalíf verði óveruleg á rekstartíma virkjunnarinnar. Varðandi þetta skal þó bent á að umferð á svæðinu, t.a.m. að stíflumannvirkjum, mun vafalítið aukast vegna bætts aðgengis. Líkurnar á truflun og raski á fuglalífi munu því vafalaust aukast í kjölfarið, bæði á á varptíma og utan hans, m.a. vegna aksturs á fugla, fálka þ.m.t. Að þessum þætti þarf að huga betur í matinu.

3. Ófullnægjandi grein er gerð fyrir ýmsum áhrifum á vatnasviðinu utan farvegs Svartár

Í kjölfar þess að vatnsmagn í farveginum minnkar stórlega (80–95% minnkun í rennsli á ársgrunni) mun rennslisrýrnunin ekki einasta hafa mjög mikil áhrif á ásýnd árinna og lífríkið í ánni og árhólmunum, sem mun rýrna stórlega, heldur er einnig um ræða áhrif vegna breytinga á grunnvatnsstöðu utan farvegsins bæði meðfram farveginum og þrýstípípunni. Á meðal áhrifa sem ekki er fjallað um í skýrslunni eða þeim gerð ófullnægjandi skil m.t.t. til umfangs og eðlis, en nauðsynlegt er að fjalla vandlega um, eru eftirfarandi:

- Umfang svæða sem verða fyrir lækun grunnvatnsstöðu meðfram Svartá og þrýstípípunni. Hvergi í skýrslunni er umfang þessara áhrifasvæða magntekin (sjá t.d. bls. 49 og 53).
- Áhrif lækkaðrar grunnvatnsstöðu á áhrifasvæðum meðfram farvegi Svartár á mögulega losun á CO₂ eru hvergi metin eða rökstudd í skýrslunni. Lækun grunnvatnsstöðu svipar til framræslu votlendis með tilheyrandi áhrifum á kolefnisbúskap og líffræðilegan fjölbreytileika.
- Gerð, eðli og umfang áhrifa á vistfræði og lífríki vegna lækkaðrar grunnvatnsstöðu á svæðum meðfram og út frá farveginum er hvergi getið eða þau magnbundin og rökstudd þannig að hægt sé að átta sig á breytingunum.

4. Engin grein er gerð fyrir áhrifum af völdum rennslisminnkunar Svartár á vistfræði og lífríki Skjálfandafljóts

Engin grein er gerð fyrir þeim breytingum sem búast má við að verði í Skjálfandafljóti í kjölfar þess að rennslisáttir og efna- og eðlisþættir Svartár, vatnsmestu þverár Skjálfandafljóts með um 25% af rennsli þess, munu gjörbreytast á ársgrunni. Hér er m.a. vísað til atriða sem varða breytingar á framburði vatns og uppleystra efna (m.a. næringarefna) úr Svartá í Skjálfandafljót, breytinga m.t.t. vatnshita og sýrustigs í Skjálfandafljóti og breytinga á lífskilyrðum fyrir vatnagróður og -dýr í Skjálfandafljóti, þ.m.t. á fari fiska milli Skjálfandafljóts og Svartár.

Neðri hluti svokallaðs „áhrifasvæðis“ á mynd 2.1 bls. 8 í frummatsskýrslunni er afmarkaður við Skjálfandafljót og þannig er gefið í skyn að áhrifin nái ekki út í Skjálfandafljót, sem er rangt.

Virðingarfyllt,



Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður, vatnalíffræðingur

Athugasemdir Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ) við frummatsskýrslu um virkjun Svartár og Suðurár 2017.



Mynd: Naturfocus.

1. mynd. Svartá séð úr lofti.

Inngangur

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn er ríkisstofnun sem heyrir undir Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hún starfar samkvæmt lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Hún gengst fyrir rannóknum á náttúru Mývatns og Laxár og er ráðgefandi um allt sem lýtur að verndun hennar. RAMÝ hefur einnig tekið virkan þátt í rannsóknnum á byggðarmenjum víða í Þingeyjarsýslum.

Á þessum grundvelli gerir stofnunin athugasemdir við hugmyndir um virkjun Svartár og Suðurár og frummatsskýrslu um framkvæmdina:

Svartá og Suðurá í Bárðardal eru eitt þeirra lindarkerfa sem spretta undan Ódáðahrauni, hraunflæminu mikla í norðurgosbeltinu á Íslandi. Regnvatn sem fellur þar hripar jafnóðum niður í jörðina, og sama gildir um leysingarvatn á vorin. Vatnið vellur síðan upp við jaðra Ódáðahrauns. Mývatn/Laxá með Kráká er stærsta lindarkerfið, svo Svartá/Suðurá, en minni lindarkerfi eru að austanverðu: Grafarlönd eystri, Herðubreiðarlindir og Svartá austan við Öskju.

Þessi lindarkerfi eru sjaldgæf, bæði á landsvísu og þegar horft er til heimsins alls. Þau eru flest tengd hraunflæmum á eldvirkum svæðum jarðar, þar sem úrkoma er næg. Þetta eru óvenjuleg vötn, sem einkennast af jöfnu rennsli, grónum bökkum, eru auðug að steinefnum og hafa oftast fágætt og mjög auðugt lífríki. Þau gegna lykilhlutverki í tilveru nokkurra dýrastofna, skapa vinjar í annars gróðurlitlu landi, frjósa sjaldan á veturna og búa auk þess yfir óvenjulegri náttúrufegurð í nærumhverfinu vegna samspils hrauns, vatns og gróðurs. Sum þessara lindarkerfa, t.d. Mývatn/Laxá, Svartá/Suðurá og Kráká, eru jafnframt eftirsótt veiðisvæði fyrir silung, bæði bleikju og urriða, sem þarna mynda nokkra aðskilda stofna og afbrigði. Lega vatnanna í gosbeltinu, gjarnan við hálendisbrúnina, eins og Svartá og Suðurá, ljær þeim sérstaka og oft heillandi umgjörð.

Gjarnan er talað um Svartá sem litlu systur Laxár. Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn hefur áratugum saman vaktað fuglalíf á Svartárvatni og Svartá vegna þess hve keimlíkt það er lífi á Mývatni og Laxá. Bæði vatnakerfin eru afar lífauðug og sömu dýra- og þörungategundir einkenna þau. Landslag er einnig svipað um margt. Svartá einkennist meðal annars af þéttum stofni straumandar og húsandar, sem báðar verpa þar. Áin er eitt af fáum vetrarathvörfum húsandar utan Mývatns og Laxár og hefur reynst sérlega mikilvæg sem athvarf þegar áta hefur brugðist í Mývatni og Laxá og hrun blasað við stofninum. Húsöndin er sem kunnugt er mjög bundin Mývatni og Laxá og nálægum lindarvötnum og byggir íslenski stofninn, hinn eini í Evrasíu, alfarið á þeim. Íslenski stofninn greinist erfðafræðilega frá öðrum húsandarstofnum (3) og ber Ísland alþjóðlega ábyrgð á verndun hans (*ábyrgðartegund*, sbr. lög um náttúruvernd frá 2013).

Á dögum Laxárdeilunnar voru uppi áform um að flytja Svartá og Suðurá yfir í Kráká og þaðan í Mývatn eða Laxá. Hefði orðið af því væru öll þessi straumvatnavistkerfi ónýtt. Var því forðað með sáttargerð milli ríkisins og heimamanna, sem meðal annars fól í sér lagasetningu um verndun Mývatns og Laxár og banni við því að hróflað væri við vatnsborði stöðuvatna og rennsli straumvatna þar.


Húsönd og straumönd

Í frummatsskýrslunni (bls. ii) kemur staða Svartár/Suðurár í viðgangi húsandarstofnsins vel fram. Þar segir í samantekt: „Vatnasvið Suðurár og Svartár er hins vegar talið hafa mikið verndargildi fyrir íslenska húsandarstofninn vegna þess að um 6% af áætluðum heildarstofni húsandarinnar sáust við talningu sumarið 2016.” Er þetta ekki ofmælt. Svartá /Suðurá er eina vatnakerfið utan Mývatns og Laxár þar sem húsændur halda til allan ársins hring (2. mynd). *Það er eitt af meginatriðum við vernd stofnsins, að hann hafi athvarf á öðru kerfi þegar eitt brestur. Á það hefur reynt a.m.k. einu sinni (1989) eftir að farið var að fylgjast reglulega með stofninum (1975). Hin þrönga útbreiðsla húsandarinnar undirstrikar hve sérhæfð tegund hún er og ætti að gefa tilefni til friðlýsingar árið. Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn leggur til að Svartá og Suðurá verði friðlýstar með þetta í huga.*


Við slíka friðlýsingu er mikilvægt að horfa til *vistkerfis árið í heild*. Þar skiptir máli, fæðu- og uppeldisskilyrði húsandarinnar annars vegar og hins vegar upplifun manna af lífi hennar á lítt snortnum náttúrusvæðum. Sú upplifun mótar gjarnan vilja fólks til að vernda tegundina.

Varp húsandarinnar við Svartá er við ána ofanverða, og helgast af því að þar eru holur fyrir hana að verpa í (húsöndin er holuvarpfugl). *Koma má af stað húsandarvarpi við neðri hluta árið* með því að setja upp hreiðurkassa og tryggja þannig öryggi stofnsins enn frekar, að því gefnu að fæðuframboði árið þar hafi ekki verið raskað með verklegum framkvæmdum.

Ólíkt húsöndinni eru *straumendur* til í öllum landshlutum. Víðast hvar eru þetta stök pör, en á frjósömum ám, þar sem lindár koma úr stöðuvötnum líkt og Svartá, eru kjarnasvæði stofnsins. Líkur eru á að ungaframleiðsla á slíkum svæðum haldi uppi straumandafjölda annarra svæða, jafnvel Laxár. Laxá hefur sennilega verið gefandi í þessu dæmi um langa hrið, en síðastliðin 10–12 ár hafa allt of fáir ungar komist upp



2. mynd. Vor- og vetrarstöðvar húsandarinnar á Íslandi. Vel sést hve útbreiðsla fuglsins er bundin Mývatni, Laxá og Svartá.



3. mynd. Fjöldi straumandarunga og fullorðinna kvenfugla á Laxá í Mývatnssveit. Fjöldi fugla og framleiðsla þeirra gengur í bylgjum, og tímabil koma þegar viðkoma stofns hangir á bláþræði. Undanfarin 10–12 ár hefur framleiðsla straumanda á Laxá verið ófullnægjandi og stofninum hrakað hratt. Vernd stofnsins byggist þá á því hvað er að gerast á nálægum svæðum, til dæmis Svartá og Suðurá.

til að viðhalda straumandarstofni Laxár (3. mynd). *Mörg undanfarin ár hafa aðeins örfáir straumandarungar komist upp á Laxá, mun minna en þarf til að viðhalda fjölda þeirra þar, og fækkar straumöndum því hratt. Við þessar aðstæður er líklegt að Svartá skipti máli fyrir endurnýjun stofnsins.*

Nærumhverfi Svartár/Suðurár hvorki kynnt eða metið

Nærumhverfi árinna mótast mest afstöðu manna til hennar sem náttúruverlu. Hún flæðir líkt og lítil Laxá með ótal vel grónum hólum og bakkagrónum kvíslum um öræfakennt hraunlandslagið og skiptast þar á lygnur og flúðir með öndum og silungi við hvert fótstígi. Aðeins þeir sem ganga meðfram ánni upplifa þetta og má halda því fram að nærlandslagið falli í flokk með því besta af því tagi hér á landi, þar á meðal Mývatni/Laxá og ám í Veiðivötnum. *Matskýrslan um virkjunina sneiðir alveg hjá nærlandslagi árinna. Engin tilraun er gerð til að lýsa því, hvorki með texta né ljósmyndum. Þetta er alvarlegur og óskiljanlegur meinbugur á skýrslunni og ómerkir þá landslagsumfjöllun sem þar er þó að finna.*

Fornminjar mun fleiri

Þingeyjarsýslurnar skera sig úr hvað varðar fornminjar á Íslandi. Leifar af fornaldarbyggðinni (10.–12. öld) sjást mjög víða á yfirborði og má með rannsóknnum á þeim fá gleggri mynd af byggðamynstri Þjóðveldistímans en víðast hvar annars staðar (heimild: t.d. 1, 2). Byggðin á þessum tíma var mun þéttari og teygði sig innar og herra í landið en síðar varð.

Matskýrslan er ekki trúverðug þegar kemur að úttekt á sýnilegum fornminjum svæðisins. Fleiri fornaldarbæir eru á og í grennd við virkjanasvæðið en tíundað er, og flest bendir til að röð bæja hafi staðið meðfram Svartá í fornöld, alveg upp að Svartáarkoti. Einnig stóð bær á austurbakka Svartárvatns og annar í Suðarárbotnum. Fornminjum á línuleiðinni er illa lýst vegna þess að leiðinni var breytt eftir að fornleifaskráning fór fram. Þetta varðar helst svæðin við Mátavatn og milli Lauga og Laxárvirkjunar og er nánar lýst í viðauka sem hér fylgir.

Aðrar athugasemdir

1. **Villandi staðhæfing um áhrif.** Í útdrætti skýrslunnar, sem er á titilblaði hennar, segir: „Helstu áhrifaþættir framkvæmdar eru mannvirki virkjunar og rafstrengur auk umferðar og ónæðis á framkvæmdatíma.” Þetta er villandi staðhæfing. *Ein helstu áhrif virkjunarinnar felast í gerbreytingu á þriggja kílómetra löngum kafla árinna, þar á meðal verulega skertu vatnsrennsli, á náttúrusvæði sem almennt hefur hátt verndargildi sem lindarvatn og athvarf ábyrgðartegundar.* Einnig mun rennisskerðing í kjölfar virkjunar árinna minnka framburðargetu árinna á lífrænum ögnum, og þar með fæðuframboð fyrir hryggleysingja og fiska. Minnkunin verður ekki einungis vegna skerðingar á botnfleti farvegarins heldur einnig vegna minnkandi burðargetu árinna (sbr. bls. 12 í Viðauka 2).

2. **Náttúruverndargildi ekki metið.** Í niðurstöðu matsins segir: „Áhrif virkjunar eru að mestu metin óveruleg til nokkuð neikvæð.“ Þessi lokaniðurstaða matsins er haldlaus, því að *náttúruverndargildi svæðisins er ekki metið í skýrslunni*. Ef tekið væri tilliti til verndargildis mætti búast við að áhrifin yrðu metin mun neikvæðari. Við það bætist það grundvallarsjónarmið að búsvæðum ábyrgðartegundar eins og húsandarinnar ætti ekki að raska.

3. **Villandi skýringamyndir og of mikil skerðing á rennsli.** Myndir af virkjunarsvæðinu með innfelldum mannvirkjum gefa *villandi mynd af áhrifum virkjunarinnar*. Á myndunum virðist rennsli árinna óskert, en hið rétta er að það skerðist um nánast allt rennsli Suðurár, sem er um 85% af sameiginlegu rennsli Suðurár og Svartár. Botnflötur árinna skerðist enn meira (sbr. bls. 69 frummatsskýrslu). Auk þessa verður ís og krapí veitt í farveginn á veturna. Miðað við vetraraðstæður á þessum slóðum má gera ráð fyrir að krapastíflur og grunnstingull þurrki upp farveginn neðan stíflu öðru hverju flesta vetur. Vatn úr Grjótá, sem bætist í ána neðan stíflunnar er mýrarvatn sem hefur varla þann frjómátt sem gerir Suðurá/Svartá svo lífrík straumvötn. Vetrarrennsli Grjótár er þar að auki óþekkt, en þar sem ekkert lindarvatn virðist vera í henni frýs hún auðveldlega og rennsli hennar hverfandi á sama tíma og krapastíflur liggja í farvegi Svartár.

Viðauki um fornminjar

Fornbýli og sel á leið jarðstrengs.

Í frummatsskýrslu (viðauka 8) er ítarleg lýsing á strengleiðinni frá virkjun norður á móts við norðurenda Mátvatns. Nákvæm lýsing á legu hennar frá Mátvatni að Laxárvirkjun liggur ekki fyrir þar eð hún breyttist eftir að skýrslur um strenginn (viðaukar 5 og 8) voru gerðar. Þó er ljóst að merkar fornminjar eru á nýju leiðinni eða í grennd við hana: Vestan í Hvítafelli eru *þrennar selsrústir*. Á Þegjandadal (sem er vestanvert við Þorgerðarfjall) er sennilega eitthvert merkasta minjasvæði landsins. Sagt er í frummatsskýrslu að strengleiðin á Þegjandadal verði ofan minjasvæða, en sú fullyrðing er byggð á korti af einungis hluta hennar (norðurendi strenglínunnar, milli *eyðibólanna Bjarnastaða og Oddsstaða/Austaraholts* er ekki sýndur á minjakorti; og ekki heldur minjasvæði vestur af Halldórsstaðaskarði þar sem rústir *fornaldarbýlanna Hrísa og Fjallsaxlar* eru, auk *rústa Brennisels*, Árni Einarsson óbirt gögn).

Sunnar á strengleiðinni eru einnig merkar fornminjar. Helst er að nefna fornbýli með garðlögum, nefnt *Víðatóft*, ásamt fornmannahaug við suðvesturhorn Mátvatns (sbr. *sérkort 13 í viðauka 8*), og annað álíka, *Hallskot*, er við útfall Máslækjar úr Mátvatni (finnst ekki í sérkortasyrpu í viðauka 8!). Einnig er *fornbýlarústum* skammt suðaustan við Hörgsdal (sérkort 17) hætta búin, en strengleiðin er mjög nálægt þeim (ljóst er að sýnd strengleið er ekki nákvæm, því að hún stenst varla á vettvangi sums staðar, liggur til að mynda langs eftir bugðóttum lækjargrófum).

Áríðandi er að ofangreindum minjum verði ekki raskað!

Fornbýli meðfram Svartá.

Alls eru rústir átta fornbýla (líklega frá 10. öld) í röð upp með hægri bakka Svartár.

Svartárkot er níundi bærinn í röðinni (fornbýli er einnig á austurbakka Svartárvatns og annað í Suðurárbotnum). Fornbyggðin við Svartá er með hinni efstu og innstu frá þessum tíma og merkilegt rannsóknarefni. Þrjú þessara fornbýla eru innan áhrifasvæðis virkjunarinnar en aðeins er getið eins þeirra, Bjarnastaða, í frummatsskýrslunni:

BJARNASTAÐIR FORNBÆR. Sjá 4. mynd. Garðakerfi umhverfis bæinn er mun umfangsmeira til norðausturs en lýst er í skýrslunni og þar hattar fyrir gerði í miðjunni, um 18 m í þvermál, sem gæti verið kirkju- eða bænhúsgarður (65°25,338'N; 17°19,391'V). Þrýstivatnspípan mun skera garðlag frá þessum bæ (65°25,286'N; 17°19,747'V til 65°25,278'N; 17°19,784'V).

Hin tvö, eru þessi:


FORNBÆR, ekki á skrá: Staðsetning: 65°25,528'N; 17° 20,269'V.

Línur í landslagi (Google Earth 13.8.2005) og bilið í bæjarröð átta fornbæja meðfram Svartá bendir til fornbýlis á þessum stað. Þrýstipípa virkjunarinnar liggur rétt fyrir ofan hann.

FORNBÆR, ekki á skrá: Staðsetning: 65°24,879'N; 17°18,490'V. 331 m y.s.

Rétt norðan við fyrirhugaðan veg niður að stíflunni. (Garðlagsbútur við stíflustæðið gæti verið landamerkjagarður frá þessum bæ.) Nauðsynlegt er að kanna þessar rústir.

Best er að sjá þessi býli á Google Earth (á myndum frá 18. maí 2012 og 13. ágúst 2015).



4. mynd. Gervitunglsmýnd af fornbýli við Svartá. Litum hefur verið breytt til að betur megi greina garðlögin. Dökkgráir fletir eru melkollar.

Heimildir:

(1) Árni Einarsson & Aldred, O. 2011. The archaeological landscape of northeast Iceland: a ghost of a Viking Age society. In: Remote Sensing for Archaeological Heritage Management. EAC (Europae Archaeologiae Consilium) Publications. Bls. 243-258.

(2) Árni Einarsson 2015. Viking Age fences and early settlement dynamics of Iceland. *Journal of the North Atlantic* 27: 1-21.

(3) Pearce, J.M, J. M. Eadie, J.-P. L. Savard, T. K. Christensen, J. Berdeen, E. J. Taylor, S. Boyd, Árni Einarsson & S. L. Talbot. 2014. Comparative population structure of cavity-nesting sea ducks. *Auk* 131: 195-207.

Sent Skipulagsstofnun í tölvupósti 23. október 2017, kl 14:55.

Reykjavík, 22. október 2017

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Efni: Athugasemdir vegna fyrirhugaðrar virkjunar Svartár í Bárðardal

Ég vil mótmæla hugmyndum um virkjun Svartár í Bárðardal og geri þá kröfu að Skipulagsstofnun hafni þessum áætlunum. Röksemdir mínar fyrir kröfunni er hér fyrir neðan og jafnframt bendi ég á verulega annmarka á frummatsskýrslunni.

Svartá og Suðurá eru með vatnsmestu lindám landsins og lífrík straumvötn sem hýsa merkilega flóru og fánu. Þessar ár eru hluti af vatnasviði Skjálfandafljóts og spretta fram við jaðar miðhálandis ofan Bárðardals og tengja saman hálandi og láglandi. Í þriðja áfanga Rammaáætlunar er lögð áhersla á að vernda vatnsvið Skjálfandafljóts og þessar framkvæmdir munu spilla einni af perlum þessa vatnasviðs.

Svartá hefur alþjóðlegt verndargildi m.a. vegna þess ríkulega fuglalífs sem þar þrífst og þá sérstaklega húsönd og straumönd. Um 6% af íslenska húsandastofninum nýtir vatnasvið Svartár og Suðurár yfir vor og sumar. Rétt innan við 1% af íslenska straumandastofninum á varplönd á þessu sama vatnasviði. Í frummatsskýrslunni er ekki vitnað í nýlega skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um mikilvæg fuglasvæði, það er miður. Fjöldi straumanda sem sást á Svartá og Suðurá í talningum 2016 er rétt innan við þau mörk sem gefur svæðinu alþjóðlegt verndargildi (1% af stofnstærð). Hins vegar er veruleg óvissa um mat á stærð íslenska straumandastofnsins og ber tegundinni að njóta vafans varðandi vægi Svartár og Suðurár fyrir stofninn. Því ber að segja að bæði húsönd og straumönd ráða því að vatnasvið Svartár og Suðurár hefur alþjóðlegt verndargildi!

Þessir andastofnar eru takmarkaðir af gæðum þeirra varplanda sem þeir byggja. Húsöndin er mjög kræsin á varplönd og vill aðeins lífrík lindavötn en straumönd er með víðfeðmari útbreiðslu á varptíma og finnst á ýmsum gerðum straumvatna.

Aðalvarpstöðvar húsandar á Íslandi eru Mývatn og Laxá í Laxárdal, Svartá og Suðurá koma þar næst á eftir, öðrum varplöndum er ekki til að dreifa svo neinu nemur.

Straumandabyggðin við Svartá og Suðurá er ein sú þéttasta á Íslandi. Þær húsöndur og straumendur sem byggja Svartá og Suðurá hafa ekki í önnur hús að venda, verði þessum lindavötnum spillt og því mun stofnum þessara tegunda óhjákvæmilega hnigna og þær stoðir, sem þeir byggja afkomu sína á, veikjast.

Frummatsskýrslan nær ekki að greina á fullnægjandi máta mikilvægi Svartár og Suðurár fyrir húsönd og straumönd og þá vægi þessara vatna við að tryggja viðgang þessara stofna. Slík greining kallar á talningar sem spanna allt árið, þannig væri hægt að meta mikilvægi einstakra svæða innan vatnasviðsins fyrir þessar tegundir og eins hlutverk Svartár og Suðurár sem vetursetustaða húsandar, þetta var ekki gert. Ekki var heldur reynt að meta mikilvægi Svartár og Suðurár fyrir húsandastofninn þegar illa árar við Laxá og Mývatn og fuglar flýja það svæði. Þetta gerðist síðast árið 1989 og miðað við

takmarkaðar athuganir það sumar voru um 490 húsendingur á vatnasviðinu eða tæplega fjórðungur íslenska húsandastofnsins!¹ Það er væntanlega þegar slíkir atburðir gerast sem vægi Svartár og Suðurár verður sérstaklega mikið fyrir tilveru húsandar á Íslandi.

Miðað við hversu mikilvægt vatnasvið Svartár og Suðurár er fyrir húsöndina þá er það sjálfsögð krafa að framkvæmdaraðili geri stærðfræðilegt líkan fyrir tegundina þar sem vægi Svartár og Suðurár fyrir tilvist stofnsins væri kannað og spáð fyrir um hvaða áhrif það hefði á stofnstærð húsandar og líkur á útrýmingu tegundarinnar á Íslandi að spilla Svartá á þann hátt sem áætlanir gera ráð fyrir. Með slíku líkani væri hægt að meta gildi þess fyrir húsandastofninn að fuglarnir geti leitað á Svartá og Suðurá þegar hungursneyð geisar fyrir tegundina við Laxá og Mývatn. Þar er í slíkum árum, kannski einu sinni eða tvisvar á öld, sem Svartá og Suðurá geta mögulega haft úrslitapýðingu fyrir tilvist stofnsins. Þetta var ekki gert og það er miður. Það er kannski tímanna tákni að slíkir útreikningar sem taka á sjaldgæfum atburðum eru gerðir fyrir stíflumannvirkin, þ.e. geta stíflunnar til að standa af sér það sem kallað er í frummatsskýrslunni „þúsund ára flóð“.

Einnig geri ég athugasemdir við að ekki hafi verið reynt að svara því hvort að líkur séu á að straumandastofninn við Svartá og Suðurá standi undir straumandastofnum á öðrum ám á vatnasviði Skjálfandafljóts. Röksemdafærslan hér er að mögulega sé ungaframleiðsla straumanda við Svartá og Suðurá meiri en sem þarf til að standa undir straumandastofninum þar og að þessi umframframleiðsla straumandarunga standi undir stofnum á líflitlum ám á vatnasviði Skjálfandafljóts. Samkvæmt slíkri sviðsmynd hefði lakari afkoma straumanda í kjölfar virkjunar Svartár áhrif langt út fyrir vatnasvið Svartár og Suðurár.

Í frummatsskýrslu er Múlavirkjun við Straumfjarðará tekin sem dæmi um hversu lítil áhrif virkjun lindár hefur á fjölda straumanda. Þetta er vægast sagt ósvífinn samanburður. Fyrir það fyrsta er brotasaga þeirra Múlavirkjunarmanna varðandi alla framkvæmd við virkjunina víti til varnaðar þar voru öll skilyrði um hæð stíflu og rennsli í farvegi neðan stíflu brotin. Einnig, þá eru litlar upplýsingar til um dreifingu og hegðun straumanda á ánni fyrir virkjun og samanburður því á ástandinu fyrir og eftir ekki mögulegur (Jóhann Óli Hilmarsson munnl. uppl.).

Nokkrar aðrar tegundir fugla á Válista verpa við Svartá og má þar nefna grágæs, gulönd, fálka og hrafn, allar þessar tegundir munu verða fyrir truflun og áreiti vegna framkvæmdanna. Til lengri tíma mun þessi framkvæmd mjög líklega spilla gæðum eins besta fálkaóðals í Þingeyjarsýslum og því veikja stöðu íslenska fálkans.

Ég geri athugasemdir við hvernig allt myndefni, sem sýna á ástand mála við Svartá eftir að virkjun rís, gefur falska mynd og það er ekki drengileg framsetning. Til dæmis þá er fullt rennsli sýnt frá stöðvarhúsinu í myndbandi, sem er rétt mynd, en jafnframt beljar

¹ Hér er miðað við sömu hlutfallsdreifingu húsanda á vatnasviðinu og var í talningu 8.-10. júní 2016 og fjölda fugla sem sáust þá daga á svæðum 1, 7 og 8 við Svartá sem og heildarfjöldu fugla á vatnasviðinu (sjá töflu 5.6 bls. 53 og mynd 15.4 bls. 55 í frummatsskýrslu v/Svartárvirkjunar) og fjölda fugla á svæðum 1, 7 og 8 vor og sumar 1989 (óbirt gögn Ólafs K. Nielsen, 47 húsendingur á svæði 1, og Árna Einarssonar, að lágmarki 260 húsendingur á svæði 7 og 8). Um það bil 3,9-falt fleiri fuglar voru á þessum þremur svæðum 1989 samanborið við 2016.

Svartá í virkjuðum farveginum sem aldrei fyrr og fjarri því að sýna þá 4 m³/sek sem þar eiga að renna. Einnig er pípan frá stíflu að stöðvarhúsi sýnd sem strik í landinu en í raun á að grafa þar breiðan og mikinn skurð þannig að örið og raskið verður áberandi. Þetta gefur grunlausum lesenda ósanna mynd af ástandi mála eftir virkjun!

Ég hafna fullyrðingum í frummatsskýrslu um að mótvægisáðgerðir muni tryggja að lágmarki 4 m³ rennsli vatns á sekúndu í hinum virkjaða farvegi Svartár og að þar muni þrífast bitmý, urriði, straumönd og húsönd í sátt og samlyndi við framkvæmdirnar. Þetta er falsmynd! Fyrir það fyrsta þá er greinilegt á mælingum sem kynntar eru í frummatsskýrslunni að það er óvissa um það vatnsmagn sem rennur um Svartá og miðað við þær mælingar sem til eru verður togstreita stærstan hluta árs á milli hagsmuna virkjunar um að framleiða rafmagn og lífríkis að fá stöðugt og jafnt rennsli. Ég hef séð hvernig sömu eigendur leystu þessa togstreitu við Köldukvísl á Tjörnesi. Í virkjanaleyfi fyrir Köldukvíslarvirkjun segir að tryggt skuli nægilegt rennsli neðan stíflu til að straumönd og bleikja fáist þar þrífist. Staðreyndin er, að aftur og aftur hefur farvegurinn verið skraufþurr (sjá 1. og 2. mynd) og bleikja og straumönd löngu horfin. Hér er líka rétt að benda á að um fjórðungur af þessu vatni sem á að renna um virkjaðan farveg Svartár á að kom úr Grjótá. Vatnið í Grjótá er annars eðlis en vatnið í Svartá, þar sem hún kemur ekki úr stöðuvatni. Hún ber ekki með sér rek og býður því ekki uppá æti fyrir bitmý sem er undirstöðufæða anda og urriða í Svartá. Einnig, þá er ætlunin að veita öllum ís og öllu krapni niður í virkjaðan farvegin á vetrum. Skert rennsli, miklir kuldar og ís og krap úr Svartá allri mun útiloka að bitmý fáist þrífist í virkjuðum farveginum. Ljóst er að í besta falli má búast við mjög breytilegu rennsli í virkjuðum farvegi Svartár. Stundum mun þessi farvegur vera nær þurr og þá einkum á vetrum og stundum mun streymið vera meira en 4 m³/sek og þetta vatn mun ekki bjóða upp á lífsskilyrði fyrir endur, urriða eða bitmý.

Samandregið þá er niðurstaða mín að náttúruverndargildi Svartár er það mikið að ekki sé réttlætanlegt að spilla ánni með virkjun og því ber að hafna þessum hugmyndum! Vatnasvið Svartár og Suðurár hefur alþjóðlegt verndargildi vegna fjölda húsanda og straumanda sem þar búa. Verulegir vankantar eru á frummatsskýrslu varðandi greiningu á vægi Svartár og Suðurár fyrir þessar tvær válistategundir og nægir þar að nefna hlutverk þessa vatnasviðs fyrir húsönd í þeim árum þegar illa árar við Laxá og Mývatn og stór hluti stofnsins leitar á Svartá og Suðurá sér til bjargar. Boðaðar mótvægisáðgerðir um að tryggja 4 m³/sek rennsli í virkjuðum farvegi Svartár er falssýn. Myndefni í frummatsskýrslu og öðrum gögnum, sem ætlað er að sýna ástand mála eftir virkjun, gefur ósanna mynd.

Virðingarfyllst,



Ólafur K. Nielsen (kt. 211154 3229)



1. mynd. Kaldakvísl á Tjörnesi fyrir virkjun.



2. mynd. Köldukvíslarfoss og fosshylurinn eftir virkjun. Athugið, ekkert vatn rennur í farveginum!

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Reykjavík, 20. Október 2017

Efni: Athugasemdir vegna fyrirhugaðrar virkjunar Svartár í Bárðardal

Fuglaverndarfélag Íslands mótmælir harðlega hugmyndum um virkjun Svartár í Bárðardal. Svartá og Suðurá eru með vatnsmestu lindám landsins og lífrík straumvötn sem hýsa merkilega flóru og fánu. Þessar ár eru hluti af vatnasviði Skjálfandafljóts og spretta fram við jaðar miðhálandis ofan Bárðardals og tengja saman hálandi og láglandi. Í þriðja áfanga Rammaáætlunar er lögð áhersla á að vernda vatnsvið Skjálfandafljóts og þessar framkvæmdir munu spilla einni af perlum þessa vatnasviðs.

Athugasemdir Fuglaverndar taka fyrst og fremst mið af fuglalífi svæðisins en vatnasvið Svartár og Suðurár hafa alþjóðlegt verndargildi vegna fuglalífs. Þar ræður mestu að allt að 6% íslenskra húsanda hafa þar búsetu yfir vor og sumar, einnig að nærri 1% íslenska straumanda eiga sér þar varplönd. Þessir andastofnar eru takmarkaðir af gæðum þeirra varplanda sem þeir byggja, húsöndin er mjög kræsin á varplönd og vill aðeins lífrík lindavötn en straumönd er með víðfeðmari útbreiðslu á varptíma og finnst á ýmsum gerðum straumvatna. Aðalvarpstöðvar húsandar á Íslandi eru Mývatn og Laxá í Laxárdal, Svartá og Suðurá koma þar næst á eftir, öðrum varplöndum er ekki til að dreifa svo neinu nemur. Straumandabyggðin við Svartá og Suðurá er ein sú þéttasta á Íslandi. Þær húsændur og straumendur sem byggja Svartá og Suðurá hafa ekki í önnur hús að venda, verði þessum lindavötnum spillt og því mun stofnum þessara tegunda óhjákvæmilega hnigna og þær stoðir, sem þeir byggja afkomu sína á, veikjast.

Nokkrar aðrar tegundir fugla á Válista verpa við Svartá og má þar nefna grágæs, gulönd, fálka og hrafn, allar þessar tegundir munu verða fyrir truflun og áreiti vegna framkvæmdanna. Til lengri tíma mun þessi framkvæmd mögulega spilla gæðum eins besta fálkaóðals í Þingeyjarsýslum.

Fuglavernd gerir alvarlegar athugasemdir við að ekki var reynt að greina betur mikilvægi Svartár og Suðurár fyrir bæði húsönd og straumönd, frummatsskýrslan er fjarri því fullnægjandi hér. Slík greining kallar á talningar sem spanna allt árið, þannig væri hægt að meta mikilvægi einstakra svæða innan vatnasviðsins fyrir þessar tegundir og eins hlutverk Svartár og Suðurár sem vetursetustaða húsandar. Jafnframt þá hefði þurft að gera stofnlíkan fyrir húsönd þar sem vægi Svartár og Suðurár fyrir tilvist stofnsins hefði verið kannað og því svarað hvaða áhrif það hefði á stofnstærð húsandar og líkur á útrýmingu tegundarinnar á Íslandi að spilla Svartá á þann hátt sem áætlanir gera ráð fyrir. Með slíku líkani væri hægt að spá fyrir um hvaða gildi það hefði fyrir húsandastofninn að fuglarnir geti leitað á Svartá og

Suðurá þegar hungursneyð geisar fyrir tegundina við Laxá og Mývatn. Þar er í slíkum árum, kannski einu sinni eða tvisvar á öld, sem Svartá og Suðurá geta mögulega haft úrslita þýðingu fyrir tilvist stofnsins. Það er kannski tímanna tákn að slíkir útreikningar sem taka á sjaldgæfum atburðum eru gerðir fyrir stíflumannvirkin, þ.e. er geta stíflunnar til að standa af sér það sem kallað er í frummatsskýrslunni „þúsund ára flóð“.

Einnig gerir Fuglavernd alvarlegar athugasemdir við að ekki hafi verið svarað hvort að líkur séu á því að straumandastofninn við Svartá og Suðurá standi undir straumandastofnum á öðrum ám á vatnasviði Skjálfandafljóts. Röksemdafærslan hér er að mögulega sé ungaframleiðsla straumanda við Svartá og Suðurá meiri en sem þarf til að standa undir straumandastofninum þar og að þessi umframframleiðsla straumandarunga standi undir stofnum á líflitlum ám á vatnasviði Skjálfandafljóts. Samkvæmt slíkri sviðsmynd hefði lakari afkoma straumanda í kjölfar virkjunar Svartár áhrif langt út fyrir vatnasvið Svartár og Suðurár.

Fuglavernd undrast að ekki er vitnað í rit Náttúrufræðistofnunar Íslands um mikilvæg fuglasvæði á Íslandi en þar eru Svartá og Suðurá á lista. Fuglavernd gerir einnig athugasemdir við hvernig allt myndefni, sem sýna á ástand mála við Svartá eftir að virkjun rís, gefur falska mynd og það er ekki drengileg framsetning. Til dæmis þá er fullt rennsli sýnt frá stöðvarhúsinu í myndbandi, sem er rétt mynd, en jafnframt beljar Svartá í virkjuðum farveginum sem aldrei fyrr og fjarri því að sýna þá 4 m³/sek sem þar eiga að renna, einnig er pípan frá stíflu að stöðvarhúsi sýnd sem strik í landinu en í raun á að grafa þar breiðan og mikinn skurð þannig að örið og raskið verður áberandi. Þetta gefur grunlausum lesenda ósanna mynd af ástandi mála eftir virkjun!

Það er rétt að benda á að þær fuglatalningar sem umhverfismat vegna

Svartárvirkjunar byggir á gefa aðeins „skyndimynd“ af ástandinu. Þessi takmarkaða skoðun sýnir ekki hvernig fuglarnir nýta ánnu vor og sumar. Það er gagnrýnivernt að engar talningar voru gerðar að vetrarlagi og því ekki vitað hversu margar húsendur hafa þar vetursetu og til dæmis hvort fuglar komi á Svartá og Suðurá frá Mývatni og Laxá til vetrardvalar. Sérstaklega ber að hafa í huga að Svartá og Suðurá gegna mikilvægu hlutverki fyrir íslenska húsandastofninn þegar illa árar við Laxá og Mývatn og fuglar flýja það svæði. Þetta gerðist síðast árið 1989 og miðað við takmarkaðar athuganir það sumar voru um 490 húsendur á vatnasviðinu eða tæplega fjórðungur íslenska húsandastofnsins.¹ Það er væntanlega þegar slíkir atburðir gerast sem vægi Svartár og Suðurár verður sérstaklega mikið fyrir tilveru húsandar á Íslandi. Engin tilraun er gerð í frummatsskýrslunni til að meta vægi vatnasviðsins fyrir húsönd í slíkum árum.

Vægi Svartár og Suðurár fyrir straumönd er rétt neðan við þau mörk sem við er miðað til að gefa fuglasvæðum alþjóðlegt verndargildi. Hér ber að nefna að tölur um stofnstærð straumandar á Íslandi eru ekki nákvæmar og því ber að meta þessa óvissu straumöndinni í vil og hafa vatnasvið Svartár og Suðurár sem alþjóðlega mikilvæg svæði fyrir straumönd. Straumandavarp við Svartá og Suðurá er mjög þétt og mögulega er það ungaframleiðsla frá þessu svæði sem heldur uppi straumandabyggð á ófrjósömum straumvötnum í nágrenni

¹ Hér er miðað við sömu hlutfallsdreifingu húsanda á vatnasviðinu og var í talningu 8.-10. júní 2016 og fjölda fugla sem sáust þá daga á svæðum 1, 7 og 8 við Svartá sem og heildarfjölda fugla (sjá töflu 5.6 bls. 53 og mynd 15.4 bls. 55 í frummatsskýrslu v/Svartárvirkjunar) og fjölda fugla á þessum þremur svæðum vor og sumar 1989 (óbirt gögn Ólafs K. Nielsen, 47 húsendur á svæði 1, og Árna Einarssonar, að lágmarki 260 húsendur á svæði 7 og 8). Um það bil 3,9-falt fleiri fuglar voru á þessum þremur svæðum 1989 samanborið við 2016.

þessara lífríku vatna. Þetta er ekki rætt í frummatsskýrslunni. Hvorki er komið inn á þá óvissu um mat á heildarstofnstærð straumandar né heldur mögulegt hlutverk þessara vatna við að halda uppi straumandabyggð á jaðarsvæðum í nágrenninu. Samanburður í frummatsskýrslu (sjá bls. 58) um fjölda straumanda fyrir og eftir virkjun Straumfjarðarár (Múlavirkjun) er hæginn svo ekki sé kveðið fastar að orði. Litlar upplýsingar eru til um dreifingu og hegðun straumanda á ánni fyrir virkjun og samanburður því á ástandinu fyrir og eftir ekki mögulegur og eins er brotasaga Múlavirkjunarmanna víti til varnaðar.

Fuglavernd hafnar þeim fullyrðingum í frummatsskýrslu um að mótvægisáðgerðir muni tryggja að lágmarki 4 m³ rennsli vatns á sekúndu í hinum virkjaða farvegi Svartár og að þar muni þrífast bitmý, urriði, straumönd og húsönd í sátt og samlyndi við framkvæmdirnar. Þetta er falsmynd! Fyrir það fyrsta þá er greinilegt á mælingum sem kynntar eru í frummatsskýrslunni að það er óvissa um það vatnsmagn sem rennur um Svartá og miðað við þær mælingar sem til eru verður togstreita stærstan hluta árs á milli hagsmuna virkjunar um að framleiða rafmagn og lífríkis að fá stöðugt og jafnt rennsli. Við höfum séð hvernig sömu eigendur leystu þessa togstreitu við Köldukvísl á Tjörnesi. Í virkjanaleyfi fyrir Köldukvíslarvirkjun segir að tryggt skuli nægilegt rennsli neðan stíflu til að straumönd og bleikja fái st. þar þrífist.



1. mynd. Kaldakvísl á Tjörnesi fyrir virkjun.



2. mynd. Köldukvíslarfoss og fosshylurinn eftir virkjun. Athugið, ekkert vatn rennur í farveginum!

Staðreyndin er, að aftur og aftur hefur farvegurinn verið skraufpur (sjá 1. og 2. mynd) og bleikja og straumönd löngu horfin. Hér er líka rétt að benda á að um fjórðungur af þessu vatni sem á að renna um virkjaðan farveg Svartár á að kom úr Grjótá. Vatnið í Grjótá er annars eðlis en vatnið í Svartá, þar sem hún kemur ekki úr stöðuvatni. Hún ber ekki með sér rek og býður því ekki uppá æti fyrir bitmý sem er undirstöðufæða anda og urriða í Svartá. Einnig, þá er ætlunin að veita öllum ís og öllu krapni niður í virkjaðan farveginn á vetrum. Skert rennsli, miklir kuldar og ís og krap úr Svartá allri mun útiloka að bitmý fái st. þrífist í virkjuðum farveginum. Ljóst er að í besta falli má búast við mjög breytilegu rennsli í virkjuðum farvegi Svartár. Stundum mun þessi farvegur vera nær þurr og þá einkum á vetrum og stundum mun streymið vera meira en 4 m³/sek og þetta vatn mun ekki bjóða upp á lífsskilyrði fyrir endur, urriða eða bitmý.

Fuglavernd gerir þá kröfu að Skipulagsstofnun hafni öllum áætlunum um Svartárvirkjun í Bárðardal!

Virðingarfyllt,

Jóhann Óli Hilmarsson formaður Fuglaverndar
F.h. stjórnar Fuglaverndar

Stokkseyri, 23. október 2017

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við frummatskýrslu vegna virkjun Svartár og Suðurár í S-Píngeyjarsýslu.

Undirritaður gerir þá kröfu, að Skipulagsstofnun hafni umræddri virkjun alfarið.

Að því hníga m.a. eftirfarandi náttúruverndarrök:

1. Svartá hefur alþjóðlegt verndargildi vegna húsandar og straumandar sérstaklega, en líta ber jafnframt til gulandar og fálka.
2. Það hefur gerst a.m.k. einu sinni, að stór hluti húsandarstofsins flúði hallæri á Mývatni og hélt til á Svartá.
3. Mótvægisáðgerðir standa engan vegin undir þeim skaða, sem virkjun kann að valda. Virkjunaraðili hefur sýnt það og sannað, að honum er ekki treystandi og hann fer á skjön við veitt leyfi, sbr. ákvæði um nægt vatn neðan stíflu í Köldukvísl á Tjörnesi vegna straumandar og bleikju. Það ákvæði hefur verið þverbrotið og bleikja og straumönd eru horfin.
4. Í stað þess að herja á Svartá og Suðurá með skammsýnum virkjunum, ætti að friðlýsa árnar tafarlaust. Sérstaklega ber að líta á 2. lið sem þungt lóð á vogarskálar friðlýsingar.

Virðingarfyllt

Jóhann Óli Hilmarsson

Símonarhúsum, Stokkseyri



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Reykjavík 23. október 2017

Efni: Athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Íslands vegna mats á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar

Afstaða Náttúruverndarsamtaka Íslands er að Svartá öll, ásamt Suðurá frá Suðurrábotnum og nærumhverfi þeirra að ósi árinna við Skjálfandafljót, verði friðlýst. Fundurinn skorar á umhverfisráðherra að hraða vinnu starfshóps sem á að fjalla um hugmyndir um þjóðgarð á miðhálandinu og friðlýsingu aðliggjandi svæða, og að verndun Svartár og Suðurrár verði hluti af þeirri vinnu.

Umhverfi Svartár og Suðurrár er einstakt á landsvísu. Lega svæðisins í jaðri hálandisins, sérstakt samspil lindarvatns, jarðmyndana, gróðurs og dýralífs gerir svæðið einstakt. Hér fer saman í hrjóstrugu umhverfi Ódáðahrauns, gróskumikill hálandisgróður, mikið skordýralíf og fjölskrúðugt fuglalíf, sumar tegundir fugla á valista og ábyrgðartegundir okkar Íslendinga. Í Suðurá lifir bleikja og urriði en í Svartá er einn glæsilegasti urriðastofn landsins. Hér er um tiltölulega ósnortið landssvæði að ræða, aðeins að litlum hluta í byggð, þar sem þróun íslenskrar náttúru hefur náð fram að ganga á eigin forsendum. Svæðið er rómað fyrir náttúrufegurð.

Náttúruverndarsamtök Íslands telja að fyrirhuguð 9,8 MW virkjun í Svartá muni valda verulegum óafturkræfum breytingum á vistkerfi árinna og nærumhverfi. Hún mun einnig spilla og skaða gildi nánasta umhverfis á vatnasviði Skjálfandafljóts og rjúfa skarð í náttúru svæðisins í stærra


samhengi. Slíkt skarð mun ryðja braut frekari virkjunaráformum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Verkefnisstjórn þriðja áfanga rammaáætlunar leggur til að Skjálfafljót verði sett í verndarflokk, ekki síst vegna þess að svæðið í heild er enn tiltölulega ósnortið. Þar undir falla Svartá og Suðurá.

Markmið framkvæmdaraðila, SSB Orku er;

„... að auka eigin orkuvinnslu á hagkvæman og umhverfisvænan máta, hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið og landshlutann með auknum umsvifum, sérstaklega á meðan framkvæmdum stendur. Virkjunin mun auk þess auka tekjur sveitafélagsins með beinum hætti.“

Draga verður í efa að virkjunin muni auka umsvif í sveitarfélaginu sem nokkru nemur, nema „... á meðan framkvæmdum stendur.“



Á upplýsingafundum Landsvirkjunar hefur forstjórinn, Hörður Arnarson, sýnt myndina hér að ofan á upplýsingafundum Landsvirkjunar, til að skýra út að þótt fjárfestingaráhrif séu mikil á meðan framkvæmdum stendur, verði rekstraráhrifin lítil. Hæpið að framkvæmdaraðili hafi að markmiði að koma af stað framkvæmdabólu í Bárðardal sem engu skilar fyrir byggðina þegar til lengdar lætur.

Sérstaða lífríkisins við Svartá


Lífríkið við Svartá í Bárðardal er að mörgu leyti keimlíkt vistkerfi Mývatni og Laxár. Um er að ræða auðug vatnakerfi sem eru búsvæði sömu og áþekkra tegunda, bæði í straumvatninu sjálfu og því fugla- og gróðurlífi sem umhverfis er. Þetta er einstakt lífríki á heimsvísu. Afar brýnt er að beita sér fyrir sambærilegri friðun við Svartá og þeirri sem Laxá og Mývatn njóta. Það væri ósvinna að skemma þetta vatnasvið og landslagsheild áður en til þess kemur að sett verða sérstök lög um friðun Svartár.

Tilskipun Evrópusambandsins

Samkvæmt 1. mgr. aðfaraorða tilskipunar Evrópusambandsins 97/11/EB um mat á umhverfisáhrifum er skýrt að viðkomandi leyfisveitendur - í þessu tilviki sveitarstjórn Þingeyjarsveit - *fái nauðsynlegar upplýsingar til að geta tekið ákvörðun ...*“ áður en ákvörðun er tekin um að leyfa framkvæmd; að leyfisveitendur hafi fulla vitneskju um hvaða líkur eru á því að Svartárvirkjun hafi veruleg áhrif á umhverfið. Töluvert skortir upp á það í skýrslu framkvæmdaraðila.

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,



Árni Finnsson.

Arctic Angling ehf,
Hafnarbraut 2,
675 Raufarhöfn.

Til Skipulagsstofnunar,
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík.

Reykjavík, 23. október 2017

Varðandi: Athugasemd vegna mats á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar
Undirrituð óskar eftir því að neðangreind atriði verði tekin til efnislegrar
umfjöllunar við mat á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar. Vísað er til auglýsingar
Skipulagsstofnunar þar sem fram kemur að kynningartími sé til 23. október 2017.

Arctic Angling ehf er ferðaþjónustufyrirtæki staðsett á Raufarhöfn sem sérhæfir sig í
silungsveiði fyrir erlenda ferðamenn. Eigendur fyrirtækisins eru tveir; undirrituð,
Ásdís Thoroddsen, og Pétur Magnússon. Lögð er áhersla á gæði í ferðaþjónustunni
og viðskiptavinum lofað veiðiferðum í lítt spilltri, jafnvel villtri náttúru. Helsti
vettvangur fyrirtækisins er Melrakkaslétta og Langanes, Kelduhverfi, Reykjahverfi
og síðan hefur einnig verið boðið upp á veiði Svartá. Þar er um að ræða auðugt
vatnakerfi sem við höfum skoðað upp á eigin spýtur, ríkt af fugli og fiski.

Verði af virkjunarframkvæmdum þrengist um kostina sem við getum boðið upp á,
áin mun óneitanlega ekki verða söm. Landslag mun raskast, möstrin rísa,
vatnsrennslið breytist því megnið af vatninu í Svartá verður tekið úr farveginum á 3
– 3,5 km kafla. Ég bendi á að í álitum Veiðimálastofnunar kemur eftirfarandi fram:
„Veiðinytjar á efra veiðisvæði skerðast með tilkomu Svartárvirkjunar. Staðsetning
inntaksstíflu hefur áhrif vegna þess að væntanlega verður ófiskgengt framhjá henni
og því munu veiðinytjar ofan inntaksstíflu eingöngu byggjast á fiskframleiðslu ofan
hennar eftir virkjun.“

Í álitum Hafrannsóknarstofnunar kemur þetta líka fram:

„Áhrif rennisskerðingar á veiði með virkjuninni raskast náttúrulegt umhverfi fiska
í Svartá neðan Ullarfoss. Líklegt er að röskun komi einnig fram í stangveiðinni og þá
í formi samdráttar á fjölda veiddra fiska. Röskunin mun ná til allra veiðisvæða og
allra veiðistaða á því svæði, mismikið þó eins og komið hefur fram í umfjöllun um
veiðistaði. Ekki eru þekktar neinar aðferðir til að spá fyrir um magn slíks samdráttar
og verður ekki gerð tilraun til þess hér. Auk þess er líklegt að ímynd árinna til

iðkunar stangveiði breytist eftir virkjun sem gæti haft neikvæð áhrif á sölu veiðileyfa, ósnortið verður snortið“.

Samkvæmt þessum fyrirbyggjandi sérfræðiskýrslum verður stórfelld röskun fiskgengd í Svartá þar sem svæðin sitt hvoru megin við virkjuna verða aðskilin með mannvirkjum. Geta árinna til að bera framburð og viðhalda lífvænlegu umhverfi fyrir fisk verður skerðist.

Það er ekki ásættanlegt. Brýnt er að beita sér fyrir friðun Svartár og umhverfis.

Fyrir hönd Arctic Angling ehf,

Ásdís Thoroddsen.



Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartún 7b
105 Reykjavík
skipulag@skipulag.is

www.umhverfissinnar.is
Pósthússtræti 3-5
101 Reykjavík
ICELAND

Reykjavík, 22. október 2017

Athugasemdir við frummatsskýrslu Svartárvirkjunar

Í 3. mgr. kafla 7.3, er fjallar um heildarniðurstöðu, er því haldið fram að „ekki sé talið líklegt að Svartárvirkjun hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér“, án frekari rökstuðnings.

Í frummatsskýrslunni kemur hins vegar skýrt fram að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á 11 þætti af 14, auk þess að hafa talsvert neikvæð áhrif á þrjá þeirra; þ.e. gróður, fuglalíf og ferðamennsku og útivist.

Framkvæmdaraðili tekur enn fremur ekki mið af sammögnunaráhrifum fyrrgreindra þátta en að mati Ungra umhverfissinna er augljóst að áhrif framkvæmdarinnar eru óásættanleg.

f.h. stjórnar Ungra umhverfissinna

Pétur Halldórsson

Pétur Halldórsson, formaður

S. 848-3540, umhverfissinnar@gmail.com

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Mývatnssveit 23. október 2017

Efni: Athugasemd frá stjórn Fjöreggs vegna frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar.

Fjöregg er félag um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit. Í lögum félagsins stendur að markmið þess sé að vernda náttúru og umhverfi Mývatnssveitar með sjálfbærri umgengni sem byggir á öflugri umhverfisvitund, þekkingu og verndarvilja.

Fyrirhuguð Svartárvirkjun er óneitanlega fyrir utan starfssvæði félagsins en vegna þeirra áhrifa sem hún getur haft á lífríki Mývatns og Laxár verði hún að veruleika gerir stjórn félagsins athugasemdir varðandi virkjunina. Helstu athugasemdir stjórnarinnar beinast að búsvæði húsandarinnar á fyrirhuguðu virkjanasvæði. Húsöndin er ábyrgðarfugl Íslands í Evrópu. Stofninn okkar er án eða með mjög lítil samskipti við húsundur í Norður-Ameríku. Húsöndin er staðfugl sem þrífst á opnum lindarkerfum á veturna. Meirihluti stofnsins hefst við á Mývatni og Laxá á veturna. Nú gerist það að bæði Mývatn og Laxá bregðast sem fæðuuppspretta fyrir húsundur á veturna og þá eru önnur opin lindarkerfi á Íslandi forsenda þess að stofninn lifi af veturinn. Þar á meðal er Svartá. Mikilvægt er að skoða vandlega hvort forsvaranlegt er að skerða þessi neyðarbúsvæði húsandarinnar.

Stjórn Fjöreggs telur að þau gögn sem liggja til grundvallar frummatsskýrslunni varðandi mikilvægi Svartár sem búsvæði fyrir húsöndina séu langt því frá að vera fullnægjandi. Þessi fullyrðing á einnig við um mikilvægi svæðisins fyrir straumendur.

Lindarkerfi á borð við Mývatn, Laxá, Svartá og Sogið eru ekki svo algeng á Íslandi en hversu algeng eru þess háttar lindarkerfi á heimsvísu? Einu sinni þótti ekki mikið mál að nýta gervigíga í vegagerð en þá var fágæti þeirra ekki þekkt.

Það kemur æ betur í ljós með tímanum að mikil verðmæti felast í verndun. Gjaldeyrstekjur þjóðarinnar eru að stórum hluta vegna ferðamanna sem heimsækja Ísland. Flestir koma hingað vegna náttúrunnar. Svæði í nágrenni Svartárvirkjunar og virkjanasvæðið sjálft er gulls ígildi að mati stjórnar Fjöreggs og það myndi rýra gilda svæðisins ef virkjunaráform ná fram að ganga. Suðuráin, Svartáin, Aldey, Aldeyjarfoss, Hrafnabjargafossar sem og svæðið upp með Skjálfandafljóti væri að okkar mati eðlilegur hluti af Vatnajökulspjóðgarði eða miðhálandisþjóðgarði.

Virðingarfyllst,

Bergþóra Kristjánsdóttir varaformaður Fjöreggs

F.h. Stjórar Fjöreggs

22. október 2017

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við hugmyndir um virkjun Svartár í Bárðardal

Hugmyndir hafa verið settar fram um að virkja Svartá í Bárðardal og fyrirkomulag slíkrar virkjunar kynnt í frummatsskýrslu. Athugasemdir við einstök atriði skýrslunnar þurfa að skoðast í því ljósi að náttúra Svartár og nágrennis er óvenjuleg og ákaflega verðmæt. Áin og svæðið umhverfis er hliðstæða lindaáa á Mývatns og Laxárvæðinu en þær njóta sérstakrar verndar. Svartá hefur ekki síðra verndargildi. Hún er vatnsmikil lindaá, hlaðin vatni sem safnast hefur saman af víðáttumiklum hraunum. Slíkar lindaár eru afar sjaldgæfar í heiminum, hver slík náttúruperla er óhemju verðmæt og ber að vernda. Svartá hefur það umfram Laxá að hún rennur um lítt snortið svæði í jaðri miðhálandisins. Skoðanakannanir sýna að meiri hluti landsmanna er fylgjandi þjóðgarði á miðhálandi landsins. Á opinberum fundum stjórnarálflokka sem haldnir hafa verið vegna kosninga til alþingis sem verða eftir tæpa viku hafa allir flokkar sem bjóða fram lýst því yfir að þeir styðji hugmynd um stofnun slíks þjóðgarðs. Eðlilegt er að svo verðmætt náttúrusvæði sem Svartá verði innan miðhálandisþjóðgarðs. Yrði áin virkjuð rýrði slík ráðstöfun lands á jaðri þjóðgarðsins verulega gildi hans og gengi þvert á vilja þjóðarinnar um verndun ósnortinna víðerna.

Spyrja þarf hver sé þörf eða nauðsyn slíkrar virkjunar. Er orkuöflun svo bráðnauðsynleg að réttlætánlegt sé að leggja náttúruperlu að veði? Er ekki vel hægt að verða við þeirri þörf (ef einhver er) á annan hátt? Ef þörfin fyrir virkjun er engin, þá er ekki réttlætánlegt, hvorki fjárhagslega né siðferðilega, að virkja Svartá og fjarlægja hana að mestu leyti úr farvegi sínum. Það þarf ekki að rýna djúpt í frummatsskýrsluna til að sjá að fyrirsjáanleg eru margvísleg neikvæð áhrif af hugsanlegum framkvæmdum, enda þótt skýrsluhöfundar geri sem minnst úr neikvæðum áhrifum og leggi fram hugmyndir að mótvægisáðgerðum. Slíkar “mótvægisáðgerðir” eru varasamar bæði vegna þess að oft virka þær ekki eins og til er ætlast (slíkt á oft við um inngríp mannsins í náttúruna), eða þær eru ekki framkvæmdar eða framkvæmanlegar. Stofnanir sem eiga að hafa eftirlit og eftirfylgni með mótvægisáðgerðum eru veikar og standa ekki undir hlutverki sínu. Læra má af nýlegum dæmum, t.d. Köldukvíslarvirkjun á Tjörnesi þar sem að einhverju leyti voru sömu framkvæmdaaðilar og þeir sem nú vilja leggja undir sig Svartá og nágrenni hennar. Slíkt fordæmi kallar á að frekari virkjanaáform þessara aðila verði gaumgæfðar vandlega og að Skipulagsstofnun taki mið af innsendum upplýsingum og athugasemdum um frummatsskýrsluna. Ef hugmyndum um virkjun Svartár verður ekki þegar hafnað vegna verulegra annmarka þá þarf Skipulagsstofnun að fá óháða aðila til frekari athugana eða úrskurða þar sem upplýsingar stangast á eða skortir.

Niðurlagssetningar útdráttar í frummatsskýrslu gefa verulega skekkta mynd af niðurstöðum hennar. Þar er ekki minnst á alvarlegustu annmarka hugmyndanna, notað er mýkjandi orðalag á neikvæðar niðurstöður (“nokkuð neikvæðar”) og látið að því liggja (án fullnægjandi rökstuðnings) að tiltekna mótvægisáðgerðir bæti verulega eða alveg úr fyrirsjáanlegum neikvæðum áhrifum. Þær mótvægisáðgerðir sem þarna eru tiltekna varða fiskgengd og útlit mannvirkja en alvarlegustu neikvæðu áhrifin ekki tekin fyrir það er áhrifin á lífríki árinna.

Eitt mikilvægasta vafaatriðið (eða rangfærslan) í frummatsskýrslunni varðar ráðagerðir um hvernig hægt sé að hlífa lífríki Svartár neðan fyrirhugaðrar stíflu. Lífríki Svartár væri nægileg ástæða til að hafna virkjun í ánni þótt ekkert annað kæmi til. Það byggir á flæði næringarefna sem kemur úr hraununum og mikið af frumframleiðslunni fer um botnlæg smádýr svo sem bitmý. Ef ekki liggja fyrir óyggjandi gögn sem sýna fram á að lífríkið muni ekki breytast marktækt að eðli eða umfangi, þá ber að hafna virkjunaráformum á grunni neikvæðra áhrifa á lífríkið. Þar þarf meðal annars að skoða hvort stórminnkað flæði lindavatns og næringarefna dragi verulega úr framleiðslu lífríkisins í Svartá, hvort stórminnkað vatnsmagn neðan stíflu geti valdið miklum breytingum á myndun íss og krapa sem skaði síðan botnlíf, t.d. með því að botnfrjósa eða með því að ís skrapar upp botninn þegar hann losnar og hálflytur (90% neðan vatnsborðs) niður ána.

Í þessu sem öðru skal náttúran njóta vafans og það er Skipulagsstofnunar að tryggja að svo verði. Frummatsskýrsla um hugsanlega virkjun í Svartá undirstrikar þá vá sem fyrir dyrum er en þar vantar einnig mikilsverðar upplýsingar og hugmyndir varðandi áhrif fyrirhugaðra framkvæmda, sbr. ábendingar hér að framan og væntanlega í fjölda annarra innsendra athugasemda.

Ólafur S. Andrésson
kt. 091051-4519
Þverási 21, 110 Reykjavík
netfang: osa@hi.is

Sigrún Helgadóttir
kt. 220949-7299
Þverási 21, 110 Reykjavík
netfang: sigrunh@ismennt.is

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:56
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0577-Framsending athugasemda Íslenskra fjallaleiðsögumanna, Einar Torfi Finnsson

From: Einar Torfi Finnsson
Sent: 23.10.2017 12:33:13
To: Skipulagsstofnun
CC: Elín Sigurveig Sigurðardóttir
Subject: Athugasemda Íslenskra fjallaleiðsögumanna, Einar Torfi Finnsson

Til skipulagsstofnunar vegna Svartárvirkjunar.

Íslenskir Fjallaleiðsögumenn ehf, leggjast alfarið á mót virkjun Svartár.

Við teljum að umhverfisáhrif verði óásættanleg og að Svartá og umhverfi hennar sé á allan hátt verðmætari án framkvæmda af þessu tagi.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í jaðri hálandisins og eins af ósnortnasta hluta þess. Framtíðarverðmæti þess eru ómetanleg fyrir ferðaþjónustu sem og sístækkandi hóp íslenskra útivistarmanna.

Við minnum á að yfir 80% ferðamanna koma til Íslands til þess að upplifa náttúrufergurð landsins og að lindár af þessu tagi eru fágæt náttúruverðmæti á heimsvísu.

Virðingarfyllt.

F.h. Íslenskra Fjallaleiðsögumanna ehf.

Einar Torfi Finnsson

--

Einar Torfi Finnsson
Director IMG Longer Tours
Icelandic Mountain Guides/
Icelandrovers

www.mountainguides.is

www.icelandrovers.is

www.greenland.is

www.itm.is

Stórhöfði 33110

Reykjavík

Iceland

Direct phone +354 522 49 89

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: föstudagur, 20. október 2017 11:27
To: Þórhildur Guðmundsdóttir; -Umhverfismal
Subject: 13322002-1-TP-0554-Framsend athugasemd Torfa Jónssonar
Attachments: Uppdráttur Arngríms málara - unna útgáfan.jpg

Meðfylgjandi er umsögn Torfa Jónssonar.

kveðja,

Sigurður Ásbjörnsson

[Sjá fylgiskjal 1](#)

Sigurður Ásbjörnsson

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
sigurdur@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Torfi Jónsson
Sent: 19.10.2017 22:40:53
To: Skipulagsstofnun
Subject: RE: Athugasemdir vegna frummatsskýrslu í tengslum við fyrirhugaða Svartárvirkjun í Bárðardal

Athugið að í fyrri tölvupósti gleymdist að hengja við uppdrátt Arngríms Gíslasonar málara frá 1855 þar sem sjást Tvígarðar. Hann er hér viðhengdur og fylgir með athugasemdum mínum er ég sendi inn 14. Október.

Með kveðju,

Torfi Jónsson

From: Torfi Jónsson [mailto:torfijo@mi.is]
Sent: laugardagur, 14. október 2017 19:48
To: 'skipulag@skipulag.is' <skipulag@skipulag.is>
Subject: Athugasemdir vegna frummatsskýrslu í tengslum við fyrirhugaða Svartárvirkjun í Bárðardal

Til: Skipulagsstofnunar

Efni: Athugasemdir vegna frummatsskýrslu í tengslum við fyrirhugaða Svartárvirkjun í Bárðardal

Undirritaður gerir almennt séð athugasemdir við það verklag að sami aðili sé fenginn til að meta umhverfisáhrif OG annast hönnun mannvirkja. Hér er um skýran hagsmunaárekstur að ræða, þar sem sama fyrirtæki er fengið til að meta með hlutlausum hætti möguleg umhverfisáhrif OG hanna mannvirki. Verkís hefur hér greinilega hagsmuni af því að mat á umhverfisáhrifum sýni fram á sem minnst umhverfisáhrif (sbr. bls 1 „SSB Orka hefur fengið Verkís verkfræðistofu til að annast hönnun mannvirkja og búnaðar og umsjón með mati á umhverfisáhrifum“).

Einnig gerir undirritaður almennar athugasemdir við það verklag að framkvæmdaaðili fái aðila til mats á umhverfisáhrifum. Miklu skiptir að fjarlægð sé tryggð milli þeirra sem vilja framkvæmdir og þeirra sem leggja mat á áhrifum framkvæmda. Slíkt tel ég ekki tryggt með ofangreindu verklagi.

Gert er ráð fyrir að strengleiðin liggja þvert yfir svokallaða Tvígarða á Laxárdalsheiði, merkar minjar sem enn eru ókannaðar að miklu leyti. Árni Einarsson og fleiri hafa skrifað um garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu (sjá: https://www.google.is/url?sa=t&rct=j&q=&esrc=s&source=web&cd=2&cad=rja&uact=8&ved=0ahUKEwixNajs97WAhVKahoKHQC3AGsQFggqMAE&url=http%3A%2F%2Fwww.nabohome.org%2Fuploads%2Ffsi%2FFS292-04262_Forn_gardlog_S.pdf&usg=AOvVaw0_fA4xEcCxvoa6fXe01_BR) og eru uppi kenningar um að svokallaðir Tvígarðar séu hluti þessara fornu garðlaga (sjá viðhengdan uppdrátt Arngríms Gíslasonar málara, unninn 1855, varðandi legu Tvígarða). Undirritaður hefur áhyggjur af verulegum skemmdum á þeim fornminjum verði strengleiðin þessi.

Gert er ráð fyrir að strengleiðin liggja mögulega yfir Þegjandadal. Þar eru merkar fornleifar sem rannsakaðar hafa verið (sjá: http://www.nabohome.org/uploads/fsi/FS331_Thingeyjarsysla.pdf) og má telja hættu á að fyrirhugaður jarðstrengur raski þar fornleifum. Undirritaður hefur verulegar áhyggjur af mögulegu raski á fornminjum þar.

Ekki verður séð af nýrri jarðstrengsleið yfir Laxárdalsheiði hvort að hún sneiði fram hjá jörðinni Ljótstöðum í Laxárdal. Undirritaður er einn eigenda jarðarinnar Ljótstaðir og leggst alfarið gegn lagningu jarðstrengs gegnum land Ljótstaða. Andstaða er einnig meðal margra annarra eigenda jarðarinnar við lagningu jarðstrengs yfir Ljótstaðaland.

En fyrst og fremst hefur undirritaður áhyggjur af og lýsir algerri andstöðu við Svartárvirkjun vegna þeirra verulegu umhverfisáhrifa sem virkjunin hefði á þetta einstaka svæði sem má líta á sem eina heild með Mývatnssvæðinu (sjá Arni Einarsson: https://www.dropbox.com/s/9u4vufpx738pmq3/%C3%81rniEinars-2017_Svart%C3%A1_greinarger%C3%B0_mars.doc?dl=0).

Í Greinargerð Árna Einarssonar líffræðings og forstöðumanns RAMÝ kemur fram að vatnafar Svartár og Suðurár eru hluti af lindarkerfum þeim sem vella upp við jaðra Ódáðahrauns „hraunflæminu mikla í norðurgosbeltinu á Íslandi“ Þessi lindarkerfi gegna sameiginlega lykilhlutverki í tilveru nokkurra dýrastofna og verður því að skoða umhverfisáhrif fyrirhugaðrar virkjunar Svartár í því heildar samhengi. Einnig ber að líta á hin samfélagslegu áhrif frá sama sjónarhorni þar sem nýting ferðaþjónustuaðila á náttúruauðlindum svæðisins einskorðast ekki eingöngu við virkjað svæði Svartár heldur hefur víðari skírskotun sbr skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála Áhrif Svartárvirkjunar í Bárðardal-Þingeyjarsveit á ferðaþjónustu og ferðamennsku/útivist. Því þarf í matsskýrslu, ef meta á hin samfélagslegu áhrif virkjunarinnar, að liggja fyrir hagrænt mat á öllum náttúrugæðum svæðisins, þar sem horft er til allra þátta, ekki einungis á orkunýtingarkost Svartár, ef meta á hin samfélagslegu áhrif framkvæmdana.

Virðingarfyllt,

Torfi Geir Jónsson

Einn landeiganda að jörðinni Ljótstöðum í Laxárdal

JUSTURBRUNN (LAXARDELIS)



UPPDRAÐTUB, YFIR



~ GRENJADAR STADA OG HALLDÓRS STADA LÖND 1855. ~

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: þriðjudagur, 17. október 2017 13:58
To: Þórhildur Guðmundsdóttir; -Umhverfismal
Subject: 13322002-1-TP-0542-Framsend athugasemd Sigurðar Rúnars Jónssonar

Góðan dag
Meðfylgjandi athugasemd barst frá Sigurði Rúnari Jónssyni.

kveðja,

Sigurður Ásbjörnsson

Sigurður Ásbjörnsson

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
sigurdur@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Sigurdur Jonsson
Sent: 15.10.2017 10:03:54
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Sigurðar Rúnars Jónssonar

Ég undirritaður leyfi mér að mótmæla hugmyndum um virkjun Svartár í Bárðardal. Þetta er án efa ein fallegasta lindá landsins og verður okkur verðmætari óvirkjuð. Leyfi mér að vitna í þessa greinargerð:

https://docs.google.com/file/d/0B1iakOzkxUI_WS1SMkVRR1E5aDgwTWRmUVJPVHBzdXFqd0Nn/edit?filetype=msword

Sigurður Rúnar Jónsson
19015030059
Von der Heydt 27
66115 Saarbrücken
Þýskaland

Fylgiskjöl 1, 3, 4 og 7

tlf: 0049 151 2522 7972

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: föstudagur, 20. október 2017 10:02
To: Þórhildur Guðmundsdóttir; -Umhverfismal
Subject: 13322002-1-TP-0553-Framsend athugasemd Bjarnar Haukssonar

Góðan dag
Meðfylgjandi er athugasemd Bjarnar Haukssonar.

kveðja,

Sigurður Ásbjörnsson

Sigurður Ásbjörnsson

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
sigurdur@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Björn
Sent: 17.10.2017 20:09:44
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Björn Hauksson

Góðan daginn

Ég vil koma á framfæri mótmælum við fyrirhugaða virkjun í Svartá í Bárðardal.

Sýnt hefur verið fram á að neikvæð áhrif af virkjunni eru mjög mikil og mun verðmætari heldur en þær litlu tekjur sem fást af svona örmárrí virkjun. Þessi stærð af virkjun er óhagkvæm er alveg úrelt aðferðarfræði að fórna svo miklu fyrir svona lítinn ábata.

Það þarf að meta hvað kostar að afla þessa litla magns af rafmagni með öðrum hætti, til dæmis öðrum vatnsafls virkjunum eða vindorku og forgangsráða svo og velja hagkvæmasta máta til að mæta nauðsynlegustu eftirspurn eftir raforku. Það er ekki faglegt að sneiða fram hjá slíkri forgangsröðun og staðreyndum um fórnarkostnað, framkvæmdarkostnað og rekstrarkostnað.

Einnig á að meta kostnað við að tengja virkjun við raforkunet landsins og sá kostnaður á að meta sem hluta af þeim kostnaði sem fylgir virkjuninni og á að greiðast af eigendum virkjunarinnar, hið opinbera má ekki niðurgreiða með þessum hætti nema það sé gegnsætt og ákveðið með sannarlegum hætti að skattpeningur eigi að fara í það.

Það er svo mikið álitaefni af hverju þessi virkjun er ekki í rammaáætlun og væri eðlilegra að láta hana falla þar inn. Andi laganna um virkjanir segir að virkjanir 10 MW og stærri eigi að falla þar undir, og er því ekki eðlilegt að leyfa aðilum að komast svona undan ítrustu kröfum, í verkefni sem hefur miklar og óafturkræfar afleiðingar. Hver ber svo ábyrgð á því að virkjunin verði ekki stærri, og hvaða viðurlög eru við því ef virkjunin verður stærri eða neikvæð áhrif meiri en áætlað er?

Kveðjur
Björn Hauksson
Hagfræðingur
Kt 190977-4989

Reykjavík 19. október 2017

Skipulagsstofnun

Efni: Svartárvirkjun


Ég hef fylgst með umræðum og skrifum um fyrirhugaða virkjun í Svartá í Bárðardal undanfarandi misseri og tekið þátt í starfi Verndarfélags Svartár og Suðurár. Ég veiddi í Svartá hér á árum áður og tel mig því þekkja þetta svæði nokkuð vel. Ég hef miklar áhyggjur af áhrifum virkjunarinnar á lífríki svæðisins og tel að ef af henni verður muni það skaðast verulega og óafturkræft.

Ég tel að allt þetta svæði ætti að fara í verndarflokk Rammaáætlunar og helst að þetta yrði hluti að hálandisþjóðgarði. Þannig yrði þetta einstaka svæði best varðveitt til frambúðar.

Ég styð allt sem fram kemur í athugasemdum Verndarfélags Svartár og Suðurár og vísa til þeirra og fylgisskjala sem okkar færustu sérfræðingar í þessum málum hafa ritað sem rökstuðning fyrir þessum skoðunum mínum.

Áhrif virkjunarinnar á lífríkið og ásýnd svæðisins eru slík að mínum dómi að hún er algerlega óásættanleg.

Virðingarfyllst,



Ásgeir H. Steingrímsson
041057 4169

Langagerði 52,
108 Reykjavík

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: föstudagur, 20. október 2017 11:29
To: Þórhildur Guðmundsdóttir; -Umhverfismal
Subject: 13322002-1-TP-0556-Framsending athugasemda Ragnhildar Zoega
Attachments: image001.jpg

Meðfylgjandi er athugasemd Ragnhildar Zoega.

kveðja,

Sigurður Ásbjörnsson

Sigurður Ásbjörnsson

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
sigurdur@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Ragnhildur Zoega
Sent: 20.10.2017 08:41:16
To: Skipulagsstofnun
Subject: Svartárrask

Ég leyfi mér að vísa í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands og geri athugasemd við að það rask sem myndi hljóta af þessari virkjun.

Þyrmum þessu svæði!

Í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands Fuglar, gróðurfar og jarðfræði við Svartá í Bárðardal kemur fram; „Í Svartá neðan stíflu eru vel grónir hólmar með áberandi hvönn og loðvíði. Votlendi liggur víða að ánni, bæði austan og vestan“. „Lækkuð grunnvatnsstaða vegna skerts rennslis árinna neðan stíflu mun líklega valda gróðurbreytingum í gróskumiklum hólum og bökkum Svartár og hafa áhrif á grunnvatnsstöðu votlendissvæða næst ánni“. Hvergi í frummatsskýrslu er þess getið með fullnægjandi hætti hvernig tryggja skuli að þessir hólmar þessir verði umflotnir vatni að loknum framkvæmdum svo að gróðurfar hljóti ekki varanlegan skaða af.

Svo kallaðir Hólmar, neðsti hluti hins virkjaða svæðis Svartár, er talið vegna botngerðar, dýpis og rennslis kjörið til hrygningar og eitt miklvægasta hrygningarsvæði urriðastofns Svartár neðan Ullarfossar. Það hrygningarsvæði mun hverfa vegna skerts rennslis með ófyrirsjáanlegum

afleiðingum á urriðastofni Svartár neðan Ullarfossar.

Í Minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar kemur fram á bls 11 “ áætluð skerðing botnflatar á áhrifasvæði Svartárvirkjunar er á milli 48 og 58% sem takmarkar lífræna framleiðslu á botni farvegarins” og “að renniskerðing í kjölfar virkjunar árinna mun valda minnkandi framburðargetu árinna á lífrænum ögnum og þar með fæðuframboði fyrir hryggleysingja og fiska. Minnkunin verður ekki einungis vegna skerðingar á botnfleti farvegarins heldur einnig vegna minnkandi burðargetu árinna”. Þetta þýðir verulega neikvæð áhrif á skordýralíf árinna og þar með á fæðuframboð fugla og fiska og stofnstæðir þeirra á áhrifasvæði virkjunar frá stíflu að ármótum við Skjálfandafljót.

Virkjaða svæði Svartár neðan stíflu er mikilvægt búsvæði margra fuglategunda. Í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands Fuglar, gróðurfar og jarðfræði við Svartá í Bárðardal (viðauki 3) kemur fram; „Við athugun sumarið 2012 sáust 25 tegundir fugla og af þeim voru 22 taldar líklegar varptegundir“ á því svæði. Þar kemur einnig fram að „Framkvæmdir munu hafa áhrif á fugla“ meðal annars vegna „breytinga á búsvæðum sem verður við það að megnið af vatni Svartár er tekið úr farveginum á 3-3,5km kafla. Þetta veldur langtímabreytingum á fuglalífi þar sem tegundir sem háðar eru ánni missa hluta búsvæðis síns“.

Bestu kveðjur,

Ragnhildur Zoega

Innlendir menningarsjóðir og Creative Europe

Rannís,

Borgartúni 30,

105 Reykjavík

Sími: 515 5838



From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: föstudagur, 20. október 2017 11:30
To: Þórhildur Guðmundsdóttir; -Umhverfismal
Subject: 13322002-1-TP-0557-Framsend athugasemd Gunnlaugs Briem

Meðfylgjandi er athugasemd Gunnlaugs Briem.

kveðja,
Sigurður Ásbjörnsson

Sigurður Ásbjörnsson

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
sigurdur@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Gulli Briem
Sent: 20.10.2017 09:53:58
To: Skipulagsstofnun
Subject: VARÐANDI VIRKJUNARFRAMKVÆMDIR SVARTÁR Í BÁRÐARDAL

Góðann daginn ágæta fólk,

Eg sem íslendingur, búandi í þessu landi og náttúruverndarsinni mótmæli þessum virkjunar áformum harðlega og læt hér fylgja grein eftir Ólaf K. Nielsen sem birtist nýlega í MBL.

Hlúum að náttúru landsins okkar,

Virðingarfyllt,

Gunnlaugur Briem
Tónlistarmaður
Kt. 080962-7549

https://doc-08-8o-docs.googleusercontent.com/docs/securesc/ha0ro937gcuc7l7deffksulhg5h7mbp1/a4gp1994c6d1s79653jampgp1knpuvp7/1508486400000/09306786643135078370/*/0B1iakOzkxUI_MWY5Y0RYV1B6bTg?e=download

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:48
To: Þórhildur Guðmundsdóttir; -Umhverfismál
Subject: 13322002-1-TP-0561-Framsend athugasemd Birkis Fanndal.

From: Birkir Fanndal
Sent: 23.10.2017 11:46:04
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Birkis Fanndal.

Ég undirritaður mótmæli fyrirhugaðri virkjun í Svartá í Bárðardal.

Mótmæli á forsendum þess að augljóslega mun eyðileggjast mikilvægt búsvæði andfugla á áhryfasvæði virkjunar.

Hvarvetna um landið þrengir að lífsskilyrðum fugla, vegna framkvæmda, mengunar og annara umhverfisspjalla.

Er ekki nóg komið hér ?

Virðingarfyllt,

Birkir Fanndal

Sólgörðum við Mývatn

k.t. 0911404119

Reykjavík, 22. október 2017

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Efni: Athugasemdir vegna fyrirhugaðrar virkjunar Svartár í Bárðardal

Ég vil mótmæla hugmyndum um virkjun Svartár í Bárðardal og geri þá kröfu að Skipulagsstofnun hafni þessum áætlunum. Röksemdir mínar fyrir kröfunni er hér fyrir neðan og jafnframt bendi ég á verulega annmarka á frummatsskýrslunni.

Svartá og Suðurá eru með vatnsmestu lindám landsins og lífrík straumvötn sem hýsa merkilega flóru og fínu. Þessar ár eru hluti af vatnasviði Skjálfandafljóts og spretta fram við jaðar miðhálandis ofan Bárðardals og tengja saman hálandi og láglandi. Í þriðja áfanga Rammaáætlunar er lögð áhersla á að vernda vatnsvið Skjálfandafljóts og þessar framkvæmdir munu spilla einni af perlum þessa vatnasviðs.

Svartá hefur alþjóðlegt verndargildi m.a. vegna þess ríkulega fuglalífs sem þar þrífst og þá sérstaklega húsönd og straumönd. Um 6% af íslenska húsandastofninum nýtir vatnsvið Svartár og Suðurár yfir vor og sumar. Rétt innan við 1% af íslenska straumandastofninum á varplönd á þessu sama vatnasviði. Í frummatsskýrslunni er ekki vitnað í nýlega skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um mikilvæg fuglasvæði, það er miður. Fjöldi straumanda sem sást á Svartá og Suðurá í talningum 2016 er rétt innan við þau mörk sem gefur svæðinu alþjóðlegt verndargildi (1% af stofnstærð). Hins vegar er veruleg óvissa um mat á stærð íslenska straumandastofnsins og ber tegundinni að njóta vafans varðandi vægi Svartár og Suðurár fyrir stofninn. Því ber að segja að bæði húsönd og straumönd ráða því að vatnsvið Svartár og Suðurár hefur alþjóðlegt verndargildi!

Þessir andastofnar eru takmarkaðir af gæðum þeirra varplanda sem þeir byggja. Húsöndin er mjög kræsin á varplönd og vill aðeins lífrík lindavötn en straumönd er með víðfeðmari útbreiðslu á varptíma og finnst á ýmsum gerðum straumvatna. Aðalvarpstöðvar húsandar á Íslandi eru Mývatn og Laxá í Laxárdal, Svartá og Suðurá koma þar næst á eftir, öðrum varplöndum er ekki til að dreifa svo neinu nemur. Straumandabyggðin við Svartá og Suðurá er ein sú þéttasta á Íslandi. Þær húsendur og straumendur sem byggja Svartá og Suðurá hafa ekki í önnur hús að venda, verði þessum lindavötnum spillt og því mun stofnum þessara tegunda óhjákvæmilega hnigna og þær stoðir, sem þeir byggja afkomu sína á, veikjast.

Frummatsskýrslan nær ekki að greina á fullnægjandi máta mikilvægi Svartár og Suðurár fyrir húsönd og straumönd og þá vægi þessara vatna við að tryggja viðgang þessara stofna. Slík greining kallar á talningar sem spanna allt árið, þannig væri hægt að meta mikilvægi einstakra svæða innan vatnasviðsins fyrir þessar tegundir og eins hlutverk Svartár og Suðurár sem vetursetustaða húsandar, þetta var ekki gert. Ekki var heldur reynt að meta mikilvægi Svartár og Suðurár fyrir húsandastofninn þegar illa árar við Laxá og Mývatn og fuglar flýja það svæði. Þetta gerðist síðast árið 1989 og miðað við

takmarkaðar athuganir það sumar voru um 490 húsendur á vatnasviðinu eða tæplega fjórðungur íslenska húsandastofnsins!¹ Það er væntanlega þegar slíkir atburðir gerast sem vægi Svartár og Suðurár verður sérstaklega mikið fyrir tilveru húsandar á Íslandi.

Miðað við hversu mikilvægt vatnasvið Svartár og Suðurár er fyrir húsöndina þá er það sjálfsögð krafa að framkvæmdaraðili geri stærðfræðilegt líkan fyrir tegundina þar sem vægi Svartár og Suðurár fyrir tilvist stofnsins væri kannað og spáð fyrir um hvaða áhrif það hefði á stofnstærð húsandar og líkur á útrýmingu tegundarinnar á Íslandi að spilla Svartá á þann hátt sem áætlanir gera ráð fyrir. Með slíku líkani væri hægt að meta gildi þess fyrir húsandastofninn að fuglarnir geti leitað á Svartá og Suðurá þegar hungursneyð geisar fyrir tegundina við Laxá og Mývatn. Þar er í slíkum árum, kannski einu sinni eða tvisvar á öld, sem Svartá og Suðurá geta mögulega haft úrslitabýðingu fyrir tilvist stofnsins. Þetta var ekki gert og það er miður. Það er kannski tímanna tákni að slíkir útreikningar sem taka á sjaldgæfum atburðum eru gerðir fyrir stíflumannvirkin, þ.e. geta stíflunnar til að standa af sér það sem kallað er í frummatsskýrslunni „þúsund ára flóð“.

Einnig geri ég athugasemdir við að ekki hafi verið reynt að svara því hvort að líkur séu á að straumandastofninn við Svartá og Suðurá standi undir straumandastofnum á öðrum ám á vatnasviði Skjálfandafljóts. Röksemdafærslan hér er að mögulega sé ungaframleiðsla straumanda við Svartá og Suðurá meiri en sem þarf til að standa undir straumandastofninum þar og að þessi umframframleiðsla straumandarunga standi undir stofnum á líflitlum ám á vatnasviði Skjálfandafljóts. Samkvæmt slíkri sviðsmynd hefði lakari afkoma straumanda í kjölfar virkjunar Svartár áhrif langt út fyrir vatnasvið Svartár og Suðurár.

Í frummatsskýrslu er Múlavirkjun við Straumfjarðará tekin sem dæmi um hversu lítil áhrif virkjun lindár hefur á fjölda straumanda. Þetta er vægast sagt ósvífinn samanburður. Fyrir það fyrsta er brotasaga þeirra Múlavirkjunarmanna varðandi alla framkvæmd við virkjunina víti til varnaðar þar voru öll skilyrði um hæð stíflu og rennsli í farvegi neðan stíflu brotin. Einnig, þá eru litlar upplýsingar til um dreifingu og hegðun straumanda á ánni fyrir virkjun og samanburður því á ástandinu fyrir og eftir ekki mögulegur (Jóhann Óli Hilmarsson munnl. uppl.).

Nokkrar aðrar tegundir fugla á Válista verpa við Svartá og má þar nefna grágæs, gulönd, fálka og hrafn, allar þessar tegundir munu verða fyrir truflun og áreiti vegna framkvæmdanna. Til lengri tíma mun þessi framkvæmd mjög líklega spilla gæðum eins besta fálkaóðals í Þingeyjarsýslum og því veikja stöðu íslenska fálkans.

Ég geri athugasemdir við hvernig allt myndefni, sem sýna á ástand mála við Svartá eftir að virkjun rís, gefur falska mynd og það er ekki drengileg framsetning. Til dæmis þá er fullt rennsli sýnt frá stöðvarhúsinu í myndbandi, sem er rétt mynd, en jafnframt beljar


¹ Hér er miðað við sömu hlutfallsdreifingu húsanda á vatnasviðinu og var í talningu 8.-10. júní 2016 og fjölda fugla sem sáust þá daga á svæðum 1, 7 og 8 við Svartá sem og heildarfjölda fugla á vatnasviðinu (sjá töflu 5.6 bls. 53 og mynd 15.4 bls. 55 í frummatsskýrslu v/Svartárvirkjunar) og fjölda fugla á svæðum 1, 7 og 8 vor og sumar 1989 (óbirt gögn Ólafs K. Nielsen, 47 húsendur á svæði 1, og Árna Einarssonar, að lágmarki 260 húsendur á svæði 7 og 8). Um það bil 3,9-falt fleiri fuglar voru á þessum þremur svæðum 1989 samanborið við 2016.

Svartá í virkjuðum farveginum sem aldrei fyrr og fjarri því að sýna þá 4 m³/sek sem þar eiga að renna. Einnig er pípan frá stíflu að stöðvarhúsi sýnd sem strik í landinu en í raun á að grafa þar breiðan og mikinn skurð þannig að örið og raskið verður áberandi. Þetta gefur grunlausum lesenda ósanna mynd af ástandi mála eftir virkjun!

Ég hafna fullyrðingum í frummatsskýrslu um að mótvægisáðgerðir muni tryggja að lágmarki 4 m³ rennsli vatns á sekúndu í hinum virkjaða farvegi Svartár og að þar muni þrífast bitmý, urriði, straumönd og húsönd í sátt og samlyndi við framkvæmdirnar. Þetta er falsmynd! Fyrir það fyrsta þá er greinilegt á mælingum sem kynntar eru í frummatsskýrslunni að það er óvissa um það vatnsmagn sem rennur um Svartá og miðað við þær mælingar sem til eru verður togstreita stærstan hluta árs á milli hagsmuna virkjunar um að framleiða rafmagn og lífríkis að fá stöðugt og jafnt rennsli. Ég hef séð hvernig sömu eigendur leystu þessa togstreitu við Köldukvísl á Tjörnesi. Í virkjanaleyfi fyrir Köldukvíslarvirkjun segir að tryggt skuli nægilegt rennsli neðan stíflu til að straumönd og bleikja fái þar þrífist. Staðreyndin er, að aftur og aftur hefur farvegurinn verið skraufurr (sjá 1. og 2. mynd) og bleikja og straumönd löngu horfin. Hér er líka rétt að benda á að um fjórðungur af þessu vatni sem á að renna um virkjaðan farveg Svartár á að kom úr Grjótá. Vatnið í Grjótá er annars eðlis en vatnið í Svartá, þar sem hún kemur ekki úr stöðuvatni. Hún ber ekki með sér rek og býður því ekki uppá æti fyrir bitmý sem er undirstöðufæða anda og urriða í Svartá. Einnig, þá er ætlunin að veita öllum ís og öllu krapni niður í virkjaðan farveginn á vetrum. Skert rennsli, miklir kuldar og ís og krap úr Svartá allri mun útiloka að bitmý fái þrífist í virkjuðum farveginum. Ljóst er að í besta falli má búast við mjög breytilegu rennsli í virkjuðum farvegi Svartár. Stundum mun þessi farvegur vera nær þurr og þá einkum á vetrum og stundum mun streymið vera meira en 4 m³/sek og þetta vatn mun ekki bjóða upp á lífsskilyrði fyrir endur, urriða eða bitmý.

Samandregið þá er niðurstaða mín að náttúruverndargildi Svartár er það mikið að ekki sé réttlætjanlegt að spilla ánni með virkjun og því ber að hafna þessum hugmyndum! Vatnasvið Svartár og Suðurár hefur alþjóðlegt verndargildi vegna fjölda húsanda og straumanda sem þar búa. Verulegir vankantar eru á frummatsskýrslu varðandi greiningu á vægi Svartár og Suðurár fyrir þessar tvær válistategundir og nægir þar að nefna hlutverk þessa vatnasviðs fyrir húsönd í þeim árum þegar illa árar við Laxá og Mývatn og stór hluti stofnsins leitar á Svartá og Suðará sér til bjargar. Boðaðar mótvægisáðgerðir um að tryggja 4 m³/sek rennsli í virkjuðum farvegi Svartár er falssýn. Myndefni í frummatsskýrslu og öðrum gögnum, sem ætlað er að sýna ástand mála eftir virkjun, gefur ósanna mynd.

Virðingarfyllst,


Björg Þorleifsdóttir (kt. 020755-2299)



1. mynd. Kaldakvísl á Tjörnesi fyrir virkjun.



2. mynd. Köldukvíslarfoss og fosshylurinn eftir virkjun. Athugið, ekkert vatn rennur í farveginum!

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:49
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TB-0563-Framsend athugasemd Björgvins Hilmarssonar

From: Björgvin Hilmarsson
Sent: 23.10.2017 13:56:01
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Björgvins Hilmarssonar

Góðan dag,

Vil hér með mótmæla því harðlega að leyfi verði veitt fyrir gerð Svartárvirkjunar þar sem neikvæð áhrif hennar eru veruleg og óafturkræf og lítið af jákvæðum atriðum sem vega það upp.

Af lestri matskýrslunnar má dæma að áhrifin séu mun meira neikvæð en jákvæð og þau takmörkuðu jákvæðu áhrif sem tiltekin eru munu einungis vara tímabundið, nema þá fyrir eigendur virkjunarinnar auðvitað.

Kaflinn "Heildarniðurstaða" (7.3) ætti að vera nóg til að slá þetta út af borðinu þar sem fram kemur að áhrif á flest alla þætti séu "óveruleg til nokkuð neikvæð í flest öllum tilfellum". Talsvert neikvæð og óafturkræf áhrif eru svo nefnd í tengslum við votlendi og Húsönd. Áhrif á ferðamenn eru í skýrslunni metin "talsvert neikvæð yfir í nokkuð jákvæð eftir því hvaða hópar eiga í hlut". Um þetta er rætt í kafla 7.1.12. Þar er augljóst að áhrifin eru í raun bara neikvæð nema þá fyrir einn tiltekinn hóp sem skýrsluhöfundar gefa sér að sé til staðar og beri að taka tillit til, eða eins og sagt er í kaflanum, "Þá er einnig til sá hópur sem hefur áhuga á mannvirkjunum og nýtingu endurnýjanlegrar orku." Með þessu telja þeir sig geta sagt að fyrir ákveðinn hóp sé framkvæmdin nokkuð jákvæð. Þetta er auðvitað hlægilegt í samhengi við neikvæðu áhrifin sem verða fyrir alla aðra hópa ferðamanna sem tilteknir eru í kaflanum.

Þessi klausa verður að teljast mjög sérstök og óhætt að taka henni með miklum fyrirvara: "Mat á áhrifum á ferðþjónustuaðila sem eru hlyntir virkjuninni teljast vera óveruleg, þar sem þeir telja hana ekki skaða ferðþjónustuna á þeirra vegum og hægt sé að vinna í kringum hana eða jafnvel að virkjunin skapi aðdráttarafl." Jafnvel þessir aðilar sem eru þegar hlyntir virkjuninni tala ekki um nokkuð jákvæð eða jákvæð áhrif, heldur að þau séu óveruleg.

Það sem er tiltekið sem nokkuð jákvætt að mati skýrsluhöfunda eru áhrif á samfélag en það er þó að mestu aðeins tímabundið.

Virkjunin er lítil en hefur mikil og neikvæð áhrif og mun "takmarka framtíðarmöguleika svæðisins til að þróa náttúrutengda ferðþjónustu áfram." sem verður að teljast mjög alvarlegt þar sem náttúrutengd ferðþjónusta er að verða máttarstólpinn í atvinnulífi Íslendinga.

Ég er líka hræddur um að álíka umhverfisslys muni hljóta af þessari virkjun og í tilfalli Kölduhvísarvirkjunar þar sem loforð um rennsli neðan stíflu hafa ekki verið efnd með slæmum afleiðingum fyrir lífríkið.

Í mínum huga væri glapræði að fara út í þessar virkjunarframkvæmdir.

Takk.

Kv. Björgvin Hilmarsson
kt. 220875-3509

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:50
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0564-Framsend athugasemd Björns H. Björnssonar

From: Björn H. Björnsson
Sent: 23.10.2017 23:36:33
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Björns H. Björnssonar

Undirritaður vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri varðandi Frummatsskýrslu Verkís fyrir SSB Orku vegna virkjunar Svartár í Bárðardal.

Allar upplýsingar um fyrirhugaða virkjun er að finna á eftirfarandi vefslóð:

<http://www.verkis.is/thjonusta/umhverfi-og-oryggi/mat-a-umhverfisahrifum/verkefni-i-kynningu/svartarvirkjun-i-bardardal>

Svartárvirkjun, allt að 9,8 MW | Mat á umhverfisáhrifum ...

Svartárvirkjun heyrir undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, samkvæmt gr. 6 og tölulið 3.22 í 1. viðauka. Rafstrengurinn heyrir undir tölulið 10 ...

www.verkis.is

Athugasemdir mínar eru eftirfarandi:

1. Mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar er unnið af hönnuði væntanlegrar virkjunar. Jafnvel þótt þetta sé gert samkvæmt lögum, þá er það fullkomlega óásættanleg vinnubrögð í lýðræðisríki.
2. Samkvæmt útdrætti matsskýrslunnar þá eru heildaráhrif hennar allt að því "nokkuð neikvæð". Hversu neikvæð þurfa áhrif að vera til þess að ekki verði leyft að virkja? Mitt mat er að skýrslan afgreiði það sjálf að ekki komi til greina að virkja Svartá.
3. Áhrif á líf fugla, fiska, gróðurfar og lífríki almennt eru allt of mikil. Hvers vegna má eyða lífi annarra fyrir gróða örfárra einstaklinga?
4. Hvergi er minnst á það í skýrslunni að hagsmunir þjóðarinnar til langframa felist í því að raska náttúrunni sem minnst.
5. Sjónræn áhrif virkjunarinnar eru mikil. Þarna er verið að raska ómetanlegumhverfi og útsýni, upplifun og hugarró fjöldans.
6. Skýrslan útskýrir ekki hvernig leyfi fyrir virkjun var fengið. Ég fer fram á að sá þáttur verði upplýstur að fullu.

Ég fer fram á að fallið verði frá öllum áformum um virkjun Svartár um ókomna tíð og svæðið fái sambærilegan frið og Láxa í Mývatnssveit fékk eftir að íbúar sprengdu stífluna neðan við Mjósund.

Kveðja,
Björn H. Björnsson, kt. 291260-4899

Ég undirrituð lýsi hér með áhyggjum mínum af fyrirhuguðum virkjanaframkvæmdum í Svartá.

Eitt það dýrmætastast sem landið býr yfir eru ósnortin landsvæði þar sem hægt er að njóta náttúrunnar eins og hún er í raun og sann. Ótal rannsóknir hafa sýnt fram á að íslensk náttúra er það sem helst dregur erlenda ferðamenn til landsins og vaxandi útivist hjá Íslendingum sjálfum gerir einnig kröfur um óspillta náttúru í meira mæli en fyrr.

Ég hef sjálf átt þeirri gæfu að fagna að eiga margar gæðastundir í faðmi íslenskrar náttúru og veit hversu dýrmætar þær stundir eru. Spillum ekki auðæfum okkar fyrir einhver kílóvött sem óvíst er hvernig verði ráðstafað.

Virðingarfyllt

Dagný Indriðadóttir, landvörður, leiðsögumaður og náttúruunnandi

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:51
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0566-Framsend athugasemd Einars Ólafs Þorleifssonar

From: Einar Thorleifsson
Sent: 23.10.2017 20:33:08
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Einars Ólafs Þorleifssonar

Undirritaður gerir athugasemdir við virkjun Svartár.

Áhrif á fuglalíf t.d. tegundir á válista; straumönd, gulönd, húsönd eru veruleg og óásættanleg.

Áhrif á landslag eru einnig umtalsverð.

Þessa virkjun ætti ekki að heimila.

Einar Ólafur Þorleifsson

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105

Reykjavík 22. október 2017

Efni: Athugasemd vegna mats á umhverfisáhrifum vegna Svartárvirkjunar í Bárðardal

Með athugasemdum þessum vil ég undirritaður, Friðrik Dagur Arnarson, mótmæla fyrirhuguðum framkvæmdum við Svartá í Bárðardal og skora á Skipulagsstofnum að hafna öllum hugmyndum um virkjun í ánni sem spilla myndi ímynd svæðisins og náttúrufari þess. Gildir það jafnt um lífríki, vistkerfi, jarðmyndanir og landslag.

Svartá er í jaðri Ódáðahrauns, lindá með hina sérstæðu eiginleika sem aðeins finnast á jarðfræðilega ungum svæðum með gegndræp jarðlög. Hegðun slíkra vatnsfalla er einstök, efnainnihald þeirra skapar óvenjulegt lífríki og staðsetning þessar tiltekna vatnsfalls í jaðri hálendisins skapar gróðurvinjar sem setja sterkan svip á landslag og upplifun.

Fyrirhuguð framkvæmd er klædd í gæru framfara og vistvænnar orkuvinnslu þegar hún er kynnt, meira að segja talað um sjálfbærni í umhverfismatsskýrslunni, þrátt fyrir að umtalsverð og óafturkræf áhrif hljótist af henni. Oft og iðulega er tilgreint í skýrslunni að afleiðingar verði umtalsverðar en um leið fullyrt að þær séu afturkræfar. Það er djörf fullyrðing og bæði óvíst og óútskýrt hvernig afleiðingar sem eru umtalsverðar geti gengið til baka, þannig að land og vistkerfi verði sem fyrr.

Umhverfismatsskýrslan hefur hinn hefðbundna galla slíkra verka, enda er hún unnin af fyrirtæki sem ætlar síðar að vinna við framkvæmd verksins og hefur því allan hag af því að til framkvæmda komi. Slíkt hlýtur að hafa áhrif á vinnubrögð, bæði á hvað er tekið til mats, hvernig verkið er nálgast, hvað er sagt og ekki síður, hvað ekki er tekið til umfjöllunar. Þó stuðst sé við leiðbeiningar frá Skipulagsstofnun og við margháttað efni og rannsóknir um ýmis efnissvið hljóta úrvinnsla og niðurstöður alltaf að vera skýrslugerðarfyrirtækisins. Það hefur í þessu tilfelli mikinn hag af því ef fallist er á virkjun en á sama tíma minna gagn af því ef andstæðum sjónarmiðum við virkjun er haldið sérstaklega fram. Enda er það svo, að verkið er nálgast á verkfræðilegum og hagrænum forsendum þar sem horft er á tæknilega útfærslu og tæknilegar lausnir og meira haldið fram því sem jákvætt er fyrir virkjun en minna fjallað um hitt. Önnur sjónarmið, svo sem heimspekileg sjónarmið, siðfræði, tilfinningagildi, upplifunargildi og fagurfræðilegt gildi, fá lítið rými. Í ljósi þess að verðmætamat hefur breyst mikið á síðustu áratugum, ekki síst á þessari öld, í ljósi loftslagsbreytinga, aukinnar ferðamennsku og bættra þekkingar er sorglegt að sjá svona steinrunnið mat sem mætir í fáu nýjum straumum og hugsun, þó sannarlega sé búið að benda á galla hinnar gamaldags hugmyndafræði og tilvist og nauðsyn á nýrri nálgun.

Skýrslan er þvælin og auðveldar lesandanum ekki að fá skýra mynd. Stundum er notkun orða býsna ónákvæm sem getur breytt vægi athugasemda og gera þær erfiðari til skilnings. Orð eins og talsvert og nokkuð koma allvíða fyrir og draga úr skýrleika og eðli niðurstaða, því alls ekki er glögggt í öllum tilfellum hvað felst í að dregið sé úr fullyrðingum með þessum hætti.

Nálgun skýrslunnar við umfjöllun um svæðið er þröng og mjög staðarmiðuð og lítur þannig oft framhjá víðari áhrifum framkvæmda og umbreytinga á vistheildir og landslagsheildir. Þessi nálgun gengur þvert á hugsun sem fram kom í faghópum Rammaáætlunar í öðrum áfanga hennar, bæði í faghópi um náttúruvar og hópnum sem fékkst við ferðamennsku og hlunnindi. Þar leiddi vinnan til þeirrar fullvissu að nauðsynlegt væri að skoða málin í stærri heildum en láta ekki duga að skoða fyrst og fremst sjálft framkvæmdasvæði og næsta nágrenni þess.

Það hlýtur að teljast tvímælalaust að framkvæmd í þessari einstæðu á munu hafa umtalsverð áhrif á lífríki. Allt vistkerfi lindáa eins og Svartár er afar sérstætt og um leið viðkvæmt. Sérhver meiriháttar framkvæmd er því ógn við líf og land á svæðinu.

Sýnilegust verða líklega áhrif á fuglalíf en á svæðinu halda sig nokkrar tegundir í útrýmingarhættu sem geta orðið fyrir alvarlegum skakkaföllum á framkvæmdatíma og ef eitthvað fer úrskeiðis eftir að virkjun er komin í gang. Fyrir utan bein áhrif í Svartá sjálfri þá liggur fyrir samkvæmt rannsóknum Rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn að fuglar sem halda sig á Laxá í Þingeyjarsýslu nýta Svartána þegar illa árar við Laxá. Spjöll við Svartá geta því haft mjög neikvæð áhrif á lífríkið norðar í sýslunni en þetta hefur ekki verið rannsakað nægjanlega.

Þá hlýtur þetta einnig að hafa áhrif á silung þegar vistfræðilegar forsendur breytast í ánni enda byggja lífverur ofar í fæðukeðjunni á lífverum neðar í henni. Eru á ótalin áhrif á allar smærri lífverur sem hljóta að verða umtalsverð þegar vatnsmagni og straumi árinna verður breytt umtalsvert.

Áhrif á landslag og ímynd svæðisins gjörbreytast til hins verra. Ósnortið náttúrusvæði í einstöku landslagi og náttúrufarslega samhengi verður manngert og tapar hinni verðmætu stöðu sinni sem ósnortin. Í þeirri stöðu felast mikil verðmæti og vaxandi, á tímum aukinnar spillingar landsvæða, mengunar og eyðileggingar vistkerfa um allan heim. Þetta eru umtalsverð áhrif og engan veginn afturkræf. Þá mun virkjun á þessum stað hafa áhrif á fyrirhugaðan hálendisþjóðgarð þar sem svæðið er í norðurjaðri hálendisins og getur þannig spillt fyrir miklum hagsmunum og ímynd landsins.

Breytingar á eðli svæðisins munu að öllum líkindum hafa mjög neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og upplifun gesta og heimamanna sem koma að ánni. Og rannsóknir annars staðar benda til að áhrifin geti náð til svæðisins í kring, langt út fyrir sýnileg mörk virkjunarinnar og línulagna, þar sem ímynd svæðisins hefur beðið hnekki. Þetta er beinlínis viðurkennt í frummatsskýrslunni og erfitt að sjá hvernig þessi umtalsverðu áhrif geti orðið afturkræf.

Þá er ekki ósennilegt að áhugi veiðimanna muni minnka á veiði í breyttri ánni, með tilheyrandi tekjutapi fyrir landeigendur og ferðaþjónustuaðila.

Áður hefur verið dregið á Rammaáætlun. Rammaáætlun um vernd og nýtingu jarðvarma og vatnsafls var komið á fót til að reyna að skapa meiri fagmennsku og sátt um virkjanir og reyna að tryggja að fjölbreytilegri sjónarmið verði við ákvarðanatökuna en verið hafði áður. Til að tryggja þetta viðhorf var orðið vernd sett í heiti áætlunarinnar, meira að segja á undan orðinu nýting. Því miður hefur þetta ekki dugað til að bæta til fulls úr ófremdarástandinu sem var, þó margt jákvætt hafi fylgt vinnu við áætlunina. Hugmyndafræðin er að sönnu góð, en gallar eru á útfærslunni.

Í fyrsta lag er allt verkið á forsendum þeirra sem vilja virkja. Vinnan snýst um að virkjanaaðili kemur með óskir sínar og nákvæmar áætlanir en þeir sem gæta annarra sjónarmiða koma fyrst að verkinu þegar virkjunarhugmyndirnar eru komnar vel á veg. Þá keppast þeir við að finna þekkingu og mótrök fyrir annars konar nýtingu en raforkuframleiðslu. Virkjanaaðilar eru fyrirtæki með öflugan fjárhag og sérfræðinga á launum og fá kostnaðinum til baka ef verður virkjað, en þeir sem rannsaka náttúrufar og útivist geta slíkt ekki. Í fæstum tilfellum hafa þeir sambærilegan aðgang að fjármunum og þeir vinna verk sín oft undir tímapressu. Og þeir sem vilja vernda svæði eru yfirleitt fjárvana einstaklingar og félagasamtök sem vinna verk sín í frístundum og fá jafnvel ekki viðurkennda lögvarða hagsmuni í einstökum málum hjá dómstólum, þrátt fyrir undirskrift Árórsarsáttmálans. Það er því mikil slagsíða í umfjölluninni.

Þá er tími til rannsókna sjaldan nærri nógur. Trauðla gefst tími til að skoða þá þætti sem teknir eru til athugunar með afgangi hætti og á sama tíma eru mikilvægir þættir ekki teknir til mats því ekki gefst tími til þess. Þetta leiðir til þess að vægi annarrar þekkingar varðandi virkjunarhugmynd verður ekki eins mikið þegar hún er vegin á móti virkjanaáformunum. Engin sérstök úttekt var t.d. gerð í

Rammaáætlun 2 á náttúruvernd út frá öðrum sjónarhornum en raunvísindalegum og enginn faghópur var um fyrirbæri eins og fegurð, tilfinningagildi, listir, ímyndir og tign, þó þau kæmu að sönnu að einhverju leyti til umræðu inni í faghópum. Á þetta var bent inni í verkefnisstjórn annars áfanga og á þetta er einnig bent hér að framan. Svo þarna vantar rök, sem veikir faglegar niðurstöður í þessu tilfelli og ætti að vega þungt til að vísa öllum virkjunaráformum við Svartá á bug.

Með tilvísan í Rammaáætlun verður forvitnilegt að sjá hvað verður um virkjanahugmyndir í Svartá því í þriðja áfanga hennar er lagt til að Skjálfandafljót verði friðað. Í því felst að allt vatnasviðið skal friðað. Verði af virkjun í Svartá er brotið gegn þeirri meginhugsun og þeim anda sem vinnan við áætlunina hvílir á. Ótrúlegt má telja ef valið verður að ganga frá þessu áður en niðurstöður þriðja áfangans verða afgreiddar, einkum þegar niðurstaðan í þessu tilfelli er jafnskýr og raun ber vitni.

Virkjunaráformin við Svartá eru ekki síður alvarlegt brot gegn sjálfum anda áætlunarinnar. Samkvæmt forskriftinni eru virkjanahugmyndir undir 10MW undanskildar því að þurfa að fara í gegnum vinnuferli Rammaáætlunar. Þetta skapar færi að nýta sér glufu í kerfinu til að reisa virkjanir án tillits til hugmyndafræðinnar um sátt og náttúruvernd. Þetta er t.d. staðan hér við Svartá í Bárðardal þar sem einstæðri náttúruperlu er ógnað með „smávirkjunaráformum“.

Því miður eru áformin við Svartá ekki þau einu, þar sem fjársterkir aðilar ásælast náttúruperlur til að skapa sér gróða á kostnað umhverfis og lífríkis. Áformin í Bárðardal verður að skoða í því ljósi, hvernig stöðugt er öxin reidd að náttúrunni til að skapa einkagróða.

Samfélögin á svæðunum gjalda oftast fyrir slíkt gróðabrall. Algengt er að djúpstæður ágreiningur komi upp í heimabyggð enda vita virkjanasinnar eftir ósigurinn í Laxárdeilunni á sínum tíma, að mesta ógnin við áform þeirra er heimamenn sem eru samstíga í andstöðu sinni við virkjanahugmyndirnar. Því er ýmsu fögru lofað til að lokka menn til fylgis og þegar sumir kaupa það sem borið er fram en aðrir ekki, er hætta á klofningi í samfélaginu. Þegar berast sögur af slíku í Bárðardal.

Þröngt mat á því hvaða hagsmuni samfélagið á svæðinu hafi af virkjun, eru aðeins einn af ótal þáttum sem þarf að skoða þegar metið er gagn eða skaði heimamanna af þessari framkvæmd. Einnig þarf að gera mun betri grein í frummatsskýrslunni fyrir hagsmunum sem tengjast því að ekki sé virkjað. Meðan það er ekki betur gert er engan veginn hægt að segja að umhverfismatið sé fullnægjandi. Þegar þetta leggst á sömu sveif og margt fleira sem ekki er í lagi í skýrslunni verður að gera þá kröfu að hugmyndunum sé vísað frá.

Þegar talað er um mótvægisáðgerðir og útfærslu er greinileg bjartsýni í för. Allt á að ganga upp. Tryggja á að alltaf renni nóg vatn um farveginn til að lífríkið skaðist ekki. Farvegur fyrir stóra á með mikið rennsli og fjölbreytt lífríki á að verða að sprænu með broti af vatnsmagninu sem fyrir var og það á að duga til að viðhalda núverandi ástandi að mestu. Hvernig á það að geta gengið upp? Lindár á þessu svæði, þar sem frost verður oft mjög hart, verða fyrir rennslisbreytingum t.d. þegar grunnstingull verður í ánum. Þá dregur verulega úr rennsli til virkjunar sem mun hafa áhrif á rafmagnsframleiðslu. Ef búið er að selja orkuna eru allar líkur á að gripið verði til þeirra aðgerða við rennslisstýringu sem tiltækar eru og þá er hætt við að vatni sem lofað var að rynni frjálst verði beint úr farveginum inn í stöðvarhúsið. Það kennir reynslan okkur t.d. frá Laxá í Mývatnsveit og enn fremur við Köldukvísl á Tjörnesi þar sem loforð um stöðugt rennsli um farveginn hafa ítrekað verði svikin þegar „neyðin“ af vatnsskortri kallar á allt vatnið til virkjunarinnar. Þá fá lífríki og loforð að lúta í lægra haldið.

Vitað er um fornminjar á svæðinu en ekki er að sjá að miklar upplýsingar séu um áhrif á þær, hvorki af virkjuninni né flutningsmannvirkjum vegna raforkunnar.

Hér hefur verið stiklað á stóru. Margt fleira væri hægt að nefna og útlista mun betur og vísa ég til greinargerða og athugasemda sem birtar hafa verið eða boðaðar og ég hef haft aðgang að við gerð þessara athugasemda. Má þar nefna athugasemdir frá Fuglavernd, Verndarfélagi Svartár og Suðurár, greinar eftir Árna Einarsson og Ólaf K. Nielsen, athugasemda Viðars Hreinssonar, Ólafs Halldórssonar og fleiri.

Niðurstaða mín af skoðun þessara hugmynda er sú að hér sé á ferð alvarleg atлага að íslenski náttúru, í þeim tilgangi að skapa fjárhagslegan ávinning fyrir fáeina einstaklinga. Þetta er gróf tilraun til að komast framhjá því ferli sem sett var upp með Rammaáætlun til að vanda vinnubrögð og leiða sjónarmið saman til sátta. Fórarkostnaðurinn af þessu verki verðu mikill, vistkerfi, landslag og ósnortin náttúra verða fyrir varanlegum skaða og samfélag og ferðamenn sitja uppi með spillta ímynd svæðis sem margir tengjast sterkum böndum. Verulegir annmarkar eru á matsskýrslunni, niðurstöður eru fegraðar og dregið er úr þegar fjallað er um neikvæðar afleiðingar. Margir grundvallarþættir eru ekki skoðaðir og mikið skortir á að ávinningurinn af þeim möguleika að ekkert verði gert sé tekinn til gagngerðrar skoðunar. Ef af verður, munum við Íslendingar hafa tapað enn einu ómetanlegu náttúrusvæðinu á altari gróðahyggju fáeinna manna, óafturkræft og endanlega. Ég heiti því á Skipulagsstofnun að hafna með öllu þessum hugmyndum og koma í veg fyrir eyðileggingu Svartár í Bárðardal og öllu því sem henni fylgir.

Friðrik Dagur Arnarson, landfræðingur
Kt. 081156-4929

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:52
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0569-Framsend athugasemd Guðmanns Elíssonar

From: Guðmann Elísson
Sent: 23.10.2017 10:14:24
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Guðmanns Elíssonar

Sæll,Sæl.Mitt álit er að þessi framkvæmd passi engan veginn í þessa á.

Mbk.Guðmann.

23.10.2017

Varðandi Svartá/Suðurá

Ég, Guðmundur Smári Gunnarsson, mótmæli því harðlega að leyfi verði veitt fyrir framkvæmdum vegna virkjunar í Svartá/Suðurá sem fyrirhugaðar eru á næstu árum. Áin er einstök, og ekki eru til ár í heiminum sem eru sambærilegar, þ.e. stórar lindarár á hálendi sem renna á ungum berggrunni einsog Svartá/Suðurá gerir. Ef það verður af fyrirhuguðum framkvæmdum mun líffræðilegur fjölbreytileiki minnka á landinu og í heiminum en það er eitt mikilvægasta baráttumál mannkynsins í dag sem tengist m.a. loftslagsbreytingum, en rannsóknir benda til að líffræðilegur fjölbreytileiki minnki með loftslagsbreytingum. Ísland kemur ekki til með að standa við Kyoto samninginn eða Parísarsamkomulagið ef fram heldur sem horfir og virkjun Svartár kemur ekki til með að minnka kolefnislosun Íslendinga, heldur einungis auka hana vegna framkvæmda og jarðrasks.

Sem íbúi Þingeyjarsveitar er glórulaust að mínu mati að leyfa framkvæmdir þar sem það takmarkar möguleika uppbyggingar á annarri atvinnustarfsemi, þ.e. ferðaþjónustu. Samfélagsleg áhrif virkjunarinnar eru að mínu mati lítil sem engin og frekar til þess fallin að valda gremju milli íbúa sveitarfélagsins. Ef af virkjuninni verður mun trú mín, og líklega fleiri, á opinbera kerfið minnka þar sem einkaaðilar geta skemmt landið til þess eins að ávaxta fjármagnið sitt.

Guðmundur Smári Gunnarsson

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:53
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0571-Framsending athugasemda Guðmundar Árnasonar
Attachments: Fuglavernd - athugasemdir vegna fyrirhugaðrar virkjanar Svartár í Bárðardal.pdf

From: Guðmundur Árnason
Sent: 23.10.2017 23:13:09
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Guðmundar Árnasonar

Ég, Guðmundur Árnason (kt. 020353-5279) mótmæli virkjun Svartár í Bárðardal og vitna í eftirfarandi athugasemdir og athugasemdir Fuglaverndar máli mínu til stuðnings:

[Sjá fylgiskjal 7](#)

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:53
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0573-Framsend athugasemd Hjörleifs Guttormssonar

From: Hjörleifur Guttormsson
Sent: 23.10.2017 22:33:17
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Hjörleifs Guttormssonar

Til Skipulagsstofnunar

Ég undirritaður leyfi mér að mótmæla fyrirhugaðri virkjun Svartár í Bárðardal.

Hún myndi hafa veruleg neikvæð áhrif á umhverfi og náttúru svæðisins og rýra gildi þess til frambúðar.

Líta verður á vatnakerfi lindanna Svartár og Suðurár heildstætt og stefna að víðtækri verndun svæðisins til frambúðar.

Hjörleifur Guttormsson

Vatnsstíg 21

101 Reykjavík

Kt. 311035-6659

Athugasemdir við hugsanlega virkjun Svartár í Bárðardal

Ég mótmæli því og geri athugasemd við það að félag í einkaeigu fái leyfi til að stunda viðskipti með framleiðslu á rafmagni sem mun augljóslega og að mati margra sérfræðinga hafa neikvæð og jafnvel mjög neikvæð og óafturkræf áhrif á náttúru landsins sem er langt umfram það sem talist getur ásættanlegt.

Sérstaklega geri ég athugasemd vegna vísbendinga á áhrif á ýmsa fuglstofna sem við sem þjóð erum skuldbundin að verja samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum, tilskipunum og viljayfirlýsingum um náttúrvernd.

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum, hér eftir nefnd vatnatilskipunin (Directive 2000/60/EC of the European Parliament and of the Council establishing a framework for the Community action in the field of water policy, aðild 2011) beinist að sjálfbærri vatnsnotkun, verndun vatns, vatnasvæða og vistkerfa sem eru í vötnum eða tengjast vötnum. Samþætta á vatnamál og fjalla um þau með heildstæðum hætti innan stjórnslusvæða sem taka skulu mið af vatnasviði fremur en hefðbundnum stjórnslumörkum. Skrá skal ítarlega og flokka vötn sem og svokölluð vatnshlot (body of water) og meta og vakta ástand þeirra. Ef vel tekst til með framkvæmd þessarar tilskipunar mun þekkingu og verndun á vatni og vatnavistkerfum fleygja fram hér á landi. Tilskipunin var innleidd hér á landi með setningu laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

2. Árósasamningurinn um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, hér eftir nefndur Árósasamningurinn (Convention on Acces to Information, Public Participation in Decision-Making and Access to Justice in Environmental Matters, aðild 2011) var gerður 1998 en þrátt fyrir að Ísland hafi þá undirritað samninginn tók það stjórnvöld hér 13 ár að fullgilda hann (í september 2011) [52-54]. Árósasamningurinn tengir saman umhverfismál og mannréttindi og leggur þær skyldur á aðildarríki að tryggja almennungi rétt til aðgangs að upplýsingum og þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð umhverfismála. Beinir hagsmunaaðilar og ýmis samtök geta nú borið ákvarðanir sem varða mikilvæga umhverfishagsmuni undir óháða úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Allar stjórnvaldsákvarðanir sem snúast um veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum er því hægt að kæra til nefndarinnar jafnframt því sem leyfisveitingar færast til undirstofnana. Þetta á einnig við um ákvarðanir Umhverfisstofnunar varðandi erfðabreyttar lífverur og leyfisveitingar í tengslum við lög um náttúruvernd og verndun Breiðafjarðar. Að öðru leyti takmarkast kæruréttur varðandi stjórnvaldsákvarðanir við þá sem taldir eru eiga lögvarða hagsmuni. Villidýralögin voru hins vegar undanskilin þrátt fyrir eindregin tilmæli og ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Fuglaverndarfélags Íslands um að svo yrði ekki.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/147/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun villtra fugla, hér eftir nefnd fuglatilskipunin (Directive 2009/147/EC of the European Parliament and of the Council of 30 November 2009 on the conservation of wild birds) [55, 56]. Markmið hennar er að tryggja vernd allra fuglategunda sem eiga náttúruleg heimkynni á yfirráðasvæði Evrópusambandsins. Með þessari tilskipun er hverju aðildarríki ætlað að tryggja að stofnstærðir tegunda séu „ásættanlegar“ eins og það er orðað sem og að grípa til ráðstafana til að tryggja að svo sé. Þetta skal gert með því að tryggja varðveislu, viðhald og endurheimt búsvæða og vistgerða fyrir allar fuglategundirnar, þar á meðal með neti verndaðra svæða.

4. Tilskipun 92/43/EB frá 21. maí 1992 um vernd vistgerða og villtrar flóru og fínu, hér eftir nefnd vistgerðartilskipunin (Council Directive 92/43/EEC of 21 May 1992 on the conservation of natural habitats and of wild fauna and flora) [56, 58]. Markmið hennar er að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni á evrópsku landsvæði aðildarríkja Evrópusambandsins með því að vernda náttúrulegar vistgerðir og búsvæði villtra dýra og plantna


5. Samningur um verndun fartegunda villtra dýra, hér eftir nefndur Bonn- samningurinn

(Convention on the Conservation of Migratory Species of Wild Animals, Ísland ekki aðili) [59] er milliríkjasamningur undir umsjón Sameinuðu þjóðanna. Markmið hans er að vernda fardýr í víðasta skilningi og í gervöllum heimkynnum þeirra. Er hann eini alþjóðasamningurinn sem tekur til allra fardýra, búsvæða þeirra og farleiða. Aðildarþjóðirnar voru 118 hinn 6. mars 2013 [60]. Þeirra á meðal eru allar Evrópuþjóðir nema Bosnía, Tyrkland og Ísland.

Þær tegundir fardýra sem taldar eru í útrýmingarhættu eru skráðar í I. viðauka samningsins og er aðildarþjóðum uppálagt að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda búsvæði þeirra og draga úr ógnum sem steðja að viðkomandi stofnum. Í öðrum viðauka samningsins eru skráðar þær tegundir fardýra sem talið er að muni njóta verulegs ávinnings af alþjóðlegri verndarsamvinnu. Bonn-samningurinn er að hluta til rammisamningur eða regnhlíf yfir aðrar alþjóðlegar samþykktir sem eru allt frá því að vera lagalega bindandi (Agreements) í að vera fremur óformlegar (t.d. „Memoranda of Understanding“, þ.e. viljayfirlýsingar). Á vettvangi Bonn- samningsins hafa verið gerðar allmargar samþykktir sem ætlað er að vernda tiltekna tegundir eða hópa. Tvær þessara samþykktu kunna að varða íslenskar tegundir; önnur fjallar um smáhveli í NA-Atlantshafi og víðar en hin um farfugla sem ferðast milli Evrópu/Asíu/Afríku, AEWA (African-Eurasian Waterbird Agreement).

Að auki er nýlegt dæmi um vaxandi áhyggjur af straumönd frá RAMÝ af stofni straumönda:

Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn - RAMÝ



Við erum að taka saman niðurstöður fuglatalninga á Mývatni og Laxá. Hér er umhugsunarvert línurit sem sýnir fjölda straumanda (kollur að vorlagi) og unga (í ágúst) á Laxá í Mývatnssveit. Þarna sést hvernig fjöldi unga gengur í bylgjum, en eftir 2007 hefur mjög lítið komist upp af straumandarungum. Viðkoma straumandarinnar stendur nú ekki undir afföllum í stofninum þannig að öndunum fækkar óðfluga. Þetta leiðir hugann að því hvort straumendur komi eitthvað af öðrum ám, t.d. Svartá í Bárðardal þar sem stærsta byggðin er utan Laxár, og stofninn viðhaldist þannig. Ef ekki, er Laxárstofninn í einstaklega lakri stöðu. Engin augljós skýring er á þessari viðvarandi breytingu á ungafjölda, en fjöldinn fer venjulega eftir átuskilyrðum í Laxá. Þess ber að geta að straumendur voru fáar á Laxá á árunum kringum 1970, sem gefur hugmynd um hver tíðni stóráfalla í lífríki vatna geti verið.

Virðingafyllst,
Hrafn Aðalsteinn Ágústsson
kt. 140169-4559

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:54
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0575-Framsend athugasemd Ingibjargar Salóme Egilsdóttur

From: Ingibjörg Salóme Egilsdóttir
Sent: 23.10.2017 08:56:38
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Ingibjargar Salóme Egilsdóttur

Virkjun Svartár er níðingsverk og enginn mun hafa sóma af. Stöðvið strax allar áætlanir þar af lútandi. Kv. Ingibjörg Salóme Egilsdóttir Kt.1203595099

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:55
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0576-Framsend athugasemd Ingimars Eydal

From: Ingimar Eydal
Sent: 23.10.2017 21:33:39
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Ingimars Eydal

Undirritaður vill gera eftirfarandi athugasemd við Frummatsskýrslu um virkjun Svartár.

Skýrslan tekur ekki tillit til þess að með virkjun Svartár þá hverfur möguleikin á vernd vatnasvæðis Skjálfandaflijóts sem er nánast ósnert af mannanna verkum frá jökli til sjávar. Sú hugmynd kemur m.a. fram í rammaáætlun um að Skjálfandaflijót og vatnasvið þess njóti friðunar og því er þessi framkvæmd freklegt inngrip í þá mikilvægu hugmynd. Svæðið er einstakt fyrir margra hluta sakir og mikilvægt að þarna sé farið í miklu ítarlegri rannsóknir á áhrifum á fuglalíf og náttúru svæðisins, auk þess sem umræða um friðun svæðisins í heild þarf að taka á víðari grunni áður en ákvörðun um virkjun einstakra hluta þess verður tekin.

--

Akureyri 23. október 2017

Ingimar Eydal
kt. 2006664539

Til Skipulagsstofnunar

Ekki er erfitt að komast yfir upplýsingar um, og haldgóðar lýsingar á landfræðilegri og náttúrufræðilegri sérstöðu þess landssvæðis sem Svartá í Þingeyjarsveit er mikilvægur hluti af.

Það er erfiðara að finna lögformlegar sannanir eða lögformlega skotheldar röksemdafærslur fyrir því að fyrirhuguð virkjun Svartár muni skaða þetta vistkerfi enda kostnaðarsamt að leggja út í slík verkefni án sterkra fjárhagslegra bakhjarla. Framkvæmdaaðilar nýta sér þennan skort lögformlegar sannana til að réttlæta fyrirhugaða framkvæmd sem þó mun án nokkurs vafa raska þessari sérstöðu, líklega með alvarlegum og óendurkræfum breytingum á þessu viðkvæma og sérstæða vistkerfi.

Engin markverð viðurlög eða sektir ná yfir slíkan umhverfisglæp, verði slík röskun þrátt fyrir fyrirheit og rökfærslu framkvæmdaaðila um hið gagnstæða. Það er því ójafnt gefið í þessu spili frá upphafi. Ýmsir aðilar hafa þó birt upplýsingar sem benda ótvírætt til þess að líkur á alvarlegum og neikvæðum umhverfisáhrifum verði reyndin, komi til þessara virkjunarframkvæmda.

Saga Laxárdals og virkjunaráforma þar er flestum Íslendingum kunn og er víti til varnaðar fyrir framkvæmd af svipuðum toga á nærliggjandi svæði. Vistkerfi vatnsfallana er tengt sterkum böndum og flutningsleið fyrirhugaðrar raforku er m.a.s. um Laxárdal að hluta, í óþökk flestra íbúa og landeigenda þar.

Án þess að óvæfengjanlegar og lögformlegar sannanir liggi til grundvallar því að ekki verði skaði á því vistkerfi sem Svartá tilheyrir og er mikilvægur hluti af er því mikið óráð að leyfa virkjunarframkvæmdir sem að öllum líkindum munu valda alvarlegum og óendurkræfum breytingum á þessari viðkvæma vistkerfi fyrir svo lítinn þjóðhagslegan ávinning sem framkvæmdunum kunna að fylgja á formi raforkuframleiðslu og tímabundinnar atvinnu við framkvæmdina sjálfa.

Að fórna svo sérstæðu, ef ekki einstöku vistkerfi í ósnortinnar náttúru Íslands á þessu svæði fyrir einkahagsmuni fárra aðila er hrein fásinna.

Nefna má í þessu samhengi að nú þegar er framleitt afar mikið af raforku í landinu sem seld er á undirverði að mati ýmissa málsmetandi aðila, þannig að megin hluti ávinningsins er fluttur skattlaust á formi vaxtagreiðslna úr landinu.

Kísiliðjan og áhrif þeirrar starfsemi á viskerfi Mývatns er öllum ljós án þess að lögformlegar sannanir liggi endilega fyrir. Helguvíkurslysið er sannarlega í fersku minni.

Hagsmunir íbúa Íslands tengdir vaxandi ferðamennsku eru þar að auki mun stærri í þessu samhengi en hagsmunir fárra einkaaðila af fyrirhugaðri framkvæmd tengt Svartá.

Undirritaður gerir þannig athugasemdir við fyrirhugaða virkjun Svartár og fer fram á að Skipulagsstofnun beiti sér gegn þessari framkvæmd, helst af öllu með algeru banni við fyrirhuguðum framkvæmdum og öðrum umhverfisspjöllum á vatnasvæði Svartár.

Skrifað í Osló, þann 23.10.2017

Jón Steingrímsson, kt. 150960-5689

Athugasemdir við virkjunaráætlanir í Svartá

Vatnsmagn í Svartá

Miðað er við að virkja 20 m³/s af vatnsmagni Svartár en samkvæmt meðalrennsli á tímabilinu september 2005 til október 2013 var vatnsmagn Svartár minna í 20% tilvika á því tímabili. Það er með öllu óljóst hvernig framkvæmdaraðili hyggst tryggja lágmarksrennsli neðan stíflu þegar vatnsmagnið í Svartá nær ekki einu sinni virkjuðu rennsli. Ef ekki er tryggt lágmarksrennsli mun það þýða gríðarlega neikvæðar afleiðingar fyrir dýraríkið og hér á náttúran að njóta vafans. Ofan á vafann sem ríkir um hvort nægt vatn sé í Svartá til að tryggja lágmarksrennsli bætist við að veðurfar syðst í Bárðardal einkennist á tíðum af löngum kuldatímabilum sem geta valdið rennslissveiflum. Ís- og krapastflur geta valdið miklum breytingum á rennsli sem eykur verulega líkur á að ekki sé nægt vatn í farveginum til að tryggja þær aðstæður sem lífríkið krefst.

Áhrif á gróðurfar og dýralíf

Ljóst er að minnkað rennsli mun minnka framburð á næringarefnum sem eru nauðsynlegar fyrir lífríkið í ánni, þá sérstaklega skordýralíf, slíkt mun hafa keðjuverkandi áhrif upp fæðukeðjuna. Minnkað vatnsmagn umhverfis hólma neðan virkjunnar og í umlykjandi votlendi mun hafa áhrif á lífríkið en ekki er tekið fram í frummatsskýrslu með ásættanlegum hætti hvernig tryggja skuli að þessi hólmar skuli vera umflotnir vatni til að tryggja velferð bæði dýralífs og gróðurfars. Umhverfis hólmana er heppileg hrygningarsvæði fyrir urriða en með skertu rennsli munu þau svæði hverfa.

Óhjákvæmilegar breytingar á búsvæðum vegna breytt rennslis neðan stíflu mun hafa neikvæð áhrif á þær fuglategundir sem verpa þar. Samkvæmt skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands munu þrjár tegundir (fálki, straum- og húsönd) verða fyrir nokkrum eða miklum áhrifum af framkvæmdinni. Allar þessar þrjár tegundir eru á valista og að auki eru tvær þeirra viðauka II við Bernarsamninginn, af þeim sökum berum við Íslendingar alþjóðlega ábyrgð á velferð þessa tegunda.

Röskun á víðernum

Umrætt svæði norður og norðvestur af Vatnajökli er jarðsögulega tengt í hraunflæminu mikla, Ódáðahrauni í norðurgosbelti Íslands. Ódáðahraun og úthraun þess er eitt af fáförnustu og óröskuðustu svæðum hálendisins en við ættum að leggja ríka áherslu á að vernda svæði sem eftir eru lítt snortin því gildi þeirra er mikið, bæði fyrir okkur sem nú lifum en ekki hvað síst fyrir komandi kynslóðir. **Auðlegð þessa svæðis felst í óraskaðri náttúru, virku jarðeldasvæði, óspilltum víðernum, óbeisluðum jökul-og lindarám sem renna af hálendinu og jaðri þess til byggða með samfelldri gróðurþekju og fjölbreyttu dýralífi.**

Allt framantalið mun hafa í för með sér verulega neikvæð áhrif á lífríki Svartár og framkvæmdin mun spilla dýrmætum óröskuðum víðernum og er með öllu því óásættanleg.

Gjört að Sléttabóli, 23.10.2017

Virðingarfyllt

Dr. Lilja Jóhannesdóttir - vistfræðingur

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:58
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0581-Framsending athugasemda Margrétar Jónsdóttur
Attachments: Fuglavernd - athugasemdir vegna fyrirhugaðrar virkjanar Svartár í Bárðardal.pdf

From: maggajons
Sent: 23.10.2017 23:11:03
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemdir Margrétar Jónsdóttur

Ég, Margrét Jónsdóttir (kt. 051061-5279) mótmæli virkjun Svartár í Bárðardal og vitna í eftirfarandi athugasemdir og athugasemdir Fuglaverndar máli mínu til stuðnings:

[Sjá fylgiskjal 7](#)

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:58
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0583-Framsending athugasemda Móheiðar Guðmundsdóttur
Attachments: Fuglavernd - athugasemdir vegna fyrirhugaðrar virkjanar Svartár í Bárðardal.pdf

From: Móheiður Guðmundsdóttir
Sent: 23.10.2017 23:09:22
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemdir Móheiðar Guðmundsdóttur

Ég, Móheiður Guðmundsdóttir (kt. 270993-3899) mótmæli virkjun Svartár í Bárðardal og vitna í eftirfarandi athugasemdir og athugasemdir Fuglaverndar máli mínu til stuðnings:

[Sjá fylgiskjal 7](#)

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:58
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0585-Framsend athugasemd Páls Ísleifs Jónssonar

From: Páll Jónsson
Sent: 23.10.2017 11:04:36
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Páls Ísleifs Jónssonar

Frummatsskýrsla verkfræðistofunnar Verkís er ómarktæk sökum hagsmunaárekstra, sami aðili semur skýrslu um mat á umhverfisáhrifum og er fyrirhugaður hönnuður að virkjun.

Geri samt hér með athugasemdir við frummatsskýrslu Svartárvirkjunar :

1. Um óafturkræfan skaða á náttúrunni er um að ræða.
2. Áhrif virkjunar á fuglalíf á svæðinu er brot á Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða, og eru líklegast óafturkræf.
3. Virkjanaf framkvæmdir á svæðinu eru brot á samningi um verndun mikilvægs votlendis, þ.e.a.s. Ramsarsamningnum.
4. Öll veiði neðan Ullarfoss mun verða fyrir neikvæðum áhrifum en samkvæmt Veiðimálastofnun er það 59% af veiði Svartár, "Vatnalíf Svartár í Suður Þingeyjarsýslu og mat á áhrifum vatnsaflsvirkjunar"
5. Ekkert er um það í frummatsskýrslu hvernig á að tryggja svokallað lámarsrennsli þegar náttúrulegt rennsli árinna er minna en eða nálægt virkjuðu rennsli, og ef rennsli árinna fer undir virkjað rennsli mun þá áin og lífríkið hafa forgang ?
6. Frummatsskýrsla er ómarktæk vegna hagsmunaárekstra, verkfræðistofan Verkís kemur að bæði gerð frummatsskýrslu og hönnun virkjunar.
7. Engar rennismælingar hafa farið fram á rennsli Grjótár af óháðum aðila.
8. Virkjun Svartár með óafturkræfum afleiðingum fyrir náttúruna er brot á lögum ESB EU Water Framework Directive 2000/60/EC sem Alþingi Íslands þurfti að setja í Íslensk lög vegna EES samningsins, tóku gildi þann 19 apríl 2011 með síðari breytingum. Vatnatilskipun
Evrópusambandsins var samþykkt árið 2000 (Directive 2000/60/EC): Tilskipunin var samþykkt inn í EES samninginn haustið 2007 og lögleiðingu hennar hér á landi lauk 19/04/2011.
Rammtilskipun um vatn tengir ýmsar tilskipanir á sviði vatnsmála, eins og t.d. tilskipun um fráveitur og skólp undir eina rammalöggjöf.

Tilskipunin gerir ráð fyrir samþættingu í stjórn vatnamála og að fjallað verði um málefni vatns heilstætt innan vatnasviða. Þannig tekur tilskipunin til verndar á vatni og vistkerfum í vötnum og vistkerfum sem tengjast vötnum þ.m.t. til sjálfbærrar nýtingar á vatni með verndarsjónarmið að leiðarljósi, dómfordæmi er í svokölluðum

9. Engar rannsóknir hafa farið fram á hvaða áhrif virkjun Svartár hefur á Bleikjustofninn sem er í ofanverðu Skjálfafljóti og nýtir þá næringu sem núna kemur frá Svartá.

10. Stór hrygningasvæði urriða verða eyðilögð.

Í ljósi alls þess sem hér er rakið fer ég þess á leit að Skipulagsstofnun hafni öllum áætlunum um Svartárvirkjun í Bárðardal.

Virðingarfyllt

Páll Ísleifur Jónsson

1606684829

Klettaborg 3

600 Akureyri .

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:59
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0586-Framsend athugasemd Sigurlaugar Jónsdóttur

From: sigur@visindi.is
Sent: 23.10.2017 23:25:51
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Sigurlaugar Jónsdóttur

Ágæti viðtakandi,

undirrituð fer þess á leit við ykkur að virkjun Svartár verði ekki leifð.
.Við þurfum að standa vörð um óspilta náttúru landsins sem er einstök,
ómetaleg og ætluð þeim sem erfa landið. Vatnsfallsvirkjanir eru óafturkræf
náttúruspjöll, það vitum við öll. Gerum ekki fleiri mistök, stöndum saman
horfum til framtíðar, það eru fleiri kostir í stöðunni.

baráttukveðjur, Sigurlaug Jónsdóttir kt:061059-6289

Skipulagsstofnun

Reykjavík, 23. október 2017

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar virkjunar Svartár í Bárðardal.

Undirritaður óskar eftir því að neðangreind atriði verði tekin til efnislegrar umfjöllunar við mat á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar. Vísað er til auglýsingar Skipulagsstofnunar þar sem fram kemur að kynningartími sé til 23. október 2017.

Fyrir liggur að lífríkið við Svartá og Suðurá í Bárðardal er að mörgu leyti einstakt á heimsvísu. Suðurá sprettur úr lindum undan Ódáðahrauni, rennur um gróna hólma og gljúfur uns hún sameinst Svartá sem rennur úr Svartárvatni. Rennur áin sem Svartá uns hún sameinst loks Skjálfandafljóti fyrir neðan Bjarnastaði. Vatnakerfi Svartár of Suðurár er að mörgu leiti keimlíkt vatnakerfi Mývatns og Laxár, eru búsvæði sömu og áþekkra tegunda, bæði í straumvatninu sjálfu og því fugla- og gróðurlífi sem umhverfis er. Þetta er einstakt lífríki á heimsvísu sem ber að veita sambærilega friðun og þeirri sem Laxá og Mývatn njóta. Það væri ósvinna að skemma þetta vatnasvið og landslagsheild áður en til þess kemur að sett verða sérstök lög um friðun Svartár.

Af lestri matsskýrslunnar má dæma að áhrifin séu að verulegu leiti neikvæð og þau takmörkuðu jákvæðu áhrif sem tiltekin eru tímabundin.

Áhrif á fuglalíf

Í sérfræðiskýrslum um áhrif á fuglalíf (Náttúrustofa Norðausturlands) sem fylgja mati á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar kemur eftirfarandi fram m.a. fram:

„Á heildina litið er verndargildi vatnasviðs Svartár og Suðurár því mjög mikið hvað fuglalíf varðar. Áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar er órjúfanlegur hluti af þeirri heild.“

„Áhrif virkjunar munu verða neikvæð fyrir straumendur á vatnasviði Svartár og Suðurár.“

„Við athuganir sumarið 2012 sáust 25 tegundir fugla og af þeim voru 22 taldar líklegar varptegundir. Af þessum tegundum eru þrjár (húsönd, straumönd og fálki) sem teljast viðkvæmar fyrir því raski sem fyrirhuguð framkvæmd mun valda (2. tafla).“

„Framkvæmdirnar munu hafa áhrif á fugla með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða truflun sem fuglar getað orðið fyrir þegar unnið er að uppsetningu mannvirkja. Þau áhrif munu standa yfir í skamman tíma og ættu ekki að hafa langtíma áhrif á fuglalíf svæðisins. Hins vegar er það breyting á búsvæðum sem verður við það að megnið af vatninu í Svartá er tekið úr farveginum á 3 – 3,5 km kafla. NNA-1502 Fuglalíf, gróðurfar og jarðfræði við Svartá í Bárðardal 17 Þetta veldur langtímabreytingu á fuglalífi þar sem tegundir sem háðar eru ánni missa hluta búsvæðis síns. Ekki er talið að framkvæmdin verði til bóta fyrir nokkra tegund en um það er þó erfitt að fullyrða þar sem ekki er ljóst hver framvindan verður á þeim svæðum árinna sem þorna. Hér að neðan eru taldar upp þær tegundir sem sáust á rannsóknasvæðinu við athuganir og gert grein fyrir þeim áhrifum sem framkvæmdir eru taldar hafa á þær.“

„Fyrirhuguð virkjun er því talin geta haft neikvæð áhrif stofnstærð húsanda á vatnasviði Svartár og Suðurár og um leið á landsvísu“

Augljóst er á fyrirliggjandi gögnum að verndargildi Svartár og Suðurár er mjög mikið. Svartárvirkjun mun hafa afgerandi neikvæð áhrif á fuglalífið og valda langtíma breytingum til hins verra þar sem tegundir sem háðar eru ánni missa búsvæði sín, t.d. húsöndin sem á griðarstaði við Laxá og Svartá og ber Ísland alþjóðlega ábyrgð á verndun húsandarstofnsins.

Áhrif á fiskgengd og veiði

Samkvæmt fyrirliggjandi sérfræðiskýrslum frá Veiðimálastofnun og Hafrannsóknarstofnun verður stórfelld röskun á fiskgengd í Svartá þar sem svæðin sitt hvoru megin við virkjuna verða aðskilin með mannvirkjum. Ekki er í frummatsskýrslu Verkís fjallað um áhrif þess á fiskgengd að aðskilja efri hluta Svartár frá Skjálfandafljóti.

Geta árinna til að bera framburð og viðhalda lífvænlegu umhverfi fyrir fisk verður stórskert. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að ekki virðist fjallað neitt

um möguleg óhöpp eða vanefndir á fyrirætlunum um stöðugt vatnsrennsli í Svartá eftir virkjun. Rennlisstýring í hálfuppþornuðum árfarvegum er ákaflega vandmeðfarin, eigi að nást árangur í viðhaldi vistkerfa. Eitt óhapp eða vanefndir á einu sumri sem þurrka upp vatnsfarveg í eitt skipti geta breytt öllu til frambúðar. Horfa þarf til annarra sambærilegra virkjana og ekki síst þeirra sem sömu framkvæmdaraðilar hafa staðið að. Nærtækt er að horfa til virkjunar við Kvíslarhól á Tjörnesi, sem sömu eigendur standa að baki að hluta. Þar hafa vanefndir orðið og stórfelldar breytingar á framkvæmd með neikvæðum áhrifum á lífríki árinna sem ekki var fjallað um við leyfisveitingarferlið.

Áhrif á gróðurfar og ásýnd lands

Augljóst er að neikvæð áhrif Svartárvirkjunar á gróðurfar verða tölverð. Rask á gróðurlendum af ýmstu tagi mun hljótast af framkvæmdinni.

Bent skal á að fram kemur í umfjöllun Náttúrufræðistofnunar að áhrif á gróðurfar af lögn línu- eða strengs hafa ekki verið metin. Auk þess að meta minjar, landslag og gróðurfar þarf að meta áhrif jarðstrengs á gróðurfar á lagnaleiðinni. Í sérfræðiskýrslu kemur það fram að Náttúrufræðistofnun hefur ekki verið beðin um það og því er engin úttekt gerð. Slík úttekt hlýtur að vera ein af forsendum matsins á línuleiðinni.

Í sérfræðiskýrslu kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Ef horft er beinlínis á hagsmuni ferðaþjónustunnar og ferðamanna virðist sem fyrst og fremst sé um tap að ræða vegna vegna tilkomu virkjunarinnar. Það sem dregur ferðamenn á svæðið er samkvæmt viðtölum náttúran á svæðinu og mannvistarlandslag sem einkennist af hefðbundnum landbúnaði. Virkjunin fellur ekki að þeirri mynd.“

Hafa ber í huga að fyrirhugað lónstæði og flutningslínur eru á mörkum hálendislínu þar sem töliverður straumur ferðamanna fer um. Steinsnar frá lónstæðinu er Aldeyjarfoss sem dregur að sér ferðamenn allan ársins hring. Uppistöðulón og háspennulínur munu hafa veruleg neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna sem koma ofanaf eða ætla sér yfir Sprengisand. Virkjunin mun skerða þessa einstöku hálendisvin sem ætti frekar að tengja að hluta hálendisþjóðgarði og gera ferðafólki kleift að njóta betur einstakrar náttúru á svæðinu.

Ferðamennska er nú ein helsta tekjulind Íslendinga og líklegt að svo verði áfram. Það væri því glapræði að fórna þessu svæði fyrir smáa vatnsaflsvirkjun. Ekki er sérstök þörf á rafmagninu fyrir nærsamfélagið eða raforkukerfið. Framkvæmdin lítur eingöngu að því að skapa eigendum Svartárvirkjunar gróða. Fórarkostnaðurinn á náttúru landsins er ekki metinn.

Skarphéðinn Halldórsson

Reynimel 80

107 Reykjavík

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 08:59
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0588-Framsending athugasemd Sólveigar Illugadóttur.

From: Sólveig Illugadóttir
Sent: 23.10.2017 11:49:49
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Sólveigar Illugadóttur.

Ég undirrituð mótmæli fyrirhugaðri virkjun í Svartá í Bárðardal.

Virkjunin mun valda miklum náttúruspjöllum ásamt skaða á lífríki fyrir andfugla.

Virðingarfyllt

Sólveig Illugadóttir

Sólgörðum

Mývatnssveit

k.t. 2107392389

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 09:00
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0589-Framsend athugasemd Gróu Maríu Böðvarsdóttur

From: Steindor Fridriksson
Sent: 23.10.2017 21:41:45
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Gróu Maríu Böðvarsdóttur

Berist til Skipulagsstofnunar
Vegna fyrirhugaðrar Svartárvirkjunar Bárðardal.

Undirrituð kemur hér með á framfæri mótmælun við fyrirhugaða Svartárvirkjun í Bárðardal.
Tel ég hana mikla og óendurkræfa ógn fyrir lífríki og þá einstöku náttúru sem fyrirhugað er að fórna með tilurð þessarar virkjunar.
Þarna er einstakar uppeldisstöðvar margra fugla sem við þetta missa sitt tangarhald í tilverunni með ófyrirséðum afleiðingum.
Einstakri nátturu fórnað, það verður aldrei hægt að réttlæta þær gjörðir.

Með vinsemd og virðingu

Gróa María Böðvarsdóttir. Kt 1906623149
Silfurgötu 2
400 Ísafjörður
Sent from my iPad

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 09:00
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0590-Framsend athugasemd Sæmundar Ara Halldórssonar

From: Sæmundur Ari Halldórsson
Sent: 23.10.2017 21:21:29
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Sæmundar Ara Halldórssonar

Gott kvöld,

Langar að koma á framfæri athugasemd vegna frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar virkjunar Svartár í Bárðardal.

Í upphafi Nútíma, fyrir um 10-11 þúsund árum, runnu um Bárðardal afar víðáttumikil basalt hraunlög sem rekja má stóran hluta dalsins. Hraunin sem fylla Bárðardal eru a.m.k. þrjú og er Kinnarhraun þeirra elst, en það er eitt lengsta hraun landsins. Yngstu hraunin, sem kallast einu nafni Bárðardalshraun, eru líklegast tvö. Bergfræðilega eiga Bárðardalshraun margt sameiginlegt með Tungnaárhraunum sem runnið hafa frá Veiðivatnasveim Bárðarbungu-kerfisins á Nútíma. Sýnt hefur verið fram á, m.a. í nýlegri meistararitgerð Sigríðar Ingu Svavarsdóttir, að Bárðardalshraunin tvö sem og Kinnarhraun eiga uppruna sinn að rekja til eldstöðvakerfis Bárðarbungu. Í þessu ljósi m.a., eru Bárðardalshraun afar merkileg fyrir gossögu Bárðarbungu-kerfisins og norðurgosbeltisins alls. Þau eru líklega elstu Nútímahraun þessa kerfis ásamt því að efnasamsetning þeirra er ein sú frumstæðasta sem um getur meðal Nútímahrauna er finnast í námunda við íslenska möttulstrókinn, hina djúpstæðu uppsprettu landsins sem finna má undir miðju þess.

Frá jarðfræðilegu sjónarmiði er verndargildi Bárðardalshrauna því ótvírætt að álitu undirritaðs. Fyrirhuguð virkjun Svartár í Bárðardal kæmi til með að kaffæra umtalsverðan hluta eldra Bárðardalshrauns og rýra þannig vísindalegt gildi þess stórlega, og er það afar miður. Það er einnig mat undirritaðs að alltof algengt er að horft sé framhá merkum gosminjum sambærilegum þeim sem finnast í Bárðardal, við gerð frum mats sem þessa.

Virðingarfyllst,

Sæmundur Ari Halldórsson, Ph.D.
Fræðimaður
Norræna Eldfjallasetrið
Jarðvísindastofun HÍ
Askja, Sturlugata 7

Heimildir:

- Árni Hjartarson, 2004, Hraunin í Bárðardal. Náttúrufræðingurinn 72 (3-4), bls. 155-163.
- Sigríður Inga Svavarsdóttir, 2017, Geochemistry and petrology of Holocene lavas in the Bárðardalur region and their association with the Bárðarbunga volcanic system, Master's thesis, Faculty of Earth Sciences, University of Iceland, pp. 130.

Reykjavík 23.október 2017

Til þess er málið varðar

Mig langar að rita fáein orð til að andmæla fyrirætlunum um að virkja í Svartá. Tel ég svæðið muni bera varanlegt tjón af slíkum fyrirætlunum. Búsvæði fiska, fugla og fleiri dýra muni raskast. Aukinheldur tel ég að svæðið muni raskast töluvert þegar hugað er að útivist og sjálfbærri veiði. Heildarásýnd svæðisins muni bera varanlegt tjón.

Tel ég að íslenska náttúru eigi að vernda og jafnframt tel ég að meginástæður þess að ferðamenn komi til landsins sé til þess að njóta óspilltrar náttúru landsins. Ég veit sem er að ég sjálfur eyði mikum tíma á ferðalögum um merkur og holt og vil ég halda í þá einstöku náttúrufegurð og fjölbreytileika sem þar gefur að líta. Ég veit sem er að ég sæki andargift, tilfinningaró og endurnæringu í náttúru landins. Röskum ekki slíku sjónarspili og á svæðinu má finna. Ljúfir tónar fyrir sál okkar allra.

Tel ég að framkvæmd af þessum toga sé skammgóður vermir – frekari eigi að skoða uppbyggingu á öðrum sviðum eins og á ferðaþjónustu. Náttúran er okkar sameign og tel ég að virkjarnir hafi jú sína kosti en út frá umhverfissjónarmiðum og þeim skaða á viðkvæmum vistkerfum skuli ekki virkja til að virkja og koma einhverjum fáeinum aurum í vasa einhverra sökum raforkusölu.

Ég vil ekki fórna landsvæði sem þessu undir virkjun. Náttúran á að fá að vera í lífa sínu lífi í friði og ró enda vil ég get séð Fjallamjólkina hans Kjarvals og þetta listaverk í náttúrunni sem Stóratungusvæðið er fyrir mér og er fyrir svo marga aðra og ekki skulum við láta ótaldar komandi kynslóðir.

Virðingarfyllst

Sævar Ólafsson

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 09:01
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0592-Framsend athugasemd Tryggva Guðmundssonar

From: Tryggvi Guðmundsson
Sent: 23.10.2017 19:41:43
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Tryggva Guðmundssonar

Það er ekki hægt að reyna að bjóða útlendingum í ósnortna náttúru og eyðileggja náttúruna á sama tíma.

Það er líka þekkt að með því að sökkva gróðri mun kvikasilfur og metan myndast og getur haft virkilega vond áhrif á lífríkið í vatninu.

Það er ekki þörf á fleiri virkjunum. Við erum með yfirdrifið nóg rafmagn.

Tryggvi

Reykjavík, 23. október 2017

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar í Bárðardal

Sjálfbær þróun vísar til þróunar þar sem horfið er frá áherslu á skammtímaefnahagslegan ávinning og í staðinn litið til lengri tíma og reynt að ná jafnvægi milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta.

Undirrituð gerir ýmsar athugasemdir við frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar í Bárðardal, sér í lagi er gerð athugasemd við fyrirætlanirnar á þeim forsendum að þær eru dæmi um ósjálfbæra þróun: Gerð er grein fyrir helstu athugasemdum mínum við skýrsluna hér að neðan og um leið er þess óskað að Skipulagsstofnun hafni fyrirhuguðum áætlunum um Svartárvirkjun í Bárðardal:

Fyrirætlanir um Svartárvirkjum ganga gegn því að í Bárðardal verði líffræðilegri fjölbreytni og heilbrigði vistkerfa viðhaldið

Með virkjunaráformum er um að ræða óafturkræfa röskun svæða sem heyra undir sérstaka vernd eins og votlendi og nútímahraun.

Vanmat landslags á svæðinu og gildi þess fyrir fjölbreytileika, upplifun og verndargildi

Fullyrt er í frummatsskýrslunni að landslagið á svæðinu hafi miðlungs gildi fyrir fjölbreytileika, upplifun og verndargildi. Dreg ég þessa fullyrðingu og matið sem hún byggir á í efa. Ekki hafa verið unnar nægilegar rannsóknir til að fullyrða á þennan veg. Náttúran, vistkerfið, hraunin, vatnasvæðið, silungurinn, fuglalífið, menningarminjar osfrv. ætti að fá að njóta vafans, sem þau gera ekki skv. þessum fyrirætlunum. Þá koma mannvirki virkjunar til með að draga úr upplifunargildi landslagsins með tilliti til náttúrulegrar ásýndar.

Gengið er á sérkenni svæðisins

Í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er kveðið á um að við orkuvinnslu á svæðinu **skuli** taka skal tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða. Þess skuli gætt að framkvæmdir gangi ekki á sérkenni þess. Fyrirætlanirnar ganga þvert gegn aðalskipulagi hvað þetta varðar. Á framkvæmdasvæðinu eru m.a. merkileg hraun og minjar og verður þeim raskað á óafturkræfan hátt gangi Svartárvirkjunaráform eftir. Þá verður merkilegum menningarminjum sem heyra undir sérstaka vernd, raskað gangi virkjanaáætlanir eftir.

Áformin stangast á við lög um náttúruvernd

Áform um Svartárvirkjun stangast á við Lög um náttúruvernd. Í 3. gr. náttúruverndarlaga segir að stefnt skuli að því að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis, vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er, og standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Með virkjunaráformum er gengið á óbyggð víðerni á óafturkræfan hátt í stað þess að vernda þau.

Fyrirætlanir um Svartárvirkjum ganga gegn því að í Bárðardal verði stuðlað að langtíma

efnahagslegum ábata, sem gæti til dæmis byggt á náttúru- og heilsutengdri ferðaþjónustu. Eins og fram kemur í fyrirbyggjandi gögnum að baki frummatsskýrslunni yrðu samfélagsleg áhrif Svartárvirkjunar verulega neikvæð í ljósi þess að möguleikar byggðarlagsins og nærsamfélags til uppbyggingar á náttúrutengdri ferðaþjónustu yrði fórn að fyrir ágóða fátta.

Varanleg og verulega neikvæð áhrif á staðaranda og ferðaþjónustu – þvert á markmið

Aðalskipulags og Landsskipulagsstefnu. Virkjanaáætlanir ganga þvert á markmið Aðalskipulags Þingeyjarsveitar og Landsskipulagsstefnu um að efla staðaranda og ferðaþjónustu. Í Landsskipulagsstefnu kemur fram að: "*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu.*" ... "*Við skipulagsgerð er í auknum mæli unnið með sams konar hugmyndir um samkeppnishæfni svæða. Þá er almennt horft til þess hvernig byggja má á sérkennum og staðaranda viðkomandi staðar.*"

Með Svartárvirkjun er aftur á móti áformað að ganga á sérkenni svæðisins, sem felast m.a. í ósnortinni náttúru, merkilegum nútímahraunum, fuglalífi og menningarlandslagi.

Áhrif á ferðamennsku og útivist eru að mínu mati verulega neikvæð en ekki talsvert neikvæð eins og fram kemur í frummatsskýrslunni. Framkvæmdirnar takmarka framtíðarmöguleika svæðisins til að þróa náttúrutengda ferðaþjónustu. Áformin ganga gegn aðalskipulagi Þingeyjarsveitar og markmiðum Landsskipulagsstefnu um sjálfbæra þróun og eflingu staðaranda og sjálfbærrar ferðaþjónustu.

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar kemur meðal annars fram eftirfarandi:

*Þingeyjarsveit mun á sviði ferðamála leggja áherslu á að efla hefðbundna ferðaþjónustu og nýsköpun í jarðferðaþjónustu (geo-túrisma) *...Tækifæri til uppbyggingar heilsutengdrar ferðaþjónustu eru einnig til staðar þar sem vegna ómetanlegrar þekking á jurtum og lækningarmætti þeirra. Stefnan er að efla og þróa allar greinar ferðaþjónustu í sveitarfélaginu öllu. Sérstök tækifæri í jarðferðaþjónustu eru á hálendinu og óbyggðum svæðum ... m.a. gönguferðir þar sem ferðamenn eru í fylgd leiðsögufólks með sérþekkingu á svæðinu og fá fræðslu um jarðfræði, landfræði, náttúrufræði, líffræði, sögu og menningu svæðisins svo dæmi séu tekin. Þegar hefur vísir af þess konar fræðatengdri jarðferðaþjónustu litið dagsins ljós í tengslum við Svartárvirkjun náttúru í Bárðardal."*

Að ofansögðu má ljóst vera að **virkjanaáformin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða og almenna stefnumörkun stjórnvalda í skipulagsmálum**, en í skipulagslögum kemur fram að sveitarfélög eigi að taka mið af Landsskipulagsstefnunni við skipulagsgerð og samkvæmt þingsályktun eiga sveitarfélögin að útfæra stefnuna í skipulagstillögum sínum. Ef gerð verður breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar vegna Svartárvirkjunar, sem er forsenda þess að áform um Svartárvirkjun geti gengið eftir, þarf Þingeyjarsveit að ganga þvert á skipulagsstefnu sveitar og ríkis.

Ólíkt því sem haldið er fram í frummatsskýrslu þá falla **fyrirhuguð mannvirki ekki að landbúnaðarlandslaginu sem fyrir er**. Að mínu mati er hér miklu fremur um það að ræða að mynda algert rof í samhengi menningarlandslags og staðaranda, sem stangast á við markmið á bæði Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar og Landsskipulagsstefnu, sem kveða á um að eflingu staðaranda. Unnið verður gegn sérkennum og staðaranda með fyrirhugaðri virkjun. Áhrifin eru ekki staðbundin við framkvæmdasvæði virkjanarinnar heldur ná þau yfir dalinn allan og hafa neikvæð áhrif á upplifun af þessu ósnorta svæði er fléttast í eina heild með jökul- og lindám, vötnum, hrauna- og heiðalandslagi og sveitabyggð Bárðardals.

Gerð er athugasemd við að án frekari rökstuðnings er því haldið fram í frummatsskýrslu að mannvirkin falli að mörgu leyti að landbúnaðarlandslaginu sem fyrir er.

Landbúnaðarlandslag Bárðardals tengist starfsemi og lífi í dalnum og er því jafnframt hluti af menningarlandslagi og staðaranda dalsins. Mannvirkin í dalnum hafa verið reist vegna búsetu og starfsemi í dalnum og eru samgróin henni og lífinu í Bárðardal. Fyrirhuguð mannvirki virkjunar hafa hins vegar engin tengsl við landbúnaðarlandslagið og styðja ekki við það. Öll orka frá fyrirhugaðri virkjun fer til nýtingar utan Bárðardals og virkjunin er ekki tilkomin vegna óska, væntinga eða þarfa íbúa í dalnum. Þannig hafa mannvirki virkjunarinnar engin merkingabær tengsl við landbúnað eða aðra starfsemi í dalnum og falla því alls ekki að landbúnaðarlandslaginu. Að því er virðist er hins vegar verið að fórna miklum verðmætum vegna áætlana sem byggja á utanaðkomandi hagsmunum og sem eru alls ótengd landbúnaðar- og menningarlandslagi í Bárðardal.

Gerð er athugasemd við að meta samfélagsleg áhrif sem óveruleg til nokkuð jákvæð.

Að baki virkjanaáformum virðast markmið um skammtímaefnahagslegan ávinning ráða för í stað þess að litið sé til lengri tíma og stærra samfélagslegs samhengis. Er skammtímaefnahagslegur ávinningur metinn í frummatsskýrslunni sem tímabundin jákvæð samfélagsleg áhrif. Að mínu mati er útlit fyrir að fyrirætlanir um Svartárvirkjum hafi verulega neikvæð áhrif á samfélagið, þau skipa fólki í fylkingar, og eru ekki til þess fallin að auka lífsgæði, byggja upp hæfni, þekkingu og/eða reynslu. Þá byggja fyrirætlanirnar ekki undir mikilvægi og fjölbreytni menningar og menningararfs í Bárðardal, sem er samofinn staðaranda og byggðasögu. Áhrif af virkjanaráformum eru miklu fremur líkleg til að skerða menningarlegan og samfélagslegan auð fremur en að efla hann.

Áætlanirnar byggja ekki á þátttöku og rödd íbúa og ábúenda í Bárðardal. Áætlunin er ekki unnin í samstarfi við íbúa Bárðardals og byggir ekki á samtali og þátttöku íbúa í dalnum eða sýn þeirra um mótun framtíðar. Hins vegar er öllum almenningi boðið upp á að gera athugasemd við rúmlega hundrað síðna skýrslu verkfræðistofu, þeirri sömu og kemur til með að vinna við framkvæmdirnar ef af verður. Þetta ferli er mjög í andstöðu við þá tegund ferla sem áhersla er lögð á í tengslum við sjálfbæra þróun, en sjálfbærni og sjálfbær ferli fela í sér að virkja rödd fólks og gefa þeim færi á að hafa áhrif á mótun umhverfis síns, m.a. með því að virkja sköpunarkraft og lýðræðislega umræðu.

Ögn við tækifærin í Bárðardal. Í Bárðardal eru mikil tækifæri en með fyrirhuguðum virkjunaráætlunum er að mörgu leyti verið að rýra þau á óafturkræfan hátt. Með þekkingu og virðingu fyrir umhverfinu sem gengið hefur mann fram af manni og frá kynslóð til kynslóðar, hafa ábúendur í Bárðardal gegnum aldinar haft áhrif á þróun búsetu og nýtingu auðæfa í dalnum og um leið verið góðir gestgjafar þeirra sem hafa átt leið eiga um dalinn. Í því liggur félags- og menningarlegur arfur sem fléttast saman við ósnortin og einstök umhverfisleg verðmæti sem að mínu mati er verið að gera lítið úr og vinna gegn með fyrirhuguðum virkjunaráætlunum.

Virðingarfyllst,

Anna María Bogadóttir

Menningarfræðingur og arkitekt FAÍ
Meðeigandi jarðarinnar Sunnuhvols í Bárðardal

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 09:04
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0598-Framsend athugasemdir Gunnlaugs Friðriks Gunnlaugssonar

From: Gunnlaugur Friðrik Friðriksson
Sent: 23.10.2017 17:31:35
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemdir Gunnlaugs Friðriks Gunnlaugssonar

Sæl

Sem ábúandi og jarðeigandi í fimmta ættlið á landi Sunnuhvals í Bárðardal þá setur virkjun Svartár mínar framtíðaráætlanir varðandi búsetu og starfsemi í dalnum í uppnám. Framtíð fyrir búsetu í dalnum byggir á þeim náttúruverðmætum sem hann hefur upp á að bjóða og er Svartá mjög veigamikill þáttur í þeirri heildarmynd svæðisins. Síðan ég tók við jörðinni hef ég unnið mikið í uppbyggingu hennar með það að markmiði að byggja upp þjónustustarfsemi sem byggir á þeim einstöku verðmætum sem svæðið býður upp á. Vegna nálægðar við virkjunina og þess skaða sem hún myndi hafa á náttúru, umhverfi, dýralífi, nyhraun, menningu, ferðamenskuna og svo framvegis, þá mun virkjunin draga verulega úr möguleikum mínum á að byggja upp þá starfsemi sem ég hefði hug á og dreymir um.

Það er mikilvægt að benda á það að áætlunin um virkjunina hefur valdið mjög sárum klofningi í sveitarfélaginu og það er mikilvægt að meta það í heildarmatinu því átök af þessu tagi veikja samfélagið og þar með búsetuskilyrði til framtíðar.

Ég tel að skýrslan dragi mjög úr þeim neikvæðu áhrifum sem virkjunin hefur á alla þættina hér að ofan. Því er yfirvöldum ekki stætt á að heimila virkjunina og frekari framkvæmdir henni tengdar.

Gunnlaugur Friðrik Friðriksson
Sunnuhvoli
Bárðardal



Virus-free. www.avast.com

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við skýrslu SSB Orku og VERKÍS, ágúst 2017: Svartárvirkjun, allt að 9,8 mW / Frummatsskýrsla / Mat á umhverfisáhrifum.

Ég mótmæli harðlega hugmyndum um virkjun Svartár í Bárðardal.

Með því að vísa til meðfylgjandi athugasemda Fuglaverndar frá 20. Október 2017, til greinar Ólafs K. Nielsen í Skarp “Vaknið Þingeyingar, vaknið!” 19. Október 2017, og til greinargerðar Árna Einarssonar Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn “Svartá og Suðurá í Bárðardal – Greinargerð” 31. Mars 2017, sem einkum taka til náttúru og lífríkis á svæðinu, fullyrði ég að með virkjunaráformum er um aðför að landinu og náttúrunni að ræða. Með því að vísa til greinar Viðars Hreinssonar “Verndun Svartár/Suðurár” og greinar Börre Skodvin “The Value of Nature” 9. Apríl 2017, sem einkum fjalla um samspil ferðamennsku, mannlífs, menningar, mennta og náttúru, fullyrði ég að með virkjun er ekki um bestu lausn að ræða fyrir svæðið. Heldur ræður hér för græðgi fárra manna, skammsýni þeirra og skortur á hugmyndaauðgi sé horft til þróunar og tækifæra svæðisins. Ég geri ofangreint efni og athugasemdir að mínum, tek undir þær.

Ég tel fullsýnt að framkvæmdin myndi hafa verulega neikvæð og óafturkræf áhrif á umhverfi, lífríki og þróun svæðisins. Þetta má nú þegar lesa úr skýrslunni, sérlega með því að fylla í eyðurnar. Og að auki er nauðsynlegt að færa sig ofar í skalann, sem lýst er á bls 33 , höfuðreglan í skýrslunni er nefnilega að draga úr. Það skapast stór hætta á slíku vanmati á neikvæðum áhrifum þegar framkvæmdaaðilinn og líklegir verktakar sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta, halda utan um skýrslugerðina. Óvissa ríkir nefnilega um margt og litlar tilraunir eru gerðar til að varpa ljósi á hugsanlegar afleiðingar framkvæmda á náttúruna, meðal annars vegna umferðar, vatnsstöðu, rennslis, krapa, frosta, sveiflna í rennslis, skolunar o.s.frv..

Gera verður því kröfu á frekari rannsóknir á lífríkinu og nærlandi árinna og afleiðingum virkjanaframkvæmda. Ennfremur skortir á skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í skýrslunni, margt er því á reiki en almennt er í ályktunum og orðalagi dregið úr neikvæðum áhrifum. Skýrslur sem þessi eru plagg framkvæmdaaðila. Það er lagst í sókn gegn landinu en enginn skipaður verjandinn. Hallur leikur milli auðmagns annars vegar og krafta og takmarkaðs frítíma okkar hinna til að leggjast í vörn er það sem er í boði. Skipulagsstofnun fer með dómsvaldið, henni er ætlað að sjá brestina og á það er treyst.

Ég nefni aðeins örfá dæmi um þá mörgu vankanta sem finna má á skýrslunni.

Það er mjög vafasamt að tryggt verði nægjanlegt rennslis neðan virkjunar svo botndýralíf, skordýralíf og gróður megi viðhaldast. Þar með er líka óvíst um áframhaldandi fiskgengd. Óvissa ríkir hér um flest, s.s. áhrif á smádyr, gróður, fugla, fisk.

Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar frá júní 2016 um tillögu SSBOrku um matsáætlun segir þetta: “4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvert lágmarksrennslis Svartár á virkjuðum kafla þarf að vera til að lífríki árinna verði ekki fyrir varanlegum skaða. Jafnframt þarf að koma fram á hverju það mat byggist og hvernig verður tryggt að það rennslis verði alltaf til staðar.

Jafnframt þarf að greina frá áhrifum minnkaðs rennslis á vatnafar við hólma Svartár og hvernig verður tryggt að þeir verði umflotnir vatni að loknum framkvæmdum.”
Um þetta ríkir óvissa og óvissa er óviðunandi svar.

Um margt jaðrar við ósvífní í skýrslunni.

Á bls í kafla 5. er t.d. boðið upp á samlíkingu milli Svartár neðan stíflu og Elliðaáa. Síndar eru myndir af Elliðaám (með meðalrennsli 4,9 m³/sek) þegar rennsli er þar 4,8 m³/sek. Hver trúir því að rennslið verði tæpir 5 rúmmetrar neðan virkjunar, eða nærri fjórðungur meðalrennslis árinna (22 m³/sek)? Þessi samanburður og myndir eru afar villandi og eins myndband, sem birt hefur verið og á að sýna fyrirhugaða virkjun. Leynt og ljóst er reynt að villa um fyrir fólki og draga úr neikvæðum áhrifum.

Lindarkerfin eru sjaldgæf og sérstök á landsvísu og á heimsvísu.

Svartá er mikilvæg fyrir stofna straumandar og húsandar auk fjölda annarra tegunda. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á verndun húsandarstofnsins. Svartásvæðið er í þessu samhengi afar mikilvægt. Straumönd á í vök að verjast á Íslandi og fálki. **Verndargildi svæðisins fyrir húsönd og straumönd ætti eitt að duga til að koma í veg fyrir virkjun.** Með öðrum orðum er ómögulegt að sjá þá miklu almannahagsmuni sem leyfa ættu þessa fórn. Náttúran skal njóta vafans.

Viðar Hreinsson fjallar um svæðið í víðu samhengi, samhengi náttúru og menningar og hugmyndir og verkefni um þróun búsetu og uppbyggingu náttúru- og menningar- og menntatengdrar ferðamennsku. Verkefni hefur verið í gangi um nokkra hríð í Svartáarkoti. Börre er inni á sömu línu, líka hann fór með háskólanema á svæðið. Börre tengir ferðamenskuna á skarpan hátt sögu sildarstofnsins í Norður-Atlantshafi og örlögum hans. Bæði Viðar og Börre sýna að svæðið hefur mikla möguleika til aukinnar starfsemi, þróunar og tekna í sátt við náttúruna. En forsendan er óspillt náttúran!
Það þarf að horfa á hlutina í samhengi og meta þá að verðleikum.

Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar frá júní 2016 um tillögu SSB Orku um matsáætlun segir:
“2. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á nærsamfélag og orkukerfi. Þá þarf í frummatsskýrslu að leggja mat á núllkost með tilliti til áhrifa á nærsamfélag auk annarra umhverfisþátta sem matið tekur á.”

Í skýrslunni er til dæmis ekki fjallað um þau verkefni sem í gangi eru kringum náttúru-, menningar- og menntatengda ferðamennsku á svæðinu. Núllkosti eru ekki gerð nægileg skil.

Svartá og umhverfi hennar tilheyra jaðarsvæði hálendisins og ættu með réttu að heyra undir hálendisþjóðgarð með tilheyrandi vernd. Óspillt náttúran hefur gildi, sem hún sörguð hefur ekki. Einungis með friðun og varfærni verður það tryggt að byggð og ferðamennska á þessum slóðum og náttúran geti þróast með eðlilegum hætti. Þessum þætti eru gerð óviðunandi skil í skýrslunni.

Það er gjarna í skýrslunni talað um trú manna, sem hafa náttúruverndarsjónarmið að leiðarljósi á meðan um álit annarra er að ræða. Markvisst er reynt að gera náttúruverndarsjónarmið tortryggileg. Það er margsýnt, og kannanir sem nefndar eru í skýrslunni styðja þetta líka, að ferðafólk sækist eftir að upplifa óspillta náttúruna. Þeir ferðaðþjónustuaðilar sem fullyrða að virkjun muni ekki skaða starfsemi þeirra þurfa ekki að hafa neitt á bak við sig til að orð þeirra hljómi með fullum þunga og séu birt eins og staðreyndir í skýrslutexta. Hvers vegna?

Skrifað stendur á bls 130: “Þá munu framkvæmdirnar takmarka framtíðarmöguleika svæðisins til að þróa náttúrutengda ferðaþjónustu áfram.” Þetta tel ég verulega neikvætt. Skýrsluhöfundar láta sér nægja að segja: “Áhrifin á þessa hópa ferðamanna og ferðaþjónustuaðila eru bein, varanleg og teljast talsvert neikvæð.” Áhrif virkjunar í Svartá myndi ekki einungis hafa staðbundin neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og ferðamennsku eða útivist; ekki bara veiðimenn hverfa frá ánni heldur eru framtíðarmöguleikar skertir eða ónýtir.

Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar frá júní 2016 um tillögu SSBOrku um matsáætlun segir: “3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig áform um Svartávirksjun falla að flokkun Skjálfafljóts, Fljótshnúksvirksjunar og Hrafnabjargavirksjunar samkvæmt gildandi rammaáætlun og fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að endurskoðaðri rammaáætlun og hvaða mótvægisáðgerða fyrirhugað er að grípa til við hönnun og útfærslu virksjunarinnar vegna þessa.”

Hvar er umfjöllunin um þetta? Þrátt fyrir leit finn ég ekki að þessu séu gerð viðhlítandi skil. Það er sneitt hjá því að fjalla um verndarsjónarmið með Skjálfafljóti, hálendið og Mývatn/Laxá í huga. Ósár Svartár og Svartá eru og verða hluti af vatnasviði Skjálfafljóts. Hér bar að fjalla af alvöru um þann (eina) kost að friða Svartá og allt lindarkerfið í samhengi við hálendið, Skjálfafljót og önnur lindarkerfi. Efnistökin eru því ófullnægjandi.

Ég hef séð gögn sem benda til þess að greinargerð um fornleifar á virksjunarsvæðinu og svæði undir línulögn sé ófullnægjandi. Þetta þarf að athuga betur.

Það eru stórir ágallar á skýrslunni sem ráða þarf bót á. Frekari rannsóknir og bætt skýrsla mun sannfæra fleiri, gerist þess þörf, um að hafna framkvæmdum.

Að öllu þessu sögðu mótmæli ég niðurstöðu skýrslunnar og kemst að þeirri niðurstöðu að umhverfisáhrif Svartávirksjunar yrðu **verulega neikvæð og óafturkræf** og þess vegna **fullkomlega óásættanleg**.

Ég treysti Skipulagsstofnun til að hafna öllum hugmyndum um virksjun Svartár í Bárðardal.

Virðingarfyllst,
Reykjavík 22. Október 2017,

Anna Kjartansdóttir
náttúrufræðingur og læknir

fylgiskjöl:
Athugasemdir Fuglaverndar frá 20. október 2017
Grein Ólafs K. Nielsen í Skarp, Vaknið Þingeyingar, vaknið
Greinargerð Árna Einarssonar, Svartá og Suðurá í Bárðardal
Grein Viðars Hreinssonar, Verndun Svartár/Suðurár
Grein Börre Skodvin, The Value of Nature

Sjá fylgiskjöl 8, 1, 3 og 4
og athugasemdir
Fuglaverndar hér fyrir í
skjalinu.

Skipulagsstofnun
Berist til: Ásdísar Hlakkar Theodórsdóttur - forstjóra,
starfsmanna á sviði umhverfismats og annarra þeirra er málið varðar,
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík.

Reykjavík, 22. október 2017

Efni: Athugasemdir vegna frummatsskýrslu í tengslum við fyrirhugaða Svartárvirkjun í Bárðardal

Við undirrituð lýsum yfir andstöðu við Svartárvirkjun vegna þeirra verulegu umhverfisáhrifa sem virkjunin hefði á þetta einstaka svæði sem má líta á sem eina heild með Mývatnssvæðinu (sjá Arni Einarsson: https://www.dropbox.com/s/9u4vufpx738pmq3/%C3%81rniEinars-2017_Svart%C3%A1_greinarger%C3%B0_mars.doc?dl=0).

Einnig lýsum við yfir fullri andstöðu við strengleiðinni um óspillt land og ekki hvað síst gróna Laxárdalsheiði og land Ljósstaða, en undirritaðar systurnar Áslaug Guðmundsdóttir og Sigríður Guðmundsdóttir erum meðal eigenda að jörðinni Ljósstöðum í Laxárdal í S-Þingeyjarsýslu.

Að öðru leyti tökum við undirrituð undir allt annað sem kemur fram í innsendum og viðamiklum athugasemdum Ármanna við fyrrnefnda frummatsskýrslu.

Við, undirrituð, gerum þá kröfu að Skipulagsstofnun hafni öllum áætlunum um Svartárvirkjun í Bárðardal.

Virðingarfyllst,

Áslaug Guðmundsdóttir – ein af eigendum jarðarinnar Ljósstaða í S-Þing.,
Míðholti 8, 220 Hafnarfirði.

Sigríður Guðmundsdóttir – ein af eigendum jarðarinnar Ljósstaða í S-Þing.,
Honingbijstraat 25,
3061 VZ Rotterdam,
Hollandi.

Guðmundur Sölvi Ásgeirsson
Míðholti 8,
220 Hafnarfirði.

Sjá fylgiskjal 1

Til: Skipulagsstofnunar vegna frummatsskýrslu áætlaðrar virkjunar Svartár í Bárðardal.

Svartá og Suðurá

Ég hef ferðast á hestum um þetta fallega landsvæði, Fljótshéiði, Svartárdal, Suðurrábotna, Mývatnssveit, Laxárdal, Þeistareyki og Reykjadal. Víddir landsins og ósnortin náttúran sem blasir þar við eru meðal þess fegursta sem fyrir finnst á Íslandi, og eru þau það einnig í minningu minni.

Nú liggur fyrir áætlun um Svartárvirkjun í Bárðardal. Slík framkvæmd á þessu svæði myndi óhjákvæmilega leiða til stórfelldra raskana og mikilla skemmda á náttúrumunum, lífríki svæðisins. Áætlað er að virkja Svartá og í því skini byggja stórt uppistöðulón, þurrka upp Ullarfoss, grafa þriggja til fjögurra km holskurð í landið fyrir stóra aðrennslispípu, ásamt 60 km jarðstrengslögn með tilheyrandi framkvæmdavegum yfir heiðar og dali, alla leið til Laxárvirkjunar. Þessi framkvæmd hefur í för með sér langtum víðtækari og óafturkræfari skemmdir á landinu, en flestir geta ímyndað sér.

Framboð raforku er að aukast til mikilla muna á Norðurausturlandi með tilkomu Þeistareykjavirkjunar Landsvirkjunar sem er 100 MW, og af því notar kísilverið á Bakka um 55 MW. Bygging Þeistareykjavirkjunar og nokkurra háspennulína henni tengdar, hefur haft í för með sér umtalverðar náttúruskemmdir á landsvæðinu við Þeistareyki til Bakka og Kröflu, en landsvæðinu má líkja við Þingvelli að margra mati. Samkvæmt gögnum Landsvirkjunar þá eru á Þeistareykjum möguleikar til stækkunar um önnur 100 MW, þegar þess gerist þörf í framtíðinni. Auk þessa hyggst Landsnet leggja nýja línu milli Akureyrar og Hólasands. Þessar framkvæmdir munu tryggja varanlega raforku á Norðurlandi til næstu 70 ára miðað við áætlaða meðaltals aukningu raforkunotkunar í landinu. Raforkuframléiðsla fyrirætlaðrar virkjunar í Svartá er aðeins eitt MW (1 MW!), sem er dropi haf þeirrar raforku, sem framleidd mun verða á næstu árum og áratugum á Norðausturlandi, sem mun fullnægja þörfinni fyrir raforku á svæðinu, næsta mannsaldurinn eins og áður segir.

Það er ekki siðferðilega réttlætanlegt gagnvart okkur, komandi kynslóðum sem og dýra- og jurtalífi landsins, að spilla náttúrunni á því líkann hátt eins og með eyðileggingu Svartár og svæðisins þar um kring.

Samkvæmt fræðigögnum frá, náttúrufræðistofnunum, vísindamönnum, náttúruverndarsamtökum, einstaklingum auk Skipulagsstofnunar (*sjá ið heimildarmenn neðanmáls*) þá eru ýmsar andategundir háðar þessu búsvæði svo sem húsvönd (sem dvelur þar allt árið um kring), straumönd og gulönd (6% íslenska stofns hennar dvelur þar yfir sumarið), allt eru þetta andategundir á válista, sem nota svæðið sér til framdráttar, auk meira en tuttugu annara fugla tegunda, sem að hluta til eru einnig á válista. Auk þess er Svartá og vatnasvæði hennar nauðsynlegt til viðurværis þeim andategundum sem lifa á Mývatni og Laxá, þau ár þegar æti bregst þar í slæmu árferði. Fiskigengd er einnig mikil í ánni, sem og hinn einstaki Svartáurriði, en veiði myndi bregðast þar varanlega, ef til virkjunarinnar kæmi. Stór minnkað rennsli í ánni auk þess sem hlutfall mýrrvatns úr Grjóta sem yrði hlutfallslega meira í því vatni sem áfram rynni um gamla árfarveginn, eins og virkjanaætlanir gera ráð fyrir, auk þess sem veita á krupa og ís í gamla árfarveginn að vetri. Slík stórfeld breyting á, rennsli, vatns gæðum, og hitatigi árinna hlítur að rýra stórlega lífsskilyrði þeirra dýra sem eiga lífsafkomu sína undir ánni. Að rjúfa ána með þessum hætti, leiðir tvímælalaust til stórkostlegrar eyðileggingar lífríkis Svartár.

Erfitt er að trúa því að norðlendingar séu sáttir við, að enn og aftur eigi að rýra náttúru Norðurlands, og að þessi ósnortna náttúruperla í Bárðardal verði seld burt úr landshlutanum fyrir fullt og allt, eins og áætlað er að gera með virkjun Svartár.

Virkjunin er í þágu fárra einstaklinga sem vilja græða á sameiginlegum auðlindum landsmanna, hún er ekki í þágu heildarinnar, fólksins í landinu. Virkjunin er óþörf frá þjóðhagslegu sjónarmiði, og rýrir þann auð sem þjóðinni er dýrmætastur, hún væri óhæfuverk þeirra sem aðila sem að henni stæðu!

Undirritaður hefur lesið athugasemdir við fyrirhugaða Svartárvirkjun frá ýmsum aðilum og virðast þær allar hníga að sama brunni að þessi framkvæmd væri óhæfuverk!

Örn Þorvaldsson er rafiðnaðarmaður og náttúruunnandi.

Heimildarmenn og stuðningsgögn við gerðar þessar greinar voru helst þessar:

Greinargerð, Árna Einarssonar; Svartá og Suðurá - Greinargerð, Viðars Hreinssonar; Verndun Svartár/Suðurár - Greinargerð Börre Skodvin; Value of nature og lokaverkefni stúdenta frá Arkitekta- og hönnunarháskólanum í Osló - Náttúruperla í uppnámi höfundur: Ólafur Karl Nilsen, situr í stjórn Fuglaverndar. Greinin birtist áður í Fuglum 2017 – Upplýsingar af vef Skipulagsstofnunar umhverfismats á Svartárvirkjun í Bárðardal – Upplýsingar um verndarfélag Suðurár og Svartár.

Ps. Ég læt þessar vönduðu greinarnar fylgja hér með, öðrum til upplýsingar!

(Frestur til að skila inn athugasemdum er til 23. Okt. Sendist á skipulag@skipulag.is)

Sjá fylgiskjöl 1, 3, 4, 2 og 9.

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. október 2017

Efni: Athugasemdir Ágústs Arnórssonar hagfræðings (kt. 270329-2619) og Helgu Jónsdóttur prófessors (kt. 180857-3469) vegna frummatsskýrslu Verkís á fyrirhugaðri virkjun Svartár í Bárðardal sem gefin var út í ágústmánuði 2017.

Undirrituð taka undir athugasemdir Viðars Hreinssonar bókmenntafræðings (kt. 031156-2119) og Verndarfélags Svartár og Suðurár um sama efni í öllum meginatriðum. Við teljum nauðsynlegt að ítreka sérstaklega eftirfarandi atriði:

Við teljum að frummatsskýrsla verkfræðistofunnar Verkís geti vart talist uppfylla leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um hnitmiðuð og nákvæm vinnubrögð. Til að mynda er lítið samræmi í hugtakanotkun og meðferð hugtaka ófullnægjandi. Auk þess eru niðurstöður skýrslunnar settar fram án tillits til óvissustigs og samanburðar við niðurstöður úr sambærilegum athugunum. Enn fremur eru tilvísanir í heimildir og aðferðafræði af skorum skammti og sum staðar er það einfaldlega ekki fyrir hendi. Þetta eru dæmi um slæg vinnubrögð.

Mat á efnahags- og samfélagslegum áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar í skýrslunni (sjá kafla 7.1.11) er í skötulíki þar sem engin raunveruleg hagræn greining hefur farið fram. Á bls. 130 í skýrslu Verkís segir: „Áhrif á samfélagið eru talin verða nokkuð jákvæð á framkvæmdatíma vegna aukinna umsvifa en alls er gert ráð fyrir að mest verði 50-60 manns að vinna að framkvæmdunum í einu. Hærra atvinnustig og hærri atvinnutekjur teljast til jákvæðra tímabundinna áhrifa.” Atvinnustig- og tekjur teljast til bókhaldslegra stærða í hagrænum skilningi og hafa ekkert með hagrænan ábata að gera. Sú staðhæfing að áhrifin teljist til jákvæðra tímabundinna áhrifa er því merkingarlaus.

Ágallar á frummatsskýrslu Verkís eru ótalmargir. Athugasemdir okkar beinast ekki síður að viðfangsefni skýrslunnar, fyrirhugaðri virkjun Svartár í Bárðardal. Sú hugmynd er illa grunduð og skammsýn. Virkjun Svartár mun valda óafturkræfum skaða og er alvarleg ógn við lífríki svæðisins og framtíðarmöguleika sveitafélagsins um þróun atvinnuúrræða.

Virðingarfyllst,



Ágúst Arnórsson



Helga Jónsdóttir

Reykjavík 22. október 2017

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

EFNI: ATHUGASEMDIR VEGNA FYRIRHUGAÐRAR VIRKJUNAR Í SVARTÁ Í BÁRÐARDAL

Umsögn og athugasemdir um skýrslu Verkís sem ber titilinn *Svartárvirkjun, allt að 9,8 MW. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla.*

Undirritaður, Ásmundur Kristberg Örnólfsson til heimilis að Háaleitisbraut 20 í Reykjavík, er mótfallinn fyrirhugaðri virkjun í Svartá í Bárðardal. Undirritaður hafnar niðurstöðu framkvæmdaraðila sem birtist í frummatsskýrslu þess efnis að ekki sé talið líklegt að Svartárvirkjun hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Rök undirritaðs snúast meðal annars um áhrif rofs á lífríki Svartár fyrir náttúrufar svæðisins og ímynd náttúru og ferðaþjónustu á Norð-Austurlandi. Við lestur frummatsskýrslu kemur fram verulegur vafi á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og þá skal náttúran njóta vafans, þar sem gjörningurinn yrði ekki og illa leiðréttur.

Náttúrufar. -Það er mat undirritaðs að frummatsskýrsla sé langt frá því fullnægjandi plagg um náttúruáhrif fyrirhugaðrar virkjunar. Aðeins er gefin svipmynd af fuglalífi svæðisins en þörf er á viðameiri athugunum yfir lengra tímabil og um fleiri atriði. Sérstaklega þarf að gæta að áhrifum virkjunar á viðgang húsandar og straumandar, en áhrif fyrirhugaðrar virkjunar nær alþjóðlegum viðmiðum fyrir vernd húsandarinnar.

Sama á við um rannsóknir á urriða og bleikju og mat á áhrifum virkjunar á þá fiskistofna. Viðameiri og lengri rannsóknir á t.d. hrygningu og seiðabúskap og mikilvægi áformaðs virkjanasvæðis fyrir þessar fiskitegundir eru nauðsynlegar. Sýnatökur og mælingar samkvæmt skýrslu Veiðimálastofnunar fóru fram á tímabilinu 30. ágúst – 3. september 2014 (Sjá viðauka 1 með frummatsskýrslu, bls 8). Þá var einnig lagt mat á búsvæði téðra laxfiska. Ekki verður annað fullyrt en að skýrslan gefi knappa mynd af vatnalífi Suðurár og þyrfti rannsóknir yfir lengri tíma til að glöggva sig á mögulegum áhrifum.

Óafturkræft rask verður á votlendi vegna aðrennslisþípu og sjónmengun yrði umtalsverð að dómi undirritaðs, sérstaklega yrði jöfnunarþró áberandi.

Lífríki Svartár frá inntaksstíflu og niður fyrir stöðvarhús. Hæpnar fullyrðingar. -Eftir því sem má lesa úr fylgigögnum skýrslunnar verður ekki komist hjá því að efast stórlega um fullyrðingar skýrsluhöfunda um áhrif virkjunar á lífríki Svartár á þeim kafla sem fyrirhugað er að beisla rennsli

hennar og veita í rör. Gert er ráð fyrir að 4m³/sek renni fram hjá stíflu, samkvæmt fullyrðingum virkjanaaðila og eigi það rennsli að nægja til að skapa fiski farveg og fugli búsvæði. Erfitt er að fallast á þau rök þar sem hæpið er að rennslið eigi eftir að duga ef ís og krupa er veitt í farveginn að vetrarlagi. Þá botnfrýs væntanlega í fraveginum með tilheyrandi skaða fyrir lífríki, svo sem bitmý, fugl og fisk. Sérstaklega er erfitt að sjá fyrir sér öruggt rennsli í mótvægisáðgerðarfarveginum, þann spotta sem er frá stíflu að Grjótá. Þótt rennsli hennar sé aðeins rúmmetri á sekúndu á Grjótá að standa undir ¼ af vatnsrennsli farvegarins fram hjá pípu. Litlu er svarað í frummatsskýrslu um áhrif rofs á lífríki Svartár fyrir lífríki árinna neðan fyrirhugaðs stöðvarhúss. Þessu til viðbótar má geta meðferðar sömu virkjunaraðila (SSB Orku) á Köldukvísl á Tjörnesi, en þar átti rennsli fram hjá stíflu að tryggja búsvæði fisks og annars lífríkis. Á þeim kafla hefur Kaldakvísl stundum þornað upp og sýnir það glögg að fyrirhugaður virkjunaraðili er ekki traustsins verður; vatnið fer frekar í hverfilinn en til hliðar við stíflu ef hagnaðar er von.

Ferðaþjónusta, ímynd náttúru og minjar. -Stór ágalli er á frummatsskýrslu. Engin tilraun er gerð til að meta fórnarkostnað við virkjunina, virkjunarframkvæmdina og línulögn. Hvert er virði ósnortinnar náttúru á virkjunarsvæðinu í milljónum/milljörðum talið? Hver eru bein áhrif á ferðaþjónustu hið næsta virkjunarstað? Hver er hagnaður af virkjun í krónum talið fyrir almenning. Skýrsluhöfundum tekst ekki með góðum rökum að sýna fram á að réttlæt看legt sé að spilla náttúru Svartár. Með þeim hætti er verið að skapa fáeinum arð um leið og tekjur eru hafðar af öðrum. Nægir að nefna veiðibændur í því tilliti.

Flutningur raforku. -Í frummatsskýrslu segir í útdrætti:

“Framleidd orka verður flutt inn á flutningskerfi raforku um 33 kV jarðstreng sem verður að mestu leyti plægður niður. Strengurinn verður annað hvort lagður um 47 km leið frá stöðvarhúsi yfir heiðar að tengivirki Landsnets við Laxá eða um 22 km leið í veghelgunarsvæði norður Bárðardalinn að nýju tengivirki við Kálfborgará.”

Þar sem ekki liggur fyrir hvert skal haldið með lagningu rafstrengs og að hve miklu leyti ofan jarðar eða neðan, er í meira lagi hæpið að hleypa virkjun af stokkunum. Leyfi til lagnarinnar þurfa að liggja fyrir og með hvaða hætti hugsað er að flytja orkuna frá virkjuninni, svo hægt sé að meta áhrif þess verknaðar og hvort hann sé ásættanlegur. Samkvæmt síðustu upplýsingum undirritaðs úr Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, er tengivirki við Kálfborgará aðeins hugsanlegt. Það er sumsé ekki fast í hendi að orkan komist frá virkjun inn á Landsnet.

Óháður matsaðili. -Hér er sett fram krafa um annað fyrirkomulag skýrslukaupa. Undirritaður setur spurningarmerki við þann framgangsmáta að þeir sem hyggjast virkja (í þessu tilviki SSB Orka) skuli kaupa skýrslugerðina. Það væri farsælla að óvilhallur aðili kæmi að verkinu sem á ekkert undir því að skila "réttari" niðurstöðu til verkkaupa, þ.e. niðurstöðu þeim þóknanlega. Með því móti mætti frekar sneiða hjá villandi og leiðandi framsetningu við kynningu, sbr. myndir af Svartá í fullu rennsli hvort tveggja í myndbandi og skýrslu, þar sem einungis er fyrirhugað að brotabrot vatns Svartár rygni ef virkjað væri - frá inntaksstíflu og niður að útrennsli stöðvarhúss. Einnig er lítið gert úr því mikla raski sem verður við pípulögnina og myndefni skýrslunnar sýnir einungis örmjótt strik þar sem pípan er en vitað er að raskið við pípulögnina verður umtalsvert.

Þegar slíkt sleifarlag er á skýrslugerðinni, veltir lesandinn því fyrir sér hvort mat skýrsluhöfiunda sé sama marki brennt.

Fyrirkomulag sölu vatnsréttinda. -Undirritaður tekur undir athugasemdir Verndarfélags Svartár og Suðurár vegna samnings um rannsóknar- og virkjunarleyfi í Svartá milli SSB Orku og Ríkissjóðs Íslands vegna jarðeigna ríkisins sem leyfisveitanda. - Þótt frummatsskýrsla snúist ekki um það atriði sérstaklega, en hefði að ósekju mátt taka það til umfjöllunar, þar sem verið er að fjalla um hagsmuni í frummatsskýrslunni.

Það er því skoðun undirritaðs að hafna beri með öllu fyrirhugaðri virkjun í Svartá í Bárðardal.

Virðingarfyllt,

Ásmundur Kristberg Örnólfsson
kt. 200568-4949
Háaleitisbraut 20
108 Reykjavík.

Kópavogi 22. Október 2017

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

**Athugasemdir við frummatsskýrslu um
mat á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar í Bárðardal.**

Með þessu bréfi biðla ég til Skipulagsstofnunar að hafna öllum fyrirhuguðum áætlunum um Svartárvirkjun í Bárðardal, þar sem ekki er annað hægt en að meta umhverfisáhrif verulega neikvæð.

Helstu ástæður

- Fyrirhugaðar framkvæmdir eru brot á reglugerð 252/1996 um dvöl manna nálægt hreiðri fálka og að ekki skuli hróflað við hreiðrum þeirra.
- Fyrirhugaðar framkvæmdir eru brot á lögum um vernd Mývatns og Laxár 97/2004 þar sem bakkar Laxár, 200 metrar báðum megin njóta verndar. Verði jarðstrengur plægður niður frá Svartárvirkjun að Laxárvirkjun um 47 km leið er farið inn á verndarsvæði Laxár.
- Fyrirhugaðar framkvæmdir við 47 km jarðstreng frá Svartárvirkjun að Laxárvirkjun fara um tvær náttúruminjar á náttúruminjasrá 523. Varastaðaskógur, Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Skóglendi milli Ljósstaða og Brettingsstaða í Laxárdal. (2) Fallegur birkiskógur. Svæðið er að hluta friðlýst skv. lögum um vernd Mývatns og Laxár. 524. Halldórsstaðir, Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Jörðin Halldórsstaðir I í Laxárdal. (2) Fjölbreytt landslag neðan frá Laxá og upp á heiði.
- Fyrirhugaðar framkvæmdir eru brot á lögum um náttúruvernd 60/2013 þar sem votlendi og eldhraun njóta sérstakrar verndar.
- Fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan svæðis sem sett var í verndarflokk 3. Áfanga rammaáætlunar, Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.
- Fyrirhugaðar framkvæmdir spilla búsvæði fuglategunda á valista (Valisti er skrá yfir tegundir í útrýmingarhættu):
 - Húsönd er í hættu (EN)
 - Í yfirvofandi hættu (VU) eru fálki, hrafn og grágæs
 - Straumönd er í nokkurri hættu (LR)
- Straumönd og húsönd verpa hvergi í Evrópu nema á Íslandi og eru þannig ábyrgðartegundir okkar Íslendinga.
- Húsönd og straumönd eru báðar skráðar í viðauka II við Bernarsamninginn. Aðilum ber að gera viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir til að friða þessar tegundir og vernda lífssvæða þeirra, meðal annars m.t.t. veiða, eggjatöku, ónæðis við bústaði þeirra, sérstaklega um fengi- og varptímann, og verslunar, ef það hefur þýðingu fyrir verndun tegundanna.
- Fjöldi húsanda á vatnasviði Svartár og Suðurár uppfyllir viðmið um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði sem Ísland hefur skuldbundið sig til að vernda skv. Ramsarsamningnum.

Fjöldi straumanda liggur nærri þessu viðmiði. Markmið Ramsarsamningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.

- Við gerð mats á umhverfisáhrifum fyrir Svartárvirkjun, var ekki litið til þess að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint svæðið sem mikilvægt fuglasvæði, VOT-N 10 Svartá–Suðurá.
- Í viðauka 3 Fuglalíf, gróðurfar og jarðfræði við Svartá í Bárðardal er jarðstrengur ekki nefndur sem hluti af framkvæmdinni, honum er einfaldlega sleppt. Líklegar ástæður þess er að hann liggur um friðlýst svæði með lögum og svæði á náttúruminjaskrá.
- Í viðauka 6a Gróðurfarsúttekt á leið jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárstöð er byggt á “fyrirliggjandi gögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands, þ.e. gróður- og landgreiningu frá 1977 sem uppfærð hefur verið eftir nýjustu myndkortum Loftmynda ehf. og Spot 5 gervitunglamyndum. Gróðurkortin voru gefin út á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins árið 1984 (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1984).” Engin ný vettvangsúttekt var gerð.
- Samkvæmt 3. grein Þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“
- Í viðauka 7 Deiliskráning fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar eru Fornleifar sem koma fram eru:
 - A) Stöðvarhús - engar fornleifar.
 - B) Þrýstipípa - 3 fornleifar (garðlag SP-177:026, býli SP-177:022 og varða SP-177:029)
 - C) Inntaksmannvirki - engar fornleifar
 - D) Aðrennslisskurður - 2 fornleifar (þúst SP-176:032 og tóft SP-176:031. Tóftin er fast utan við jaðar helgunarsvæðis og telst í hættu)
 - E) Stífla - 1 fornleif (garðlag SP-176:033)
 - F) Inntakslón - 1 fornleif (vað SP-176:015)
 - G) Vegur - engar fornleifar
- Í viðauka 8 Fornleifaskráning vegna jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárvirkjun og mannvirkja í Bárðardal voru samtals skráðir 81 minjastaðir, 36 reyndust vera í hættu (fjær miðlínu en 16 m) en 45 í stórhættu (minjar innan við 15 m frá miðlínu framkvæmda).
- Í viðauka 9 Áhrif Svartárvirkjunar í Bárðardal-Þingeyjarsveit á ferðaþjónustu og ferðamennsku/útivist segir: “Framkvæmdirnar ganga á ósnortna náttúru og að því marki takmarka þær framtíðarmöguleika svæðisins til að þróa náttúrutengda ferðaþjónustu áfram.”

Virðingarfyllst,

Dögg Matthíasdóttir
Nýbýlavegi 84
200 Kópavogi

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 09:20
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0609-Framsending athugasemdir Guðlaugar Margrétar Steinsdóttur

From: Guðlaug M Steinsdóttir
Sent: 22.10.2017 13:58:19
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemdir Guðlaugar Margrétar Steinsdóttur

Góðan dag

Sendi hér með inn athugasemdir vegna Svartárvirkjunar í Bárðardal.
Finnt framkvæmdin ósættanleg

Samfélagsleg áhrif

Í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála (viðauki 9) um Áhrif Svartárvirkjunar í Bárðardal-Pingeyjarsveit á ferðapjónustu og ferðamennsku/útivist, kemur fram að ekki skuli einungis líta til staðbundinna áhrifa hins virkjaða svæðis á ferðamenn og ferðapjónustuaðila. Heldur skuli meta þau áhrif sem hin fyrirhugaða virkjun hefur á það svæði, Skjálfafljóti og nær umhverfi, sem samkvæmt tillögu verkefnisstjórnar rammaáætlunar er skipað í verndarflokk samkvæmt áfanga 3. Í skýrslunni segir á bls 49 að „komi fram nánast samhljóma niðurstöður og greint var frá hér að ofan; að óspillt náttúra, kyrrð og ró og víðerni með engum mannvirkjum væri mikilvægur hluti af aðdráttarafli svæðisins“ og „að orðspor svæðis myndi skaðast og það hefði neikvæðar afleiðingar...á svæði þar sem ekkert er manngert“. Einnig kemur þar fram „eins og reyndar í frummatsskýrslunni sjálfri í samantekt bls iii „Þá munu framkvæmdirnar takmarka framtíðarmöguleika svæðisins til að þróa náttúrutengda ferðapjónustu“ og „Áhrif á þessa hópa ferðamanna og ferðapjónustuaðila eru bein“. Það er því ljóst að fyrirhuguð virkjun Svartár hefur mjög víðtæk og neikvæð áhrif á viðhorf ferðamanna sem ná langt út fyrir hin staðbundnu áhrif hins virkjaða svæðis árinna.

Samfélagsleg áhrif Svartárvirkjunar yrðu því verulega neikvæð í ljósi þess að miklir og arðbærir möguleikar byggðarlagsins og nærsamfélags til framtíðar á nýtingu Svartár/Suðurár og Skjálfafljóts svæðisins til uppbyggingar á náttúrutengdi ferðapjónustu yrði fórn að fyrir ágóða fárra aðila vegna fyrirhugaðrar virkjunar Svartár. Það gæfi brot af þeim ágóða í formi tekna og atvinnutækifæra til samfélagsins sem náttúru- og menningartengd ferðapjónusta myndi gera. Sjá greinagerð Prófessors Börre Skodvin Value of nature vegna lokaverkefnis stúdenta frá Arkitekta- og hönnunar hálskólanum í Osló; 9 hugmyndir að náttúru- og menningartengdum ferðapjónustu möguleikum í Bárðardal, en þar kemur fram; „it is possible to establish facilities spread throughout the area that easily give 100 new guest beds or more, without compromising the natural qualities. At the current rates of lodging in Iceland, this potential represents an annual economy of several million Euros, without the irreversible damage to the nature which exploitation of the river for power inevitably causes“ og greinagerð Viðars Hreinssonar; Verndun Svartár/Suðurár.

Svæði það sem hér um ræðir, svæðið norður og norðvestur af Vatnajökli er jarðsögulega tengt í hraunflæminu mikla, Ódáðahrauni í norðurgosbelti Íslands. Ódáðahraun og úthraun þess er eitt af fáförnustu og óröskuðustu svæðum hálendisins. Auðlegð þessa svæðis felst í óraskaðri náttúru, óspilltum víðernum, óbeisluðum jökul- og lindarám sem renna af hálendinu og jaðri þess til byggða með samfelldri gróðurþekju og fjölbreyttu dýralífi. Þessi auðlind er nú þegar nýtt að einhverju leyti af ferðamönnum og ferðapjónustu aðilum (sjá Viðar Hreinsson: Verndun Svartár/Suðurár og skýrslu í viðauka 9, bls 18 og 19) en hefur mikla möguleika á jákvæðri þróun til framtíðar (sjá í viðauka 9, kafla 6.5. „ætla má að slík umhverfi muni einnig hafa mikið gildi fyrir ferðamenn í landinu í framtíðinni, jafnvel enn meira en í dag því slík svæði eru sífellt að verða fágætari“. Sjá einnig greinagerð Pr. Börre Skodvin „Value of Nature“ og lokaverkefni stúdenta frá Arkitekta- og hönnunarhálskólanum í Osló.

Heildaráhrif

Í Greinagerð Árna Einarssonar líffræðings og forstöðumanns RAMÝ Svartá og Suðurá í Bárðardal-Greinagerð, kemur fram að vatnafar Svartár og Suðurár eru hluti af lindarkerfum þeim sem vella upp við jaðra Ódáðahrauns „hraunflæminu mikla í norðurgosbeltinu á Íslandi“ Þessi lindarkerfi gegna sameiginlega lykilhlutverki í tilveru nokkurra dýrastofna og verður því að

skoða umhverfisáhrif fyrirhugaðrar virkjunar Svartár í því heildar samhengi. Einnig ber að líta á hin samfélagslegu áhrif frá sama sjónarhorni þar sem nýting ferðaþjónustuaðila á náttúruauðlindum svæðisins einskorðast ekki eingöngu við virkjað svæði Svartár heldur hefur víðari skírskotun sbr skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála Áhrif Svartárvirkjunar í Bárðardal-Þingeyjarsveit á ferðaþjónustu og ferðamennsku/útivist. Því þarf í matsskýrslu, ef meta á hin samfélagslegu áhrif virkjunarinnar, að liggja fyrir hagrænt mat á öllum náttúrugæðum svæðisins, þar sem horft er til allra þátta, ekki einungis á orkunýtingarkost Svartár, ef meta á hin samfélagslegu áhrif framkvæmdana.

Niðurstaða

Augljóst er út frá gefnum forsendum í frummatsskýrslu, óvissuþáttum hennar og rannsóknum sérfræðinga í viðaukum 1-9 á umhverfispáttum framkvæmdanna að bein áhrif á umhverfi og náttúru, sjónræn áhrif og samfélagsleg áhrif eru verulega neikvæð og því framkvæmdin óásættanleg.

Kveðja Guðlaug Margrét Steinsdóttir
kt. 1605775259

Athugasemdir við frummatsskýrslu SSB Orku ehf. vegna Svartárvirkjunar

Sendandi: Hjördís Finnbogadóttir, 291055-4359, Nónbjargi, Mývatnssveit

Eftir að hafa kynnt mér frummatsskýrslu og fylgigögn hennar eftir föngum virðist Svartárvirkjun óásættanleg. Framkvæmdin hefði verulega neikvæð áhrif á vatnafar, vatnalíf og fuglastofna, sérstaklega húsönd og straumönd. Áhrif á landslag og ferðaþjónustu eru einnig neikvæð og merkar fornleifar virðast í hættu.

Hvað er undir? Svartá er tær og fögur bergvatnsá í hálendisbrúninni. Með virkjun hennar væri gengið á ósnortna náttúru, landslagi spillt á stóru svæði og lífríki árinna eyðilagt á löngum kafla. Framkvæmdum af þessu tagi fylgja oftast en ekki meiri framkvæmdir. Þegar virkjað hefur verið nýtt svæði fylgja fleiri virkjanir á eftir. Á þessu er vakin athygli hér vegna þess að í jaðri Ódáðahrauns í nágrenni við svæðið sem nú er undir eru fleiri vatnsauðlindir en Svartá og Suðurá, meðal annars Kráká og lindár austan við hraunið. Lindakerfin hafa jafnt rennsli og fósra fágætt lífríki. Á sjöunda áratug síðustu aldar voru uppi áform um stórvirkjanir í Laxá, nokkur lón og talsverða vatnaflutninga af þessu svæði. Kjarni þeirra var að flytja vatnið úr Suðurá og Svartá yfir í Kráká sem nú rennur í Laxá en auðvelt væri að veita í Mývatn. Áformin voru skrínlögð af því að lyktir Laxárdeilunnar voru að virkja ekki meira nema Landeigendafélag Laxár og Mývatns heimilaði það. En það félag hefur því miður ekkert yfir því svæði að segja sem hér er rætt um og væntanlega væru „vatnaflutningar“ í aðrar áttir en áður var um rætt hægur leikur.

Vatnafar og vatnalíf: Alvarlegasta tjónið á Svartá og lífríki hennar felst í því að fjarlægja mestan hluta árvatnsins úr farveginum á um það bil þriggja kílómetra kafla. Þetta mun hafa neikvæð áhrif á framboð fæðu og önnur lífsskilyrði fugls og fiskjar, eins og lýst er í skýrslum frá Hafrannsóknarstofnun og Veiðimálastofnun sem fylgja frummatsskýrslunni. Mikilvægustu tegundirnar sem þetta snertir eru urriði, húsönd og straumönd. Ekki er gott að gera sér grein fyrir því hve mikið vatn mun renna í farveginum eftir virkjun þar sem upplýsingar eru misvísandi. Mismunandi tölur eru nefndar um meðalrennsli árinna og ýmist kemur fram að 5-10% eða 15% af meðalrennsli nú muni renna framhjá inntaksstíflunni. Þetta er auðvitað óviðunandi ónákvæmni og virðist að engu haft skilyrði Skipulagsstofnunar um að í skýrslunni þurfi að gera grein fyrir því hvert lágmarksrennsli árinna á virkjuðum kafla þurfi að vera til að lífríki hennar verði ekki fyrir varanlegum skaða. Eftir stendur að tiltölulega lítið rennsli verður í farveginum og stundum líklega ekkert. Slíkar aðstæður sköpuðust í Miðkvísl Laxár í Mývatnssveit eftir að hún var stífluð um 1960. Raunar var fiskvegur í stíflunni en um hann rann lítið miðað við það sem áður var og kvíslin varð ónýtt sem veiðiá vegna vatnsleysis neðan stíflunnar. Miðkvíslarstífla var svo sprengd 1970 en það er önnur saga. Á vetrum skefur snjó í Svartá og myndar krap sem sekkur til botns og myndar svokallaðan grunnstingul. Mikil frost gerir á þessu svæði og standa kuldaflar stundum lengi. Á því svæði sem rennsli verður skert stórlega aukast mjög líkur á slíkum klakastíflum, ekki síst þegar tekið er tillit til áforma um að fleyta ís og krap framhjá inntaki virkjunarinnar í farveginum neðan stíflu. Lítið vatn verður í ánni á þessum kafla, sem kólnar hraðar þess vegna og þegar við bætist ís og krap frá inntaki virkjunarinnar verður að reikna með því að klakastíflur myndist oft og bráðni seint. Rennslistruflanirnar myndu örugglega spilla lífríki mjög og hugsanlega eyða því að mestu á þessum kafla. Án þessa „vetrarskaða“ er áætlað í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar að skerðing botnflatar á áhrifasvæði virkjunarinnar verði 48-58%. Áhrifin verði verulega neikvæð á skordýr og þar með á fæðuframboð fyrir fisk og fugl frá stíflu og niðurúr. Framboðið skerðist einnig vegna minnkandi burðargetu árinna. Höfundar skýrslunnar fara afar varlega þegar kemur að áhrifum rennisskerðingarinnar á veiði. Þeir segja þó að færri fiskar muni líklega veiðast og röskunin nái til allra veiðistaða neðan Ullarfoss. Ímynd árinna muni líklega breytast og hafa neikvæð áhrif á sölu veiðileyfa því ósnortið verði snortið. Þetta er mikilvægt atriði því veiðimenn hafa verið verðmætustu gestir svæðisins undanfarin ár.

Fuglalíf: Vatnasvið Svartár og Suðurár hefur mjög hátt verndargildi fyrir íslenska húsandastofninn sem jafnframt er sá eini í Evrópu. Meginhluti stofnsins heldur sig á Laxá og Mývatni en utan þess svæðis er vatnasvið Svartár mikilvægasta búsvæði húsanda hér á landi. Þegar átubrestur verður í Laxá og Mývatni hafa húsandur hópast á Svartárvæðið. Á Mývatni og Laxá fækkaði húsöndum frá 1963-2000 og síðan hafa verið miklar sveiflur í stofninum. Húsöndin er á valista sem tegund í hættu vegna smæðar stofnsins og takmarkaðrar útbreiðslu. Hann telur aðeins um 2000 fugla, meirihluta steggi. Íslendingar hafa tekið á sig skyldu til að vernda húsöndina og mikilvæg búsvæði hennar samkvæmt Bernarsamningnum. Það á einnig við um straumöndina, sem er á valista sem tegund í nokkurri hættu. Áformuð virkjun hefur neikvæð áhrif á stauhendur á vatnasviði Svartár því skert rennsli rýrir gæði kjörlendis þeirra. Svæðið er með mikilvægari varpsvæðum tegundarinnar í Evrópu. Góð grein er gerð fyrir áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar á stofna húsandar og straumandar í skýrslunni „Endur á vatnasviði Svartár og Suðurár í Bárðardal“. Sem íbúa við útfall Laxár úr Mývatni þar sem varp húsandar er hvað þéttast og uppeldissvæði unga mikilvægust er mér vel ljóst hve viðkvæmur þessi stofn er. Lítið má út af bera til að hann sé í stórhættu og því er vatnasvið Svartár og Suðurár mjög mikilvægt öryggissvæði.

Ferðapjónusta: Virkjun Svartár mun spilla möguleikum íbúa í Bárðardal og annarra til frekari uppbyggingar náttúrutengdrar ferðapjónustu. Ásókn fluguveiðimanna í leyfi í Svartá er töluverð og að sögn vaxandi. Fegurð, kyrrð og fjölbreytt fuglalíf og gróðurfar einkennir ána og svæðið í kring um hana. Með öðrum orðum þá er áin og umhverfi hennar sá segull sem dregur fólk að og neikvæð áhrif virkjunarinnar á viðhorf ferðamanna myndu ná langt, langt út fyrir það svæði sem áformað er að raska. Í könnun Önnu Dóru Sæþórsdóttur o.fl. á viðhorfum ferðamanna við Aldeyjarfoss í fyrra kom í ljós að þeir töldu mannvirki vegna orkuvinnslu óæskileg. Langflestir svarendur í könnuninni töldu mikilvægast að náttúran væri óröskuð og þar gætu þeir upplifað kyrrð og ró. Í nokkur ár hafa fræðimenn ásamt ábúendum í Svartáarkoti og ferðapjónustunni á Kiðagili unnið að uppbyggingu fjölbjóðlegs rannsókn- og kennsluseturs. Haldin hafa verið margvísleg námskeið, málþing og vinnufundir og áform uppi um aukið þverfaglegt alþjóðlegt samstarf. Kalla má þetta starf akademiska ferðapjónustu en hún telur sig ekki eiga neina samleið með virkjunarframkvæmdum. Gestir hennar, eins og veiðimennirnir í Svartá, eru ekkert óskaplega margir en hver og einn er mjög verðmætur og líklegur til að bera hróður svæðisins víða.

Fornminjar: Í gögnum málsins kemur fram að við fornleifaskráningu hafi fundist 45 minjastaðir sem teljast verði í stórhættu vegna framkvæmdanna. Væntanlega er í sumum tilvikum hægt að koma í veg fyrir tjón með hliðrun. Nokkrir þessarra staða eru mjög merkilegir og það væru alvarleg spjöll á menningarminjum að raska þeim. Þar má nefna stóran lítt eða ekki rannsakaðan kumlateg skammt vestan við Halldórsstaði í Laxárdal og heillegar minjar frá 10.-11. öld, tóftir og túngarða, í landi Víða. Þessir staðir eru á svæði fyrirhugaðs jarðstrengs frá virkjuninni að Laxárvirkjun. Í þriðja lagi er um að ræða fornþýli með tveimur garðalögum við áformaðan aðrennslisskurð að vélum virkjunarinnar.

Sporin hræða: Í ljósi nýlegrar umræðu er rétt að spyrja hver líti eftir að skilmálum virkjanaleyfa sé fylgt. Athygli hefur verið vakin á því sem virðist vera alvarlegur misbrestur á fylgni við skilmála í Köldukvísl á Tjörneshi. Sjá hér: <https://www.facebook.com/profile.php?id=100010688790368&fref=ts> Svo virðist sem eigendur Köldukvíslarvirkjunar séu í hópi þeirra sem ætla sér að virkja Svartá.

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 09:20
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0611-Framsend athugasemdir Ólafar Þorvarðsdóttur
Attachments: Virkjað svæði Svartár.docx

Sjá fylgiskjöl 1, 3, 4 og 7.

From: Ólöf Þorvarðsdóttir
Sent: 22.10.2017 13:05:58
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemdir Ólafar Þorvarðsdóttur

Skipulagsstofnun b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b 105 Reykjavík

Reykjavík 22.10. 2016

Ég undirrituð geri þær athugasemdir sem meðfylgjandi eru með þessu bréfi að mínum og óska þess að tekið verði tillit til þeirra í Matsskýrslu umhverfismats vegna virkjunar Svartár í Bárðardal.

Jafnframt vil ég koma á framfæri eftirfarandi:

Ég mótmæli að það sé verið að leyfa að virkja Svartá.

Ég mótmæli að það sé verið að gefa nokkrum aðilum leyfi til þess að eyðileggja náttúruperlu Íslendinga..

Ég mótmæli því að hróflað verði við friðlýstum Laxárdal í Þingeyjarsýslu.

Ég mótmæli því að það sé verið að gefa aðilum vatnsréttindi ríkisjarðarinnar Stórutungu í Bárðardal og selja síðan þriðja aðila með hagnaði.

Ég mótmæli því að fiskistofn Svartár verði skaðaður.

Ég mótmæli fyrir hönd fuglanna og dýranna sem ekki geta ekki mótmælt sjálf skertu búsvæði.

Ég mótmæli að SSB Orka ehf og önnur álíka fyrirtæki geti virkjað á Íslandi til að græða pening og eyðilegga náttúruna.

Íslendingar hafa sagt að þeir vilji ekki meiri stóriðju. Þeirra tími sé liðinn. Látum ekki nokkra eyðileggja þessa sýn.

Kv. Ólöf Þorvarðsdóttir kt. 090564-3749

Grenimel 12
107 Reykjavík

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 09:21
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0614-Framsend athugasemdir Þrastar Jónassonar

From: Þröstur "Spörri" Jónasson
Sent: 22.10.2017 21:50:39
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemdir Þrastar Jónassonar

Til þeirra er málið varðar.

Ég, Þröstur Jónasson kt: 190472-4939, fæddur og uppalinn á Lundarbrekku í Bárðardal vil gera nokkar alvarlegar athugasemdir við frummatsskýrslu Verkís vegna Svartárvirkjunar SBS orku. Tel ég að mikilvæg atriði séu vanmetin í skýrslunni sem muni hafa alvarleg áhrif á lífríki svæðisins og SBS Orku sem ég vil telja vanreifaða.

Bæði í frummatsskýrslunni og skýrslunni "Áhrif Svartárvirkjunar í Bárðardal-Þingeyjarsveit á ferðaþjónustu og ferðamennsku" eru ekki teknir fram þeir hagsmunaárekstrar að landeigendur að því svæði þar sem á að virkja eiga eru tengdir eða sinna jafnvel sjálfir ferðaþjónustu í Bárðardal. Mikið er lagt í orð þessara aðila um að áhrif virkjunarinnar á rennsli árinna muni ekki hafa áhrif á framtíðar uppbyggingu á veiði og tengdri ferðamennsku en þessi hagsmunatengsl eru ekki reifuð. Í kafla 6.3 í skýrslu um áhrif virkunarinnar á ferðaþjónstu þar sem meginatriði ferðaþjónustunnar eru tekin fram er ekkert dregið fram af orðum þeirra sem stunda veiðar í ánni. En af orðum veiðimanna að dæma þá mun sala á veiðileifum á því svæði sem virkjunin mun hafa áhrif á minnka og jafnvel hverfa. Áhrif virkunarinnar á ferðaþjónustu eru greinilega vanmetin og eru verulega neikvæð en ekki talsvert neikvæð. Það telst einnig verulegur ágalli á bæði frummatsskýrslu Verkís og Skýrslunni um áhrif virkunarinnar á ferðaþjónstu og ferðamennsku að ekki eru tekin fram hagsmunatengsl landeigenda við ferðaþjónustu á svæðinu.

Einnig eru vanreifaðar aðstæður sem geta komið upp í Svartá. Í lýsingu á virkjuninni er sagt að á "milli inntaksþróar og árinna verður steyptur veggur sem nær upp fyrir vatnsborð og lokar þróna af. Veggurinn verður með opum fyrir rennsli til inntaksins og verður efri brún þeirra um 0,4 m undir vatnsborði inntakslónsins til þess að stöðva mögulegan rekis eða krap sem hægt verður að fleyta niður ána með því að opna flípalokurnar" Í Svartá hafa verið tvær litlar virkjanir þar sem vatni hefur verið veitt til með lóni, við báðar þessar virkjanir var uppsöfnun á krap verulegt vandmál því þótt ána leggi ekki þá myndast í henni krapastíflur þar sem hægir á rennsli vatnsins. Ekki er skýrt á frá því í skýrslunni hvernig eigi að bregðast við því þegar að krapa er veitt niður í árfarveg árinna neðan stíflu sem, með minnkuðu rennsli, getur ollið því að áin jafnvel frjósi og rennsli hætti alveg neðar í farveginum með skelfilegum afleiðingum fyrir fiskistofna og annað lífríki í ánni. Þennan þátt þarf að skoða mun ítarlegar.

Af þessum sökum tel ég að skýrsla Verkís vanmeti umhverfis og samfélagasáhrif mögulegrar virkunar og tel að af henni séu verulega neikvæð áhrif á lífríki og samfélag í heimasveit minni.

Ég tek einnig undir þær athugasemdir sem Verndarfélag Svartár og Suðurár hefur skilað inn ásamt Ármönnum og sérstaklega athugasemdir Fuglaverndar.

Kær Kveðja
Þröstur Jónasson
Þinghólsbraut 41
Kópavogi

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 09:22
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0615-Framsending ahugasemd Gb B
Attachments: Virkjað svæði Svartár.odt

Sjá fylgiskjöl 1, 3, 4 og 7.

From: Gb B
Sent: 21.10.2017 21:40:01
To: Skipulagsstofnun
Subject: athugasemd við virkjun Svartá/Suðurá

Í guðna bænum ekki láta virkjunina vera á veruleika. Fjölbreytt lífríki í Svartá, fiskar, fuglar gróðurfar (Urðiði, Straumönd, Húsönd) miklar Indir og ósnortið víðlendi við Hálendið??

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 09:22
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0616-Framsend athugasemd Torfa Ólafs Sverrissonar

From: Torfi Ólafur Sverrisson
Sent: 21.10.2017 21:59:06
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Torfa Ólafs Sverrissonar

Góðan dag

Mótmæli hér með hugmyndum um virkjun Svartár í Bárðardal.

Svartá og Suðurá eru með vatnsmestu lindám landsins og lífrík straumvötn sem hýsa merkilega flóru og fánu. Vægi Svartár og Suðurrár fyrir straumönd er mikið og því ekki rétt að taka þá áhættu með að raska eða eyðileggja varpsvæði hennar eða lífríki með virkjun.

Miðað við upplýsingar sem komið hafa fram í Minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar dags. 10.10.2016 þá ríkir óvissa um meðalrennsli Svartár. Miðað við áform um stærð virkjunnar er því ekki ljóst hvort hægt er að tryggja lágmarksrennsli á virkjuðum hluta árinna. Líklegt er að rennslistruflanir verði á virkjuðaða svæðinu vegna ís og krapa sem veitt er í skert rennsli hennar og einnig líkur á rennslistrufunum að vetri vegna áhrifa lofthita á hitastig árvatnsins neðan stíflu.

Kveðja, Torfi Ólafur Sverrisson
kt. 1504614219

Eftir að hafa farið ofan í saumana á frummatsskýrslunni með félögum mínum í Verndarfélagi Svartár og Suðurár er niðurstaða mín sú að engar forsendur séu fyrir áframhaldandi virkjunarframkvæmdum í Svartá.

Pálmi Gunnarsson tónlistar-og kvikmyndagerðarmaður
Stórholti 16 603 Akureyri

Athugasemdir vegna frummatsskýrslu

Sjá fylgiskjöl 1, 3, 4 og 7.

Reykjavík, 21. október 2017

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu vegna Svartárvirkjunar í Bárðardal

Undirrituð gerir athugasemd við umfjöllun og niðurstöðu frummatsskýrslu um áhrif á fuglalíf og þar með heildarniðurstöðu framkvæmda- aðila að því er varðar umhverfisáhrif virkjunarinnar.

Í skýrslunni eru m.a. tíunduð áhrif framkvæmdarinnar á þrjár tegundir sem eru á válista: straumönd, húsönd og fálka. Að auki er sagt að fjórða tegundin til viðbótar, gulönd, teljist viðkvæm fyrir því raski sem framkvæmd mun valda, en ekki fjallað sérstaklega um áhrifin á hana heldur fullyrt (bls. 60) að þau verði fyrst og fremst á framkvæmdatíma vegna truflunar, „verði **óveruleg** til **nokkuð neikvæð** en tímabundin“. Þessi niðurstaða hvað varðar gulönd er ekki undirbyggð í skýrslunni og hlýtur því að teljast ómarktæk.

Um hinar þrjár tegundirnar er fjallað á bls. 58–60. Um fálka segir þar (bls. 60) að Svartáróðalið sé „talið eitt af betri óðulum í Þingeyjar- sýslum“, að stofninn sé í hættu og þar af leiðandi á válista og að fálkinn sé viðkvæmur fyrir truflun á varpstöðvum. Síðan er ályktað að þetta skipti litlu máli (áhrif verði óveruleg) ef þess sé gætt að framkvæmdir trufla hann ekki á varptíma. Ekki er gerð tilraun til að skilgreina hvað þurfi til að fuglinn verði ekki fyrir truflun (ekki rætt um hljóðmengun, sjón- mengun eða aðra áhrifaþætti), einungis tilgreint að gæta þurfi þess að „framkvæmdir verði ekki nærri hreiðri“ án þess að sú fjarlægð sé ákvörðuð nánar.

Á bls. 58 og 59 kemur fram að Íslendingar beri ríka ábyrgð þegar kemur að straumönd og húsönd þar sem þessar amerísku tegundir verpa hvergi annars staðar í Evrópu. Í skýrslunni eru áhrif virkjunarinnar á straumönd metin nokkuð neikvæð en á húsönd talsvert neikvæð. Í umfjölluninni er því þó haldið fram að endurnar geti aðlagast framkvæmdinni, þ.e. að dreifing þeirra gæti breyst án þess að stofninn verði fyrir varanlegum skaða, auk þess sem lögð er áhersla á það í tilviki straumandar að mjög lítill hluti stofnsins sé á áhrifasvæði virkjunarinnar. Um fyrra atriðið (hugsanlega aðlögun) er vandséð að hægt sé að fullyrða nokkuð, enda þótt skýrsluhöfundar vitni til Múlavirkjunar í Straumfjarðará og segi að „mögulega [geti] slíkt gerst hér“. Síðara atriðið hlýtur að vera miðlægt í allri umræðu um náttúruvernd og framkvæmdir: Hve lítið er nóg? Þegar um er að ræða tegundir á válista sem Íslendingar bera

sérstaka ábyrgð á, hve mörgum fuglum má þá stefna í voða fyrir framkvæmd sem hefur enga þýðingu fyrir almannahag í landinu, að því er best verður séð? Hve margir fuglar úr stofni á valista (sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á) þurfa að vera teljanlegir á áhrifasvæði framkvæmdar til þess að áhrif á þá vegi þungt í mati á umhverfisáhrifum? Niðurstaða framkvæmdaraðila (bls. iv) er að „ekki sé talið líklegt að Svartárvirkjun hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér“. Ég tel að neikvæð áhrif á fuglategundir á valista eigi að vega þungt í heildarmati á umhverfisáhrifum og að einungis ríkir almannahagsmunir geti skákað þeim. Þeim er ekki til að dreifa í þessari framkvæmd.

Virðingarfyllst,

Dr. Svanhildur Óskarsdóttir
Bjarnarstíg 6
101 Reykjavík

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 09:25
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0620-Framsend athugasemd Þórhalls Óskarssonar

From: tollioskars
Sent: 20.10.2017 20:17:57
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Þórhalls Óskarssonar

Ég mótmæli hér með fyrirhuguðum virkjunaráformum á náttúruferlu Svartár í Bárðardal.

Þórhallur Óskarsson
Lindarflöt 14
210 Garðabæ

Sent úr Samsung Galaxy snjallsímanum mínum.

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 10:08
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0621-Framsend athugasemd Þuríðar Jónasardóttur

From: Thura Jónasardóttir
Sent: 22.10.2017 12:28:23
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Þuríðar Jónasardóttur

Sæl verið þið

Þuríður Jónasardóttir heiti ég og er ég fædd og uppalin á Lundarbrekku í Bárðardal. Einnig dvaldi ég með annan fótin hjá afa mínum og ömmu í Stórutungu í Bárðardal sem var mitt annað heimili. Bárðardalur er mér afar kær og því þykir mér miður að sjá að uppi séu hugmyndir um virkjun á þessu sérstaka svæði. Fréttir hafa borist af því að vatnsréttindin hafi farið ódýrt til aðila sem enga sögu eiga í dalinn og bera því ekki hag svæðisins í brjósti. Sá tími ætti að vera liðinn þar sem maðurinn geti keypt sér réttindi hvar sem er til þess eins að græða á náttúrunni. Við ættum á tímum sem þessum að bera meiri virðingu fyrir náttúru okkar.

Hér að neðan má sjá athugasemdir mínar varðandi virkjun Svartár og Suðurár, sem ég er alfarið á móti.

Svartá og Suðurá eru eitt þeirra lindkerfa sem spretta undan Ódáða-hrauni og eru þessi lindkerfi afar sérstök. Þar má finna auðugt lífríki. Húsönd sem og straumönd verpa við Svartá sem er mikilvægt athvarf fyrir þær þar sem þær verpa aðeins við lindarvötn líkt og Svartá, Mývatn og Laxá. Stofninn byggir á því að verpa við lindarvötn. Íslenski stofninn er hinn eini í Evrópu og Asíu og ber Ísland alþjóðlega ábyrgð á verndun hans. Ef virkjun þessi verður að veruleika er líklegt að stofninn minki talsvert.

Svartá er eftirsótt veiðisvæði fyrir silung, bleiku og urriða sem eru nokkrir aðskildir stofnar. Hópur af veiðimönnum koma árlega frá Danmörku, Svíþjóð og Noregi og dvelja í nokkrar vikur, veiða og gista á Kiðagili. Veiðimennirnir skapa atvinnu í dalnum og hafa skrifað um dvöl sína í þekktum veiðitímaritum í Skandinavíu. Ef af virkjun verður er líklegt að veiðimennirnir hætti að láta sjá sig.

Í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands Fuglar, gróðurfar og jarðfræði við Svartá í Bárðardal kemur fram „Í Svartá neðan stíflu eru vel grónir hólmar með áberandi hvönn og loðvíði. Votlendi liggur víða að ánni, bæði austan og vestan“. „Lækkuð grunnvatnsstaða vegna skerts rennslis árinna neðan stíflu mun líklega valda gróðurbreytingum í gróskumiklum hólmanum og bökkum Svartá og hafa áhrif á grunnvatnsstöðu votlendissvæða næst ánni“. Það kemur hvergi fram í frummatsskýrslu hvernig tryggja skuli að hólmar þessir verði umflotnir vatni af framkvæmdum loknum svo að gróðurfar hljóti ekki skaða. Hólmarnir eru mikilvægir fyrir silungin í ánni þar sem þeir eru eitt mikilvægasta hrygningarsvæði urriðastofns Svartá neðan Ullarfossar. Ef þetta hrygningarsvæði mun hverfa er erfitt að segja til um afleiðinga urriðastofnsins í Svartá.

Ég hvet stjórnvöld eindregið til þess að sjá til þess að virkjun þessi verði ekki að veruleika og passa betur upp á okkar stórbrotna landslag sem við eigum. Það er í lagi að virkja ef við skemmum ekki jörðina okkar. Svona stórtækar breytingar á landslagi eiga ekki rétt á sér fyrir svona lítið rafmagn.

Með fyrirfram
Þökkum
Þuríður Jónasardóttir

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 10:19
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0623-Framsend athugasemd Hauks Harðarsonar

From: haukur36@internet.is
Sent: 22.10.2017 22:36:29
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Hauks Harðarsonar

Virkjun Svartár í Bárðardal - Laxárdeilan endurvakin

Reynsla heimamann í Svartáskoti af áformaðri stórvirkjun í Laxá. Oft kölluð LSB sem útlagðist LANG STÆRSTI DRAUMURINN:

Fyrstu kynni föður míns, Harðar Tryggvasonar bónda í Svartáskoti af LSD draumnum voru þau, að í Svartáskot kom vinnuflokkur (háskólastúdentar) til að kanna berggrunn frá Suðurá gegnum Svartárvatn og austur í upptakakvíslar Krákár, en vestasta upptakakvíslin sprettur upp skammt austan Svartárvatns.

Þessi hugmynd kom flatt upp á föður minn, ekki síst þar sem það var deginum ljósara að með því að taka a.m.k 15sekl af uppsprettuvatni, sem upp kemur í Suðurárbotnum og er þá ca 4 stiga heitt og hefur einungis verið ofanjarðar á 10-12 km vegalengd væri lífríki Svartárvatns, þar sem meðalrennsli í Svartá er innan við 4 sekl. stefnt í voða vegna kælingar.

Svartárvqtn er ákaflega frjósamt vqtn, enda þótt það sé í um 400 metra hæð yfir sjávarmáli. Til marks um það vil ég nefna að á haustmánuðum 1949 var ég að vitja um lagnet undir ís í vatninu þegar vökin lokaðist af 10 punda urriða sem var í netinu. Seinna þennan sama vetur kom 8 punda bleikja í þetta sama net. Þessar tölur taka af allan vafa um að Svartárvatn er og var áður enn frekar algjör forsenda fyrir búskap í Svartáskoti. Frjósemi vatnsins og lífríki á sér mjög sterka samsvörun við Mývatn. Það sem skilur á milli er annars vegar 120-130 metra hæðarmunur yfir sjávarmál og að ekkert heitt uppsprettuvatn er að finna í Svartárvatni.

Þessi frjósemi vatnsins hefur virkað sem varasjóður fyrir t.d. húsöndina, sem komið hefur í hópum á Svartárvatn þegar ílla árar við Laxá. Fyrir því liggja ótvíræðar sannanir þar sem alltaf slæðist töluvert af öndum í lagnet í Svartárvatni og fjölmargar húsendur merktar á Mývatni og Laxá hafa borið þar beinin.

Vinnuflokkurinn notaði sprengiefni til að mæla með bergmálsmælingu berglaugin á milli Suðurár og Svartár annars vegar, og Svartárvatns og uppsprettulækja Krákár hins vegar. Faðir minn bannaði alfarið sprengingar í Svartárvatni vegna áhrifa þeirra á bleikjuseiðin en þessar sprengingar voru hins vegar framkvæmdar í Suðurá. Um áhrif þeirra á urriðann, sem ekki á sér lífsvon fyrr en komið er á móts við Svartáskot vegna þess hvað vatnið er kalt þarf ekki að deila. Þær hafa ugglaut valdið skaða.

Ýmis hliðaráhrif af þessum rannsóknum á búskapinn í Svartáskoti.

1/ Austan Svartárvatns er mýrarsund sem nefnist Bræðramýri. Við sprengingar þar mynduðust sprengjugígar, ekki djúpir en gátu hæglega valdið tjóni á sauðfé í fyrstu snjóum. Ekki minnst ég þess að tjón hafi orðið af því, en þessi hætta var vissulega fyrir hendi.

2/ Landsvæðið var myndað úr lofti til mælinga og kortagerðar. Til þess að auðvelda þessa myndatöku og mælingar úr þeim var komið fyrir hvítum hveitipokum á áberandi hæðum í landslaginu. Við smalanir á sauðfé í Svartárkotslandi næstu tvö árin voru það ófáir krókar sem við fórum vegna þessarra hvítu aðskotahluta í landinu, sem í fjarlægð virtust vera kindur.

Ástæðan fyrir því að ég er að rifja upp þessar LSD hugmyndir í Laxá eru þær, að mér virðist verið að endurvekja laxárdeiluna með sprengingu í Miðfkhvísil Laxár og öllu því sem á eftir fór.

Ég álit að í dag séu allir landsmenn sammála um að það var mikil gæfa að ekki varð af framkvæmd stórvirkjunar í Laxá. Menn eiga að hafa vit á að læra af reynslunni og gera ekki nú hliðstæð mistök og stefnt var í þá.

AF þeim gögnum sem ég hef séð um áhrif fyrirhugaðrar virkjunar í Svartá í Bárðardal virðist mér að engar óyggjandi rannsóknir liggi hér að baki. Ekki verður hjá því komist að álíta að með því að ákveða stærð virkjuninnar innan 10 mv. sé verið að reyna að sneiða hjá fullkomnu umhverfismati á virkjuninni.

FRAMKVÆMD SEM ÞESSI TÆGI ER ÓAFTURKRÆF. RÍKI VERULEGUR VAFI Á UMHVERFISÁHRIFUN VIRKJUNARINNAR, ÞÁ Á NÁTTÚRAN AÐ NJÓTA VAFANS.

Reykjavík 22. október 2017.

Haukur Harðarson frá Svartárkoti.

From: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 25. október 2017 10:20
To: Þórhildur Guðmundsdóttir
Subject: 13322002-1-TP-0624-Framsending athugasemda Hildar, Rannveigar og Sigrúnar Káradætra.

From: haukur36@internet.is
Sent: 22.10.2017 16:44:07
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemda Hildar, Rannveigar og Sigrúnar Káradætra.

Málefni: Virkju Svartár í Bárðardal

Með vaxandi skelfingu fyrir óbætanlegri eyðileggingu á okkar kærri heimasveit, Bárðardal höfum við fylgst með fyrirhuguðum vöðunaráformum í Svartá. Við frændsystkinin erum fædd í Víðikeri á 4. áratug síðustu aldar og alin þar upp, undirritaður, Haukur Harðarson, til 10 ára aldurs, þegar foreldrar mínir fluttu í Svartáarkot. Í Svartáarkoti tók Tryggvi bróðir minn við búna af foreldrum okkar og nú búa tvær dætur hans þar með 4. og 5 manna fjölskyldu, sem og Elín Baldvinsdóttir, ekkja bróður míns.

Tryggvi bróðir minn, var mikið náttúrubarn. Hann þekkti landið frá Bárðardal suður til Vatnajökuls einstaklega vel og lagði sig fram við að sýna gestum og gangandi helstu náttúruperlu, bæði í byggð og óbyggð. Ég tel að við bræður höfum deilt þeirri skoðun, að í byggð í Bárðardal hafi Aldeyjarsfoss og Aldeyjan verið mesta djásn náttúrunnar. Þar á eftir kom ekki Goðafoss í okkar huga, heldur Svartárgilið, þar sem Svartá fellur fram milli Hamarsins að sunnan og Glæfru að norðan. Þarna fellur áin í langri flúðaröð sem er ógleymanleg öllum sem þangað hafa komið, en breiðir síðan úr sér með stórum hólum, þegar hún kemur fram úr flúðunum.

Við kynntust þessu svæði sem ungir veiðimenn. Ég minnst 8 punda urriða sem bróðir minn veiddi á unga aldri, og árið eftir veiddi hann 8 punda lax (hrygnu) á hólmasvæðinu. Sú hafði á leið sinni frá sjó þurft af þræða fram hjá Ullar- og Barnafossi og síðan hjá Goðafossi.

Við komum oft með mikla veiði af þessu svæði. Þá gerðum við okkur grein fyrir að smásilungurinn hélt sig í afdrepum frá aðal straumþunganum í flúðunum en vænni silunginn fengum við á hólmasvæðinu og allt til þess að Svartá fellur í Skjálfandafljót. Ljóst var, að skilyrði til hrygnnar urriðans voru ákjósanleg á Hólmasvæðinu.

Tryggvi bróðir minn valdi Glæfrusvæðið næst á eftir Aldeyjarsfossi, þegar hann fór með gesti í skoðunarferðir um sveitina.

Félagslegi þátturinn í Bárðardal:

Ljóst er, að þessi vöðunaráform hafa klofið sveitarfélagið, Bárðardal, í fylkingar. Fámenn sveit, sem verið hefur vanrækt af stjórnvöldum, m.a. hvað snertir vegagerð má síst af öllu við væringum á borð við þær, sem þessi vöðunaráform hafa sett af stað. Hvergi á landinu mun þurfa að fara jafn langan veg með börn í barnaskóla eins og barnabörn bróður míns í Svartáarkoti. Frá Svartáarkoti í Stórutjarnir í Ljósavatnsskarði munu vera um 55 km. sem gerir 110 km. fram og til baka 5 daga vikunnar yfir skólatímann. Þetta er gífurlegt álag á barnaskólabörn þegar allra veðra er von.

Náttúran sem auðlind:

Sú staðreynd er öllum hugsandi mönnum ljós, sem ekki eru blindaðir af von um stundargróða, að náttúra landsins er auðlind sem á sér miklu lengri líftíma en virkjanir með sinn takmarkaða tíma. Svartá er gjöful og vinsæl veiðia, sem hefur verið lofsungin af veiðimönnum og öðrum náttúruunnendum bæði hér á landi og erlendis. Þar hefur veiðiaðferðin að veiða og sleppa meginhluta silungsins aftur verið stundað í yfir 20 ár með góðum árangri. Svartá er mikilsvert djásn í þeirri miklu náttúrufegurð sem Þingeyjasýslur hafa uppá að bjóða. Í Svartáarkoti er í dag starfrækt alþjóðleg náttúrusetur sem verður eftirsóttara með hverju árinu sem líður. Skemmdarverk á náttúrunni gæti gert útaf við þá menningarstarfsemi.

Lokaorð:

Indíánar í Ameríku voru meðvitaðir um að maðurinn er hluti náttúrunnar en ekki drottnari hennar. Þeir gerðu sér grein fyrir, að maðurinn hefur náttúruna að láni og honum ber að skila henni til afkomenda allra jarðarbúa, , bæði kvikra og ókvikra.

ERUM VIÐ VANÞRÓAÐRI EN ÞEIR?

Reykjavík 22. október 2017

Hildur Káradóttir 220833-4379

Rannveig Káradóttir 141138-2279

Sigrún Káradóttir fædd 1936, búsett í Danmörk

Ritað af Hauk Harðarsyni 030536-3129

S:862-6034 Netfang:haukur36@internet.is

Fylgiskjöl með athugasemdum

- Fylgiskjal 1** Árni Einarsson, 2017. Svartá og Suðurá í Bárðardal – Greinargerð.
- Fylgiskjal 2** Ólafur Karl Nielsen, 2016. Svartá í Bárðardal. Náttúruperla í uppnámi!
- Fylgiskjal 3** Viðar Hreinsson, 2017. Verndun Svartár/Suðurár.
- Fylgiskjal 4** Børre Skodvin, 2017. The Value of Nature.
- Fylgiskjal 5** Oslo School of Architecture and design. 9 hotels by Svartá, Bárðardalur.
- Fylgiskjal 6** Bjarnveig Eiríksdóttir, hdl. Athugasemdir vegna samnings um rannsóknar- og virkjunarleyfi í Svartá milli SSB Orku og Ríkissjóðs Íslands vegna Jarðeigna ríkisins sem leyfisveitanda.
- Fylgiskjal 7** Ómerkt. Umhverfisáhrif á virkjað svæði Svartár.
- Fylgiskjal 8** Ólafur K. Nielsen, 2017. Vaknið Þingeyingar, vaknið!
- Fylgiskjal 9** Ferli Skipulagsstofnunar

Árni Einarsson Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn:

Svartá og Suðurá í Bárðardal – Greinargerð



Svartá og Suðurá í Bárðardal eru eitt þeirra lindarkerfa sem spretta undan Ódáðahrauni, hraunflæminu mikla í norðurgosbeltinu á Íslandi. Regnvatn sem fellur þar hripar jafnóðum niður í jörðina, og sama gildir um leysingarvatn á vorin. Miklar lindir vella upp við jaðra Ódáðahrauns. Mývatn/Laxá með Kráká er stærsta lindarkerfið, svo Svartá/Suðurá, en minni lindakerfi eru að austanverðu, Grafarlönd eystri, Herðubreiðarlindir og Svartá austan við Öskju. Einnig má nefna Laufrönd.

Þessi lindarkerfi öll eru sérstök, bæði á landsvísu og heimsvísu. Þau eru sjaldgæf og óvenjuleg sem vötn, einkennast af jöfnu rennsli, eru auðug að steinefnum, hafa fágætt og oft mjög auðugt lífríki, gegna lykilhlutverki í tilveru nokkurra dýrastofna, skapa vinjar í annars gróðurlitlu landi, frjósa ekki á veturna og búa auk þess yfir óvenjulegri náttúrefegurð vegna samspils hrauns og vatns og gróðurs og legu þeirra í hálendisbrúninni. Sum þessara lindakerfa, t.d. Mývatn/Laxá, Svartá/Suðurá og Kráká, eru auk þess eftirsótt veiðisvæði fyrir silung, bleikju og urriða sem þarna myndar nokkra aðskilda stofna.

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn hefur lengi fylgst með fuglalífi og öðru vatnalífi í Svartárvatni og Svartá vegna þess hve keimlíkt það er Mývatni og Laxá. Bæði vatnakerfin eru afar lífauðug og sömu dýra- og þörungategundir einkenna þau. Landslag er einnig svipað um margt. Við tölum gjarnan um Svartá sem litlu systur Laxár. Svartá einkennist meðal annars þéttum stofni straumandar og húsandar, sem báðar verpa þar. Áin er eitt af fáum vetrarathvörfum húsandar utan Mývatns og Laxár og hefur reynst sérlega mikilvæg sem athvarf þegar áta hefur brugðist í Mývatni og Laxá og hrun hefur orðið í stofninum. Húsöndin er sem kunnugt er mjög bundin Mývatni og Laxá og nálægum lindarvötnum og byggir íslenski stofninn (hinn eini í Evrópu og Asíu) alfarið á þeim. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á verndun hans.

Á dögum Laxárdeilunnar voru uppi áform um að flytja Svartá og Suðurá yfir í Kráká og þaðan í Mývatn eða Laxá. Hefði orðið af því væru öll þessi vatnakerfi ónýt til annars en raforkuframleiðslu. Þingeyingar náðu að afstýra því.

Svartá í Bárðardal

Náttúruperla í uppnámi!

Höfundur Ólafur Karl Nielsen

Í um 40 ár hef ég unnið við fuglarannsóknir á Norðausturlandi, fyrst sem aðstoðarmaður hjá þeim merka fræðis- og náttúruverndarmanni Arnþóri Garðarssyni, seinna eða frá árinu 1981 við eigið verkefni þar sem fókusinn hefur verið á fálka og rjúpu. Strax á unglingsárum, löngu áður en ég kom fyrst í Þingeyjarsýslur, hafði ég mjög sterka mynd af þessu svæði í mínum huga, þar væri landið fagurt og frítt, veður góð, náttúran auðug og gjöful og gott mannlíf. Þessi ímynd byggði á frásögnum Arnþórs og Finns Guðmundssonar fuglafræðings, og skrifum Theódórs Gunnlaugssonar, þeirra Grímsstaðabræðra og fleiri í Náttúrufræðinginn. Eins hafði ég fylgst af athygli og aðdáun með baráttu Þingeyinga fyrir verndun Mývatns og Laxár í upphafi áttunda áratugarins. Þá voru uppi „mikilfengleg“ áform um að virkja Laxá, þetta átti að gerast í nokkrum áföngum og í sinni endanlegu mynd átti Mývatn að þjóna sem miðlunarlón fyrir virkjanirnar í dalnum og til að auka við vatnsmagnið átti að taka Skjálfandafljót, Suðurá og Svartá úr farvegum sínum lengst suður á öræfum og leiða norður heiðar í skurðum! Í dag hljómar þetta eins og óðs manns órar en í þá daga var hættan raunveruleg. Þökk sé baráttu manna eins og Hermóðs Guðmundssonar í Nesi og Eysteins Sigurðssonar á Arnarvatni þá voru þessar hugmyndir kveðnar í kútinn.

Á árlegum ferðum mínum um fálkaslóðir í Þingeyjarsýslum fer ég um byggðir og óbyggðir, hef dvalið og unnið þar á öllum tímum árs og þekki svæðið orðið giska vel. Eitt af því sem einkennir Þingeyjarsýslur eru vatnsmiklar lindir og lindarvötn. Berggrunnurinn er hriplekur, úrkoma sem fellur í hálendinu rennur eftir sprungum í berginu og þar sem aðstaður leyfa spretta fram lindir. Frægasta lindasvæðið er Mývatn, sjálft krúnudjásnið. Það eru fleiri stór og vatnsmikil lindasvæði, s.s. Herðubreiðarlindir, Lón í Kelduhverfi, lindirnar við Katastaði í Núpasveit og í Blikalónsdal á Sléttu, og

svo Suðurá og Svartá í norðurjaðri Ódáðahrauns. Mig langar að beina athyglinni að Suðurá og Svartá.

Suðurá er ein vatnsmesta lindá landsins. Hún á upptök sín í Suðurrábotnum og fellur til norðurs og vesturs í jaðri Suðurrárhrauns og í átt að Skjálfandafljóti. Á móts við Hrafnbjörg eða litlu norðar er ekki nema um 1 km á milli Skjálfandafljóts og Suðurrár, báðar streyma norður en Suðurrárhraunið skilur á milli. Þegar Suðurá hefur runnið um 15 km leið sameinast hún annarri lindá en nokkru vatnsminni sem fellur úr Svartárvatni og nefnist Svartá. Sameinuð Suðurá og Svartá ber heitið Svartá allt uns elfan rennur í Skjálfandafljót rétt norðan Bjarnastaða í Bárðardal, reyndar má greina bláan straum Svartár frá jökulvatni Fljótsins allt norður undir Lundarbrekku. Þetta vatnakerfi er um margt einstakt á landsvísi. Ég vil nota líkinguna að Svartá sé „litla systir“ Laxár og margt er líkt með skyldum. Þetta eru lífrík vötn Svartá og Suðurá. Lindarvatnið er hlaðið steinefnum sem plöntur og þörungar nýta sér til vaxtar sem aftur eru fæða fyrir dýr eins og bitmý sem síðan er undirstaða öflugra fiskistofna og auðugs fuglalífs. Urriðinn í Svartá er landsfrægur, þar hefur hann lifað í einangrun í þúsundir ára og með einkenni sem eru sérstök fyrir þennan stofn. Þetta eru fiskar sem verða mjög stórir og urriðaveiði mikilvæg hlunnindi heimamönnum alla tíð. Fuglalífið er auðugt, sérstaklega er mikið af öndum, þarna verpa meðal annars húsönd, straumönd og gulönd allt tegundir á Válista. Sérstaka athygli vekur húsöndin en stofn hennar hér á landi er lítill. Meginvarpstöðvarnar eru við Mývatn og Laxá, annars staðar er hún ekki árviss varpfugl nema við Svartá. Þetta eru hið minnsta tugir fugla sem halda til á ánni, mest neðan við útfallið úr Svartárvatni og á Svartá neðan við Hamarinn hjá Bjarnastöðum. Þegar árar illa við Mývatn og Laxá og fuglinn þar er í sveltí leitast hann annað, þetta gerir húsöndin og einn af þeim stöðum sem flóttafugl-



Svartáurriðinn er stórvaxin fiskur og eitt af sérkennum hans er túrkis blár blettur aftan við augað. Myndir: Sigbjörn Kjartansson (t.v.) og Pálmi Gunnarsson (t.h.)



Horft suður með Svartá við Hamarinn. Efst til hægri sjáum við tún Víðikersmanna þar á stíflan að rísa og áin að fara í pípu að stöðvarhúsinu sem ætlaður er staður í túnunum vestan og norðan við Hamarinn neðst til vinstri á myndinni!

inn sækir á er Svartá. Þannig að Svartá er ein af þeim stöðum sem tilvera húsandarinnar á Íslandi byggir á; áin er varpstöð og vetrardvalastaður og athvarf þegar sverfur að í Mývatns-sveit og við Laxá.

Af hverju þessi orð um Svartá? Jú, aftur eru komin upp á borð áform um að eyðileggja svæðið. Á áttunda áratugnum átti að taka Suðará og Svartá norður heiðar í skurði og í Mývatn, sem betur fer var það stoppað. Seinna höfum við séð áætlun um Hrafnabjargavirkjun en þar er eða var ætlunin að taka Suðará úr farvegi sínum og leiða í uppistöðulón við Hrafnabjörg. Þessir árar sofa aldrei því miður! Það nýjasta, framkvæmd sem á að hefjast 2017, er að stífla Svartá skammt sunnan við Víðiker, leiða ána í stokki nokkra kílómetra og hafa stöðvarhús norðan við Hamarinn! Hér er í raun boðuð eyðilegging árinna, uppeldisstöðvar urriða eyðilagðar, skoríð á gönguleiðir hans, eitt mikilvægasta búsvæði húsandarinnar á vatnasviðinu fyrir bí, o.s.frv.

Hvað ræður þessari framkvæmd, hvers vegna eru menn tilbúnir að skaða lífríkið á þennan máta? Svarið er einfalt, græðgi. Menn sem ekki vita aura sinna tal, en vilja samt peningahauginn tommu hærri áður en þeir halda yfir Styx, ráða ferðinni. Einkafyrirtæki stendur að verkefninu. Fyrst átti að sleppa við umhverfismat með því að skilgreina virkjunina rétt neðan við þau mörk sem kalla á slíkt. Það var stoppað hjá Skipulagsstofnun og nú er umhverfismati að ljúka. Niður-

stöður þess verða væntanlega kynntar í upphafi nýs árs og þá er tækifæri fyrir alla að gera athugasemdir. Tilgangur minn með skrifunum er sá að segja frá hvaða verðmæti eru í húfi og að hvetja alla „góða drengi“ til að standa upp og mótmæla þessari ósvinnu. Svona gerum við ekki!



Húsöndin dvelur á Svartá árið um kring og áin hefur mikla þýðingu fyrir verndun þessarar tegundar. Mynd: Daniel Bergmann

Viðar Hreinsson

Verndun Svartár/Suðurár

Það fer varla framhjá neinum að viðhorf til náttúru og náttúruverndar hafa breyst mjög á undanförunum áratugum. Maðurinn er að átta sig æ betur á því að hann er hluti af náttúrunni og þarf að haga sér eftir því. Sá tími ætti að vera liðinn að hann geti keypt sér ítök og réttindi hvar sem hann sér hagnaðarvon og ráðist síðan gegn henni og ráðskast að vild eins og hún væri dautt viðfang. Verðmætamatið er breytt og önnur verðmæti en beinhardir peningar njóta nú æ meiri viðurkenningar enda eru það einmitt hlutgerving náttúrunnar og blind nýtingarhyggja sem komið hafa mannkyni í þær umhverfislegu ógöngur sem nú blasa við.

Menn skoða nú náttúruna heildstætt vegna þess að vistkerfin eru stærri, flóknari og viðkvæmari en hingað til hefur verið álitíð. Þá hafa minjar um sambúð manns og náttúru fyrr á tímum einnig gildi í víðara, vistrænu og menningarsögulegu samhengi. Því verður að meta allar athafnir manna og framkvæmdir sem geta raskað vistkerfum og menningarminjum af ítrustu varúð og í mun víðtækara samhengi en áður hefur tíðkast.

Stjórnvöld bera ábyrgð gagnvart umgengni manna við náttúru, umhverfi og samfélag. Heimamenn tiltekinna byggðarlaga geta ekki lengur ráðstafað náttúruverðmætum að vild sem hverri annarri eign heldur bera þeir ábyrgð á þeim sem vörslumenn gagnvart landsmönnum öllum og í raun gagnvart heiminum öllum. Framsýn stjórnvöld taka mið af þessum sjónarmiðum með því að veita sambúð manns og náttúru og þróun samfélagsins til lengri tíma meira vægi en tímabundnum hagnaði og hagsmunum verktaka eða einstakra fyrirtækja.

Stórbrotnir draumar virkjanaverkfræðinga á síðari hluta 20. aldar eru ekki lengur í samræmi við hugmyndir okkar tíma um atvinnuuppbyggingu og sjálfbæra þróun í sátt við náttúruna. Þá töldu menn sjálfsgagt að ráðast í hverjar þær framkvæmdir sem voru tæknilega mögulegar, án þess að huga að víðtækum afleiðingum fyrir náttúru og vistkerfi. Nú dettur engum í hug að flytja Skjálfandafljót yfir í Mývatn, taka Suðurá og Svartá með og veita öllu þessu vatni í Mývatn og fylla síðan Laxárdal. Laxárdeilan forðum snerist einmitt um fyrsta skrefið í þeirri áætlun. Í raun eru Mývatnssvæðið og Svartárvatnssvæðið hliðstæð og tengd vistkerfi sem skoða ber sem eina heild og þar að auki tilheyra Svartá og Suðurá vatnasviði Skjálfandafljóts og ætti því að friða það í heild í samræmi við Rammaáætlun.

Vatnasvæði Svartár og Suðurár er einstakt því þar mætast náttúruöfl og mannheimar. Svæðið er á mörkum byggðar og óbyggða, menningar og lítt snortinnar náttúru, innst í Bárðardal og þó öllu heldur syðst á Fljótsheiði. Svartárvatn er því í raun heiðarbýli, meðal afskekktustu bújarða landsins. Næsti bær, Víðiker sem einnig er í suðursporði Fljótsheiðar, er í níu kílómetra fjarlægð. Í suður og austur eru hrikalegar óbyggðir en niðri í dalnum fjölskrúðug menningarsaga.

Svartárvatn er á vesturbakka Svartárvatns, syðst á Fljótsheiði, við jaðar Ódáðahrauns í um 400 metra hæð yfir sjávarmáli og er því ein þeirra jarða sem hæst liggur hér á landi. Í suðri teygja öræfin sig allt að Vatnajökli. Þekkt eru forn býli nærri Suðurárbotnum og langt suður með Skjálfandafljóti en norður eftir Fljótsheiði eru tóftir allmargra heiðarbýla. Úr Svartárvatni liðast Svartá í ótal bugðum og beygjum norður á bóginn þar til hún sameinast Skjálfandafljóti. Suðurá

rennur í hana og verður hún þrefalt vatnsmeiri eftir það. Sökum staðsetningarinnar lifa ábúendur Svartárkots í mikilli nánd við náttúruna og eru háðari náttúruöflunum en margir aðrir.

Frá Svartárkoti blasir við mikil víðátta umkringd fjallahring. Nefna má Herðubreið, Dyngjufjöll og Trölladyngju að ógleymdri fannhvítri Bárðarbungu í Vatnajökli. Grösug tún og víðivaxnir úthagar mæta svörtu Ódáðahrauni, söndum, melum og tærbláu lindarvatni. Allt þetta endurspeglar andstæður náttúrunnar og þar ríkir heillandi öræfakýrrð.

Í Svartárkoti er löng hefð fyrir öræfaferðum á öllum árstíðum. Þaðan liggja jeppa- og gönguleiðir suður með Skjálfandafljóti, á Fljótshéiði og yfir í Mývatnssveit, í Suðurárbotna, Herðubreiðarlindir og Öskju þar sem bandarískir geimfarar æfðu sig áður en þeir fóru til tungslins. Nær er Skjálfandafljót með fögrum fossum, Aldeyjarsfossi og Hrafnabjargafossom.

Í Svartárkoti er rekinn myndarlegur fjárbúskapur og góð silungsveiði er í vatninu. Þar eru enn í notkun nokkur útihús úr torfi og grjóti og eitt þeirra er notað sem reykhus þar sem reykur er hinn landsfrægi Svartárvatnssilungur. Slíkt gerir staðinn enn forvitnilegri.

Niðri í dalnum er blómleg byggð og löng og mikil menningarsaga sem allt frá fyrstu frásögnum endurspeglar glímu manna við náttúruöflin. Dalurinn kemur við sögu í fornþekktum unum, fyrst í sérstæðri sögu af Gnúpa-Bárði í *Landnámabók* en hann dró þá ályktun af hlýjum sunnanvindum að betra væri undir bú sunnanlands og flutti því búferlum suður yfir hálendið og lét skepnur bera það fóður sem þær þurftu á leiðinni. Allmiklar heimildir er að finna frá síðari öldum. Með hjálp margvíslegra gagna er hægt að draga upp afar heildstæða og skýra mynd af mannlífi og menningu í dalnum í gegnum aldirnar. Miklar sögur og heimildir tengjast heiðarbýlunum á Fljótshéiði sem áttu sitt blómaskeið á 19. öld og fram á þá tuttugustu. Stephan G. Stephansson átti heima í Mjóadal inn af Bárðardal í þrjú ár áður en hann fór vestur um haf. Bárðdælingar eiga drjúgan hlut í upphafi vesturferða því þaðan fóru 40 manns með fyrsta stóra vesturfarahópnum sumarið 1873. Helmingur hópsins fór til Brasilíu, hinir til Norður Ameríku.

Allt svæðið, Bárðardalur og þó einkum fremsti hlutinn, Svartárkot og mörk mannabyggðar og öræfa er einstakt og heillandi vegna samspils hinnar ríkulegu menningarsögu og óbyggðanna. Á svæðinu kristallast líka könnunarsaga öræfanna, Ódáðahrauns, Dyngjufjalla og Öskju. Sagan af sambúð manns og náttúru er lífræn samfella, sem mundi raskast verulega með ónauðsynlegum virkjanaframkvæmdum.

Töfrar svæðisins sem hér hafa verið tíundaðir standa að baki verkefninu *Svartárkot, menning – náttúra* sem staðið hefur yfir undanfarin ár í samstarfi fræðimanna, ábúenda í Svartárkoti og ferðaþjónustunnar á Kiðagili. Það felst í því að byggja upp í Svartárkoti alþjóðlegt og þverfaglegt rannsókn- og kennslusetur um sambúð manns og náttúru. Til bráðabirgða hefur verkefnið nýtt aðstöðuna á Kiðagili en í fyllingu tímans verður byggð upp aðstaða í Svartárkoti. Það hófst árið 2007 en síðan hefur verið tekið á móti yfir hundrað stúdentum, ýmist á eigin námskeiðum verkefnisins eða í hópum frá einstökum háskólum. Myndast hefur öflugt tengslanet tuga háskólakennara og vísindamanna í kringum verkefnið og samhliða námskeiðum hafa verið haldin málþing og vinnufundir vegna rannsóknarverkefna sem í vaxandi mæli tengjast Svartárkotsverkefninu beint og beinast að Þingeyjarsveit og Mývatnssveit. Í tengslanetinu eru vistfræðingar, líffræðingar, umhverfissagnfræðingar, mannfræðingar, þjóðfræðingar, bókmenntafræðingar og fornleifafræðingar af ýmsum þjóðernum.

Undantekningarlaust hefur stúdentunum þótt reynslan einstök, námskeiðin og dvölin með því besta sem þau hafa reynt á lífsleiðinni og þau hafa haldið heim með dýrmætar minningar um Bárðardal og Svartárvot og nýja innsýn og ferska þekkingu á sambúð manns og náttúru. Námskeiðin hafa haft varanleg áhrif til góðs og beinlínis breytt námsferli sumra þeirra.

Verkefnið *Svartárvot, menning - náttúra* er merkileg nýsköpun sem kalla má akademíska ferðabjónustu, ekki ósvipað menningartengdri ferðabjónustu. Það hófst fyrir efnahagshrun sem olli ýmsum vandkvæðum framan af en vegna rannsóknaverkefna sem tengjast svæðinu eru nú skapast forsendur til að halda 2-3 alþjóðleg námskeið á ári frá og með árinu 2018 auk þess að taka áfram á móti hópum frá einstökum háskólum.

Í bígerð eru einnig léttari gerðir námskeiða fyrir fróðleiksfúsan almenning þar sem fléttað verður saman gönguferðum og fyrirlestrum um sama efni og akademísku námskeiðin. Fyrirlestrarnir verða einfaldari en akademísk kennsla námskeiðanna en mun ítarlegri og meira krefjandi en hefðbundin ferðaleiðsögn.

Lögð hefur verið áhersla á samstarf fræðimanna og heimamanna á jafnræðisgrunni. Þetta er krefjandi gæðaferðamennska sem þarf að byggja upp hægt og sígandi en verður traustari en hefðbundin ferðabjónusta þegar fram í sækir. Verkefnið byggir á auðlegð í héraði, náttúru og menningarsögu og hefur verið og mun áfram verða gagnlegt framlag til uppbyggingar og þróunar byggðarlags sem átt hefur undir högg að sækja. Það eflir gagnrýna vitund manna um það hvernig nærsamfélag menn vilja byggja upp. Hvers konar röskun á umhverfi og náttúru getur hæglega riðið þessu verkefni að fullu. Það gefur auga leið að það á enga samleið með fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum sem munu einungis veita byggðarlaginu svipulan uppgangshagnað um skamma hríð, fáeinum bæjum einhverjar tekjur en meginhagnaðurinn mun hverfa í vasa utanaðkomandi auðmanna.

(2017, mars)

THE VALUE OF NATURE

Iceland is blessed with an abundance of unspoiled nature. Every year visiting tourists spend considerable amounts to experience a part of this. In some ways, they are not unlike the huge schools of migrating Atlantic herring that has played such an important role in the development of Iceland's economy. Like the fish, tourists find the natural condition of the environment on and around Iceland irresistibly attractive, and they keep returning in waves of increasing numbers. In 2014 nearly 12% of the total Icelandic workforce was engaged in tourism-related industries, almost twice as many as in the fisheries.

The economic potential of tourism in Iceland is formidable, and still far from being realized. But in order to secure the possibility to continue harvesting this resource for years to come, the country needs to develop a better understanding of how to sustain its attraction to its visitors: They come to experience pristine nature, to see the abundance of birdlife, to fish in rivers that run unobstructed from the mountain to the sea, to hike through landscapes where you see almost no trace of man. Despite the apparent excess of untouched nature, manmade structures constantly encroach on these undeveloped areas. Small interventions, each seemingly insignificant, imperceptibly add up and diminish the very basis of the Icelandic tourism industry.

The proposed power plant in Svartá is one such encroachment. With its small scale, the plant may seem of little importance. Yet, its impact on the natural environment of the area will be devastating. It would be interesting to see an estimate of the monetary value of the power plant, compared to what revenue might be generated if the area instead were to be developed for eco tourism. In contrast to a power station, revenue from tourism can be a steady and long term income available to local inhabitants, thus contributing significantly to maintaining a rural population.

As professor at the Oslo School of Architecture and Design I am conducting a master course in architecture during the spring of 2017, studying this topic. The students are developing a series of projects for micro hotels around Svartá, small buildings that blend easily into nature, yet offer all the comfort required by the modern tourist. With a group of 16 students, I visited the Svartá valley in March, identifying 9 different sites for possible development. The projects are based on particular interests that might be pursued in the area, such as horseback riding, fishing, geology, bird watching, yoga, astronomy and northern lights, there is even a wool center for knitters.

The projects show that with moderate investment it is possible to establish facilities spread throughout the area that could easily give 100 new guest beds or more, without compromising the natural qualities. At the current rates of lodging in Iceland, this potential represents an annual economy of several million Euros, without the irreversible damage to nature which exploitation of the river for power inevitably causes. If this were developed and owned locally, it would constitute a substantial contribution to the economy in the area, providing invaluable additional opportunity to local farmers. As such, this is a case where protection of the natural environment is necessary to protect commercial interests.

Comparable experience from Norway shows that through strategic planning it is possible to disperse the flow of tourists to relieve the pressure on main attractions by establishing a widespread network of many smaller sites. The project In Barðardalur aims to develop one such location. Since 1995, Norwegian road authorities have developed and carried through a project called "National Tourist roads", identifying 18 routes of particular interest to tourists seeking the beauty of natural landscapes. Architecture and design are the main tools in this project, establishing spectacular viewpoints and lay-bys along the various roads. As the tourists flow in, the basis for local business improves and new hotels, cafés and restaurants, visitor centers, etc. emerge. I believe that the tourism industry in Iceland could benefit dramatically by adopting a similar approach.

Through painful experience, Iceland has learned the consequences of overtaxing a resource. When the herring populations of the North Atlantic collapsed in the 1960s many coastal towns and villages declined almost overnight, leaving those depending on the fisheries distraught. Iceland's pristine nature is a resource comparable to the herring. If developed prudently, with care and consideration for the future, it will continue to attract travelers and provide well for future generations. If exploited beyond tolerance for short term profit, it will suffer a fate all too familiar, depleted and irrevocably lost. There are many reasons to reject the power plant in Svartá. One of them is to care for potential future profit through tourism.

Oslo 09.04.2017

Børre Skodvin

Professor, Oslo School of Architecture and Design
International Fellow, Royal Institute of British Architects, FRIBA




OSLO SCHOOL OF ARCHITECTURE AND DESIGN 9 HOTELS BY SVARTÁ, BÁRÐARDALUR


During the spring of 2017, a masters studio in architecture from Oslo designed proposals for micro hotels around Svartá in Bárðardalur. The 16 students visited the area in March and continued to work until June after returning to Norway. The result is 9 different project proposals which are shown in this folder.

The brief asked for hotels with a minimal footprint in nature, both in terms of size as well as energy consumption and waste production. The main intention of the studio was to demonstrate that with moderate investment it is possible to build facilities for tourists that do not destroy the nature the tourists have come to see in the first place.

Most of the proposals consist of one main building with a common room for eating and socializing. Some have also suggested spa facilities, sauna, etc. Instead of also placing all the rooms in this common building, most of the projects suggest that the rooms can be individual small cabins. In some of the proposals they are kept close together, in others they are more spread out in the landscape.

Most of the projects are designed to provide especially for tourists with a particular interest, such as bird watching, fishing, aurora and night sky, geology, wool and knitting, etc.






PROJECT 1 - JONATAN AND JON


The location is just south of Svarárkot in the lavafield by the trail to Suðurá. The hotel is designed for tourist who are interested in exploring the nature and geology of this mountain plateau. The project suggests a closed compound where the roof angles are designed to deflect strong winds. Rooms are small, with a long “horizon window”.

BARDARDALUR HOTELL
JONATAN OG JON






A








PROJECT 2 - KRISTOFFER

This is a hotel for amateur astronomers and aurora watchers, who want to explore the dark winter skies. During the summer season it will service other tourists. It is placed between the road and Svarárvatn, just north of Svarárkot. The buildings are placed around an inner courtyard to create an enclosed space, protected from stray light. The beds are spread along the back walls of the rooms, each with a sliding door.








PROJECT 3 - VILDE AND SILJE

This is a center for horseriders. It is placed close to the road opposite of Viðiker, with access from the road to Stóratunga. It is designed for riders who wish to be close to the horses and to take part in caring for the animals. This differs from the usual riding holiday in Iceland, where riders typically stay in a hotel away from the horses between rides, and where the animals are taken care of by a professional crew.

With the hotel as a base camp, riding trips can be made into the surrounding area, including overnight stays in primitive camps.



Bardardalur Ridehotell

Vi foreslår og bygge et hestehotell i Bardardalur. Der møtet mellom hest og mennesket står i fokus. Prosjektet vi har tegnet er på mange måter styrt av hesten; dens dimensjon, lukt fra stallen, krav om ventilasjon og klimatiske forhold for hvordan hest Vi har fulgt retningslinjer fra Mattilsynet når vi dimensjonerte stallen. Hestens krav er ulikt fra mennesket. Å skape arkitektur for et så stort dyr har innebærer å arbeide flere forskjellige skaler der noen rom er kun er for hesten, rom hvor bare mennesker befinner seg og rom der hest og menneske møtes.

Hotellet har 7 soverom med plass til 14-16 gjester, oppstillingsplass til 14 hester og 4 ansatte. Tilsammen 780 Kvadratmeter.


Gjennom prosjektet ønsker vi å utforske arkitektur som har:

- eksponert hovedkonstruksjonen innvendig
- ulikt klimaskille for rom med hester og rom for mennesker
- levegge og leskur for hest er integrert i arkitekturen
- vi har ønsket å utforske om stalltypologen kan utfordres?
- hoved fokus Hvordan kan arkitektur påvirket møte mellom hest og menneske?

Hotellet er plassert i det slake landskapet ved Vidiker gård, ca 300meter fra Lundarbrekkurvegur. Vi foreslår å bygge ut en enkel grusvei fra veien som leder mot Aldeyjarfossen. Hotellet er plassert ved en ruin av en gammel torv rettir fra 1800tallet, noe som kan tyde på at de omkringliggende jordene tidligere har vært tilknyttet gårdsdrift. Rettiren bevares og restaureres og kan nå bli tatt i bruk til innhegning for hestene ved hotellet. Sammen med rettiren skaper stallen,hovedbygget til hotellet, samt to mindre bygg et inngjerdet tun hvor både hest og mennesker ferdes, bilene er parkert utenfor tunet på en parkeringsplass.



Ideen om å kombinere ridesport og hotellfasilitet bygger i vår fascinasjon for islandshesten. Islandshesten er en særegen hesterase og viktig turistattraksjon på Island. Det er mange steder som tilbyr ridning for turister på Island, det er riktignok få av dem i Akureiri området og vi ønsker å tilby et hotell med særegen bosituasjon, der hest og menneske bor sammen.

Etter å ha selv erfart å leie hester og ri på Island savnet vi å få mer innblikk i hesteholdet. Vi spurte oss selv. arkitektur endre dette? Kan det gi innsyn og oppfordre til interaksjon? Hester bor i bokser. På dette hotellet leier man motellrom som har samme fotavtrykk som en hesteboks og befinner seg i stallen. Et nivå over hestene. Dette gir innsyn i stallen, samtidig som du bor midt oppi hestelukt, lyder og arbeid-soppgavene i stallen er rett utenfor døra.







Konstruksjonprinsipp - Rammer




Kun hovedkonstruksjon med rammer og avstivende bjelker og lekter



Med kledning, samt gulv, interne vegger og båser til hestene









PROJECT 4 - INGRI AND VILDE

This hotel is designed for birdwatchers. It is placed close, but not too close to Svartá, in part of the river favored by birds. Both the common building and the cabins have watching towers, where a good overview of the river is possible.


HYTTER, PLAN




HOVEDHUS, SNITT



SNITT BB








PROJECT 5 - SYNNØVE AND JOSEFINE


This project is placed on the cliffs by the rapids in the lower part of Svartá, just opposite of Tuguhamar. The cabins are dramatically placed on the edge of the cliff above the river. Foundation for the cabins is achieved by drilling steel rods into the rock, avoiding big changes to the landscape and giving a minimal footprint.

This hotel does not tend to any particular interest, it is simply designed to be an attractive place to stay with a beautiful view and closeness to nature.




THE MAIN BUILDING AND THE CABINS






PLAN MAIN BUILDING 1:100


SECTION THROUGH THE ENTRANCE
1:100



SECTION THROUGH THE BATHING
FACILITIES 1:100





LONGITUDINAL SECTION 1:100













CABIN A 1:50
PLAN & SECTION








PROJECT 6 - SILJE AND JON ERIK

This is another hotel for birdwatchers, also placed close to Svartá in the upper parts close to Svarárkot. The main building is placed in the hillside a little bit away from the river. The cabins are very small and compact and are spread out closer to the river to give the best views. A number even smaller shelters are also suggested, to provide good hiding places for birdwatchers.


BIRDER'S NEST

Silje Loe og Jon Erik Brekken






Tverrsnitt BB
1:50



Hemsplan




Hytteplan

Hyttene er plassert rundt om på området. De følger samme logikk som hovedhuset.
Inngangen er på den lukkede og skjermede siden, man går inn igjennom en servicedel
der gang, bad, sittegruppe og hems er plassert. Den åpne delen fokuserer på elva.







Tverrsnitt




Langsnitt

SKJULET







Prosjektet er delt inn i tre deler. Man har den store bygningen hvor man møtes og gjør ting sammen, man har hytta der man bor tilnærmet isolert fra resten av verden, og man har der den minste konstruksjonen, Skjuleet, som kun fokuserer på å gi ly til de som vandrer rundt i området. Konstruksjonen på disse skjulene er svært enkel og er tenkt å kunne plasseres omtrent hvorhenn det skulle være nødvendig eller passende. Også disse følger ideen om å ha en skjermert lukket side, mens det i resten av strukturen fokuseres på å gi gode utsikter for kikkning og fotografering av fugler og landskap.



PROJECT 7 - IDA

This is a wool center made especially for knitters and others with a particular interest in wool. It is placed on a hill just north of Viðker, by Grjótá. It includes a micro wool mill, where local wool can be processed into finished material. The center can benefit from the wool-working skills found in the area. Local sheep farmers could have their wool processed here. This would give an opportunity for local wool suppliers to retain more of the profits generated by the refinement of the wool. It would also provide an additional experience for visitors, allowing for insight into the refinement process.



1. Wool reception and washing room for wool

2. Mini Mill

3. Laboratory

4. Showroom and store

5. Changing room

6. Shower


7. Sauna

8. Hall


9. Living room and kitchen

10. Pantry


11. Laundry room



(Description of the Mini Mill on next page)



Section through the showroom, sauna and living room seen from west 1:200



Elevation seen from west 1:200

The Mini Mill

1. The Tumbler

Tumbles the fiber, allowing dirt, vegetation, shorts, and guard hair to be released from the fibers. The Tumbler can be used either pre or post washing.

2. Washing System

Can wash up to 10 kg of fiber in a single operation. Up to three types and/or colours of fiber can be cleaned at the same time.

3. Centrifuge

Removes the excess water from the fiber after washing.

4. Dye Vat

For dyeing fibre after washing. An electric swivel winch makes it easy to handle large batches of fiber.

5. Drying Cabinets

Floor to roof cabinets with good ventilation for drying fibre gently.

6. Picker

Teases out entanglements and opens the fiber to give consistency in further processing.

7. Fiber Collection Room

The fiber from the Picker is thrown into a collection room where conditioning oils are applied.

8. Small Fiber Separator

This machine gently separates unwanted coarse guard hair, vegetable matter and other contamination from fine fiber.

9. Large Carder

The Carder is the heart of a fiber mill. It separates randomly placed fibers from each other and individually aligns these fibers, presenting them in the form of a continuous web at the output end.

10. Draw Frame

The function of the Draw Frame is to take rovings from the Carder and create a roving, absolutely consistent in size over its entire length.

11. 4 Spindle Spinner

The Spinners draw in rovings or slivers and direct them through a controlled drafting system, outputting an extremely consistent fiber stream. This fiber stream is then twisted into a finished single of yarn and stored on bobbins.

12. Steamer

During the steaming process the plied yarn is drawn through the steamer by either the Cone Winder or Skein Winder. While under slight tension the yarn is pulled through a steam chamber and then a drying tube. This process sets the twist. Any tensions that are placed into the yarn during the spinning or plying processes are evened out during steaming.

13. Skein Winder


Yarn processed by the skein winder is metered and wound into skeins.


14. Felt Maker

Uses and designs for felt products are only limited only by ones imagination. A great way to use up coarser fibers and processing waste.

15. Hot Water Tank

16. Wool storage and work tables





PROJECT 8 - VIDAR AND JØRGEN

This another hotel for amateur astronomers, placed close to Svarárkot by the upper part of the river. It has an observatory tower as well as a larger stationary telescope. Common buildings are raised from the ground, creating an enclosed compound. Small cabins are placed outside the compound to give better dark sky.



The Common Area / The Courtyard

The hotel consist of private cabins for the guests, and a common area, with public and maintainance facilities.


The idea of the structure, is to make a secured place to be, in the middle of the wilderness. The terraced sqare is lifted of the ground, to give the guests a feeling of being in a civilized area, and the building protects from winds and other dangers in the wild.


When arriving to the Hotel, you will be met with a closed building structure, but once you come closer, and walk under the cantilevered roof of one of the buildings, it opens up, and you find yourself in a hotel for astronomers, in the middle of nowhere, Iceland.

The building in the north is the main-taince building. It contains an apartment for the one person who works here, storage and washing room. furthest to the right there are two public toilets.

The building in the west is a public living and working room. This is where the guests can work and their photos, make astronomer friends and hangout after dinner.

The two remaining building are the cantina and the bathhouse. These will be described on the next pages.






Section 1:75

The Bathhouse

This building is for enjoying a warm bath or sauna in the extreme natural surroundings. The volume of the building is divided in three smaller shapes, one for each activity: A changing room, the Sauna, and the indoor pool. The Maintenance building follows the same logic, and both of the buildings are inspired by the traditional farm building typology in Iceland.

There is also a second outdoor pool that can be reached through a second door.

The building is fairly closed inward against the common area, and open outward to the spectacular view.



Section of the common area 1:100





The Cantina


The Cantina is the building that turns 90 degrees out into the surrounding landscape. The reason for this is both to open up the courtyard to the south, but also in order to facilitate a spectacular scenery for the guests, while they are having their breakfast/lunch/dinner.

The building has open, public kitchen in the inner part, and a long eating table in the outer part, divided with a fireplace.


The building is the most open, and has a window band all around it. This also ensures vision out from the courtyard, through the building.



Setion 1 1:50



Setion 2 1:50



Plan1:50

The cabin

The project contains 6 cabins with room for a couple. Having this form of facilitating guests, the hotel can easily build more cabins if it turns out to be a popular place to visit.

The general idea of the cabin is to make them small and cheap to build, but at the same time comfortable.

The cabin is divided into three volumes, one for entering and bathroom, one for sleeping, and one small livingroom with a kithcen.

The cabins are 13 square meters, and just like the rest of the project, they are lifted 50 cm of the ground.




Model built in 1:50 seen from the North



Seen from the South




Model of one a cabin built in 1:50



PROJECT 9 - JO AND MARTIN

This project is intended for people who wish to practice yoga in peaceful surroundings. It is also designed to accommodate fishers wishing to fish in Svartá. It is placed on the eastern bank of the river, between Húsabreiða and the roadbridge to Stóratunga.



site plan



view from room

Athugasemdir vegna samnings um rannsóknar- og virkjunarleyfi í Svartá milli SSB Orku og Ríkissjóðs Íslands vegna Jarðeigna ríkisins sem leyfisveitanda.

Bjarnveig Eiríksdóttir, hdl.
Evrópulög ehf. / Vík Lögmannsstofa ehf.
Laugavegi 77

Verndarfélag Svartár og Suðurár hefur aflað lögfræðiálits um hvort samningur um rannsóknar- og virkjunarleyfi í Svartá milli SSB Orku ehf. og Ríkissjóðs Íslands sem undirritaður var þann 26. apríl 2013 standist þau viðmið um markaðsverð sem ríkisaðstoðarreglur EES samningsins gera til slíkra samninga. Verndarfélagið hefur nú sent kvörtun til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna málsins.

Aðdraganda málsins má rekja til ákvörðunar ESA þann 20. apríl 2016 þar sem stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að sú framkvæmd íslenskra stjórnvalda undanfarna áratugi að krefjast þess ekki að orkufyrirtæki greiði markaðsverð fyrir afnot af náttúruauðlindum feli í sé ólögmæta ríkisaðstoð. Sjá nánar Fréttatilkynningu ESA um málið frá 20. apríl 2016: <http://www.eftasurv.int/press-publications/press-releases/state-aid/nr/2682>. Í ákvörðun sinni fór ESA fram á að sett yrðu lög á Íslandi til að tryggja að öll tilfærsla náttúruauðlinda vegna raforkuframleiðslu færi fram á markaðsforsendum. ESA fór einnig fram á að íslensk stjórnvöld endurskoðuðu alla gildandi samninga um nýtingu náttúruauðlinda til að tryggja að orkufyrirtæki greiddu markaðsverð það sem eftir lifir af gildistíma samninganna. Þann 15. janúar 2017 eftir að íslensk stjórnvöld höfðu skuldbundið sig til að grípa til viðeigandi ráðastafana til að koma til móts við athugasemdir ESA lokaði stofnunin málinu. Sjá nánar fréttatilkynningu ESA um málið: <http://www.eftasurv.int/press-publications/press-releases/state-aid/rikisadstod-orkufyrirtaeki-greida-markadsverd-fyrir-afnot-af-natturuauðlindum>.

Íslensk stjórnvöld skipuðu starfshóp til að vinna að tillögum og átti m.a. að endurskoða nógildandi samninga og tryggja þar með að orkufyrirtæki greiði markaðsverð það sem eftir lifir af gildistíma samninganna. Í apríl sl. óskaði verndarfélagið upplýsinga frá formanni starfshópsins um hvort til stæði að endurskoða samninginn um rannsóknar- og virkjunarleyfi í Svartá. Í svari formannsins sagði að ekki hefði komið til tals að endurskoða nýlega samninga þar sem eru ákvæði um endurgjald.

Niðurstaða athugunar lögmanns er að samningurinn um rannsóknar- og virkjunarleyfi í Svartá hafi verið undirritaður af hálfu Ríkissjóðs Íslands án þess að tryggt væri að markaðsverð fengist fyrir afnot af jörðinni, ánni og vatnsréttindunum. Ekki hafi verið fylgt viðurkenndum reglum við undirbúning samnings. Þessar reglur koma m.a. fram í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð auk þess sem nefndir á vegum ríkisins hafa ítrekað lagt til að tiltekin framkvæmd verði viðhöfð við leigu á slíkum réttindum. Verndarfélag Svartár og Suðurár hefur nú sent kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna brota íslenska ríkisins á ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Svartá er í landi ríkisjarðarinnar Stórutungu í Bárðardal. Stóratunga er vestan árinna og á ríkið helming vatnsréttinda í ánni á móti þremur eigendum jarða austan megin árinna. Fyrirtækið SSB Orka ehf. samdi við ríkið án þess að efnt hafi verið til útboðs af hálfu ríkisins. Verndarfélagið óskaði gagna frá opinberum aðilum, m.a. fjármálaráðuneytinu um undirbúning og framkvæmdir vegna virjunarinnar. Í svari fjármálaráðuneytisins var m.a. vísað til þess að hluti gagnanna frá SSB Orku ehf. væri háður

trúnaði vegna þess að í þeim væru viðskiptaupplýsingar. Af þeim gögnum sem tiltæk eru, m.a. umræddum samningi, verður ekki séð að við undirbúning sölu hafi verið gerð tilraun til að meta hin útleigðu réttindi til verðs samkvæmt viðurkenndum viðmiðum sem vísað er til í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA. Í gögnunum kemur fram að sérfræðingur hafi yfirfarið útreikninga fyrirtækisins en verndarfélagið telur að þrátt fyrir þetta verði ekki séð af ákvæðum samningsins að fullnægjandi endurgjald hafi fengist fyrir afnot af landi jarðarinnar, ánni og vatnsréttindunum. Að því er best verður séð gekk ríkið að þeim verðtillögum og tillögu að samningi sem fyrirtækið SSB Orka ehf. bauð.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við samninginn og skort á viðeigandi undirbúningi við gerð hans:

(a) Samningsákvæði um gjaldtöku eru óljós og ekki gert ráð fyrir að ríkið fái hlutdeild í hagnaði af virkjuninni. Í samningnum eru ákvæði um gjaldtöku sem kveða á um að landeigendur og eigendur vatnsréttar fái á 40 ára leigutíma árlegt endurgjald sem samsvarar 2,5-10% af brúttósöluverði raforku. Samningsákvæðin eiga við um alla eigendur réttinda á svæðinu og eru óljós um hvert heildarendurgjald verður og hvert hlutfall ríkisins verður. Fram kom á fundum aðila að SSB Orka taldi að heildarendurgjald gæti samsvarað rúmum 20 milljónum króna á ári. Í gögnum málsins segir að forsendur gætu breyst m.a. verð p/MW. Þá er ekki ljóst hvernig þessar 20 mkr eru reiknaðar og hvort sú tala vísar til 2,5 eða 10 % af brúttósöluverði eða þar á milli. Fram kom á fundum aðila að sanngjarnt væri að landeigendur austan Svartár fengju hærra hlutfall af leiguverði vegna landsins þar sem mannvirki yðu staðsett þar. M.v. þetta yrði hlutur ríkisins lægri sem nemur 50% af heildarendurgjaldi.

(b) Ekki er gert ráð fyrir í samningnum að leigjandi greiði tryggingagjald til að vega upp á móti „leigjandavanda.“ Mælt er með slíkri gjaldtöku í skýrslum sérfræðinga sem gerðar hafa verið á vegum ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir neinum samningsgreiðslum af hálfu fyrirtækisins fyrr en virkjunin hefur tekið til starfa. Í millitíðinni hefur fyrirtækið aðgang að jörðinni, ánni og vatnsréttindunum og getur m.a. ef tilskilin leyfi fást byggt 60 metra stíflu. Ýmis samningsákvæði eru um skyldu SSB Orku ehf. til að bæta tjón og hreinsa upp eftir framkvæmdir en þau virðast ófullkomin og varða einnig eftirágreiðslur. Nauðsynlegt var að kveða á um að SSB Orka ehf. greiddi tryggingargjald vegna tjóns sem gæti hlotist af framkvæmdum og undirbúningi framkvæmda, m.a. ef framkvæmdaaðilinn yrði gjaldþrota en SSB Orka ehf. er einkahlutafélag og var á þeim tíma sem samningurinn var undirritaður með neikvæða eiginfjárstöðu.

(c) Samningurinn var ótímabær og málið ekki rannsakað með fullnægjandi hætti. Samningurinn var gerður án þess að ríkið gerði tilraun til að meta hvort að rétt væri að samningsbinda ríkið að svo stöddu, m.a. sökum óvissu um áhrif virkjunar. Á þessum tíma var ekki búið að ákveða hvort Svartá yrði sett í nýtingarflokk í rammaáætlun. Á þessum tíma lágu heldur ekki fyrir nægjanlegar upplýsingar um kosti eða galla þess að byggja stíflu í ánni til nýtingar á vatnsréttindum. Við undirbúning rannsóknarleyfis sem gefið var út til SSB Orku ehf. 8. nóvember 2011 höfðu þó komið fram athugasemdir um neikvæð áhrif, m.a. að einstakur urriðastofn árinna gæti verið í hættu, sem og upplýsingar um að fleiri aðilar hefðu áhuga á að nýta vatnsréttindin.

Þær skýringar hafa fengist af hálfu ríkisins um hvers vegna var samið við SSB Orku ehf. eru að lög geri ráð fyrir að samið sé við rannsóknarleyfishafa ef hann ákveður að óska eftir virkjunarleyfi. Þessi afstaða hefur ekki verið rökstudd með öðru en að gert sé ráð fyrir eignarnámsheimild í lögum ef ekki náist samningar við landeigendur. Í framkvæmd eru þröng skilyrði fyrir því að eignarnám nái fram að ganga, m.a. að almenningsspörf sé fyrir hendi. Vart verður séð að fjárhagslegir hagsmunir einkaaðila af því að

byggja smávirkjun teljist til almannahagsmuna. Vekur þetta upp spurningar um hverjar séu skyldur ríkisins þegar þegar einkaaðilar fara þess á leit að fá afnot af jarðeignum í opinberri eigu.

(d) Fórarkostnaður var ekki metinn. Engin tilraun var gerð af hálfu ríkisins til að verðmeta landið, ána og vatnsréttindin, skoða aðra nýtingarmöguleika eða láta vera að afsala þessum réttindum. Svartá er vel þekkt veiðiá. Á jörðinni Stórutungu sem er eyðijörð er boðin gisting og veiði og kemur fram í auglýsingu söluaðila að húsið standi „á lækjabakka með svæfandi niði frá smáfossi, og býr yfir sálarfriði“ og að Stóratunga sé „á rólegum stað, úr alfaraleið 6 km. frá aðalvegi, og býður upp á margar skemmtilegar göngu og reiðleiðir t.d. að Aldeyjarfossi og í Svartárgil. Seld eru veiðileyfi í Svartá, sem er skemmtileg urriðaá með fluguveiði og sleppingu.“ Af athugasemdum sem komið höfðu fram þegar við undirbúning rannsóknarleyfisins í nóvember 2011 var þó ljóst að þessi gæði, m.a. urriðastofninn sem er talinn einstakur, gætu verið í hættu. Athugasemdir sem komið hafa fram við undirbúning umhverfismats gefa til kynna að margir veiðistaðir muni að „líkindum breytast, færast til eða hverfa alveg“ (Hafrannsóknarstofnun) og að þeir aðilar „sem geri út á upplifun á ósnortinni náttúru á þessu svæði færi sig annað og þetta svæði detti út“ (Rannsóknarmiðstöð ferðamála). Aðrir nýtingarkostir en virkjun árinna virðast ekki hafa verið skoðaðir. Ekki er gert ráð fyrir því að ríkið fái bætur fyrir skerta nýtingarmöguleika eða rýrnun á virði jarðarinnar.

Verndarfélag Svartár og Suðurár telur að með samningi við SSB Orku ehf. hafi réttur almennings verið fyrir borð borinn og því hafi verið rétt að senda kvörtun til ESA.

Umhverfisáhrif á virkjað svæði Svartár

Vatnafar

Mjög misvísandi upplýsingar koma fram í frummatsskýrslu hvert reiknað meðalrennsli Svartár er. Meðalrennsli vatnsmælingarmælis V324 gefur til kynna 19,9 m³/s rennsli, en vatnshæðarmælir 116 21,8m³/s meðalrennsli (Frummatsskýrsla kafla; 5.4.2.1).

Fram kemur í núverandi tilhögun hönnunar virkjunarinnar að gert er ráð fyrir að virkja 20 m³/s af vatnsmagn Svartár en samkvæmt meðalrennsli á tímabilinu september 2005 til október 2013 (vhm 116) var vatnsmagn Svartár minna í 20% tilvika á því tímabili. Skýra verður nákvæmlega í matsskýrslu hvernig framkvæmdaraðili hyggst tryggja lágmarksrennsli neðan stíflu í þeim tilfellum er vatnsmagn Svartár nær ekki virkjuðu rennsli.

Í umfjöllun frummatsskýrslu (kafla 5.4.2.4) um lágmarksrennsli neðan stíflu kemur fram að „Gert er ráð fyrir að tryggja um 15% af meðalrennsli, eða um 3 m³/s, að lágmarki fari framhjá stíflunni til að farvegurinn neðan hennar og niður að ármótum við Grjótá þorni ekki “. Þessar upplýsingar eru í ósamræmi við upplýsingar í **Minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar dags. 10.10.2016** þar sem segir; „Núverandi virkjunartilhögun gerir ráð fyrir að virkjað rennsli verði 20 m³/s og tillaga virkjunaraðila að lágmarksrennsli framhjá inntaksstíflu verði 5 – 10% af meðalrennsli (21,8 m³/s fyrir árin 2005 – 2013)“. Slíkt ósamræmi 15% af rennsli eða 5-10% er ekki ásættanlegt fyrir mat á umhverfisáhrifum og gerir það í raun óframkvæmanlegt.

Um það bil 0,5km neðan stíflu bætist Grjótá við vatnsrennsli á virkjuðu svæði Svartár. Í frummatsskýrslu kafla 4.3 er vatnsmagn hennar óljóst eða “um eða yfir 1m³/s”. Þessar upplýsingar eru ekki í samræmi við **Minnisblað Hafrannsóknarstofnunar** bls 6, en þar er vatnsmagn Grjótár áætlað 1-1,3m³/s með upplýsingatíðni í SSB Orku ehf.2013, framkvæmdaaðila virkjunarinnar. Ekki er vísað í neinar rennsli mælingar óháðs aðila eins og Veðurstofunar um vatnsmagn Grjótár og því um ágiskanir að ræða. Rennsli Grjótár er því óvíst. Viðbætt lekavatn stíflu er einnig óvíst.

Aðrir þættir er mikil áhrif hafa á stöðugt vatnsmagn í virkjaða hluta Svartár eru taldir til í frummatsskýrslu. Í kafla 5.4.2.3 kemur fram um áhrif lofthita á hitastig árvatnsins; „kólnar vatnið í frosthörkum og þessi áhrif á virkjuðum kafla í farvegnum verður meiri þegar vatnið verður minna“ Mikil og langvarandi frost verða á þessu svæði að vetri til. Oft kólnar þá vatn Svartár að frostmarki með botnstingli og krpa sem veldur miklum rennslistruflunum eins og sjá má á gögnum frá Veðurstofu Íslands. Vatnskólnun Svartár verður enn meiri í skertu en í eðlilegu rennsli og búast má við örari og hlutfallslega meiri rennslistruflunum í þeim hluta árinna. Slíkt eykur hættu á varanlegum skaða á lífríki Svartár frá inntakstíflu að ármótum Svartár og Skjálfandafljóts.

Í frummatsskýrslu kafla 5.4.2.3 og 4.3 kemur einnig fram að ís og krpa verður fleytt fram hjá inntaki í þrýstipýpu og hleypt niður í farveginn neðan stíflu. Það þýðir að skert rennsli neðan stíflu tekur við ís og krpa úr fullu vatnsrennsli ofan stíflunnar. Við þær aðstæður er stórhætta á langvarandi rennslistruflunum er veldur miklum skaða á vatnalífi árinna og auðsjáanlega hindrar fiskgegn.

Af framantöldu er því ljóst að:

- Meðalrennsli Svartár er óvíst samkvæmt fyrirliggjandi gögnum
- Tryggt lágmarksrennsli á virkjuðum hluta árinna er ekki ljóst

- Miklar rennslistruflanir verða á virkjuðu svæði Svartár vegna ís og krapa sem veitt er í skert rennsli hennar.
- Tíðar rennslistruflanir verða að vetri vegna áhrifa lofthita á hitastig árvatnsins neðan stíflu.

Slík óvissa er ekki ásættanleg fyrir mat á umhverfisáhrifum og gerir það í raun óframkvæmanlegt.

Áhrif á fiskgengd

Í minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar segir á bls 6 „Ef markmiðið er að viðhalda fiskgengi eftir framkvæmdir gæti þurft að framkvæma lagfæringar í hallanum neðan ármóta Grjótár, allt er þó óljóst um hvernig fiskgengi verður háttað við skert rennsli þar“. Ekki er með fullnægjandi hætti í frummatsskýrslu gerð grein fyrir hvernig tryggja skuli fiskgengd í miklum botnshalla árinna með skert rennsli, frá stíflu niður að svokallaðri Glæfru neðst í Svartárgili rétt ofan Hólmasvæðis Svartár. Alls er um að ræða rúmlega 3km langan kafla Svartár og fall árinna er um 60m á þeirri leið.

Áhrif á gróðurfar og dýralíf

Í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands **Fuglar, gróðurfar og jarðfræði við Svartá í Bárðardal** kemur fram; „Í Svartá neðan stíflu eru vel grónir hólmar með áberandi hvönn og loðvíði. Votlendi liggur víða að ánni, bæði austan og vestan“. „Lækkuð grunnvatnsstaða vegna skerts rennslis árinna neðan stíflu mun líklega valda gróðurbreytingum í gróskumiklum hólum og bökkum Svartár og hafa áhrif á grunnvatnsstöðu votlendissvæða næst ánni“. Hvergi í frummatsskýrslu er þess getið með fullnægjandi hætti hvernig tryggja skuli að þessir hólmar þessir verði umflotnir vatni að loknum framkvæmdum svo að gróðurfar hljóti ekki varanlegan skaða af.

Svo kallaðir Hólmar, neðsti hluti hins virkjaða svæðis Svartár, er talið vegna botngerðar, dýpis og rennslis kjörið til hrygningar og eitt miklvægasta hrygningarsvæði urriðastofns Svartár neðan Ullarfossar. Það hrygningarsvæði mun hverfa vegna skerts rennslis með ófyrirsjáanlegum afleiðingum á urriðastofni Svartár neðan Ullarfossar.

Í **Minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar** kemur fram á bls 11 “áætluð skerðing botnflatar á áhrifasvæði Svartárvirkjunar er á milli 48 og 58% sem takmarkar lífræna framleiðslu á botni farvegarins” og “að rennsliskerðing í kjölfar virkjunar árinna mun valda minnkandi framburðargetu árinna á lífrænum ögnum og þar með fæðuframboði fyrir hryggleysingja og fiska. Minnkunin verður ekki einungis vegna skerðingar á botnfleti farvegarins heldur einnig vegna minnkandi burðargetu árinna“. Þetta þýðir verulega neikvæð áhrif á skordýralíf árinna og þar með á fæðuframboð fugla og fiska og stofnstæðir þeirra á áhrifasvæði virkjunar frá stíflu að ármótum við Skjálfafljót.

Virkjaða svæði Svartár neðan stíflu er mikilvægt búsvæði margra fuglategunda. Í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands **Fuglar, gróðurfar og jarðfræði við Svartá í Bárðardal** (viðauki 3) kemur fram; „Við athugun sumarið 2012 sáust 25 tegundir fugla og af þeim voru 22 taldar líklegar varptegundir“ á því svæði. Þar kemur einnig fram að „Framkvæmdir munu hafa áhrif á fugla“ meðal annars vegna „breytinga á búsvæðum sem verður við það að megnið af vatni Svartár er tekið úr farveginum á 3-3,5km kafla. Þetta veldur langtímabreytingum á fuglalífi þar sem tegundir sem háðar eru ánni missa hluta búsvæðis síns“.

Í skýrslu sömu stofnunar **Endur á vatnasviði Svartár og Suðurár í Bárðardal** (viðauki 4) kemur fram í Samantekt skýrslunar bls 13; „Vatnasvið Svartár og Suðurár er afar lífríkt og eru straum-og húsendur

einkennandi fyrir fuglalíf þess. Utan Mývatns og Laxárvæðisins er vatnasviðið mikilvægasta búsvæði húsanda hérlendis“. „Hvorug tegundin verpir í Evrópu utan Íslands og báðar tegundir í viðauka II við Bernarsamningin. Ísland ber því ríkulega ábyrgð á þessum tegundum skv. alþjóðlegum samningum“. „Á heildina litið er verndargildi vatnasviðs Svartár og Suðurár því mjög mikið hvað fuglalíf varðar. Áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar er órjúfanlegur hluti af þeirri heild“.

Það er því ljóst af framantöldu að framkvæmdin hefur alþjóðlega skírskotun og mun **hafa í för með sér verulega neikvæð áhrif á fuglalíf og framkvæmdin því óásættanleg.**

Ekki verður séð í frummatsskýrslu hvernig athugasemd Skipulagsstofnunar í Niðurstöðu kafla **Ákvörðunar um matsáætlun** frá 06.09.2016 er uppfyllt;

„Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvert lágmarksrennsli Svartár á virkjuðum kafla þarf að vera til að lífríki árinna verði ekki fyrir varanlegum skaða. Jafnframt þarf að koma fram á hverju það mat byggist og hvernig verður tryggt að það rennsli verði alltaf til staðar. Jafnframt þarf að greina frá áhrifum minnkaðs rennslis á vatnafar við hólma Svartár og hvernig verður tryggt að þeir verði umflotnir vatni að loknum framkvæmdum“.

Aðrennslipípa

Fram kemur í frummatsskýrslu að aðrennslipípan verði 3m í þvermál eða um 7 m² og því ljóst að úr skurðinum verður að fjarlægja að lágmarki 7 m³ á hvern lengdarmeter eða yfir 21.000 m³ sem haugsetja þarf svo landyfirborð verði sem næst óhreyfðu landslagi að framkvæmd lokinni. Haugsetja þarf trúlega mun meira efnismagn þar sem etv. verður ekki hægt að nýta sprengt grjót til að fylla að lögninni og skurður verður trúlega að vera 1-2 m breiðari en pípan, vegna vinnu við samsetningu pípunnar. Gerð jarðlaga, stæðni, mun einnig hafa áhrif á breidd skurðarins og slanslag valda því að hann verði á köflum mun meira en 3 m djúpur. Magn af sprengdu grjóti sem þarf að haugsetja kann að verða töluvert. Ekki kemur heldur fram hve þykkt lag af sandi verður að vera undir trefjaplastpípunni eða til hliða og yfir til að verja hana hnjaski en það hefur einnig áhrif á magn efnis úr skurðinum sem þarf að haugsetja.

Nauðsynlegt er að gerð verði grein fyrir dýpi hallamýrarinnar og hvernig á að standa að greftri meira en þriggja m djúps skurðar þar t.d. með tilliti til förgunar á uppröfnu efni, en flytja verður hluta þess á brott. Ljóst er að leggja verður veg sem þolir þungaflutgninga yfir mýrina og þarf að meta áhrif hans á vatnbúskap í mýrinni á meðan á framkvæmdum stendur og að þeim loknum. Meta þarf hættu á að skurðbakkar hlaupi fram í skurðinn vegna vatnsaga. Meta þarf hugsanleg áhrif af vatni sem safnast úr mýrinni á framkvæmdartíma og kann að þurfa að veita eftir skurðinum eða dæla úr honum en hvoru tveggja kann að hafa í för með sér jarðvegsrof sem kann að valda gruggi út í Svartá með ófyrirséðum afleiðingum.

Gera þarf grein fyrir hugsanlegum áhrifum skurðarins á framkvæmdatíma og að framkvæmd lokinni, á vatnsbúskap í mýrinni.

Birta þarf ljósmyndir af völdum stöðum á skurðleiðinni, t.d. þar sem gera má ráð fyrir mestri breidd raskaðs svæðis og teikna fyrirhugaða röskun inn á myndirnar svo hugsanleg áhrif á gróðurlendi og ásýnd verði skýrari.

Gera verður grein fyrir umhverfisáhrifum haugsetningar efnis í viðeigandi köflum skýrslunnar.

Vegna vöntunar á upplýsingum um framkvæmd við lagningu aðrennslispípu og mats umhverfisáhrifa af þeim framkvæmdaþætti verður að telja að lagning aðrennslispípunnar kunni að **hafa í för með sér verulega neikvæð umhverfisáhrif og framkvæmdin því óásættanleg.**

Samfélagsleg áhrif

Í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála (viðauki 9) um **Áhrif Svartárvirkjunar í Bárðardal-Pingeyjarsveit á ferðaþjónustu og ferðamennsku/útivist**, kemur fram að ekki skuli einungis líta til staðbundinna áhrifa hins virkjaða svæðis á ferðamenn og ferðaþjónustuaðila. Heldur skuli meta þau áhrif sem hin fyrirhugaða virkjun hefur á það svæði, Skjálfandafljót og nær umhverfi, sem samkvæmt tillögu verkefnisstjórnar rammaáætlunar er skipað í verndarflokk samkvæmt áfanga 3. Í skýrslunni segir á bls 49 að „*komi fram nánast samhljóma niðurstöður og greint var frá hér að ofan; að óspillt náttúra, kyrrð og ró og víðerni með engum mannvirkjum væri mikilvægur hluti af aðdráttarafli svæðisins*“ og „*að orðspor svæðis myndi skaðast og það hefði neikvæðar afleiðingar....á svæði þar sem ekkert er mangert*“. Einnig kemur þar fram „eins og reyndar í frummatsskýrslunni sjálfri í samantekt bls iii „*Þá munu framkvæmdirnar takmarka framtíðarmöguleika svæðisins til að þróa náttúrutengda ferðaþjónustu*“ og „*Áhrif á þessa hópa ferðamanna og ferðaþjónustuaðila eru bein*“. Það er því ljóst að fyrirhuguð virkjun Svartár hefur mjög víðtæk og neikvæð áhrif á viðhorf ferðamanna sem ná langt út fyrir hin staðbundnu áhrif hins virkjaða svæðis árinna.

Samfélagsleg áhrif Svartárvirkjunar yrðu því verulega neikvæð í ljósi þess að miklir og arðbærir möguleikar byggðarlagsins og nærsamfélags til framtíðar á nýtingu Svartár/Suðurár og Skjálfandafljóts svæðisins til uppbyggingar á náttúrutengdi ferðaþjónustu yrði fórnað fyrir ágóða fárra aðila vegna fyrirhugaðrar virkjunar Svartár. Það gæfi brot af þeim ágóða í formi tekna og atvinnutækifæra til samfélagsins sem náttúru- og menningartengd ferðaþjónusta myndi gera. Sjá greinagerð Prófessors Börre Skodvin **Value of nature** vegna lokaverkefnis stúdenta frá Arkitekta- og hönnunar hálskólanum í Osló; 9 hugmyndir að náttúru- og menningartengdum ferðaþjónustu möguleikum í Bárðardal, en þar kemur fram; „*it is possible to establish facilities spread throughout the area that easily give 100 new guest beds or more, without compromising the natural qualities. At the current rates of lodging in Iceland, this potential represents an annual economy of several million Euros, without the irreversible damage to the nature which exploitation of the river for power inevitably causes*“ og greinagerð Viðars Hreinssonar; **Verndun Svartár/Suðurár**.

Svæði það sem hér um ræðir, svæðið norður og norðvestur af Vatnajökli er jarðsögulega tengt í hraunflæminu mikla, Ódáðahrauni í norðurgosbelti Íslands. Ódáðahraun og úthraun þess er eitt af fáförnustu og óröskuðustu svæðum hálendisins. Auðlegð þessa svæðis felst í óraskaðri náttúru, virku jarðeldasvæði, óspilltum víðernum, óbeisluðum jökul- og lindarám sem renna af hálendinu og jaðri þess til byggða með samfelldri gróðurþekju og fjölbreyttu dýralífi. Þessi auðlind er nú þegar nýtt að einhverju leyti af ferðamönnum og ferðaþjónustu aðilum (sjá Viðar Hreinsson: **Verndun Svartár/Suðurár** og skýrslu í viðauka 9, bls 18 og 19) en hefur mikla möguleika á jákvæðri þróun til framtíðar (sjá skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála um **Áhrif Svartárvirkjunar í Bárðardal-Pingeyjarsveit á ferðaþjónustu og ferðamennsku/útivist** viðauka 9, kafla 6.5. „*ætla má að slík umhverfi muni einnig hafa mikið gildi fyrir ferðamenn í landinu í framtíðinni, jafnvel enn meira en í dag því slík svæði eru sífellt að verða fágætari*“. Sjá einnig greinagerð Pr. Börre Skodvin „**Value of Nature**“ og lokaverkefni stúdenta frá Arkitekta- og hönnunarhálskólanum í Osló.

Heildaráhrif

Í Greinagerð Árna Einarssonar líffræðings og forstöðumanns RAMÝ **Svartá og Suðurá í Bárðardal-Greinagerð**, kemur fram að vatnafar Svartár og Suðurrá eru hluti af lindarkerfum þeim sem vella upp við jaðra Ódáðahrauns „*hraunflæminu mikla í norðurgosbeltinu á Íslandi*“ Þessi lindarkerfi gegna sameiginlega lykilhlutverki í tilveru nokkurra dýrastofna og verður því að skoða umhverfisáhrif fyrirhugaðrar virkjunar Svartár í því heildar samhengi. Einnig ber að líta á hin samfélagslegu áhrif frá sama sjónarhorni þar sem nýting ferðaþjónustuaðila á náttúruauðlindum svæðisins einskorðast ekki eingöngu við virkjað svæði Svartár heldur hefur víðari skírskotun sbr skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála **Áhrif Svartárvirkjunar í Bárðardal-Þingeyjarsveit á ferðaþjónustu og ferðamennsku/útvist**. Því þarf í matsskýrslu, ef meta á hin samfélagslegu áhrif virkjunarinnar, að liggja fyrir hagrænt mat á öllum náttúrugæðum svæðisins, þar sem horft er til allra þátta, ekki einungis á orkunýtingarkost Svartár, ef meta á hin samfélagslegu áhrif framkvæmdana.

Niðurstaða

Augljóst er út frá gefnum forsendum í frummatsskýrslu, óvissuþáttum hennar og rannsóknum sérfræðinga í viðaukum 1-9 á umhverfisþáttum framkvæmdanna að bein áhrif á umhverfi og náttúru, sjónræn áhrif og samfélagsleg áhrif eru **verulega neikvæð og því framkvæmdin óásættanleg**.

Ólafur K. Nielsen náttúrufræðingur skrifar:

Vaknið Þingeyingar, vaknið!

Það er vá fyrir dyrum, í Bárðardal á að vinna hervirkni! Spilla á Svartá varanlega með virkjun SSB Orku. Eg undrast, af hverju er svo lítil umræða í samfélaginu um þessar hugmyndir virkjanamanna? Hvað ræður þessu sinnuleysi? Eru menn sammála, skiptir Svartá og lífríki hennar engu máli í huga fólks, þekking menn ekki náttúruverndargildi þessa svæðis, eða er um að ræða þöggun eða meðvirkni?

Um verndargildi Svartár

Vatnasvæði Svartár og Suðurár hefur alþjóðlegt náttúruverndargildi, um það er ekki deilt. Árnar eru vatnsmiklar, vatnið sprettur fram undan jaðri Ódáðahrauns þrútið næringaræfnum fyrir þörungum og annan gróður og sú gróska er undirstaða aðrugs dýralífs. Einkennisdýr Svartár eru bitmý, úrriði, straumönd og húsónd. Lirfur bitmýs lífa á botni árnanna og eru aðalæða fugla og fiska. Líðlega 6% af stofni húsandará á Íslandi dvelur á Svartá og Suðurá yfir vor og sumar og það eitt og sér gefur svæðinu alþjóðlegt verndargildi.

Ætlanir SSB-manna gera ráð fyrir stíflu í Svartá um 0,5 km ofan við þar sem Grjótið sameinast Svartá. Frá stíflunni á að taka mestan hluta vatnsins um 3 km leiða að stöðvarhúsi neðan Bjarnastaða og Rauðafells. SSB-menn hafa samið við landeigendur og fengið VERKIS til að skipuleggja verkjó og selja samfélaginu þessa hugmynd. Óumdeilt er að áhrif virkjunar Svartár verða veruleg á lífríki árnanna.

Þá riðu hetjur um héruð!

Hvar eru þeir kappar sem harðast börðust og höfðu sigur á þeim öflum sem vildu tórfima lífríki Laxár og Mývatns for-um? Hvar eru nú Hermóður í Nesi, Eysteinn á Arnarvatni og Guðmundur á Hofsstöðum og allt það góða fólk sem spyrnti við fótum og sagði hingað og ekki lengra? Dáið, allt dáið og hvíli í fold.

Er þá enginn eftir í ranni Þingeyinga sem dögungur er í, einhver sem getur staðið upp og varið Svartá „litlu systur“



Krúnudjásn Bárðardals, Hólmasvæði Svartár og þrengslin Glæfra þar upp af. Stífla Svartárvirkjunar á að vera neðan túna efst í hægra horni myndarinnar og ánni þaðan og niður fyrir hólmana verður rústað.

Laxár? Jú, Halldórsstaðamenn í Laxárdal hafa mótmælt og sagt hátt og skýrt „nei tak, ekki um okkar land með þennan rafstreng!“ Eg spyr aðra eigendur lands þar sem strengnum frá Svartá til Laxárvirkjunar er hugsuð lega: „Etlíð þið virkilega að taka þátt í þeim gráa leik þar sem Svartá verður dregin fram á blóðvöllinn líkt og lamb á haustdegi og skorin, ætlið þið að græða þessum öflum gótur? Eru því ekki fyrir en ég tek ál!“

Leyfist ketinum að líta á kónginn?

Það hefur lengi vafist fyrir mér hvað fái menn til að taka þátt í þeirri Bjarnalandsferð sem virkjun Svartár er og verður. Þann 25. september sl. var stund sanneleiks upprunnin en þá var kynningarfundur um framkvæmdina haldinn í Kiðagili í Bárðardal. Í fyrirsögnunum á eftir kynningu lagði ég þrjár spurningar fyrir fundinn. Í fyrsta lagi, hvers vegna er engin umræða um þessa framkvæmd hér í nærsamfélagi Svartár? Í öðru lagi, hvernig réttlæta landeigendur það fyrir sjálfum sér og öðrum að framsejla SSB-mönnum

um lífríki Svartár? Í þriðja lagi, eru engin mörk hjá VERKIS um eðli þeirra verkefna sem þeir taka að sér, er þetta bara spurning um greiðslugetu verkkaupa? Svörin við spurningunum voru skýr: Það er þöggun í nærsamfélaginu um Svartárvirkjun, og gagnvart landeigendum og VERKIS sýnst þetta um peninga og ekkert nema peninga. Ég þurfti ekki að spyrja SSB-mennina hvað vakir fyrir þeim með framkvæmdinni, þetta eru „gróðupungar“ og lífsfylling þeirra er að græða meira í dag en í gær, Mammon er þeirra guð. Þannig blása vindar á dalnum þessi misserin!

Marklausar mótvægisáðgerðir

Hlutskipti VERKIS í þessum ferli er m.a. að klæða Svartárvirkjun í „söluvænan“ búning gagnvart almenningi og stofnunum samfélagsins. Hluti þeirrar „söluvænnu“ er boðun mótvægisáðgerða sem eiga að milda neikvæð áhrif fyrirhug-áðra framkvæmda. Okkur er m.a. ætlað að gina við þeirri fluga að 4 m³/sek af vatni munu fá að renna áfram í virkjuðum farvegi Svartár. Hluti af þessu vatni (um 3 m³/sek) eru sagðir eiga að koma úr Svartá og hluti á að vera rennsli Grjótar í Svartá neðan stíflu (um 1 m³/sek samkvæmt ágiskun SSB-manna og trú því hver sem vill). Virkjunin er hönnuð fyrir 20 m³/sek. Líóst er að stærstan hluta árs er rennsli Svartár ofan stíflu undir 23 m³/sek og því verður óhjákvæmilega togstreita hjá SSB-mönnum um annars vegar að framleiða rafmagn og GR/EDA og hins vegar að skila framhjá hverflum virkjunar því vatni sem halda á uppi vatnsstreymi í virkjuðum farvegi Svartár.

Í frummatsskýrslu um Svartárvirkjun rekt hvad á annars horn hvad þessi mál varðar og misvisandi tölur varðandi rennsli og hvernig á að standa að hjávetunni. Líóst er að gangi þessar hugmyndir um virkjun Svartár eftir þá má í besta falli búast við mjög breytilegu streymi vatns um hinn virkjaða farveg, stundum verður hann nær þurr en stundum mun streyma um hann meira vatn en sem nemur 4 m³/sek.

Jafnframt því að skerða vatnsstreymi í hinum virkjaða farvegi Svartár þá er ætlunin að veita öllum ís og öllu krapi sem safnast fyrir ofan stíflu á vetrinum niður í þann sama farveg. Við vitum öll hversu kalt getur orðið syðst í Bárðardal á veturna og hversu miklar og langgjær þessar kuldistallar geta orðið. Því er augljóst að ís- og krapastíflur verða viðvarandi í þeirri „sýrni“ sem renna mun um virkjaðan farveg Svartár á vetrinum og það er vel þekkt hvernig slíkt fer með botndýrrið straumvatna, allt deyrt!

Ég hafna alfarið þeim fullyrðingum VERKIS að bitmý, fugl og fiskur muni blómstra í

farveginum á milli stíflu og stöðvarhúss og að þar muni að jafnaði renna 4 m³/sek. Þetta er falssýni! Varfærin ályktun er að verulegar sveiflur verði í rennsli vatns um hinn virkjaða farveg, þar verði engin skilyrði fyrir vöxt bitmýs og því ekkert ætti sem skiptir máli fyrir fisk og fugl og að öllum líkindum verður skorið varanlega á gönguleiðir urriðans milli Svartár og Fijóts.

Er þessum „reyfurum“ treystandi?

Ég spyr ykkur Þingeyingar, treystið þið „athafnaskáldunum“ sem standa að SSB Orku til góðra verka við Svartá? Ekki geri ég það og þar er reyntslan ólygnust. Ég hef séð skituga slóðina eftir þessa „höfðingja“ við Köldukvísl á Tjörnesi. Köldukvíslarvirkjun er í eigu Péturs Bjarnasonar eins helsta talsmanns og stórs hluthafa í SSB Orku.

Í virkjanaleyfi frá febrúar 2014 vegna Köldukvíslarvirkjunar segir að tryggt skuli lágmarksrennsli neðan stíflu þannig að lífskilyrði bleikju og straumdrang við-haldist. Þetta hjómfar fallaga, líkt og loforð um 4 m³/sek í virkjuðum farvegi Svartár og blómlegt lífríki með fugli, flugu og fiski. Hverjar hafa efnindrar verið við Köldukvísl? Augu mín hafa séð hvernig farvegur Köldukvíslar neðan stíflu hefur ítrekað á umliðnum árum verið vatnslaus og fossbiúnn, bleikjan og straumdýnd heyrja sögunni til! Það er skömm að þessu!

Þingeyingar, ég hvet ykkur til að standa upp og mótmæla Svartárvirkjun. Tækifærnið er núna! Almennir og félagsamtök hafa frest til 23. október til að skila inn skriflegum athugasemdum til Skipulagsstofnunar eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is. Virkjun Svartár er niðingsverk og enginn mun hafa sóma af þeirri framkvæmd!

Greinarhöfundur er náttúrufræðingur og hefur fengið viðrannsóknir á fugliferi í Þingeyjarsýslum frá árinu 1981 og er gagnkunngur lífríki Svartár og þekkti Köldukvísls eins og hún var fyrir virkjun og saknar vinar í stað.



Fögur er foldin! Kaldakvísl og Köldukvíslarfoss fyrir virkjun.



Köldukvíslarfoss á göðum degi eftir virkjun. Í virkjanaleyfinu segir að tryggt skuli lágmarksrennsli í ánni til að varðveita lífskilyrði straumdranga og bleikju! Já, drengilegar eru efnindrar hjá honum Pétri Bjarnasyni.

Ferli Skipulagsstofnunar

Á vef Skipulagsstofnunar má fylgjast með [ferli umhverfismats á Svartárvirkjun í Bárðardal](#).

Fyrir 23. október 2017 er [skilafrestur: Athugasemdir um frummatsskýrslu Svartárvirkjun í Bárðardal](#)

Í tillögu að matsáætlun kemur fram á bls. 7:

Algengustu tegundir á svæðinu voru straumönd, heiðlóa og þúfutittlingur. Þar á eftir komu grágæs, rauðhöfðaönd, húsönd, spói, hrossagaukur og skógarpröstur. Grágæsin er skráð á valista vegna fækkunar, straumönd og húsönd eru á valista sem tegundir í nokkurri hættu þar sem báðar þessar tegundir verpa hvergi í Evrópu utan Íslands.

Í [viðauka 4. Andfuglar](#) með frummatsskýrslu kemur fram í útdrætti skýrslunnar:

Vatnasvið Svartár og Suðurár er afar lífríkt og eru straum- og húsendur einkennandi fyrir fuglalíf þess. Utan Mývatns og Laxárvæðisins er vatnasviðið mikilvægasta búsvæði húsanda hérlendis. Fjöldi straumanda á vatnasviðinu bendir til að það sé með mikilvægari varpbúsvæðum tegundarinnar hér á landi. Hvorug tegundin verpir í Evrópu utan Íslands og báðar eru skráðar í viðauka II við Bernarsamninginn. Ísland ber því ríkulega ábyrgð á þessum tegundum skv. alþjóðlegum samningum og eru báðar skráðar á valista, húsönd sem tegund í hættu en straumönd sem tegund í nokkurri hættu. Fjöldi húsanda á vatnasviði Svartár og Suðurár uppfyllir viðmið um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði sem Ísland hefur skuldbundið sig til að vernda skv. Ramsarsamningnum.

Fjöldi straumanda liggur nærri þessu viðmiði. Á heildina litið er verndargildi vatnasviðs Svartár og Suðurár því mjög mikið hvað fuglalíf varðar. Áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar er órjúfanlegur hluti af þeirri heild.

Áhrif fyrirhugaðrar virkjunar í Svartá á straumendur og húsendur munu að öllum líkindum tengjast minnkuðu fæðuframboði vegna skerts rennslis milli stíflu og stöðvarhúss. Áhrif virkjunar munu verða neikvæð fyrir straumendur á vatnasviði Svartár og Suðurár. Óvíst er þó hvort minnkað rennsli innan áhrifasvæðisins muni hafa áhrif á stofnstærð innan vatnasviðsins vegna þess að megin nýting þeirra á áhrifasvæðinu virðist vera yfir fartíma að vori. Ólíkt straumöndinni byggir húsöndin afkomu sína á vatnasviðinu árið um kring. Fjöldi húsanda sem finnast á áhrifasvæðinu að vori virðist stöðugri en straumanda og getur numið háu hlutfalli stofnsins innan vatnasviðsins. Þá eru heimildir um að enn hærra hlutfall stofnsins nýti svæðið þegar æti brestur á Mývatns- og Laxárvæðinu. Fyrirhuguð virkjun er því talin geta haft neikvæð áhrif stofnstærð húsanda á vatnasviði Svartár og Suðurár og um leið á landsvísu.

Þá er á kafli 5.4.6 Fuglar á bls. 23 í tillögu að matskýrslu:

... Þrjár tegundir voru taldar viðkvæmar fyrir truflun af framkvæmdum; fálki, straumönd og húsönd. Byggingaframkvæmdir munu að miklu leyti fara fram að sumarlagi og hafa að öllum líkindum bein áhrif á varp einhverra fuglategunda á svæðinu. Einnig mun rennslisskerðing á kafla árinna hafa áhrif á búsvæði og mögulega varp straumandar, sem er svokölluð ábyrgðartegund þar sem hún verpir hvergi í Evrópu utan Íslands. Við athugun í byrjun júní árið 2012 sáust 39 straumendur og þar af 16 pör, flestar innan áhrifasvæðis Svartárvirkjunar.

Aflað verður upplýsinga um staðsetningu fálkahreiðurs og ef það verður í ábúð á framkvæmdatíma verða framkvæmdir skipulagðar í samráði við sérfræðinga til að koma megi í veg fyrir neikvæðáhrif á varp. Nánar verður fjallað um þetta í frummatsskýrslu.

Spáð hefur verið fyrir um hvaða fuglategundir sé að finna á fyrirhugaðri strengleið út frá upplýsingum um gróðurlendi og fuglatalningu frá virkjunarsvæði auk almennrar reynslu fuglafræðings. Fyrirhugað er að gerð verði úttekt á fuglavarpi á strengleið þar sem valdir kaflar leiðarinnar verða gengnir, fuglar taldir og atferli kannað.

Fjallað verður um niðurstöður rannsókna og möguleg áhrif framkvæmda á fuglalíf í frummatsskýrslu, byggt bæði á fyrirliggjandi gögnum og frekari gögnum sem aflað verður um straumendur á Svartá og fuglatalningu á strengleið.

Þann 6. september 2016 féllst Skipulagsstofnun á tillöguna með athugasemdum og í [Svartárvirkjun ákvörðun um matsáætlun](#) má lesa í niðurstöðu lið 7:

Í frummatsskýrslu þarf að greina frá niðurstöðu mats á áhrifum á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum, m.a. hversu stórt votlendissvæði kemur til með að raskast og hversu umfangsmikil votlendisskerðingin verður auk þess sem koma þarffram til hvaða mótvægisáðgerða á að grípa vegna þess rasks.

Verndarfélag Suðurár og Svartár

Stofnað hefur verið [Verndarfélag Suðurár og Svartár](#) og heldur félagið úti hóp á samfélagsmiðlinum Facebook.

Þann 26. apríl 2017 sendi félagið bréf til Umhverfis- og Auðlindaráðherra ásamt greinargerð, þar sem lagt er til að svæðið verði friðlýst.

Þá heldur félagið úti síðu á Facebook: [Verndum Svartá](#) sem hægt er að líka við og fá upplýsingar, án þeirrar skuldbindingar að gerast meðlimur í félaginu.